



Skýrsla forseta

um störf Alþýðusambands Íslands 2014

41. þing ASÍ • 22.-24. október 2014



SKÝRSLA FORSETA
um störf
Alþýðusambands Íslands
árið 2014

Skýrsla forseta ASÍ 2014

Skýrsla forseta um störf ASÍ er unnin af starfsfólki á skrifstofu ASÍ, á ábyrgð deildarstjóra. Nokkrir kaflar eru teknir saman með aðstoð samstarfsfólks úr verkalyðshreyfingunni, starfsfólki Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Virk-Starfsendurhæfingarsjóðs, starfsfólks Starfs, Mímis-Símenntunar og Listasafns ASÍ.

Ritstjóri: Snorri Már Skúlason

Ábyrgðarmaður: Gylfi Arnbjörnsson

Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Myndir: Lárus Karl og starfsfólk ASÍ

Kápuhönnun: Ennemm

Skýrslan er lögð fyrir 41. þing ASÍ 22.–24. október 2014.

Reykjavík, október 2014 – Ísafoldarprentsmiðja

Efnisyfirlit

Inngangur	7
Formannafundur ASÍ 2013	11
Ávarp forseta ASÍ	11
Horfur í efnahagsmálum	13
Kjaramálin – staða og horfur	14
Ályktun um kjaramál	16
Velferðarkerfið á vinnumarkaði	17
Ályktun um velferðarkerfið á vinnumarkaði	19
Fulltrúar á formannafundi ASÍ 2013	22
Af vettvangi miðstjórnar ASÍ	24
Ályktanir miðstjórnar	34
Efnahagsmál	40
Staða heimila batnar	42
Aukin umsvif í fjárfestingu	43
Verðbólga undir markmiði fyrstu 8 mánuði ársins	45
Aðgerðir stjórnvalda til skuldalækkunar	46
Verðlagseftirlit ASÍ	49
Vörucarfa ASÍ	49
Við hækkum ekki!	51
Kjaramál	52
Nýir kjarasamningar undirritaðir	57
Í kjölfar kjarasamninga	68
Undirbúningur kjarasamninga 2015	70
Atvinnumál	75
Velferðarmál	80
Kaupmáttur	80
Ráðstöfunartekjur	81
Skuldir og fjárhagur heimilanna	82
Velferðarkerfið	84
Húsnæðismál	88
Nýtt félagslegt húsnæðiskerfi - ítarleg úrfærsla og kostnaðarmat	92
Velferðanefnd ASÍ	104
Lífeyrismál	105
Jöfnun lífeyrisréttinda	107
Endurskoðun almannatrygginga	111
Málaferli gegn ríkinu vegna skattlagningar á lífeyrissjóðina	113
Lífeyrissjóðir og íslenskt atvinnulíf	114
Umhverfismál	116

Rammaáætlun	116
Loflagsbreytingar og almannahagur	117
Félags- og vinnumarkaðsmál	118
Jafnréttismál	119
Kvennaráðstefna ASÍ – Hvað vilt’ upp á dekk?	120
Nordiskt forum 2014 – Norræn kvennaráðstefna	122
Aðgerðarhópur um launajafnrétti	124
Fæðingar- og foreldraorlof	126
Mótun vinnumarkaðsstefnu	129
Vinnuvernd	130
Vímuefnaprófanir og vernd launafólks	132
Atvinnuleysisstryggingar, vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir	135
Liðsstyrkur	136
Starf – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf.	141
Þjónustumiðstöðvar STARFs	144
Reynslan eftir tveggja ára þjónustu	146
Nám er vinnandi vegur	147
Vinnustaðaskírteini og vinnustaðæftirlit	155
Málshöfðun vegna skattlagningar á lífeyrissjóðina	158
Bættir viðskiptahættir – Barátta ASÍ gegn kennitölufлакki	158
Frankvæmd EES-samningsins og Evrópusamvinnan	161
Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði	162
Fríverslunarsamningur Íslands og Kína	163
Fræðslu- og menntamál	166
Félagsleg fræðsla	167
Félagsmálaskóli alþýðu	168
Þjónusta Fræðsludeildar og Félagsmálaskóla alþýðu	168
Lífeyrissjóðsnámskeið	169
Kynningar í framhaldsskólum	171
Genfarskólinn	172
Úttekt á framhaldsfræðslunni	174
Hvítbók um menntamál og stefna í iðn-, starfs- og tæknimenntun	175
Menntun og færni- og hæfniröfur atvinnulífsins – Evrópusamstarf	176
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	176
Námskrár og námslýsingar	179
Fræðslusjóður	181
Skilgreining á menntunarpörfum markhóps	183
Raunfærnimat	186
Náms- og starfsráðgjöf	189

Gæði fræðslustarfs og ráðgjafar hjá vottuðum fræðsluaðilum	190
IPA-verkefni	194
Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL)	197
Starfsemi fræðslusjóðs	199
Mímir-símenntun	206
Vottaðar námsleiðir í boði hjá Mími-símenntun	209
Annað nám hjá Mími-símenntun	212
Gæðastjórnun	215
Þróunarverkefni hjá Mími-símenntun	216
Erlent samstarf Mímis-símenntunar	218
Almennt um rekstur Mímis-símenntunar	220
Minningasjóður Eðvarðs Sigurðssonar	220
Erlend samskipti	222
Norræna verkalýðssambandið – NFS	222
Fundur lögfræðinga norrænu verkalýðssamtakanna	225
Ráðstefna LO í Noregi um kjaramál í lággjaldafluggeiranum	226
European Litigation Network	229
SAMAK – Samtök alþýðusambanda og jafnaðarmannaflokka á Norðurlöndum	232
Verkalýðshreyfingin í Norður-Atlantshafi (VN)	234
Evrópusambandið	234
Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC	235
EFTA - EES	236
Fundir hagfræðinga alþýðusambanda á Norðurlöndum	238
Fræðslufundur ETUI í Madrid	238
Alþjóðavinnuálagstofnunin - ILO	239
Lagabreytingar og skipulagsmál	243
Laganefnd	243
Skipulags- og starfsháttanefnd	243
ASÍ-UNG	244
Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ	249
Umsókn um aðild að Evrópusambandinu	251
Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar	252
Skýrsla Alþjóðamálastofnunar HÍ um aðildarviðræður við ESB	253
Tillaga til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu	255
Listasafn ASÍ	258
VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður	263
Starfsmenn og ráðgjafar VIRK	264

Fjöldi einstaklinga í þjónustu	269
Hverjir leita til VIRK?	270
Árangur VIRK?	276
Ávinningur starfsendurhæfingar	281
Umsagnir um þingmál	284
Fulltrúar ASÍ í nefndum og ráðum	318
Málefnanefndir miðstjórnar	333
Kynjabókhald 2014	336
Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna	350
Fjöldi félagsmanna í ASÍ	351
Stjórnir landssambanda, aðildarféлага og deilda	352
Reikningar ASÍ og stofnana	373

Inngangur

Skýrsla forseta um störf ASÍ árið 2014 er hugsuð til afnota inni í verkalýðshreyfingunni sjálfri, fyrir félögin, forystumennina og starfsfólkið á skrifstofum verkalýðsfélaganna. Hún er uppflettirit þar sem finna má á einum stað allt það helsta sem fram hefur farið á vettvangi Alþýðusambandsins frá september 2013 til september 2014.

Í árslok 2013 lauk átaksverkefninu Liðsstyrkur sem var samstarfsverkefni velferðarráðuneytisins, sveitarfélaga, verkalýðshreyfingarinnar og samtaka atvinnurekenda. Markmið verkefnisins var að virkja atvinnuleitendur, sem fullnýtt höfðu rétt sinn til atvinnuleysisbóta frá 1. september 2012 til ársloka 2013, til þátttöku að nýju á vinnumarkaði.

Öllum einstaklingum, sem fylltu þennan hóp, var boðið tímabundið starf eða starfsendurhæfing enda skyldu þeir skrá sig til þátttöku í átakið. Í lokaskýrslu um verkefnið kom m.a. fram að tilboð um 2.301 starf var skráð í verkefnið en markmiðið var 2.200 störf. Af þeim var allur þorinn störf á almennum vinnumarkaði. Alls 1.304 einstaklingar skráðu sig til þátttöku í verkefninu sem var tæpur helmingur þeirra sem áttu rétt til þátttöku. Það er mat Alþýðusambandsins að reynslan af Liðsstyrk hafi í heildina verið góð og að mikilvægt sé að byggja áfram á því ágæta samstarfi sem tekist hefur með aðilum vinnumarkaðarins og stjórnvalda um virkar vinnumarkaðsaðgerðir.

Aðdragandi og gerð kjarasamninganna, sem voru undirritaðir á vetrarsólstöðum 21. desember 2013, voru fyrirferðamest í starfi ASÍ frá formannafundinum í október og til ársloka. Markmiðið með kjarasamningunum var að auka kaupmátt, hækka lægstu laun umfram önnur laun, tryggja lága verðbólgu og undirbyggja stöðugleika. Samningarnir voru af flestum sem að þeim stóðu taldir mikilvægt skref í þessari viðleitni. Fljótlega eftir að skrifað var undir samninga kom fram mikil gagnrýni á að samið skyldi um 2,8% launahækkun í tæplega 4% verðbólgu, jafnvel þótt verðbólguvæntingar fyrir nýtt ár væru nokkuð innan við 2,5% verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands. Jafnframt fóru ýmis samtök opinberra starfsmanna opinberlega gegn þessum samningum og kröfðust mun meiri launahækkana sem skóp mikla tortryggni meðal félagsmanna ASÍ. Fór svo í atkvæðagreiðslu um kjarasamningana í janúar að rétt rúmur meirihluti félaga felldi samningana. Í kjölfarið kom upp mikil



óvissa um framhaldið, þar sem erfitt reyndist fyrir þau félög, sem samþykktu, að halda fyrirhuguðu vinnuplani um sérkjaraviðræðurnar. Eftir að Hagstofa Íslands birti niðurstöður sínar um verðbólguna í febrúar, sem reyndist vera 2,1% undangengna 12 mánuði, breyttist viðhorfið til kjarasamninganna frá því á vetrarsólstöðum nokkuð. Þau félög, sem felldu kjarasamninginn í janúar, skrifuðu síðan undir nýjan kjarasamning í febrúar eftir að ríkissáttasemjari hafði sett fram svokallaða innanhússtillögu sem hljóðaði upp á sömu almennar launahækkunar, bæði í %-hækkun og krónutöluhækkun á taxta, auk 15 þúsund kr. eingreiðslu vegna janúar og hækkunar á orlofs- og desemberuppbót. Gegn þessu var samningurinn lengdur til loka febrúar 2015. Þessi nýi samningur var síðan samþykktur með miklum meirihluta atkvæða. Félag innan ASÍ og BSRB sömdu síðan á sömu nótum við samninganefnd ríkisins og Efling og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar við samninganefnd Reykjavíkur.

Ein helsta forsenda þeirra kjarasamninga, sem gerðir voru 21. desember 2013, var að verðbólga héldist lág þannig að kaupmáttur í landinu myndi aukast. Á miðstjórnarfundum í byrjun árs 2014 var ályktað um málið og krafðist miðstjórnin þess að verðhækkunar, sem fyrirtæki og stofnanir kynntu um áramót, yrðu dregnar til baka. Alþýðusambandið setti upp sérstaka verðlagsvakt á vefsíðunum viðhækkumekki.is og vertuaverdi.is þar sem fylgst var með verðhækkunum fyrirtækja og opinberra aðila með aðstoð almennings auk þess sem fyrirtæki og stofnanir gátu skrifað undir yfirlýsingu um að þau myndu ekki hækka verð hjá sér. Þetta átak fékk góðan meðbyr og mikla athygli í byrjun árs og leiddi til þess að verðbólgan gekk mun hraðar niður og hefur haldist lægri um lengri tíma en þekkt hefur um árabíl.

Þrátt fyrir þennan árangur í að ná niður verðbólgu og þrátt fyrir að öll heildarsamtök á vinnumarkaði hafi sameinast um að leggja norræna vinnu- markaðs- og samningamódelið til grundvallar þessum kjarasamningaviðræðum fór engu að síður svo að samtök kennara og háskólamanna beittu viðsemjendur sína miklum þrýstingi til að brjótast út úr þessum viðmiðunum. Þeirra krafa var að millitekjuhóparnir fengju sömu prósentuhækkunar og samið hafði verið um fyrir hönd tekjulægstu hópanna innan ASÍ og BSRB undanfarin ár. Eftir þriggja vikna verkfall framhaldsskólakennara gaf samninganefnd ríkisins, með samþykkt ríkisstjórnarinnar, eftir fyrir þessum kröfum og gerði samning um tæplega 30% launahækkun til næstu 30 mánaða. Við þetta myndaðist ný viðmiðun og sömdu háskólamenn og kennarar við sína viðsemjendur um mun meiri launahækkunar en samningar ASÍ og BSRB gerðu ráð fyrir. Þó enn eigi eftir að greina þessa þróun betur má ætla að þessi hækkun hafi verið á bilinu 7,5–9% í stað þeirra 3,2% kostnaðarauka sem leiddi af samningum ASÍ í desember.

Þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi gefið út sérstaka yfirlýsingu í nóvember

2013 með fyrirheitum um náð samráð og samstarf um alla lykilþætti sem máli skipta til að leggja grunn að breiðri sátt á vinnumarkaði hafa samskipti við ríkisstjórn verið afar lítil og stíð. Fáar af þeim nefndum, sem skipa átti til að fylgja þessu samstarfi eftir, hafa verið skipaðar og í þeim sem skipaðar voru hefur ekki verið fundað og skiptir engu hvort um er að ræða samræðu um stjórn peningamála og stöðu gjaldmiðilsins, endurskoðun skattkerfisins, skipulag vinnumarkaðarins eða fjármögnun VIRK. Stjórnvöld hafa hunsað ábendingar og tillögur verkalýðshreyfingarinnar um að beina auknu fjármagni, m.a. því fé sem verja átti til lækkunar á krónutölugjöldum, til að sporna við hækkunum á komugjöldum til sérfræðinga. Mikilvægasti þáttur yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá því í nóvember voru fyrirheit um að ríkisstjórnin myndi haga öllum sínum ákvörðunum út frá því grundvallaratriði að styðja við stöðugt gengi og lága verðbólgu. Þessi stefnufesta er á Norðurlöndum meginforsenda þess að hægt sé að semja til lengri tíma á forsendum stöðugleika og ábyrgra kjarasamninga. Engum blöðum er um það að fletta að ríkisstjórnin hefur í engu fylgt þessu eftir. Þvert á móti hefur stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og sveitarfélaganna í kjaramálum fremur veikt en styrkt stöðu gjaldmiðilsins og ýtt undir verðbólgu þannig að peningastefnunefnd Seðlabankans hefur haldið stýrivöxtum óbreyttum þrátt fyrir ríflega tveggja prósentu lækkun verðbólgu, sem þýðir að hann hefur hækkað raunvexti stýrivaxtanna verulega til að sporna við þensluáhrifum ríkisstjórnarinnar.

Forseti ASÍ fór um landið og heimsótti stjórnir allra aðildarfélaganna ASÍ í ágúst og september til að ræða stöðu mála og fá frá fyrstu hendi hvað er að hrærast í okkar hreyfingu. Það kemur ekki á óvart að mikil ólga er meðal félagsmanna ASÍ vegna þeirra kjarasamninga sem gerðir voru í kjölfar samninga ASÍ og um þverbak keyrði þegar ljóst var að ædstu stjórnendur íslenskra fyrirtækja höfðu hækkað um á annan tug prósentu milli ára 2012 og 2013 skv. úttekt Frjálsrar verslunar á sama tíma og þeir lögðu áherslu á hófsama kjarasamninga við almennt launafólk. Þegar áform stjórnarflokkanna um breytingar á íslenskri samfélagsgerð var kynnt í formi frumvarps til fjárlaga fyrir íslenska ríkið jókst þessi reiði enn frekar og er að mati forseta orðin djúpstæðari en þekkt hefur um árabil. Samninganefnd ASÍ hafði gert framkvæmdastjórn SA grein fyrir því fyrir sumarleyfi að það væri ófrávíkjanleg krafa ASÍ að félagsmenn þess sitji við sama borð að því er varðar launahækkunarir og því verði að leiðrétta þeirra hlut með góðu eða illu. Ljóst væri að markmið þessara samninga, að leggja grunn að varanlegum stöðugleika, hefði brugðist, a.m.k. um sinn, vegna skorts á samstöðu og vegna atbeina ríkisstjórnarinnar. Miðstjórn ASÍ mat það svo á fundi sínum um miðjan september að áform ríkisstjórnarinnar um hækkun matarskatts, styttingu bóatímabils í atvinnuleysi, afnám framlaga til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóðanna,

niðurfellingu framlaga til VIRK – starfsendurhæfingar, áframhaldandi hækkun álagi í heilbrigðiskerfinu væru svo alvarleg aðför að réttindum og stöðu félagsmanna ASÍ að enginn grundvöllur væri fyrir frekari samstarfi eða samræðu. Var því samþykkt að slíta öllu samstarfi við ríkisstjórnina. Ljóst væri að verkalyðshreyfingin yrði að beina allri sinni athygli að atvinnurekendum til að rétta hlut sinna félagsmanna og auka öryggi þeirra og velferð og því voru aðildarfélög ASÍ hvött til þess að undirbúa sig undir harðari kjaraviðræður í vetur og þeim bent á að mikilvægt væri að leggja mikla áherslu á að efla verkfallssjóði sína og undirbúa félagsmenn fyrir líkleg átök á vinnumarkaði.



Formannafundur ASÍ 2013

Setning fundarins

Formannafundur Alþýðusambands Íslands var haldinn í Rafiðnaðarskólanum, Stórhöfða 27, þann 30. október 2013. Fundurinn hófst kl. 9:30.

Forseti ASÍ, Gylfi Arnbjörnsson, bauð fundarmenn velkomna og gerði tillögu um að hann og Signý Jóhannesdóttir varaforseti stýrðu fundi og var það samþykkt. Til fundar voru mættir 50 fulltrúar en 82 áttu seturétt. Gengið var til dagskrár.

Ávarp forseta ASÍ

Gylfi Arnbjörnsson setti fundinn. Í ávarpi hans kom fram að undirbúningur að gerð kjarasamninga af hálfu aðildarfélaganna væri kominn á gott skrið og mikill samhljómur væri um að ná jafnvægi í efnahagsmálum og auknum kaupmætti. Vænta mætti þess þó að þeir hópar, sem teldu sig hafa setið eftir, myndu reyna að sækja meira. Í framhaldi af endurskoðun kjarasamninga í janúar gerði ASÍ stjórn málaflökkinum tilboð um samstarf í aðdraganda kosninga en undirtektir hafa ekki verið miklar, m.a. hvað varðar húsnæðismál. Búin hefði verið til sú staða að skera þyrfti niður á útgjaldahlíð eftir að ríkisstjórnin hefði

tekið ákvörðun strax í sumar um að falla frá mikilvægum tekjustofnum. Þúsundur einstaklinga væru að fara út úr atvinnuleysisbótakerfinu og þeim væri ekki sinnt. Velferðarkerfið væri í reynd komið að þrotum og það er alveg ljóst að verkalýðshreyfingin þyrfti að standa vörð um það og væri vel undirbúin til þess. Fjárlagafrumvarpið snúist um hagsmuni okkar fólks og ef koma ætti á sátt og samræði yrði að vera sátt um tekjuskatts- og velferðarkerfið. Ljóst væri að vegna mikillar óvissu og skorts á trausti væri ekki unnt að semja nema til skamms tíma en í reynd væri um tvo ólíka valkosti að ræða. Annað hvort yrði þörfinni fyrir leiðréttingar einstakra hópa, m.a. útflutningsgreinanna, fullnægt en þá þarf að velta því fyrir sér hver eigi að sjá um hina sem starfa í greinum þar sem staða til launahækkana er ekki eins góð. Slík leið ætti lítt skylt við samstöðu nema ef vera kynni samstaða um að hlúa að sérstöðunni. Það væri hins vegar skrýtið ef verkalýðshreyfingin ætla ekki að nýta samstöðuna til þess að bindast samtökum um að skilja engan eftir. Hinn kosturinn er að samræma göngulagið með því að gera ákveðið „vopnahlé“ til næsta árs og reyna að nota þann tíma til að skapa forsendur fyrir lengri sátt á vinnumarkaði. Það væri reyndar ekki auðvelt að vera hófsamur þegar t.d. Reykjavíkurborg hækkar leikskólagjöld á veikustu hópana og því hljótum við að beita okkur fyrir því að ríki og sveitarfélög falli frá áformum um gjaldskrárhækkanir. Það er mikilvægt að við höfum það í huga að áhrif okkar byggja á samtakamætti og til að breyta þurfum við að ná saman um á hvaða forsendum það verður. Að sama skapi þurfa skilaboð okkar til atvinnurekenda og stjórnvalda að vera skýr að það er ekki í boði að launahlutföllin í landinu verði 50–60% til frambúðar meðan þau eigi að vera 65–67%. Gengið skellti þessum hlutföllum niður en markmið okkar stefnu á að vera að þetta vinnist til baka. Við erum á rétttri leið og nauðsynlegt að fylgja ekki stefnu Seðlabankans í þessu efni en hann virðist vilja halda launahlutfallinu svona lágu til að standa skil á afborgunum erlendra lána.

En hvers vegna vopnahlé við þessar aðstæður? Í fyrsta lagi er það krafa okkar félagsmanna að þeir fái að njóta raunverulegs stöðugleika og lágra vaxta en það kallar á samstilltar aðgerðir. Í öðru lagi er það einnig krafa okkar félagsmanna að allir taki þátt í þessari vegferð en það kallar á breyttar væntingar og samræmingu. Í þriðja lagi er ljóst að lítið traust er milli aðila vinnumarkaðar og stjórnvalanna en það kallar á samræðu og sameiginlega sýn. Ef þetta á að vera hægt þurfum við tíma, meiri tíma en við höfum í sjálfu viðræðuferlinu. Ég er þeirrar skoðunar að við verðum að láta reyna á þetta því áður en við fáum félagsmenn í harðar aðgerðir munu þeir vilja sjá að þessi leið er ekki fær.

En til þess að hreyfingin sé reiðubúin til þess að fara þessa leið tel ég að við eigum að krefjast þess að ríkisstjórnin sýni í verki vilja sinn með breytingum

á frumvarpi til fjárlaga á næsta ári. Ég tel að það þurfi 5–6 milljarða króna tilfærslu og þá helst á þremur sviðum. Í heilbrigðismálin þarf 3–4 milljarða króna, ekki til að hækka kostnaðarstigið heldur auka þjónustustigið og lækka kostnað almennings við að leita til læknis og sækja þjónustu. Í menntakerfinu er gerð almenn hagræðingarkrafa sem alltaf leiðir til þess að skorið er niður í verk- og tækninámi vegna þess að það er dýrara. Hér verðum við að beita okkur fyrir aðgerðum til að treysta þetta nám. Að sama skapi er mikilvægt að stjórnvöld leggi sitt af mörkum við að fjármagna „annað tækifæri til náms“ eftir að við náðum samkomulagi um aukin framlög til fræðslusjóðanna. Í vinnumarkaðsmálum er boðaður mikill niðurskurður í þjónustu við atvinnuleitendur. Atvinnuleysi þeirra sem fá bætur hefur minnkað mjög mikið en þeir sem eru atvinnulausir án bóta eru í erfiðleikum og þess vegna þarf að hækka framlög til vinnumiðlunar og ráðgjafar en ekki skerða.

Gagnvart atvinnurekendum þyrfti auðvitað að ná samkomulagi um viðunandi launahækkun. Að sama skapi viljum við að vopnahléið verði notað til þess að ræða við SA um innihald okkar kjarasamninga. Gylfi kvaðst horfa á þetta þannig að sett yrði niður formleg viðræðuáætlun til næstu mánaða sem tæki gildi strax við gerð skammtímasamnings. Það er afar mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að við þær aðstæður er ekki hægt að semja um miklar launahækkanir og tryggja stöðugleika um leið því slíkt gerist ekki samhliða. Stöðugleikinn eykur kaupmátt og það er hann sem þarf að sækja. Við eigum hins vegar ekki að beygja okkur undir aga efnahagsmála ef enginn annar ætlar að gera það og stefnan enn að reyna að ljúka aðfarasamningi í nóvember. Samtöl við embættismenn hafi verið jákvæðari en viðtölin við ráðherrana. Spurningin sé hins vegar hvort vilji sé í okkar röðum og hvort vilji sé hjá stjórnvöldum. Ef svo er, já – þá skulum við reyna. Gylfi sagði það mat sitt að félagsmenn vilji láta á reyna og ef þetta gangi ekki eftir verði meiri samstaða um aðgerðir í framhaldinu.

Horfur í efnahagsmálum

Róbert Farestveit kynnti nýja hagspá ASÍ. Í máli hans kom fram að dæði muni einkenna næstu ár. Helguvík hafi gefið falskar vonir um hagnöxt og ekki sé gert ráð fyrir honum núna. Kaupmáttur ráðstöfunartekna muni standa í stað, vaxtabætur lækka og séreignarsparnaðarúttektinni að ljúka. Atvinnuvegafjárfesting muni aukast en fjárfesting hins opinbera valdi vonbrigðum. Störfum mun fjölga og vinnutími lengjast. Undirliggjandi sé verðbólga og verðbólguþrýstingur og gengið muni ekki styrkjast. Bati á vinnumarkaði mun skýrast af fleira fólki á vinnumarkaði en ekki því að atvinnulausir fái meiri vinnu. Að lokum: Óvissa er um hvernig Seðlabankinn muni taka á stöðugra gengi og markaðurinn trúir honum ekki.

Kjaramálin – staða og horfur

Signý Jóhannesdóttir las drög að ályktun. **Vilhjálmur Birgisson** kvaddi sér hljóðs. Hann vísaði til þess að kjarasamningarnir árið 2011 væru vífti til varnaðar. Því sé haldið fram að launahækkanir hafi verið of miklar en það sé rangt því að launavísitalan hafi hækkað um 17,6% eða helmingi meira en það sem samið hafi verið um. Þar liggi sökin, þ.e. hjá sjálfökuliðinu, fjármálakerfinu og skrifstofufólkinu. 28% sé vegna umsaminna hækkana en launaskriðið eigi 82%. Aðrir verði að sýna ábyrgð, t.d. SA. Um leið og við séum búin að semja fari launaskriðið af stað og það sé kjarni málsins. Nú sé dauðafæri til að sækja kjarabætur fyrir ákveðna hópa því t.d. sé 80 milljarða árlegur hagnaður í útgerðinni meðan laun eru 250–260 þúsund. „*Svo kemur þetta lið með 400 þ.kr. bónus eins og Samherji meðan HB Grandi gerir ekki neitt.*“ SA hafi bannað þessum fyrirtækjum að hækka launin. Í hverju liggi þá vopnahléið? Setjast niður og gera ekki neitt og horfa á launaskriðið fara af stað? Öll sveitarfélögin eru að gera það sama og Reykjavík og gera ráð fyrir mikilli verðbólgu.

Gylfi Arnbjörnsson tók til máls og sagði margt til í því sem Vilhjálmur hefði sagt. Gera verði greinarmun á samningum um almennar hækkanir, þar sem við höfum haft væntingar um að ná jafnvægi og tókum á gengi og verðlagi, en það hafi síðan ekki gengið eftir. Því höfum við í samningum einnig tekist á við að rétta taxtakerfin af m.v. launaskrið og verðbólgu. Þannig hafi t.d. lágmarkstaxtar SGS hækkað um 100% á þeim tíma sem Vilhjálmur talar um. Allar hækkanir kosta eitthvað og ekki bara launaskrið sem hafi verið til trafala. Þegar samið var um 4,25% hækkun 2011 átti að lækka tryggingagjaldið en stjórnvöld hafi ekki gert það. Þetta sé m.a. ástæðan fyrir vantraustinu. Ef við eigum að semja um litlar launahækkanir, sem atvinnulífið ætlar síðan að toppa með launaskriði, þá sé það ekki ásættanlegt. Við ætlum ekki að fara þessa leið ein. Allir þurfa að vera með. Að sýna samstöðu um sérstakar hækkanir sumra gengur ekki; við þurfum að brjótast í gegn fyrir alla – fyrir heildina. Notum stöðuna til þess en ekki bara fyrir hina fáu. Ef hinir fá ekkert, hvar eiga þeir að eiga skjól ef það er ekki hjá verkalýðshreyfingunni?

Guðni Gunnarsson tók til máls og í máli hans kom fram að þær tekju-skattslækkanir, sem stjórnvöld hafa boðað á miðþrepinu úr 25,8% niður í 25%, nýtast minnstum hluta ungs fólks. ASÍ-UNG fordæmi að lítill eða enginn stuðningur sé við ungt fólk á leigumarkaði. Íbúðaverð er einfaldlega allt of hátt fyrir ungt fólk. Þegar fólk þurfi að minnka við sig verði samfélagið að hugleiða hver eigi að kaupa eignina. Ungu fólk, sem við edlilegar kringumstæður mundi stækka við sig í dag, mun ekki gera það. Það muni vanta kynslóðir inn í keðjuna svo dæmið gangi upp. Við munum horfa upp á hrun á fasteignamarkaðnum eftir nokkur ár ef ekkert verður gert. Að þeim

sökum krefjast ASÍ-UNG þess að þær launahækkunar, sem í boði eru í komandi kjaraviðræðum, komi allar til hækkunar launaliðs og fari ekki til hækkunar á launatengdum gjöldum. Ungt fólk berjist í bökkum við að standa réttum megin við núllið um hver mánaðamót og því munar um hverja einustu krónu sem kemur í veskið. Að lokum minnti Guðni á 3. þing ASÍ-UNG á næsta hausti. Á síðasta þingi hafi sæti ungliða aðildarfélaganna aðeins verið skipuð að hálfu en ASÍ-UNG vilji sjá meiri þátttöku og spurði: „*Hafið þið mótad stefnu innan ykkar félags í garð ungs fólks?*“

Sigurður Bessason tók til máls og í máli hans kom fram að hann taldi stöðuna alvarlega og aldrei fyrr eins óljóst hvert við viljum fara. Tölum samt um stuttan samning, aðdraganda að lengri. Hann taldi það byggjast á því að finna samhliða ábyrgð atvinnurekenda, stjórnvalda og sveitarfélaga um stefnuna og setja niður girðingar. Ef eigi að gera eitthvað þá snúi það að öllum. Staða til að sækja fyrir tiltekna hópa minni á stöðuna 1997. Þá hafi verið farið í verkföll hjá Dagsbrún, fluginu, bensíninu og höfninni, allt sérsamningar, og þó þar hafi verið komin lausn hafi verið haldið áfram til að ná einhverju fyrir alla. Lausnir ekki bara fyrir hópana með sterka stöðu heldur að þeir nýtist til að ná úrlausn fyrir alla. Þannig tryggjum við áhrif okkar í samfélaginu.

Kl. 10:13 kynnti **Ólafur Darri Andrason** skýrslu um efnahagsumhverfi og launaþróun í aðdraganda kjarasamninga sem unnin er sameiginlega af aðilum vinnumarkaðarins. Hann sagði skýrsluna tilbrigði við stef Norðurlandanna þar sem allir horfi á sömu grunnupplýsingar á sama tíma. Ekki er deilt um forsendur og umræðan því skilvirkari.

Gylfi Arnbjörnsson sagði að eina leiðin út úr kreppunni til varanlegs stöðugleika og aukins kaupmáttar væri samráð, þ.e. leið sáttmála um stöðugleika. Mestur árangur næst með samráði og samstöðu. Það tókst hjá okkur að verja velferðarkerfið á vinnumarkaði og best gekk það þar sem við höfum haft ábyrgðina. **Vilhjálmur Birgisson** spurði um erlendu lánin en Landsbankinn sé með til greiðslu skuldabréf upp á 259 milljarða á næstu mánuðum. Hvað gerist ef það tekst ekki að lengja í því? **Gylfi Arnbjörnsson** sagði að kröfuhafar neituðu að tala við bankann en krafa væri uppi um að þeir gefi mikið eftir af eignum sínum. Hann benti á að þeir hafi þegar gefið eftir 10% af eigninni í Landsbankanum. Þeim finnst þeir vera búnir að gera sitt en nú vill ríkisstjórnin meira. Hann sagði alvarlegt mál ef banki getur ekki borgað. Ríkissjóður gæti tapað bankanum því fyrst tapast eigið fé hans áður en kemur að því að kröfuhafar tapi. Þetta skuldabréf sé að stærstum hluta Icesave-lánið og stærsti eigendur þess séu á Bretlandi og samningsvilji þar ekki mikill. Fullyrt hefur verið að það séu veð í greiðsluflæði sjávarútvegsins að baki þessu skuldabréfi. Ef því verður beint í þetta fari það ekki í annað og því hafi Íslendingar ekki eins sterka stöðu gagnvart lánardrottnum eins og sagt hafi verið. Kröfuhafarnir

geta bara beðið eins og t.d. í Argentínu og Hollandi. Betra að bíða í stað þess að afskrifa. Ef okkur tekst ekki að leysa úr þessu þá erum við Íslendingar í vondum málum. Ljóst sé að við greiðum ekki 40 ára lán á 4 árum. Það gengur illa að komast á lánamarkaðinn eins og er en það er nauðsynlegt. Það gæti komið nýtt hrun og bankakerfið í mikilli óvissu þar sem það sé alls ekki fjármagnað. Ef höftin verða afnumin snöggt yrði slík lausafjárþurrð að þeir ættu sér ekki endurreisnar von. Staðan er grafalvarleg og hluti óvissunnar sem er við að glíma.

Kl. 11:42 var gengið til afgreiðslu ályktunar. **Signý Jóhannesdóttir** kynnti hana og var hún afgreidd samhljóða:

Ályktun um kjaramál

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru lausir 1. desember nk. Öll heildarsamtök samningsaðila á almennum og opinberum vinnumarkaði hafa undanfarin misseri metið ávinninginn af því ef efnahagsleg umgjörð kjarasamninga hér á landi væri svipuð og á hinum Norðurlöndunum, þar sem traust efnahagsstjórn tryggir stöðugt gengi og lága verðbólgu. Ljóst er að við þær aðstæður er vel gerlegt að auka kaupmátt launa í öruggum skrefum án þess að raska samkeppnisstöðu eða auka atvinnuleysi. Fundur formanna aðildarfélaga ASÍ telur að inn í slíkt umhverfi ættum við að stefna.

Mikil óvissa setur mark sitt á komandi kjarasamninga. Ný ríkisstjórn hefur ekki boðið aðilum vinnumarkaðarins upp á nokkurt samstarf varðandi forsendur kjarasamninga né kynnt hvernig hún sér fyrir sér stjórn efnahagsmála á komandi misserum. Þannig er það ekki ljóst hvernig ríkisstjórnin hyggst ná tökum á óstöðugu gengi krónunnar og þrálátri verðbólgu, hvort og þá hvernig hún sér fyrir sér afnám gjaldeyrishafta án þess að hagsmunir launafólks og heimila verði fyrir borð bornir eða hvernig hún ætlar að haga stjórn peningamála til framtíðar. Ekki liggur fyrir hvernig aðgerðir í þágu skuldsettra heimila verða útfærðar og enn síður hvaða áhrif þær aðgerðir muni hafa á þróun efnahags- og gengismála. Fundur formanna aðildarfélaga ASÍ telur að við þessar aðstæður sé útiokað að gera samninga til lengri tíma. Fundurinn telur skynsamlegt að samið verði til 6 til 12 mánaða og að sá tími verði notaður til þess að gefa stjórnvöldum kost á að eyða óvissu, skapa breiða sátt um stefnuna í helstu hagsmunamálum launafólks og samstöðu um nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálum. Þannig mætti nota stuttan samningstíma til að leggja grunn að kjarasamningi til lengri tíma á næsta ári.

Velferðarkerfið á vinnumarkaði

Menntun – virkar vinnumarkaðsaðgerðir – starfsendurhæfing

Til máls tók **Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir**, framkvæmdastjóri Fræðslu- miðstöðvar atvinnulíffsins, og fjallaði hún um stöðu og stefnu í framhalds- fræðslu. (Sjá slæðupakka IEG.) **Már Guðnason** vísaði til fullyrðingar Ingibjargar Elsu um að miðað við forsendurnar nú muni taka 34 ár að ná öllum í raunfærnimat. Þegar hinir elstu eru 74 ára og þeir yngstu 25 ára sé ljóst að um mjög ólíka hópa sé að ræða og spurði hvort tekið væri tillit til þessa. **Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir** sagði vandamálið minna með tímanum og mikilvægt sé að skólakerfið nái tökum á brottfalli; þá muni þetta lagast. Við höfum hugmynd um stærð vandans og ljóst að bæta þurfi verulega í til að ná ásættanlegum árangri í að hækka menntunarstig þeirra sem þegar eru komin út á vinnumarkaðinn. **Haldór Grönvold** sagði ljóst að gefa þurfi verulega í og það kosti a.m.k. 4 milljarða á ári að ná markmiðum um hækkað menntun- arstig þjóðarinnar. Fjármagn hafi fengist frá ríkinu og úr IPA-kerfinu sem sótt hafi verið af verkalýðshreyfingunni gegnum kjarasamninga 2011. Nú þurfi að fylgja því eftir og gera enn betur. **Jakob Tryggvason** lagði áherslu á hlutverk stéttarfélaganna og að hvert félag þyrfti að vinna í sínum málum og hjálpa félagsmönnum að nýta sér raunfærnimatið.

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir sagði ómetanlegt að hafa atvinnulífið með. Allt fé hafi verið nýtt og það árangursmælt. Þörfin sé mikil, mikil ásókn og í iðngreinunum hafi raunfærnimatið farið fram úr björtustu vonum. T.d. séu 18 hópar úr húsasmíðinni búnir. Fólk sé mjög þakklátt og til staðar sé rík löngun til menntunar. Menntakerfið hafi alltaf lagt upp með mikið bóknám en það henti ekki öllum og fólk sé þakklátt þegar það er metið að verðleikum fyrir það sem það hefur lært í vinnunni og það sé mun meira en fólk heldur. Raunfærnimatið gefi fólki bæði möguleika og góða tilfinningu.

Til máls tók **Runólfur Ágústsson**, verkefnisstjóri „Liðsstyrks“. Hann sagði mikið verk að vinna við að takast á við atvinnuleysi verkafólks á almennum vinnumarkaði sem enn sé mikið en haldist um 2% hjá háskóla- menntuðum. Mikill árangur sé af sameiginlegum aðgerðum verkalýðshreyf- ingar og atvinnurekenda, ríkisins og sveitarfélaga og þess vegna næst-minnst atvinnuleysi í Evrópu á Íslandi samkvæmt opinberum tölum. Ef atvinnulífið eflist ekki þá sé hætt við að þetta fólk komi aftur inn á bætur. Hugsanlega þurfi að framlengja eitthvað af þessum aðgerðum þar til staðan á vinnumarkaði lagast. Ástandið sé brothætt og veturinn er áhyggjuefni. Þakkaði að lokum samstarfið við ASÍ sem hefði gengt lykilhlutverki við að efla virkar vinnu- markaðsaðgerðir frá Hrúni.

Til máls tók **Vigdís Jónsdóttir**, framkvæmdastjóri VIRK, starfsendurhæf-

ingarsjóðs. (Sjá slæðupakka VJ.) Í máli hennar kom fram að mikilvægt væri að eiga ekki bara veikindarétt til að vera heima heldur einnig að eiga rétt á starfinu áfram þegar heilsan leyfir. **Drífa Snædal** spurði hvers vegna mikil aukning hefði verið á málum sem komu inn á borð VIRK í október. **Vigdís Jónsdóttir** sagði álagið væri að jafnaði meira á þessum árstíma en einnig að fleirum hefði verið vísað til VIRK, m.a. frá lífeyrissjóðunum. **Már Guðnason** sagði að tengingar vantaði í kerfið við Tryggingastofnun, sjúkrasjóðina og lífeyrissjóðina. **Vigdís Jónsdóttir** tók undir það og sagði að ætíð þyrfti að fullreyna starfsendurhæfingu. Tengja þyrfti starf VIRK, mats og bótaréttar. Fleiri þyrfti til samstarfs, m.a. TR. Ef fólk lendi á sjúkrasjóði þurfi að gera kröfur en fólk komi stundum of seint inn en það sé ekki gott. Einstaklingar þurfi að taka ábyrgð. **Georg Páll Skúlason** sagði FBM kynna úrræði VIRK vel í sínum sjúkrasjóði en réttindi í sjúkrasjóði og starfsemi VIRK tengi fólk ekki endilega saman. Hann velti upp hvornig hægt væri að nálgast þetta jákvætt. Vigdís Jónsdóttir sagði sjúkrasjóðina almennt gera þetta en misjafnlega. Sumir kynna – aðrir hringja og bjóða. Hún sagði að við þyrftum að setjast niður og ákveða hvornig best væri að skapa nauðsynlegan vettvang þannig að stuðningur úr sjúkrasjóðunum og starfsendurhæfingin vinni sem best saman.

Gylfi Arnbjörnsson kynnti drög að ályktun um velferðarkerfi vinnumarkaðarins. Hann sagði það hafa tekið 10 ár í viðræðum við stjórnvöld að fjalla um starfsendurhæfingu og því hafi aðilar vinnumarkaðar orðið að taka af skarið sjálfir í kjarasamningum, líkt og með sjúkrasjóðina sem stofnaðir voru þegar almannatryggingar reyndust ófullnægjandi. Sama ætti við um lífeyrissjóðina. Hann sagðist óttast að stjórnvöld vilji fara aðrar leiðir, t.d. í menntamálum, eins og sjá mætti á því hvar sparnaðurinn kemur niður. Einnig sé í fjárlögum skorið niður til starfsendurhæfingar. Hann sagði að ef við hefðum ekki farið í virkniadgerðir á vinnumarkaði árið 2009 þá hefði þetta ekki verið gert. Ályktunin, sem liggja fyrir, sé veganesti fyrir samninganefnd ASÍ inn í viðræður við stjórnvöld. Af öllum tilfærslum séu 80% í gegnum kjarasamninga sem sýni að þegar við höfum dregið atvinnurekendur að borðinu skili það árangri og eftir því sé tekið erlendis. Algjört samhengi sé á milli velvildar til að eiga aðild að stéttarfélagi og þeirra réttinda og þjónustu sem það veitir. Menn eins og prófessor Stefán Ólafsson séu þessu t.d. ósammála og vilji að við séum bara kröfugerðarhópur. Ályktunin sem sé hér til umfjöllunar sé ekki í þeim anda. Samhengi þurfi að vera og t.d. af 850 á örorkulífeyri hafi bara 250 fengið tilboð um starfsendurhæfingu. Þarna þurfi lífeyrissjóðirnir að taka sig á og við að horfa okkur nær. Tengja þurfi saman bótarétt og tilboð um starfsendurhæfingu.

Signý Jóhannsdóttir gaf orðið laust um öll erindin. **Sigurður Bessason**

sagði ályktunina vera áskorun en um leið hvatningu til þess að við vinnum heimavinnuna okkar. Hvaðan kemur þetta fólk? Kemur oftast beint frá læknum. Sjúkrasjóður Eflingar bjóði lengri rétt í sjúkrasjóði gegn því að viðkomandi einstaklingar leiti til VIRK. Stundum vilji félagsmenn það ekki og þá geti verið erfitt að beita refsingum og lögmaður ASÍ hafi sagt að ekki megi gera það meðan sjóðfélagi sé enn greiðandi.

Kl. 14:45 var gengið til afgreiðslu ályktunar. **Signý Jóhannesdóttir** kynnti hana og var hún afgreidd svohljóðandi og samhljóða:

Ályktun um velferðarkerfið á vinnumarkaði

Fundur formanna aðildarféлага ASÍ leggur áherslu á mikilvægi öflugs menntakerfis og þess velferðarkerfis á vinnumarkaði sem byggt hefur verið upp að kröfu verkalýðshreyfingarinnar í samstarfi við samtök atvinnurekenda og stjórnvöld og hefur að markmiði að treysta stöðu og bæta hag fólks á vinnumarkaði.

Öflugt velferðarkerfi er forsenda þess að hægt sé að skapa þjóðfélagslega samstöðu sem vinnur gegn fátækt og félagslegri einangrun. Veita þarf greiðan aðgang að menntun og félagslegri þjónustu þar sem jafnræði gildir. Samspil öflugs efnahagskerfis og velferðarkerfis, auk öflugrar atvinnustefnu og virkra vinnumarkaðsaðgerða, stuðlar að sjálfbærri félagslegri og efnahagslegri þróun. Reynslan sýnir að sá hluti velferðarkerfisins á vinnumarkaði, sem er undir forræði og rekinn af stéttarfélagunum og samtökum, stendur launafólki næst og hefur best staðið af sér niðurskurð síðustu ára.

Menntun fyrir alla

Hlutfall Íslendinga á aldrinum 25–64 ára, sem ekki hafa lokið formlegri framhaldsskólamenntun, er hátt í alþjóðlegum samanburði, eða um 30%. Þetta er óásættanleg staða og mun hærra hlutfall en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Að frumkvæði verkalýðshreyfingarinnar er í áætluninni Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag markmiðið að lækka þetta hlutfall í 10% fyrir árið 2020.

Brottfall ungmenna úr íslenskum framhaldsskólum er mikið og því mikilvægt að grípa til aðgerða til að draga úr því, m.a. með fjölbreyttara námsframboði, ráðgjöf og stoðþjónustu á öllum skólastigum þar sem nemendur eru aðstoðaðir við að finna námsleiðir í samræmi við styrkleika þeirra, færni og áhugasvið.

Einnig er mikilvægt að einstaklingar á vinnumarkaði með litla formlega menntun fái annað tækifæri til náms. Liður í því er að samræma mat á óformlegu og formlegu námi og auka þar með möguleika þeirra til náms og starfs-

þróunar. Gera þarf þá kröfu að menntakerfið verði sveigjanlegra og einstaklingar fái tækifæri til að fá metna þá hæfni og færni, sem þeir hafa öðlast, til styttingar á námi, m.a. með raunfærnimati. Þá hefur ASÍ lagt ríka áherslu á að efla samstarf launafólks, atvinnurekenda, stjórnvalda og fræðsluáðila við að byggja upp og þróa framhaldsfræðslu.

Mikilvægur þáttur í menntastefnu til framtíðar er að efla verk- og tækni-menntun og annað starfsnám og að þess verði gætt að þau iðnréttindi, sem þegar eru til staðar, verði ekki skert. Jafnframt verði komið á fagháskólastigi.

Alþýðusamband Íslands krefst þess að hagsmunir launafólks verði tryggðir við mótnun mennta- og atvinnustefnu. Yfirvöld og atvinnulíf þurfa að leggja áherslu á framtíðarsýn á þarfir vinnumarkaðarins fyrir menntun og auka vægi og möguleika framhaldsfræðslu.

Virkar vinnumarkaðsaðgerðir

Alþýðusambandið hefur allt frá því að hrunið varð hér haustið 2008 lagt ríka áherslu á öflugar vinnumarkaðsaðgerðir með það að markmiði að skapa atvinnuleitendum skilyrði til að efla sig á vinnumarkaði og fá störf við hæfi. Gripið hefur verið til fjölmargra aðgerða í ágætu samstarfi við samtök atvinnurekenda og stjórnvöld sem skilað hafa mikilvægum árangri. Þrátt fyrir það eru þúsundir einstaklinga hér á landi enn án atvinnu. Stór hluti þessa hóps hefur verið án vinnu í langan tíma og þar af umtalsverður fjöldi fullnýtt bótarétt sinn hjá Atvinnuleysisstryggingasjóði.

Alþýðusambandið leggur ríka áherslu á að byggt verði á þeirri reynslu, sem fengist hefur undanfarin ár á sviði virkra vinnumarkaðsaðgerða, og bætt um betur. Þar skiptir sköpum:

- Öflug ráðgjöf og vinnumiðlun á þeim grunni sem byggður hefur verið upp hjá Vinnumálastofnun og STARFi á síðustu misserum. Mikilvægt er að nýta þá þekkingu og reynslu sem þar hefur orðið til og þróa hana enn frekar.
- Virk vinnumarkaðsúræði sem miða að því að liðsinna atvinnuleitendum, treysta stöðu þeirra á vinnumarkaði og skapa þeim tækifæri við hæfi. Reynslan hefur kennt að úrræði, sem felast í markvissri hæfingu á vinnumarkaði og möguleikum einstaklinga til að sýna hvað í þeim býr með starfsþjálfun og reynsluráðningu á vinnustað, skila bestum árangri. Slík úrræði eru einnig best til þess fallin að skilja frá þá einstaklinga sem eru á atvinnuleysisbótum á röngum forsendum. Um leið verður að tryggja að slík úrræði séu ekki misnotuð af atvinnurekendum. Jafnframt er mikilvægt að þróa frekar aðferðir sem felast í samþættingu náms- og starfstengdra úrræða.

Alþýðusambandið gerir kröfu til þess að allir atvinnuleitendur njóti þeirrar þjónustu, sem í boði er, án tillits til þess hvar þeir hafa framfærslu sína.

Við framtíðarskipan þjónustu við atvinnuleitendur og fyrirtæki er mikilvægt að byggja á reynslunni af tilraunaverkefninu með STARFi. Þjónustukannanir sýna að atvinnuleitendur eru ánægðir með þjónustuna og taka því vel að stéttarfélag þeirra er að sinna þeim. Þá eru fyrirtækin einnig ánægð með þá þjónustu sem veitt er.

Starfsendurhæfing

Á liðnum árum hefur verið byggt upp öflugt kerfi starfsendurhæfingar sem skilað hefur miklum árangri í að greiða þeim sem lent hafa í alvarlegum veikindum eða slysum leið inn á vinnumarkaðinn að nýju. Því er mikilvægt að efla þessa starfsemi og festa hana í sessi.

Tryggja verður að lífeyrissjóðirnir breyti vinnuferlum í tengslum við úrskurð örorkubóta og tryggji fólki aðgengi að ráðgjöfum VIRK. Þá er mikilvægt að taka upp starfsgetumat í stað læknisfræðilegs örorkumats.

Áherslur í nýlegu fjárlagafrumvarpi ganga þvert á áherslur verkalýðshreyfingarinnar á velferðarkerfi vinnumarkaðarins. Samkvæmt frumvarpinu er dregið úr framlögum til framhaldsskóla sem hætt er við að bitni illa á verk- og tækninámi. Átaksverkefni sem eiga að tryggja atvinnuleitendum aðgang að framhaldsskólum eru aflögð. Mikill niðurskurður er á öllum framlögum til ráðgjafar til atvinnuleitenda og vinnumarkaðsúrræða. Þá ætlar ríkisvaldið ekki að standa við umsamin framlög til starfsendurhæfingarsjóða en þau framlög byggja á samkomulagi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.

Það á að vera sameiginlegt markmið stjórnvalda, samtaka launafólks og atvinnurekenda að móta heildstæða stefnu í mennta-, vinnumarkaðs- og velferðarmálum til að öflugt og framsækið atvinnulíf blómstri og búi jafnframt yfir vel menntuðu og hæfu starfsfólki.

Önnur mál

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Gylfi Arnbjörnsson tók til máls og sagði viðfangsefnið skýrt. Það þurfi að gera kjarasamninga og láta reyna á hvort við náum SA og stjórnvöldum að bordinu en það muni ráðast á næstu viku eða svo. Hann þakkaði fyrir umræðuna og sleit fundi kl. 15:48.



Fulltrúar á formannafundi ASÍ 2013

Félag/staða

Félag bókagerðarmanna
VM - Félag vélstjóra- og málmteknimanna
MATVÍS
Félag hársnyrtisveina
Félag leiðsögumanna
Flugfreyjufélag Íslands
Mjólkurfræðingafélag Íslands
VR
Stéttarfélag Vesturlands
Stéttarfélagið Samstaða
Verslunarmannafélag Skagafjarðar
Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri
Verslunarmannafélag Suðurlands
Félag íslenskra símamanna
Félag íslenskra rafvirkja
Félag tæknifólks í rafíðnaði
BYGGIÐN, Félag byggingamanna

Formaður

Georg Páll Skúlason
Guðmundur Þórður Ragnarsson
Niels S. Olgeirsson
Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir
Vilborg Anna Björnsdóttir
Sturla Óskar Bragason
Markús B. Jósefsson
Ólafía B. Rafnsdóttir
Einar Oddur Pálsson
Sigríður A. Guðmundsdóttir
Hjörtur S. Geirmundsson
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir
Guðmundur Gils Einarsson
Grétar B. Guðmundsson
Jens Heiðar Ragnarsson
Jakob Tryggvason
Finnbjörn A. Hermannsson

Félag iðn- og tæknigreina
Stéttarfélag Vesturlands
Félag járníðnaðarmanna Ísafirði
Félag málmíðnaðarmanna Akureyri
Sjómanna- og vélstj.félag Grindavíkur
Stéttarfélagið Samstaða
Aldan, stéttarfélag
Sjómannafélag Eyjafjarðar
Efling, stéttarfélag
Verkalýðsfélagið Hlíf
Verkalýðsfélag Grindavíkur
Verkalýðs- og sjóm.félag Sandgerðis
Verkalýðsfélag Akraness
Stéttarfélag Vesturlands
Stéttarfélagið Samstaða
Verkalýðsfélag Snæfellinga
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Aldan, stéttarfélag
Eining-Iðja
Framsýn, stéttarfélag
AFL Starfsgreinafélag
Drífandi, stéttarfélag
Verkalýðsfélag Suðurlands
Miðstjórn ASÍ
Miðstjórn ASÍ
Miðstjórn ASÍ
Miðstjórn ASÍ
Miðstjórn ASÍ
Miðstjórn ASÍ
Miðstjórn ASÍ
Miðstjórn ASÍ
VM / ASÍ-UNG

Hilmar Harðarson
Guðbrandur Magnússon
Halldór Óli Hjálmarsson
Jóhann Rúnar Sigurðsson
Birgir Mar Guðfinnsson
Guðmundur Finnbogason
Bjarki Elmar Tryggvason
Konráð Þorsteinn Alfreðsson
Sigurður Bessason
Kolbeinn Gunnarsson
Magnús Már Jakobsson
Magnús Sigfús Magnússon
Vilhjálmur Birgisson
Signý Jóhannesdóttir
Ásgerður Pálsdóttir
Sigurður A. Guðmundsson
Finnbogi Sveinbjörnsson
Þórarinn G. Sverrisson
Björn Snæbjörnsson
Aðalsteinn Á. Baldursson
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir
Arnar G. Hjaltalín
Már Guðnason
Halldóra S. Sveinsdóttir
Gylfi Arnbjörnsson
Sævar Gunnarsson
Kristín María Björnsdóttir
Sigurrós Kristinsdóttir
Sverrir Albertsson
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Kristján Þórður Snæbjarnarson
Fanney Helga Friðriksdóttir
Guðni Gunnarsson



Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá miðjum júní fram í seinni hluta ágústmánaðar ár hvert. Miðstjórn stjórnar daglegri starfsemi Alþýðusambandsins í samræmi við lög þess og samþykktir sambandsþinga og reglulegra formannafunda eftir því sem við á. Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins og stofnana þess og fyrirtækja á vegum þeirra. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins og samskipti við aðildarsamtökin, samtök atvinnurekenda, stjórnvöld og aðra aðila er varða starf verkalýðshreyfingarinnar og hagsmuni launafólks. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum, sem hæst ber hverju sinni, mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykktu þinga og reglulegra formannafunda ASÍ.

Fjölmörg mál komu til kasta miðstjórnar ASÍ á tímabilinu frá september 2013 til september 2014.

Í byrjun árs 2014 afgreiddi miðstjórn starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir yfirstandandi ár. Starfs- og fjárhagsáætlunin mótar þann ramma sem starfsemi byggir á og leggur stóru línurnar varðandi áherslur í starfinu og nýtingu

þeirra fjármuna sem Alþýðusambandið hefur til ráðstöfunar hverju sinni.

Eðli málsins samkvæmt eru efnahags-, atvinnu- og kjaramál fyrirferðar- mest í störfum miðstjórnar og voru þau á dagskrá hvers einasta fundar hennar á tímabilinu. Auk þess hefur ítrekað verið fjallað um vinnumarkaðs- og félagsmál, s.s. málefni atvinnulausra og aðgerðir í þeirra þágu, stöðuna á vinnumarkaði almennt og stöðu heimilanna í landinu, lífeyrismálin, tillögur ASÍ að nýju félagslegu húsnæðiskerfi og verðlagsmál. Þá voru á þremur miðstjórnarfundum sérstaklega kynnt málefni er varða orkunýtingu og stöðu aðildarumsóknar Íslands að Evrópusambandinu í tengslum við skýrslu sem aðilar vinnumarkaðarins létu vinna um það efni. Er þá aðeins fátt eitt nefnt af því sem kom til umfjöllunar í miðstjórn á tímabilinu.

Miðstjórnin fjallaði um allar tilnefningar af hálfu ASÍ í opinberar nefndir og ráð og setur umboð fyrir fulltrúa Alþýðusambandsins.

Hér á eftir er gerð frekari grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum miðstjórnar ASÍ í nokkrum málum á því tímabili sem skýrslan tekur til. Á öðrum stöðum í skýrslunni eru ályktanir miðstjórnar birtar sérstaklega. Þar er einnig fjallað ítarlega um fjölmörg þeirra mála sem voru til umfjöllunar í miðstjórn ASÍ. Þar má nefna málefni atvinnulausra, tillögur ASÍ í húsnæðismálum og þá sérstaklega frekari útfærsla á félagslega húsnæðiskerfinu, menntamál, lífeyrismál, almannatryggingar og verðlagseftirlit, þ.m.t. verkefnið Vertu á verði. Þá er einnig gerð ítarleg grein fyrir undirbúningi kjarasamninga og kjarasamninga-gerð á seinni hluta árs 2013 og á árinu 2014.

Umfjöllun um efnahags- og atvinnumál og kjaramál

Eins og segir hér að framan var umfjöllun um efnahags-, atvinnu- og kjaramál og hagur launafólks almennt helsta viðfangsefni miðstjórnar allt tímabilið. Ítrekað var ályktað um þessi mál. Þrátt fyrir að samningsumboðið vegna kjarasamninga og samningagerðin sjálf hafi ekki verið á forræði miðstjórnar Alþýðusambandsins voru samningarnir, aðdragandi þeirra og þær forsendur, sem þeim voru skapaðar af hálfu atvinnurekenda og stjórnvalda, stöðugt umfjöllunarefni á vettvangi miðstjórnar. Í upphafi var rætt um rammann fyrir samningagerðina sjálfa þar sem mótuð var hugmyndin um að karasamningar og umgjörð þeirra mundu í framtíðinni taka mið af reynslu hinna norrænu landanna og hvaða lærdóma mætti draga af þeim. Þá var fjallað um fjárlaga- frumvarpið eftir að það var lagt fram, þær áherslur og þau áhrif sem efni þess hefði bæði beint og óbeint á kjarasamningana og hag launafólks. Einnig fjallaði miðstjórn um erfið samskipti samtaka launafólks og stjórnvalda. Í framhaldi af gerð kjarasamninganna í desember, gagnrýni sem þeir fengu meðal félagsmanna stéttarfélaganna og þeirri staðreynd að fjöldi aðildarfélaganna fellði samningana, lagði miðstjórn mat á stöðuna og leitaðist við að draga af

henni lærdóm, ekki síst eftir að félög háskólamanna og ríki og sveitarfélög gerðu kjarasamninga á allt öðrum og hærri nótum en félögin á almennum vinnumarkaði höfðu gert. Af þessu tilefni var harðlega gagnrýnt af hálfu miðstjórnar að stéttarfélögum á almennum vinnumarkaði væri ætlað að semja um hóflegar launahækkanir og kaupmáttaraukningu og tryggja þannig lága verðbólgu og stöðugleika í fnahagslífinu en síðan semdu aðrir hópar um allt aðrar og meiri launahækkanir fyrir sig án þess að skeyta um heildina. Fram kom í miðstjórn að þrátt fyrir að tekist hefði það markmið samninganna að draga úr verðbólgu og tryggja hóflega kaupmáttaraukningu þá hefði tilraunin misheppnast þar sem stórir hópar hefðu vikist undan ábyrgð. Því hlyti krafan í næstu kjarasamningum að vera leiðrétting fyrir þá hópa Alþýðusambandsfélaga sem hefðu setið eftir.

Starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir árið 2014

Starfs- og fjárhagsáætlun Alþýðusambandsins fyrir árið 2014 var til umfjöllunar á tveimur fundum miðstjórnar ASÍ í desember 2013 og janúar 2014 og staðfest á seinni fundinum. Að þessu sinni var auk hefðbundinna verkefna sérstök áhersla á:

- aðstoð við að kynna nýgerða kjarasamninga og undirbúning viðræðna um gerð nýrra kjarasamninga síðar á árinu,
- þátttöku í umræðum um stöðu Íslands í Evrópusamvinnunni,
- endurskoðun og samræmingu á stefnumótun aðildarfélaganna í starfsmenntun og fullorðinsfræðslu og samráð við mennta- og menningarmálaráðuneyti um eflingu starfs- og verkmenntunar,
- áframhaldandi vinnu með stjórn ASÍ-UNG að stöðu ungliðahreyfingarinnar innan ASÍ,
- undirbúning fyrir 41. þing ASÍ í október,
- undirbúning undir 100 ára afmælisár ASÍ árið 2016 en miðstjórn hefur þegar skipað starfshóp um það verkefni.

Formenn vinnumarkaðsráða

Á fundi miðstjórnar 25. september 2013 var fjallað um framgöngu félags- og húsnæðismálaráðherra sem brá á það ráð – skömmu eftir að hún kom í embætti – að segja upp öllum formönnum vinnumarkaðsráða skv. lögum um vinnumarkaðsaðgerðir. Var þessi framganga ráðherra gagnrýnd harðlega og bent á að hún væri með öllu óskiljanleg og setti starf ráðanna í uppnám á mikilvægum tímum. Í frétt um málið, sem birtist á vef ASÍ eftir fundinn, sagði: „Í umræðum í miðstjórn ASÍ í dag var m.a. fjallað um þá ákvörðun félags- og húsnæðismálaráðherra að segja upp formönnum vinnumarkaðsráða víðs vegar um landið þrátt fyrir að fjögurra ára skipunartíma þeirra sé ekki lokið.

Vöktu þessi vinnubrögð furðu miðstjórnarmanna því vinnumarkaðsráðin hafa haft það hlutverk að styðja við Vinnumálastofnun með ráðgefandi faglegum upplýsingum um stöðu atvinnumála allra landshluta án pólitískra afskipta. Á þeim tímum, þegar atvinnuástand er afar viðkvæmt, getur það ekki talist ráðlegt að færa starf ráðanna inn á svið flokkspólitískra átaka og því kom sú eindregna afstaða fram í miðstjórn ASÍ að ráðherra endurskoði þessa ákvörðun sína og dragi hana til baka.“

Kennitöluflakk og svört atvinnustarfsemi

Á fundi miðstjórnar ASÍ í lok september 2013 var á vettvangi miðstjórnar fjallað ítarlega um kennitöluflakk og það samfélagslega tjón sem af því hlýst. Af hálfu miðstjórnar var lögð áhersla á að Alþýðusambandið beitti sér í málinu enda ljóst að það varðaði hagsmuni launafólks miklu, bæði beint og óbeint. Þá var í miðstjórn ítrekað fjallað um þá meinsemd sem svört atvinnustarfsemi er og með hvaða hætt megi sporna við henni. Á fundi miðstjórnar 27. nóvember var gerð grein fyrir árangrinum af samstarfinu við Samtök atvinnulífsins og ríkisskattstjóra sumarið 2013 sem hafði yfirskriftina Leggur þú þitt af mörkum?. Í framhaldinu var síðan rætt um með hvaða hætti megi efla frekar vinnustaðaheimsóknir og vinnustaðaeftirlit á grundvelli laga og samninga um vinnustaðaskírteini. Var forseta og skrifstofu Alþýðusambandsins falið að vinna frekar að þessum málum í samstarfi við aðildarfélögin.

Staða aðildarumsóknar Íslands að Evrópusambandinu

Í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að setja aðildarumsóknina að Evrópusambandinu á ís varð mikil umræða í miðstjórn hvernig bregðast ætti við í ljósi eindreginnar niðurstöðu 40. þings ASÍ um að ljúka ætti viðræðunum við Evrópusambandið, ná sem hagstæðustum samningi og bera hann síðan undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ákveðið var að leita samstarfs við önnur samtök á vinnumarkaði um að gera úttekt á stöðunni varðandi aðildarumsóknina, hverju væri lokið, hvað stæði út af og hvernig best væri að standa að málinu í framhaldinu. Um málið náðist samstarf við Samtök atvinnulífsins, Viðskiptaráð og síðar Félag atvinnurekenda. Þegar síðan spurðist að ríkisstjórnin hygðist gera sambærilega úttekt óskuðu framangreind samtök með bréfi til forsætisráðherra 24. september eftir samstarfi við stjórnvöld um slíka úttekt. Forsætisráðherra sá hins vegar ekki ástæðu til að svara bréfinu og gerðu framangreind samtök í framhaldinu samning við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands um úttekt á aðildarviðræðunum og mögulegu framhaldi. Skýrsla Alþjóðamálastofnunarinnar kom út í byrjun apríl 2014 og var hún kynnt á fundi miðstjórnar 9. apríl. Nánar er fjallað um úttektina á öðrum stað í skýrslu forseta.

41. þing ASÍ

Miðstjórn ákvað haustið 2013 að 41. þing ASÍ verði haldið dagana 22.–24. október 2014. Á fundum miðstjórnar hefur síðan ítrekað verið fjallað um málefnaundirbúning fyrir þingið og hvernig standa á að umræðu og stefnumótun á þinginu sjálfu. Á fundi miðstjórnar í febrúar var viðruð sú hugmynd að halda fundi með „þjóðfundarfyrirkomulagi“ með almennum félagsmönnum stéttarfélaganna í aðdraganda þingsins en síðar var horfið frá þeirri hugmynd. Hins vegar var ákveðið að nota hópavinnu með „þjóðfundarfyrirkomulagi“ í málefnavinnunni á þinginu sjálfu til að virkja alla þingfulltrúa í stefnumótuninni. Ákveðið var að yfirskrift þingsins verði Samfélag fyrir alla. Á miðstjórnarfundum í júní voru svo afgreidd málefnskjöl fyrir þingið af hálfu miðstjórnar, sem og tillögur að lagabreytingum.

Vinnuvernd og „asbestmálið“

Vinnuvernd er málefni sem miðstjórn hefur látið sig varða í gegnum tíðina. Á fundi miðstjórnar 11. desember 2013 var fjallað sérstaklega um vinnuverndarmál í samhengi við mál sem komið hafði upp og varðaði niðurrif á asbesti. Málið snýst um að Vinnueftirlit ríkisins kærði byggingarfyrirtæki þann 12. janúar 2012 fyrir meint brot á lögum og reglum sem gilda um niðurrif asbests. Meint brot fyrirtækisins fólst í því að láta starfsmenn sína rífa niður asbest af þaki húss án þess að hafa til þess tilskilin leyfi frá Vinnueftirlitinu, án þess að starfsmenn viðkomandi fyrirtækis hefðu gengist undir lögbundið námskeið um meðferð asbests og án þess að útvega starfsmönnum sérstakan vinnufatnað eða öndunargrímur og hafa með þessum hætti ógnað heilsu þeirra eða valdið þeim óafturkræfu heilsutjóni.

Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu felldi málið niður þrátt fyrir að yfirmenn fyrirtækisins hafi nánast játað að hafa farið á svig við lög um þetta efni. Síðar kom í ljós að málið hafði fyrnst í meðförum embættisins.

Miðstjórn ályktaði sérstaklega um málið og er ályktunin birt á öðrum stað í þessari skýrslu.

Skattlagning lífeyrisréttinda

Eins og greint var frá í síðustu skýrslu forseta ákvað ASÍ að höfða dómsmál vegna ákvörðunar stjórnvalda um að skattleggja lífeyrissjóðina. Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði málinu frá. Á fundi miðstjórnar 11. desember 2013 kom fram að Hæstiréttur hefði staðfest frávísun héraðsdóms vegna málshöfðunar ASÍ á hendur fjármálaráðherra vegna skattlagningarinnar á lífeyrissjóðina. Niðurstaðan var að ASÍ hefði ekki málsóknarumboð. Jafnframt kom fram að lífeyrissjóðurinn Gildi mundi halda málinu áfram.

Orkunýting og sala á raforku um sæstreng

Á tveimur fundum miðstjórnar, 12. febrúar og 12. mars 2014, var fjallað um virkjana- og orkumál og hugmyndir um sölu raforku til útlanda um sæstreng. Miðstjórn taldi eðlilegt og sjálfsagt að hún fjallaði ítarlega um þessi málefni þar sem þau tengjast með beinum og óbeinum hætti atvinnuuppbyggingu hér á landi og hagsmunum launafólks.

Á fyrri fundinn mætti Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, og gerði grein fyrir framtíðarsýn Landsvirkjunar í virkjana- og orkumálum. Hann dró upp mynd af þeim orkunýtingarmöguleikum sem eru til staðar, stöðu orkumála í alþjóðlegu samhengi, spám um þróun orkuverðs og þeim möguleikum sem Ísland stendur frammi fyrir í þeim efnum. Hann nefndi m.a. í því sambandi hugmyndina um sölu raforku til útlanda með sæstreng og dró upp hvaða kostir og ókostir gætu falist í því.

Á fundinum 12. mars kynnti Gunnar Tryggvason starf og niðurstöður ráðgjafarnefndar atvinnuvegaráðherra um raforkustreng til Evrópu. Gunnar fagnaði umræðunni um málið á vettvangi ASÍ. Hann benti á að það væri margþætt og mikilvægt og snerti fjölmörg samfélagsleg mál, s.s. atvinnumál, umhverfismál, byggðamál og efnahagsmál og almennt hagsæld þjóðarinnar til framtíðar. Gunnar benti einnig á að ráðgjafarnefndin, sem skipuð var hagsmunaaðilum og fulltrúum allra þingflokka, hefði skilað einróma niðurstöðu.

Á báðum fundum varð mikil umræða um efni málsins, bæði um raforkumálin almennt og framtíðarsýnina í þeim efnum og um sæstrengshugmyndina sérstaklega. Það kom skýrt fram að það þyrfti að fara fram miklu dýpri og markvissari umræða um mögulega raforkusölu til útlanda áður en nokkur skref yrðu stigin í þeim efnum. Í því sambandi var bent á að málið varðaði mikla hagsmuni fyrir launafólk, bæði í atvinnulegu- og samfélagslegu tilliti. Í þessu samhengi er einnig rétt að geta þess að miðstjórn ályktaði sérstakleg um rammaáætlunina um orkunýtingu að frumkvæði umhverfisnefndar sambandsins.

Lífeyrissjóðirnir og launakjör stjórnenda fyrirtækja

Á fundum miðstjórnar varð ítrekað umræða um launakjör stjórnenda fyrirtækja og með hvaða hætti lífeyrissjóðirnir og fulltrúar þeirra í stjórnnum fyrirtækja eigi að taka á málum er varða launakjör forstjóra og annarra stjórnenda fyrirtækja. Þannig var á fundi miðstjórnar 25. febrúar lagt fram minnisblað um þetta efni og hvaða kostum lífeyrissjóðirnir og fulltrúar launafólks í stjórnnum þeirra standa frammi fyrir. Málið var aftur á dagskrá miðstjórnar í ágúst og september sl. og var það niðurstaða miðstjórnar að taka málið upp á þingi ASÍ í október og undirbúa þá umræðu með það að markmið að þingið móti skýra sýn í þessum efnum.

1. maí 2014

Á fundi miðstjórnar 12. mars 2014 var samþykkt að yfirskrift 1. maí-aðgerðanna 2014 yrði Samfélag fyrir alla. Í greinargerð með yfirskriftinni segir:

„Grundvöllur tilvistar og starfs verkalýðshreyfingarinnar er auk hefðbundinnar kjarabaráttu að berjast fyrir samfélagi jafnréttis og jafnra tækifæra.

Misskipting hefur farið vaxandi í þjóðfélaginu á mörgum sviðum. Þessi þróun birtist með ýmsum hætti gagnvart launafólki og öllum almenningi:

Kostnaður almennings vegna lyfja og lækniþjónustu er komin út fyrir öll þolmörk. Afleiðingin er ekki aðeins sú að þessi kostnaður hefur mjög neikvæð áhrif á fjárhag alls almennings heldur þurfa sífellt fleiri að neita sér um nauðsynleg lyf og lækniþjónustu.

Tryggt og mannsæmandi húsnæði er ein af forsendum mannsæmandi lífskilyrða. Mikill og vaxandi fjöldi fjölskyldna og einstaklinga eru á hrakhólum vegna húsnæðisskorts eða þurfa að setta sig við óásættanlegar aðstæður í húsnæðismálum af fjárhagslegum ástæðum. Þá er öllum almenningi og sérstaklega ungu fólki ómögulegt að kaupa húsnæði við núverandi aðstæður.

Tækifæri ungs fólks til að sækja sér menntun við hæfi er mikilvæg forsenda virkrar þátttöku á vinnumarkaði og starfstækifæra í framtíðinni. Menntakerfið svarar ekki í dag kröfum um möguleika til náms sem mæta þörfum einstaklinga og atvinnulífs. Þá eru sterkar vísbendingar um að hópur fólks hafi ekki lengur efni á að senda börn sín í skóla eftir að skyldunámi lýkur vegna kostnaðar.

Atvinna við hæfi og þátttaka á vinnumarkaði eru sjálfsagðar kröfur og lykillinn að virkri þátttöku í samfélaginu. Virkni og almenn atvinnuþátttaka er jafnframt mikilvæg forsenda velferðarsamfélagsins. Þúsundir einstaklinga eru atvinnulausar. Þetta á ekki síst við um mikinn fjölda ungmenna sem aldrei hafa náð að festa sig í sessi á vinnumarkaði.

Við viljum ekki þessa þróun. Við viljum ekki svona samfélag. Verkalýðshreyfingin vill byggja upp réttlátt þjóðafélag, samfélag þar sem allir fá að njóta sín og tækifæri til að blómstra, óháð efnahag.“

Hvað viltu upp á dekk? og Nordiskt Forum

Jafnréttismál er einn af þeim málaflokkum sem eru reglulega til umfjöllunar í miðstjórn ASÍ. Tímabilið, sem hér er til umfjöllunar, er engin undantekning frá því. Á fundum miðstjórnar var fjallað um ráðstefnuna Hvað viltu upp á dekk? sem er sérstaklega hugsuð til að efla tengslanet og vera vettvangur fyrir samræðu og valdeflingu kvenna innan Alþýðusambandsins. Þá var ályktun frá þessu samstarfi kynnt og rædd á fundi miðstjórnar 12. maí. Einnig var Nordiskt Forum sem haldið var í júní í Malmö í Svíþjóð, aðdragandi og

niðurstöður, sem og framlag ASÍ og íslenskrar verkalýðshreyfingar til þessa viðburðar rædd af miðstjórn.

Tillögur verkefnisstjórnar um nýtt húsnæðiskerfi

Á fundi miðstjórnar 12. maí var fjallað um aðkomu ASÍ að vinnu verkefnisstjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála og um tillögur til félags- og húsnæðisráðherra en þessi vinna hefur verið með ýmsum hætti. Fram kom að flest í tillögunum er í ágætu samræmi við tillögur sem ASÍ hefur kynnt og fylgt eftir þar til kemur að því sem varðar stuðning vegna uppbyggingar leiguhúsnæðiskerfis. Þar leggur verkefnisstjórnin til að byggt verði á stofnstyrkjum í stað vaxtasamninga sem Alþýðusambandið hefur lagt til. Fram kom að vaxtasamningaleiðin felur í sér mun meiri dreifingu kostnaðar, einkum í byrjun, heldur en stofnstyrkjaleiðin. Þetta þýðir að ef fara á stofnstyrkjaleiðina og ná sama árangri og Alþýðusambandið hefur lagt til þurfa að koma til mun meiri fjármunir úr ríkissjóði í upphafi en ella. Að því gefnu að nægilegir fjármunir fáiast þarf stofnstyrkjaleiðin ekki að vera lakari kostur en vaxtasamningarnir. Í því sambandi hefur komið til harðra orðaskipta milli fulltrúa ASÍ og húsnæðismálaráðherra þegar kemur að því að ákveða hversu mikið fjármagn á að leggja til húsnæðislánakerfisins. ASÍ hefur bent á að leggja þurfi til umtalsvert meiri fjármuni en komið hefur fram af hálfu ráðherra. Þá hafa fulltrúar ASÍ gagnrýnt forsendur og útreikninga verkefnisstjórnarinnar varðandi stofnstyrkina og dregið í efa að þeir séu réttir.

Málefni sjóða vinnumarkaðarins

Á fundi miðstjórnar 20. ágúst 2014 var fjallað um fyrirkomulag fjármögnunar og stöðu sjóða sem tengjast vinnumarkaðinum. Rætt var um kröfuna um aukid sjálfstæði Atvinnuleysistryggingasjóðs og var í þessu sambandi einnig rætt um Ábyrgðasjóð launa og Fæðingarorlofssjóð. Samþykkt var að gera tillögur í þessum efnum sem tryggir betur en nú er sjálfstæða stöðu þessara sjóða og aðkomu verkalýðshreyfingarinnar að stjórnun og framkvæmdinni til hagsbóta fyrir launafólk, en að sjóðirnir skyldu áfram vera með ríkisábyrgð og að ríkissjóður tryggi fjármagn til þeirra tímabundið ef á þyrfti að halda vegna sérstakra utanaðkomandi áfalla. Þá var einnig í þessu samhengi fjallað um framgöngu Fæðingarorlofssjóðs í samskiptum við launafólk og álit Umbodsmanns Alþingis sem hafnaði túlkun sjóðsins á tilteknum þáttum er varða rétt launafólks til greiðslna í fæðingarorlofi.

Á fundi miðstjórnar 3. september var síðan fjallað um og afgreidd sameiginleg álitserð ASÍ og SA á framangreindum grunni.

Stuðningur við ýmsa aðila

Alþýðusambandið styrkir líknar- og góðgerðarfélag á hverju ári um sem nemur einni og hálfri milljón króna. Er leitast við að dreifa þessum styrkjum sem víðast. Auk þessa hefur ASÍ styrkt jólaúthlutun Hjálparstarfs kirkjunnar, Rauða krossins og Mæðrastyrksnefndar um hálfa milljón króna fyrir jólin undanfarin ár. Aðstoðin fer fram um allt land m.a. með úthlutun á matvælum og fatnaði til þeirra sem eiga í fjárhagslegum erfiðleikum.

Alþýðusamband Íslands og Jafningjafræðslan hafa unnið saman undanfarin sumur. Samvinna ASÍ og Jafningjafræðslunnar hófst árið 2009 og hefur tekist afar vel. Leiðbeinendur Jafningjafræðslunnar uppfræða 13-15 ára krakka í Vinnuskóla Reykjavíkur, Vinnuskóla Kópavogs og Vinnuskóla Seltjarnarness um verkalýðshreyfinguna og helstu réttindamál á vinnumarkaði. Í staðinn styrkir ASÍ starf Jafningjafræðslunnar fjárhagslega. Alþýðusambandinu er heiður að því að koma að því góða starfi sem Jafningjafræðslan ynnir af hendi en Jafningjafræðslan er forvarnarstarf unnið af ungu fólki þar sem fræðslan byggist á að bæta sjálfsmynd unga fólksins. Rætt er um vinnuréttindi, vímuefni, átraskanir, kynlíf, kynferðisofbeldi, samkynhneigð, einelti, fordóma og fleira forvarnartengt. Jafningjafræðslan nær til 3-4000 ungmenna á hverju sumri á aldrinum 13-15 ára.

Fundargerðir miðstjórnar ASÍ - fréttamolar frá skrifstofu ASÍ

Eins og kom fram í síðustu skýrslu forseta hefur á umliðnum árum öðru hvoru átt sér stað umræða í miðstjórn ASÍ um hvernig standa skuli að ritun og dreifingu fundargerðar miðstjórnarinnar, upplýsingamiðlun um það sem fram fer á fundum hennar og um þær ákvarðanir sem þar eru teknar.

Til að mæta sjálfsagðri kröfu um að stjórnarmenn aðildarsamtaka ASÍ og félagsmenn séu upplýstir um þau málefni, sem tekin eru til umfjöllunar af miðstjórn ASÍ, um stefnumótun, sem þar á sér stað, og ákvarðanir, sem þar eru teknar, er störfum miðstjórnar nú gerð skil með eftirfarandi hætti:

1. Allar ályktanir, meiri háttar stefnumótun og ákvarðanir miðstjórnar ASÍ eru birtar á vef ASÍ, www.asi.is, um leið og þær liggja fyrir.
2. Fréttamolar – frá skrifstofu ASÍ er rafrænt rit sem kemur út á mánuðagsmorgnum eftir fundi miðstjórnar (sem haldnir eru á miðvikudögum e.h.). Í Fréttamolunum er sagt nokkuð ítarlega frá því helsta sem fram kom á síðasta miðstjórnarfundi, auk þess sem birt er ýmislegt efni til upplýsingar og fróðleiks fyrir stjórnarmenn, trúnaðarmenn, starfsmenn og virka félagsmenn aðildarsamtaka ASÍ. Fréttamolarnir

eru sendir til miðstjórnar ASÍ, formanna allra aðildarsamtaka ASÍ, stjórnar ASÍ-UNG og tengiliða aðildarfélaga ASÍ samkvæmt tölvu-
póstföngum skrifstofu ASÍ. Aðildarfélögunum er frjálst og þau eru
hvött til að dreifa Fréttamolunum áfram til stjórnar, trúnaðarráðs,
trúnaðarmanna og starfsmanna félaganna.

3. Rafrænt Fréttabréf ASÍ kemur út mánaðarlega yfir vetrarmánuðina. Þar gerir forseti ASÍ grein fyrir starfi og áherslum ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni auk þess sem fjallað er um mál sem efst eru á baugi í starfi ASÍ.
4. Í skýrslu forseta, sem út kemur árlega í október og bæði er gefin út á pappír og rafrænt, er síðan að finna samantekt á starfi miðstjórnar ASÍ og helstu málum sem þar hafa verið til umfjöllunar á starfsárinu

Ályktanir miðstjórnar

Ályktun miðstjórnar ASÍ vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar á Rammaáætlun 23. október 2013

Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á að við ákvarðanir um virkjanir og orkunýtingu sé byggt á faglegri vinnu verkefnisstjórnar um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða sem almennt er nefnd Rammaáætlun. Það á ekki að vera hlutverk ríkisstjórna eða stjórnmalamanna á hverjum tíma að endurskoða einstaka þætti Rammaáætlunarinnar eftir eigin geðþótta, enda er gert ráð fyrir að áætlunin verði endurskoðuð reglulega á faglegum forsendum miðað við nýjustu upplýsingar hverju sinni.

Því miður ákvað síðasta ríkisstjórn að rjúfa þá sátt sem verið hafði í undirbúningi Rammaáætlunar og skapaði með því fordæmi fyrir pólitískum inngrípum í faglegar tillögur verkefnisstjórnar. Nú ætlar núverandi ríkisstjórn að nýta þetta fordæmi og sveigja Rammaáætlunina að sínum geðþótta. Þetta er óviðunandi og því hvetur miðstjórn ASÍ til þess að stjórnmalamenn staldri við og freisti þess að ná breiðri sátt um skipan þessara mála í stað þess að skylmast með þessum hætti. Það er mat miðstjórnar að upphafleg tillaga verkefnisstjórnar sé líklegust til þess að skapa slíka sátt og hvetur Alþingi til þess að fylgja niðurstöðum verkefnisstjórnarinnar.

Greinargerð

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í maí sl. kemur fram að áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða sem almennt er nefnd Rammaáætlun og samþykkt var á Alþingi í janúar, verði endurskoðuð. Strax á fyrstu starfsdögum nýs umhverfisstjórnar var skipaður vinnuhópur sem hófst handa við endurskoðun áætlunarinnar. Verið er að skoða breytingu á stöðu í það minnsta átta virkjunarkosta, en sex þeirra voru færð úr nýtingarflokki í biðflokk við afgreiðslu Alþingis í janúar 2013. Einnig á að skoða tvo aðra virkjunarkosti vegna skorts á gögnum fagaðila, að mati núverandi umhverfisstjórnarinnar.

Í nóvember 2011 voru fyrstu tillögur til þingsályktunar auglýstar til umsagnar á vef þáverandi iðnaðarráðuneytis og sendi ASÍ inn umsögn dags. 9. nóvember 2011. Þar segir m.a.:

„Það er mat Alþýðusambandsins, eftir umræðu innan sinna vébanda, að knýjandi þörf er að ná breiðri samstöðu um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða. Því leggur ASÍ áherslu á að tillagan til þingsályktunar fari óbreytt til meðferðar hjá Alþingi þar sem leitast er við að koma til móts við mismunandi

sjónarmið og viðhorf ólíkra hópa sem láta sig málið varða.“

Í maí 2012 sendi ASÍ aftur inn umsögn um tillögu til þingsályktunar sem lögð var fyrir Alþingi 2012, um vernd og orkunýtingu landsvæða. Þar gerir ASÍ athugasemdir við tillöguna varðandi virkjanakosti og segir:

„ASÍ gerir alvarlegar athugasemdir við þá tillögu til þingsályktunar sem hér er til umfjöllunar. Veigamiklar breytingar hafa verið gerðar á tillögunni frá þeim drögum sem kynnt voru sl. haust. Sex virkjanakostir; Hvammsvirkjun, Holtavirkjun, Urriðafossvirkjun, Skrokkalda, Hágönguvirkjun I og Hágönguvirkjun II, sem skv. drögum að þingsályktunartillögu flokkuðust í nýtingarflokk eru nú flokkaðir í biðflokk. Í biðflokk er einungis gert ráð fyrir að setja þá virkjanakosti þar sem upplýsingar skortir til að hægt sé að ákvarða hvort setja eigi viðkomandi virkjunarkost í verndarflokk eða nýtingu.“

Prátt fyrir þær athugasemdir sem ASÍ gerir segir einnig í umsögninni:

„ASÍ telur mikilvægt að Alþingi standi vörð um þau faglegu vinnubrögð sem einkennt hafa þá miklu og löngu undirbúningsvinnu sem að baki Rammaáætlunar liggur. Þá telur ASÍ mikilvægt að sú breiða sátt um fagleg vinnubrögð sem einkennt hefur allt undirbúningsferlið verði ekki rofin á lokametrum vinnunnar við áætlunina.“

Því miður ákvað síðasta ríkisstjórn að fara ekki að þessum ráðum þannig að ekki var sátt um afgreiðslu Rammaáætlunar sem þarf að vera á breiðum grunni og sannarlega voru pólitísk inngríp fyrri ríkistjórnar á þann veg að þau drógu úr áhrifum sáttar.

Mikilvægt er að ríkjandi stjórnvöld virði hverju sinni að flokkun virkjanakosta verði ekki breytt nema í samræmi við þau lög og vinnureglur sem gilda um Rammaáætlun. Sú tillaga að Rammaáætlunin sem upphaflega var lögð fyrir Alþingi byggði á vinnu fagmanna og tók mið af þeim umsögnum sem bárust í löngu og ítarlegu vinnuferli verkefnisstjórnarinnar. Miðstjórn ASÍ telur ennþá að sú tillaga sé líklegust til þess að skapa sátt.

Ályktun miðstjórnar um verðbólguhvetjandi framlag ríkisstjórnarinnar 11. desember 2013

Í haust fór verkalýðshreyfingin fram á það við ríki og sveitarfélög að hætt yrði við gjaldskrárhækkanir um áramót til að skapa stöðugleika á grunni lágrar verðbólgu. Reykjavíkurborg fór á undan með góðu fordæmi og dró

fyrirhugaðar hækkanir til baka og það sama hefur fjöldi annarra sveitarfélaga gert. Fjármálaráðherra tók þessari beiðni fálega í síðasta mánuði og nú hefur meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis sent frá sér „rökstuðning“ fyrir því að vera ekki samferða í vegferð gegn verðbólgunni. Meirihlutinn telur í stuttu máli affæræsælast fyrir íslenska þjóð að álögur á almenning hækki jafnt og þétt, annað geti boðið hættunni heim.

Nú hafa greiningaraðilar og Seðlabankinn gert grein fyrir því mati sínu að boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar í skuldamálum heimilanna muni að öllum líkindum leiða til veikara gengis krónunnar og aukins verðbólguþrýstings. Það kallar aftur á vaxtahækkanir Seðlabankans.

Framlag ríkisstjórnarinnar til þeirrar kjaradeilu, sem nú er í hnút, er því ekki bara aukin verðbólga heldur eyðileggur hún þá samstöðu, sem þegar hafði skapast meðal fjölda sveitarfélaga landsins, um að hækka ekki gjaldskrár sínar.

Ályktun miðstjórnar um meðferð á asbesti 11. desember 2013
Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega meðferð embættis lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins á máli er varðar niðurrif asbests 2012 þar sem fyrir liggur að fyrirtæki komast upp með að brjóta á lögbundnum rétti starfsmanna til vinnuverndar vegna aðgerðarleysis. Það er til lítills að hafa lög til verndar launafólki þegar ákærvaldið aðhefst ekkert í jafn alvarlegu máli og þessu. Það er margsannað að asbest er krabbameinsvaldandi og afleiðingar af því að anda að sér asbestsryki eru þannig að engin lækning er til.

Greinargerð

Vinnueftirlit ríkisins kærði byggingarfyrirtæki þann 12. janúar 2012 fyrir meint brot á lögum og reglum sem gilda um niðurrif asbests. Meint brot fyrirtækisins felst í því að láta starfsmenn sína rífa niður asbest af þaki húss án þess að hafa til þess tilskilin leyfi frá Vinnueftirlitinu, án þess að starfsmenn viðkomandi fyrirtækis hefðu gengist undir lögbundið námskeið um meðferð asbests og án þess að útvega starfsmönnum sínum sérstakan vinnufatnað eða öndunargrímur, og með þessum hætti ógnað heilsu þeirra eða valdið þeim óafturkræfu heilsutjóni.

Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu felldi málið niður þrátt fyrir að yfirmenn fyrirtækisins hafi nánast játað að hafa farið á svig við lög um þetta efni. Síðar kom í ljós að málið hafði fyrnst í meðförum embættisins.

Ef nauðsynlegt er að treysta löggjöfina enn frekar til að fylgja eftir reglum sem þessum þá er þess krafist að félags- og húsnæðismálaráðherra sjái til þess að þetta mál verði kannað og gerðar þær umbætur á lögum og reglum sem þarf til að svona gerist ekki aftur.

Ályktun miðstjórnar um verðhækkanir 8. janúar 2014

Ein helsta forsenda þeirra kjarasamninga sem gerðir voru 21. desember er að verðbólga verði lág þannig að kaupmáttur í landinu aukist. Til þess að þetta takist er mikilvægt að opinberir aðilar og verslunar- og þjónustufyrirtæki haldi aftur af verðhækkunum á næstu misserum. Sveitarfélög vítt og breitt um landið hafa brugðist vel við kallinu. Nú berast hins vegar váleg tíðindi af fyrirtækjum og opinberum aðilum sem tilkynnt hafa verðhækkanir og eru þar með að vinna gegn markmiðum þess kjarasamnings sem undirritaður var fyrir jól. Þessi fyrirtæki ögra ekki bara launafólki í landinu heldur og þeim stöðugleika og kaupmáttaraukningu sem er leiðarljós kjarasamningsins.

Miðstjórn ASÍ krefst þess að þessar verðhækkanir verði dregnar til baka. Alþýðusambandið mun fylgjast grannt með verðhækkunum fyrirtækja og opinberra aðila. Ef verðhækkunum verður haldið til streitu mun ASÍ birta nöfn þeirra fyrirtækja, sem hækka verð, til upplýsingar fyrir neytendur.

Ályktun miðstjórnar um kjaramál 28. maí 2014

Aðildarfélög ASÍ gerðu kjarasamning við Samtök atvinnulífsins um síðustu áramót sem ætlað var að stuðla að stöðugleika í gengi og verðlagi. Samningsaðilar litu á samninginn sem tilraun sem byggði á því að breið samstaða næðist í samfélaginu um þá sýn að leggja áherslu á stöðugleika og hóflegar kauphækkanir. Samið var um 2,8% almennar launahækkanir auk sérstakra hækkana á lægstu laun.

Nú er ljóst að tilraunin hefur mistekist. Stórir hópar, sem sömdu í kjölfarið, hafa samið um allt annað og meira en talið var að væri til skiptanna í kringum áramótin. Má þar nefna grunn- og framhaldsskólakennara sem sömdu við ríki og sveitarfélög um tæplega 30% hækkanir til þriggja ára, flugmenn sem meta nýgerðan skammtímasamning sinn við Icelandair á 8% á ársgrundvelli og háskólamenn hjá sveitarfélögum.

Miðstjórn ASÍ telur einsýnt að verkefnið í þeim samningum, sem eftir á að gera á þessu ári, s.s. ASÍ-félaga við sveitarfélög, taki mið af nýgerðum samningum við kennara, flugmenn o.fl. Þá er ljóst að í þeim kjarasamningum, sem losna upp úr næstu áramótum, verður áherslan á að leiðrétta hlut þeirra sem setið hafa eftir í launabreytingum á þessu ári.

Ályktun miðstjórnar um fjárlagafrumvarpið 17. september 2014

Miðstjórn ASÍ lýsir yfir miklum vonbrigðum með að ríkisstjórnin velji með fjárlagafrumvarpi sínu fyrir árið 2015 að ráðast enn og aftur gegn hagsmunum launafólks í stað þess að hefja uppbyggingu velferðarkerfisins. Almennu launafólki hefur á síðustu árum tekið á sig miklar byrðar með samdrætti í tekjum, auknum útgjöldum og skuldsetningu sem leitt hafa til minni kaupmáttar.

Þetta á ekki síst við um lágtekjuhópa og lífeyrisþega. Á sama tíma hefur verið skorið verulega niður í heilbrigðis-, velferðar og menntakerfinu sem leitt hefur til meiri greiðsluþátttöku, minni þjónustu og meira óöryggis. Launafólk sem færði miklar fórnir hefur réttmætar væntingar um að endurreisn og uppbygging velferðarkerfisins hafi ríkan forgang nú þegar viðsnúningur hefur orðið í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar.

Því er haldið að launafólki að nauðsynlegt sé að mæta minni tekjum ríkissjóðs með aðhaldsaðgerðum og margháttuðum skerðingum gagnvart almenningi. Alþýðusamband Íslands hafnar alfarið slíkum málf lutningi og bendir á að skattar á eignafólk og hátekjumenn hafa verið lækkaðir svo um munar. Þá hafa skattar á fyrirtæki sem skila methagnaði verið lækkaðir umtalsvert þannig að samtals hefur ríkisstjórnin skert tekjur ríkissjóðs um tugi milljarða.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lítur þessa aðför að almennu launafólki mjög alvarlegum augum og telur engan grundvöll fyrir frekara samstarfi eða samræðu við ríkisstjórnina verði þetta að veruleika.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar kalla á að aðildarfélag ASÍ undirbúi sig og félagsmenn sína fyrir harðari deilur við gerð kjarasamninga en verið hefur um áratuga skeið. Við þessar aðstæður þarf verkalýðshreyfingin að þetta raðir sínar. Hún verður að beina spjótum sínum að viðsejendum sínum til að rétta hlut félagsmanna bæði með tilliti til réttmætra leiðréttinga á launum en einnig til að treysta stöðu launafólks í þeirri aðför sem stjórnvöld virðast í gagnvart öðru fólki en því ríkasta í landinu.

Aðförin að launafólki felst meðal annars í:

Hækkun á matvælum

Hækkun virðisaukaskatts á matvæli er aðför að hagsmunum launafólks sem ver stórum hluta tekna sinna til kaupa á mat- og drykkjarvöru. Þær mótvægis- aðgerðir sem boðaðar eru munu aðeins gagnast hluta lágtekjufólks og aðeins að takmörkuðu leyti.

Atvinnuleysistryggingar

Aðför að atvinnuleysu fólki sem boðuð er með styttingu bótatímabilsins er fordæmalaus og mun koma sérstaklega illa við þá sem veikast standa á vinnu- markaði og auka enn á fátækt í landinu.

Starfsendurhæfing

Með því að fella niður lögboðið og umsamið framlag til Starfsendurhæfingar- sjóðs er vegið með alvarlegum hætti að hagsmunum fólks sem veikist og slas- ast og þarf á starfsendurhæfingu að halda. Með því er dregið úr möguleikum

Þess að komast aftur á vinnumarkað og þannig til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Jafnræði í lífeyrismálum

Skerðingar á framlögum til jöfnunar örorkubyrða almennra lífeyrissjóða veldur því að skerða þarf lífeyrisgreiðslur til félagsmanna Alþýðusambandsins, og er félagsmönnum þeirra sjóða þannig enn á ný mismunað gagnvart þeim sjóðum sem njóta ríkisábyrgðar.

Heilbrigðismál

Kostnaður vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu eykst verði frumvarpið að lögum og þannig er sérstaklega vegið að hagsmunum sjúklinga og allra þeirra sem þurfa á þessari þjónustu að halda.

Húsnæðismál

Ekki er gert ráð fyrir neinum auknum framlögum til að mæta kröfum um úrbætur í húsnæðismálum, hvorki í almenna húsnæðiskerfinu eða vegna félagslegra íbúða.

Menntamál

Prátt fyrir fögur fyrirheit ráðamanna um að efla starfs-, verk- og tækni menntun er dregið hlutfallslega úr framlögum til verkmenntaskóla og vinnustaðanáms- sjóður þurrkaður út. Möguleikar fólks á vinnumarkaði til að sækja nám í framhaldsskólum eru skertir verulega. Þá er framlag til framhaldsfræðslu fyrir fólk með litla formlega menntun skert umtalsvert.



Efnahagsmál

Á árinu 2014 hefur hagkerfið verið að sigla úr þeirri ládeyðu sem einkennt hefur íslenskt efnahagslíf frá því samdrættinum lauk á árunum 2011–2012. Hinn raunverulegi viðsnúningur hófst á árinu 2013 þegar landsframleiðsla jókst um heil 3,3%. Hagvöxturinn skýrðist nær eingöngu af aukinni útfluttri þjónustu sem að mestu mátti rekja til mikillar fjölgunar erlendra ferðamanna en útflutningur jókst um 5,3% á meðan innflutningur hafði staðið í stað. Aftur á móti hafði lítil breyting orðið á innlendri eftirspurn. Einkaneysla jókst einungis um 1,2% eða í takt við lítinn vöxt kaupmáttar og hverfandi áhrif stuðningsaðgerða stjórnvalda sem m.a. heimiluðu úttekt séreignarsparnaðar og juku vaxtabætur í kjölfar hrunsins. Jafnframt dróst fjárfesting saman og hlutfall fjárfestinga af landsframleiðslu því í sögulegu lágmarki. Skýrðist þetta meðal annars af bakslagi í stóriðjuuppbyggingu en ljóst var að líkur á því að álver myndi rísa í Helguvík í fjórirsjáanlegri framtíð voru orðnar litlar auk þess sem bið eftir niðurstöðu ESA um samþykki á ívilnunum olli töfum á byggingu kísilvers á Bakka.

Helstu kennitölur

Hlutfallsleg breyting	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Einkaneysla	5,7	-7,8	-15,0	0,1	2,6	2,4	1,2
Samneysla	4,1	4,6	-1,7	-3,4	-0,3	-1,4	1,3
Fjármunamyndun	-12,2	-20,4	-51,4	-9,4	14,1	5,5	-3,4
þar af atvinnuvegir	-23,5	-23,3	-55,8	-1,3	28,0	8,2	-10,2
þar af húsnæði	13,2	-21,9	-55,7	-18,0	5,4	6,9	10,8
þar af hið opinbera	19,1	-5,9	-29,9	-21,8	-18,3	-7,8	11,7
Þjóðarútgjöld	-0,4	-8,6	-20,4	-2,6	4,0	1,7	0,1
Útflutningur	17,7	7,0	7,0	0,5	3,8	3,8	5,3
Innflutningur	-1,5	-18,4	-24,0	4,5	6,7	4,7	-0,1
Landsframleiðsla	6,0	1,2	-6,6	-4,1	2,7	1,5	3,3
Launavísitala	9,0	8,1	3,9	4,8	6,8	7,8	5,7
Kaupmáttur launa	3,8	-3,7	-7,3	-0,7	2,6	2,6	1,7
Verðbólga ¹	5,0	12,4	12,0	5,4	4,0	5,2	3,9
Atvinnuleysi ²	2,3	3,0	7,2	7,6	7,1	6,0	5,4
Gengisvísitala ³	118	166	223	216	217	222	219
Vöru- og þjónustujöfnuður ⁴	-10,1	-2,3	8,6	10,1	8,4	6,1	7,4

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

² Hlutfall af áætluðum mannafla



³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframleiðslu án innlánsstofnana í slitameðferð

Eftir því sem leið á árið 2013 fóru flestir hagvísar að benda til aukinna umsvifa í hagkerfinu. Tölur af vinnumarkaði bentu til mikillar fjölgunar starfandi og greina mátti auknar framkvæmdir í mannvirkjagerð. Væntingar heimilanna jukust og efnahagslegur stöðugleiki fór loks að gera vart við sig með tilheyrandi gengis- og verðstöðugleika. Nú er útlit fyrir að hagvöxtur verði yfir 3% á árunum 2014–2016 þar sem umtalsverð aukning innlendrar eftirspurnar verður megindrifkrafturinn. Framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar mun hins vegar fara minnkandi eftir því sem innflutningur eykst. Hætta er þó á því að of hraður vöxtur og þensluaukandi aðgerðir stjórnvalda kunni að ýta undir verðbólgu og óstöðugleika á næstu árum.

Staða heimila batnar

Lítill aukning var á einkaneyslu á árinu 2013 og var sú útkoma í takt við hóflega aukningu kaupmáttar og hverfandi stuðningsúrræði stjórnvalda. Þetta mátti fljótt merkja í tölum um kortaveltu en á fyrsta ársfjórðungi 2013 dróst kortanotkun innanlands saman um 1,1% og stóð í stað á öðrum og þriðja ársfjórðungi. Aftur á móti átti viðsnúningur sér stað á fjórða ársfjórðungi þegar kortavelta jókst um 3,3% og þar af var aukningin rúm 6% í desembermánuði. Á sama tíma fór kaupmáttur launa vaxandi. Í júlí 2014 hafði vísitala launa hækkað um 5,9% milli ára miðað við 5,5% í júlí árið 2013. Sé hins vegar horft á raunvöxt þessara launahækkana, þ.e. kaupmáttinn, var hækkunin um 3,5% í júlí 2014 miðað við einungis 1,6% í júlí á síðasta ári. Útlit er fyrir tölurverðan vöxt á einkaneyslu á árinu 2014 en á fyrsta ársfjórðungi þessa árs jókst einkaneysla um 3,9% og vöxtur því ekki verið meiri frá því fyrir hrun.



Heimild: Hagstofa Íslands

Ljóst er að merkjanlegur efnahagsbati og minnkandi óvissa virðast loks vera farin að ýta undir innlenda eftirspurn. Áform stjórnvalda um skuldaniðurfellingu koma til framkvæmda á haustmánuðum 2014 en líklegt er að áhrif hennar á neyslu heimila hafi komið að hluta fram við tilkynningu. Einnig hefur fjölgun starfa á vinnumarkaði, aukinn kaupmáttur og minnkandi óvissa í efnahagslífinu haft jákvæð áhrif á væntingar heimila sem auka nú neyslu á dýrari neysluvörum sökum stöðugs gengis og lágrar verðbólgu.

Batamerki má einnig sjá í færri vanskilum og lækkun skulda heimila. Líkt og kemur fram í riti Seðlabankans, Fjármálastöðugleika, lækkuðu skuldir heimila um 3,2% að raunvirði á árinu 2013 og munu aðgerðir ríkisstjórnarinnar enn frekar draga úr skuldum á næstu árum. Áhrif á heimilin koma því fyrst

og fremst fram í lækun á greiðslubyrði og auðlegðaráhrifum og þannig má vænta þess að rými sé fyrir frekari vöxt einkaneyslu á næstu árum.


Aukin umsvif í fjárfestingu

Árið 2013 var fjárfesting enn eitt árið nærri sögulegu lágmarki eða einungis 13,6% af vergri landsframleiðslu. Þrátt fyrir um 11% vöxt í íbúðafjárfestingu leiddi lítil fjárfesting atvinnuveganna til þess að fjármunamyndun dróst saman milli ára. Skýrist það meðal annars af minni umsvifum í stóriðju en uppbygging á Bakka beið eftir samþykki ESA á ívilnunum og framkvæmdir við álver í Helguvík fóru ekki af stað.

Hins vegar var útlit fyrir að töluverð fjárfesting væri fram undan á sjöndeildarhringnum. Framkvæmdir voru að hefjast við fjölda íbúðabygginga, fyrirtæki juku fjárfestingu, m.a. í ferðaþjónustu, og um vorið 2014 fóru línur að skýrast um stóriðjutengd verkefni. Til viðbótar við byggingu kísilvers á Bakka bættust nú við áform um byggingu tveggja kísilvera í Helguvík og eins á Grundartanga. Bygging 66.000 tonna kísilvers á Bakka verður í tveimur áföngum og áætlað að framleiðsla geti hafist árið 2017. Í Helguvík má gera ráð fyrir að heildarframleiðslugeta Thorsil og United Silicon verði alls 74.000 tonn og ráðgert að framleiðsla hefjist árið 2016 í báðum verksmiðjum.

Að lokum er það bygging Silicor Materials á sólar kísilverksmiðju á Grundartanga en þar er áætluð framleiðsla 16.000 tonna á ári sem gæti hafist fyrri hluta ársins 2017. Verðmæti þessara fjárfestingarverkefna er í kringum 150 milljarðar króna en til samanburðar var áætlað að fjárfesting við fyrsta áfanga álvers í Helguvík myndi vera í kringum 60–70 milljarðar króna.

Fasteignamarkaður vaknaði til lífsins á árinu 2013 og mátti greina jákvæða þróun bæði á eftirspurnar- og framboðshlið. Bætt fjárhagsstaða heimila og minnkandi óvissa í efnahagslífinu hefur gert húsnæðis kaup auðveldari og dregið úr óvissu þeim tengdum. Erfið staða á leigumarkaði og hátt leiguverð leiða einnig til þess að kaup eru mun fýsilegri en leiga til lengri tíma. Í kjölfarið hefur íbúðaverð farið hækkandi en árið 2013 hækkaði verð á húsnæði um 6,5%. Flest bendir til áframhaldandi hækkunar en á fyrri hluta árs 2014 hefur vísitala íbúðarverðs hækkad um rúm 9% að nafnvirði eða tæp 8% að raunvirði. Á sama tíma hefur byggingarkostnaður hækkad um 1,6% sem bendir til þess að arðsemi íbúðarbyggingar fari nú vaxandi.



Heimild: Hagstofa Íslands, Fasteignaskrá. (óskýr mynd)


Íbúðum í byggingu fer fjölgandi en fjárfesting í íbúðarhúsnæði hefur verið afar lítil síðustu ár. Viðsnúningur varð um mitt ár 2013 en á seinni helmingi ársins jókst íbúðafjárfesting milli ára um 26% á föstu verðlagi miðað við einungis 1% á fyrri hluta ársins. Svipuð þróun blasir við á árinu 2014 en á fyrsta ársfjórðungi hafði fjárfesting þegar aukist um 31% borist saman við fyrsta ársfjórðung 2013.

Viðskipti við útlönd

Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum nam 7,4% af vergri landsframleiðslu árið 2013 og hafði aukist frá 2012. Skýrðist þetta af kröftugum vexti útflutnings á sama tíma og innflutningur stóð í stað. Þar af jókst vöruútflutningur um 2,8% á meðan útflutningur þjónustu jókst um 9,6% að raunvirði. Aukinn fjöldi ferðamanna vegur þar þungt en ferðamönnum fjölgaði að jafnaði um 15% á árinu 2013 og þar af var fjölgunin mest utan hefðbundins ferðamannatímabils. Ekkert lát virðist vera á fjölgun ferðamanna hingað til lands en á fyrri hluta árs 2014 hefur ferðamönnum fjölgað um 19,5% og þar af mest í janúarmánuði eða um 33% milli ára.



Viðbúid er að draga muni úr afgangi af viðskiptum samhliða aukinni innlendri eftirspurn en búist er við miklum vexti innflutnings á næstu árum er heimilin auka við neyslu sína og stór fjárfestingarverkefni fara af stað. Á sama tíma hefur vöxtur útflutnings að mestu verið bundinn við ferðaþjónustu þar sem loðnuveiði brást og framleiðslugeta í áli hefur verið takmörkuð af orkuskerðingu og lágt verð fengist á heimsmarkaði.

Verðbólga undir markmiði fyrstu 8 mánuði ársins



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

Í október 2013 nam ársverðbólga 3,6% og óvissa ríkti um verðbólguhorfur. Um tíma hafði allnokkur óvissa verið um þróun gengis krónunnar og sveiflur í henni til þess fallnar að viðhalda háum verðbólguvæntingum. Styrking krónunnar í lok árs 2013 var þannig mikilvægt skref í átt að verðstöðugleika en Seðlabankinn hafði tilkynnt í maí 2013 að hann myndi beita auknum inngrípum á gjaldeyrismarkaði til þess að draga úr sveiflum í gengi krónunnar. Styrkingin ásamt bjartari verðbólguhorfum skapaði grundvöll fyrir lægri nafnlaunahækkunum sem gætu tryggt jákvæðan vöxt í kaupmætti launa en samningar þess efnis voru undirritaður þann 21. desember 2013. Verðbólga hjaðnaði hratt í upphafi árs en hún hafði verið 4,2% á ársgrundvelli í desember og var komin undir verðbólgu markmið Seðlabankans í febrúar.



Heimild: Hagstofa Íslands, Fasteignaskrá.

Sé þróun verðlags skoðuð nánar má sjá að sveiflukenndir liðir á borð við grænmeti, bensín og innfluttar matar- og drykkjarvörur hafa haft áhrif til lækkunar á vísitölu síðustu misseri. Verðbólgu hefur þannig fyrst og fremst mátt rekja til mikillar hækkunar á húsnæðisverði auk opinberrar og almennrar þjónustu. Sé horft fram hjá áhrifum húsnæðisverðs var verðbólga á ársgrundvelli einungis 1,4%. Vísitala íbúðaverðs hækkaði umtalsvert á síðasta ári en í júlí hafði húsnæði hækkað um 4% að raunvirði milli ára en árshækkunin hafði náð hámarki í apríl þegar hún var tæp 9%.


Óvissa um verðbólguhorfur hefur farið vaxandi undanfarið. Innlend eftirspurn hefur aukist umtalsvert á árinu 2014 á sama tíma og slaki hverfur úr hagkerfinu. Ljóst er að slíkt ástand kann að setja þrýsting á verðbólgu, m.a. í gegnum þenslu á vinnumarkaði og þrýsting á laun, og aukinn innflutning og þrýsting til veikingar krónunnar.

Aðgerðir stjórnvalda til skuldalækkunar

Ráða mátti af stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks að höfuðáhersla yrði lögð á aðhald í ríkisfjármálum og niðurfellingu á húsnæðisskuldum heimilanna. Framsóknarflokkurinn lagði mikla áherslu á skuldaleiðréttingu í aðdraganda kosninga og mátti skilja að verja ætti allt að 240–300 milljörðum króna til lækkunar á skuldum heimilanna. Alþingi samþykkti tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila þar sem lagt var til að settur yrði á fót sérfræðingahópur sem útfæra myndi leiðir til að ná fram markmiðum ríkisstjórnarinnar.

Hópurinn lagði til tvö úrræði, í fyrsta lagi hina svokölluðu Leiðréttingu og í öðru lagi heimild til nýtingar séreignarsparnaðar til greiðslu á höfuðstól

húsnæðislána. Markmiðið með Leiðréttingunni var að bæta heimilum upp hinn meinta forsendubrest, tímabils raunlækkunar húsnæðisverðs þegar verðtrygðar húsnæðisskuldur hækkuðu umfram nafnverðmæti húsnæðis. Með aðgerðinni yrði 80 milljörðum króna ráðstafað í beinar höfuðstólslækkanir þar sem einstaklingum væri bætt upp verðbólga umfram 4,8% á tímabilinu frá byrjun árs 2008 til ársloka 2009 að frádregnum fyrri stuðningsúrræðum stjórnvalda en þó að hámarki 4 milljónir króna.



Heimild: Hagstofa Íslands, útreikningar hagdeildar

Leiðréttingin verður framkvæmd með þeim hætti að fasteignalánnum verður skipt upp í annars vegar frumlán og hins vegar leiðréttingarhluta. Lántakendur greiða einungis af frumláninu og greiðslubyrði lækkar um leið og útreikningi leiðréttingar er lokið. Leiðréttingarhlutinn sjálfur er svo greiddur upp af ríkissjóði á árunum 2014–2017 og þar til greiðslum ríkissjóðs lýkur mun leiðréttingarhlutinn hvíla á viðkomandi íbúð og leiðréttingin þannig vera háð fjármögnun á hverju fjárlagaári.

Síðara úrræðið felur í sér heimildir til skattfrjálstra greiðslna séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán. Sú aðgerð nýtist þó ekki einungis eigendum húsnæðis heldur er aðgerðin almenn og geta aðrir en eigendur húsnæðis ráðstafað séreignasparnaði á sérstaka húsnæðissparnaðarreikninga. Talið er að ráðstöfun séreignarsparnaðar geti lækkað húsnæðisskuldur um allt að 70 milljarða króna en hver einstaklingur getur ráðstafað skattfrjálst allt að 500 þús. kr. og hjón allt að 750 þús. kr. á hverju ári í þrjú ár. Áætlað er að heildarumfang aðgerðanna geti numið allt að 150 milljörðum króna og af því mun

ríkið fjármagna 92 milljarða með bankaskatti á fjármálafyrirtæki og eignir hinna föllnu banka.

Leiðréttingin hefur þó á engan hátt verið óumdeild en skipta má gagnrýni á útfærslu niður í nokkra flokka. Í fyrsta lagi efasemdir um þörf á sjálfri aðgerðinni, í öðru lagi gagnrýni á sjálft fyrirkomulag útfærslunnar og í þriðja lagi viðvörunarorð um sjálfar afleiðingar aðgerðanna.

Efasemdir um þörf á aðgerðinni byggðust á því að skuldavandi væri tímabundinn og tengdur skammtímasveiflum á verði húsnæðis. Stór hluti heimila, sem keypti húsnæði fyrir árið 2006, lenti þannig ekki í lengri tíma skuldavanda heldur jókst eigið fé þeirra samhliða mikilli hækkun húsnæðisverðs á árunum 2005–2008 og lækkaði svo á árunum 2008–2010. Þannig sýndi rannsókn velferðarráðuneytis að eiginfjársandi væri að mestu bundinn við heimili sem keyptu á árunum 2006–2008¹ og lögðu til lítið eigið fé við kaup.

Útfærsla aðgerðarinnar hefur einnig verið gagnrýnd. Aðgerðin miðar að almennri niðurfærslu á skuldum óháð eiginfjársstöðu og óháð því hvort heimili séu í raun fær um að greiða af skuldunum. Þar sem úrræði fyrri ríkisstjórnar koma til frádráttar er ljóst að heimilum, sem raunverulega þurfa á aðgerðinni að halda, fækkar verulega. Einstaklingur með háar tekjur í 80 milljóna króna fasteign með 25 milljóna króna fasteignalán ætti þannig rétt á sömu niðurfærslu og einstaklingur í fjárhagsvanda í 20 milljóna króna fasteign með 25 milljóna króna fasteignalán. Aðgerðin felst þannig í mörgum tilfellum í að fella niður skuldir einstaklinga með verulegt jákvætt eigið fé í húsnæði og engan greiðsluvanda á sama tíma og lítið er um úrræði fyrir einstaklinga í greiðsluvanda í leiguhúsnæði.

Að lokum voru það viðvörunarorð um afleiðingar aðgerðarinnar. Aðgerðin ýtir undir innlenda eftirspurn og er það tímasetning aðgerðarinnar sem er að mörgu leyti óheppileg en aðgerðin kemur til framkvæmda á sama tíma og slaki er kominn úr hagkerfinu, verðbólga lítil og jafnvægi á vinnumarkaði. Þetta merkir að aðgerðin mun ýta undir þenslu, óstöðugleika á vinnumarkaði og verðbólgu. Seðlabankinn lagði mat á áhrif leiðréttingarinnar²² og taldi að hún kæmi m.a. fram í auknum ráðstöfunartekjum, auðsáhrifum og auknu peningamagni í umferð. Niðurstaðan yrði aukin einkaneysla, minni fjárfesting, aukin verðbólga og hærri stýrivextir.

Afkoma ríkisins var mun betri á árinu 2013 en búist hafði verið við. Búist hafði verið við tekjuhalla upp á 19,7 milljarða en niðurstaðan var 732 milljón

¹ Sjá nánar „Greinargerð um fjárhagsstöðu heimilanna“. Velferðarráðuneytið, apríl 2013.

² Sjá nánar „Peningamál“, febrúar 2014.

króna halli sem að einhverju leyti skýrist af óreglulegum liðum. Hins vegar má sjá bættu stöðu ríkissjóðs í töluverðum vexti skatttekna. Sé litið á greiðsluafkomu ríkissjóðs á fyrri hluta 2014 má sjá að skatttekjur einstaklinga hafa aukist um 8,7% milli ára og skattar á vöru og þjónustu um 5,7%.

Verðlagseftirlit ASÍ

Verðlagseftirlit ASÍ er hluti af reglubundnu starfi skrifstofu Alþýðusambandsins og hefur það hlutverk að veita neytendum upplýsingar um verðlag og verðþróun á helstu neytendamörkuðum. Með því má skapa aðhald og auka samkeppni til að koma í veg fyrir óhóflegar verðhækkningar.

Sem fyrr hefur verðlagseftirlitið lagt mesta áherslu á að fylgjast með verðlagi og verðþróun á matvörumarkaði enda hefur sá liður mikil áhrif á útgjöld heimilanna. Í upphafi árs 2013 var ákveðið að mæla vörukörfuna að jafnaði einu sinni í mánuði til að veita verslunum aukið aðhald. Við upphaf 2014 var ákveðið að mæla vörukörfuna sjaldnar eða 3-4 sinnum á ári. Vörugarfan er góð leið til að mæla verðþróun stakra verslana.

Síðastliðið ár eða frá 31. ágúst 2013 til 1. september 2014 hefur verðlagseftirlitið gert eftirfarandi kannanir:

- 7 kannanir á matvöruverði í lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum um allt land
- 5 kannanir á vörukörfunni
- 2 kannanir á fiskmeti
- 2 kannanir á umfelgun
- 1 könnun á verðlagningu apóteka
- 1 könnun á jólabókum,
- 1 könnun á nýjum og notuðum skólabókum

Þar fyrir utan hefur verðlagseftirlitið tekið saman breytingar á gjaldskrár hjá 15 stærstu sveitarfélögum landsins. Þær gjaldskrár, sem skoðaðar voru, eru: leikskólagjöld, skóladagvistun, útsvar og fasteignagjöld. Einnig heldur verðlagseftirlitið utan um upplýsingar um raforkukostnað, sumarnámskeið ungmenna og hvað kostar að fara í sund. Auk þess voru áfram bornar saman gjaldskrár íþróttanámskeiða í fimleikum og handbolta. Nýtt á árinu er að verðlagseftirlitið tók saman upplýsingar

Vörugarfa ASÍ


Frá árinu 2008 hefur verðlagseftirlitið gert reglulegar verðmælingar á vörukörfu ASÍ í öllum helstu matvöruverslunarkerðjum landsins í þeim tilgangi að

skoða hvernig verð þróast yfir tíma hjá einstaka verslunum. Vörukarfan á að endurspeglar innkaup meðalheimilis á öllum almennum matar- og drykkjarvörum, t.d. brauðmeti, morgunkorni, pasta, kjöti, fiski, grænmeti, ávöxtum, pakkavörum, kaffi, gosi, safa, auk hreinlætis- og snyrtivara.

Við samsetningu körfunnar voru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísitölu neysliverðs. Benda má á að hér eru einungis birtar upplýsingar um verðbreytingar í verslanakeðjunum á milli verðmælinga, ekki er um beinan verðsamanburð að ræða. Einnig er rétt að athuga að skoðuð eru þau verð sem eru í gildi í verslunum á hverjum tíma og geta tilboð á einstaka vöruliðum því haft áhrif á niðurstöðurnar. Verðbreytingar eru skoðaðar í eftirfarandi verslunum: Í lágvöruverðsverslunum Bónus, Krónunni, Nettó og Iceland; í almennu matvöruverslunum Hagkaupum, Nóatúni og Samkaupum-Úrvali, Tíu-ellefu, Samkaupum-Strax og Víði; og frá 2013 í eftirtöldum verslunum á landsbyggðinni: Kjarval, Kaskó, Kaupfélagi Skagfirðinga, Kaupfélagi Steingrímsfjarðar og Kaupfélagi Vestur-Húnavtinga.

Samanburður á vörukörfunni í lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum

Séu skoðaðar verðbreytingar frá því í júní, viku 24, 2013 og nú í júní, viku 23, 2014 má sjá að vörukarfan hækkar mest um 5% hjá Víði, um 3% hjá Samkaupum-Strax, um 2% hjá Samkaupum-Úrval, um 1% hjá Iceland og Hagkaupum en í verslunum Krónunnar og Tíu-ellefu er vörukarfan næstum á sama verði, hjá Nettó og Nóatúni lækkar vörukarfan um 1% en mesta lækkunin er 3% hjá Bónus. Á þessu tímabili hefur verðlag á mat og drykk hjá Hagstofunni hækkað um 0,2%, frá því í júní 2013 þar til í júní 2014.



Við hækkum ekki!

Í kjarasamningum í desember 2013 var höfuðáhersla lögð á stöðugleika og kaupmáttaraukningu. Samstaða var um að rjúfa þurfi sífelldan vítahring verðhækkana og ná tökum á verðbólgunni. Undir þessar áherslur tóku stjórnvöld og gáfu í tengslum við samningana út yfirlýsingu þar sem því var heitið að ríkisstjórnin legði sitt af mörkum til að tryggja verðstöðugleika. Þetta yrði gert m.a. með því að gæta hófs við gjaldskráhækkunar hjá ríkinu og fyrirtækjum í ríkiseigu á næstu árum. Áður höfðu forsvarsmenn Reykjavíkurborgar stigið fram og afturkallað áður boðaðar gjaldskrárhækkunar og fleiri sveitarfélög fylgdu síðan í kjölfarið.

Það voru því mikil vonbrigði þegar fregnir fóru að berast af hækkunum á gjaldskrár opinberra aðila og fyrirtækja í opinberri eigu og í kjölfarið einnig um hækkunar frá ýmsum fyrirtækjum. Þetta vakti sterk viðbrögð og miðstjórn ASÍ sendi þann 11. desember 2013 frá sér harðorða ályktun sem má lesa hér frammar í skýrslunni. Í byrjun árs 2014 fór að bera á tilkynningum frá fyrirtækjum um hækkunar á gjaldskrár sínum og ályktaði miðstjórn á ný um verðlagsmál á fundi sínum 8. janúar 2014 undir yfirskriftinni Hækkið ekki!

Í kjölfarið var verðlagseftirlit ASÍ og verkefnisstjórn Vertu á verði virkjuð og gripið til ýmissa aðgerða. Gylfi Arnbjörnsson sendi bréf til forsvarsmanna þeirra fyrirtækja, sem fregnir höfðu borist um að hefðu hækkað verð, og hvatti þá til að endurskoða ákvörðun sína. Yrði það ekki gert yrðu nöfn fyrirtækjanna sett á svartan lista sem birtur var á ábendingasíðunni www.vertuaverdi.is. Jákvæð viðbrögð bárust frá flestum fyrirtækjum sem haft var samband við og drógu mörg þeirra hækkunar sínar til baka. Til að hvetja fyrirtæki til dáða og upplýsa um þau fyrirtæki, sem sýna launafólki samstöðu, var fyrirtækjum boðið að gefa út yfirlýsingu á www.vertuaverdi.is, þar sem þau lýstu því yfir að þau ætluðu ekki að hækka hjá sér verð, undir yfirskriftinni Við hækkum ekki! Listi yfir þau fyrirtæki, sem gáfu út þessa yfirlýsingu, var svo birtur á heimasíðunni til upplýsingar fyrir almenning.



Kjaramál

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði voru lausir 01.12.2013. Formannafundur ASÍ fjallaði um komandi samninga 30.10.2013 og samþykkti eftirfarandi ályktun:

„Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru lausir 1. desember nk. Öll heildarsamtök samningsaðila á almennum og opinberum vinnumarkaði hafa undanfarin misseri metið ávinninginn af því ef efnahagsleg umgjörð kjarasamninga hér á landi væri svipuð og á hinum Norðurlöndunum, þar sem traust efnahagsstjórn tryggir stöðugt gengi og lága verðbólgu. Ljóst er að við þær aðstæður er vel gerlegt að auka kaupmátt launa í öruggum skrefum án þess að raska samkeppnisstöðu eða auka atvinnuleysi. Fundur formanna aðildarfélaga ASÍ telur að inn í slíkt umhverfi ættum við að stefna.

Mikil óvissa setur mark sitt á komandi kjarasamninga. Ný ríkisstjórn hefur ekki boðið aðilum vinnumarkaðarins upp á nokkurt samstarf varðandi forsendur kjarasamninga né kynnt hvernig hún sér fyrir sér stjórn efnahagsmála á komandi misserum. Þannig er það ekki ljóst hvernig ríkisstjórnin hyggst ná tökum á óstöðugu gengi krónunnar og þrálátri verðbólgu, hvort og þá hvernig hún sér fyrir sér afnám gjaldeyrishafta án þess að hagsmunir launafólks og heimila verði fyrir borð bornir né hvernig hún ætlar að haga

stjórn peningamála til framtíðar. Ekki liggur fyrir hvernig aðgerðir í þágu skuldsettra heimila verða útfærðar og enn síður hvaða áhrif þær aðgerðir muni hafa á þróun efnahags- og gengismála.

Fundur formanna aðildarfélaga ASÍ telur að við þessar aðstæður sé útiokað að gera samninga til lengri tíma. Fundurinn telur skynsamlegt að samið verði til 6 til 12 mánaða og að sá tími verði notaður til þess að gefa stjórnvöldum kost á að eyða óvissu, skapa breiða sátt um stefnuna í helstu hagsmunamálum launafólks og samstöðu um nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálum. Þannig mætti nota stuttan samningstíma til að leggja grunn að kjarasamningi til lengri tíma á næsta ári.“

Síðari hluta október kom út skýrsla á vegum Samstarfsnefndar um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga þar sem tekið var saman mikið efni um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga. Aðdragandi þess að ráðist var í þessa vinnu var vilji til þess að stíga skref í átt til þeirrar vinnubragða sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum við undirbúning og gerð kjarasamninga. Að samstarfsnefndinni standa fern heildarsamtök launafólks: ASÍ, BSRB, BHM og KÍ og vinnuveitendamegin SA, Samband íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneyti. Skýrslan var hugsuð sem innlegg í komandi kjarasamninga.

Þann 15.11.2013 sendu forsætis- og fjármála- og efnahagsráðherra ASÍ, SA, BSRB, BHM, KÍ, SA, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og samninganefnd ríkisins eftirfarandi minnisblað þar sem ráðherrarnir lýstu sinni sýn á kjarasamningsgerðina:

„Áhersla á stöðugleika og kaupmátt heimilanna

Forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra sitja ásamt félags- og húsnæðismálaráðherra og iðnaðar- og viðskiptaráðherra í ráðherranefnd um kjarasamninga. Ráðherranefndin var tímabundið sett á laggirnar í ágúst sl. til að hafa yfirsýn yfir og safna upplýsingum um framgang kjarasamninga á almennum og opinberum vinnumarkaði. Minnisblað þetta er sett saman í tengslum við yfirstandandi kjarasamningalotu á almennum vinnumarkaði og væntanlega samningalotu á opinberum vinnumarkaði. Megináhersla stjórnvalda er að stuðla að breyttum og bættum vinnubrögðum með heildarsamtökum vinnumarkaðarins með stöðugt verðlag og aukinn kaupmátt ráðstöfunartekna heimila að markmiði.

Útlit er fyrir að í þessari lotu verði gerðir kjarasamningar til skamms tíma en fram hefur komið hjá aðilum vinnumarkaðarins að sá tími verði nýttur til að leggja grunn að efnahagslegum stöðugleika til lengri tíma. Þessi áhersla er byggð á vilja aðila vinnumarkaðarins til að semja um launabreytingar sem

byggja á forsendum stöðugleika og lágra vaxta. Kostir þess að gera slíka kjarasamninga sjást ótvírætt í tölulegum gögnum í skýrslu aðila vinnumarkaðarins um efnahagsumhverfi og launaþróun í aðdraganda kjarasamninga. Ráðherranefndin deilir þeirri sýn aðila vinnumarkaðarins að kjarasamningar með áherslu á kaupmátt og hóflegar launahækkanir séu best til þess fallnir að stuðla að efnahagslegum stöðugleika. Ráðherranefndin vill leggja sitt af mörkum til að þessi sameiginlega sýn verði að veruleika og til að svo verði skiptir mestu að:

- Kjarasamningar miðist við að halda verðbólgu í skeffjum og framkvæmd þeirra taki einnig mið af því markmiði.
- Gengi krónunnar verði stöðugt og styðji við verðstöðugleika sem viðheldur kaupmætti, skapar svigrúm til vaxtalækkunar og eykur tiltrú í atvinnulífinu og vilja til fjárfestingar.
- Stefna stjórnvalda styðji við markmið um aukinn stöðugleika.
- Komið verði böndum á sjálfvirkar verðlagsbreytingar einkaaðila og opinberra aðila vegna hækkunar vísitölu neysluverðs.

Aðkoma ríkisstjórna að frágangi kjarasamninga

Samskipti ríkisins við aðila vinnumarkaðarins eru mikil og fjölpætt. Að öllu jöfnu eru þessi samskipti árangursrík og til þess fallin að skerpa sameiginlega sýn á heildarmynd efnahags-, velferðar- og vinnumarkaðsmála. Á undanförnum árum hafa þessi samskipti aukist mjög í aðdraganda kjarasamninga og niðurstadan m.a. orðið útarlegar yfirlýsingar ríkisstjórnar eftir strangar viðræður aðila.

Í aðdraganda að gerð kjarasamninga hafa aðilar vinnumarkaðarins horft til framtíðar og breyttrar umgjörðar við gerð kjarasamninga. Vilji er til að tryggja meiri aga og festu líkt og einkennir gerð kjarasamninga á Norðurlöndum hvort sem um er að ræða bein samskipti aðila vinnumarkaðarins eða tengsl kjarasamninga við efnahagsstefnu stjórnvalda. Skýrslan „Kjarasamningar og vinnumarkaður á Norðurlöndum“, sem kom út í mars 2013, er skref í þá átt að skilgreina meginþætti norræna samningamódelisins og hlutverk ríkisins. Einnig þarf að skerpa sameiginlega sýn viðsemjenda á efnahagsmál og launabreytingar, sem samrýmast stöðugleika, og mikilvægi hlutverks ríkisins við að skapa samningum traustan grundvöll með ábyrgri efnahagsstefnu. Skýrslan „Í aðdraganda kjarasamninga – Efnahagsumhverfi og launaþróun“, sem kom út í október 2013, er afrakstur þeirrar vinnu.

Það er mat ráðherranefndarinnar að nýskipan við gerð kjarasamninga hljóti einnig að lúta að skýrari sýn en verið hefur á aðkomu ríkisstjórnar að frágangi samninga. Í því efni er ástæða til að horfa til hinna Norðurlandanna

eins og á öðrum sviðum kjarasamningagerðar. Það er óumdeilt hlutverk aðila vinnumarkaðarins að semja um kaup og kjör á vinnumarkaði á grundvelli forsendna um efnahagslegar aðstæður sem til staðar eru á hverjum tíma. Að sama skapi er mikilvægt að stjórnvöld hagi ákvörðunum sínum og stefnumörkun þannig að það styðji við slíka kjarasamninga. Yfirgripsmiklar yfirlýsingar ríkisstjórna um margvíslega hætti efnahagsmála, sem sumir hverjir tengjast efni kjarasamninga með óbeinum hætti og ríkisstjórn hefur jafnvel ekki stjórn á, eru til þess fallnar að draga úr ábyrgð aðila vinnumarkaðarins á sjálfri samningsgerðinni.

Tímabært er því að nota tækifærið við nýskipan kjarasamninga til að endurskilgreina samráðskerfið og skilgreina aðkomu ríkisstjórna að gerð og frágangi kjarasamninga. Það er t.d. hægt að gera með því að skipta samskiptum við aðila vinnumarkaðarins í tvo farvegi:

1. *Reglubundin samskipti.* Með reglubundnum samskiptum er átt við formlegt og óformlegt samstarf ríkisins og aðila vinnumarkaðarins sem verður að vera til staðar á hverjum tíma, óháð því hvort endurnýjun kjarasamninga sé á næsta leiti. Hér er t.d. átt við samstarf vegna vinnu- markaðsaðgerða, skattamála, svartrar atvinnustarfsemi, samspil menntakerfis og vinnumarkaðar, aðgerða til að draga úr misnotkun bótafjár og tekjutilfærslna, almannatrygginga og lífeyrismála og menntamála og eftir atvikum nefndastarf eða stefnumörkun á sviðum sem hafa áhrif á aðila vinnumarkaðarins.
2. *Efnahagsstefna í viðum skilningi.* Með efnahagsstefnu í viðum skilningi er átt við þau viðfangsefni í almennri hagstjórn sem skipta mestu máli fyrir framgang kjaraviðræðna á hverjum tíma. Um þessar mundir er sameiginleg umfjöllun um áhrif stefnu stjórnvalda í peningamálum og húsnæðismálum mikilvæg fyrir framgang kjaraviðræðna.

Ráðherranefnd um kjarasamninga leggur til að komið verði á fót fastanefnd um samskipti ríkisins og heildarsamtaka aðila á vinnumarkaði. Hlutverk hennar yrði að hafa yfirsýn yfir regluleg samskipti ríkisins og aðila vinnumarkaðarins og vera vettvangur hugmynda og skoðanaskipta um sameiginleg hagsmunamál. Í nefndinni sitja fulltrúar þeirra fjögurra ráðherra sem skipa ráðherranefndina, Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna, Kennarasambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og samninganefndar ríkisins. Ríkissáttasemjari gæti setið fundi fastanefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Í tengslum við það markmið aðila vinnumarkaðarins að efna til náins

samráðs og samstarfs í vetur til að freista þess að leggja grunn að lengri kjarasamningum á næsta ári, sem taki mið af lágri verðbólgu og stöðugleika, hefur ríkisstjórnin ákveðið eftirfarandi:

- Fjármála- og efnahagsráðherra mun skipa nefnd um gengis- og peningamálastefnu. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fyrir lok júní 2014.
- Fjármála- og efnahagsráðherra mun tryggja reglubundin samskipti við samtök launþega og atvinnurekenda um megináherslur í áætlun í ríkisfjármálum sem miði annars vegar að breiðri sátt um tekju- og útgjaldaramma og hins vegar að því að ná jöfnuði í ríkisfjármálum til skemmri tíma litið og lækun opinberra skulda til lengri tíma litið.
- Á vegum fjármála- og efnahagsráðherra starfar nefnd aðila vinnu- markaðar um endurskoðun og jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Mikilvægt er að nefndin ljúki störfum með tillögum að lagabreytingum á yfirstandandi þingi.
- Félags- og húsnæðismálaráðherra mun skipa nefnd um mótun vinnu- markaðsstefnu og skipulag vinnumarkaðsmála svo stuðla megi betur að velferð þeirra sem starfa á innlendum vinnumarkaði sem og að tryggja virka þátttöku sem flestra á vinnumarkaði í því skyni að auka samkeppni- ishæfni Íslands, m.a. með hliðsjón af tillögum verkefnastjórnar Sam- ráðsveitvangs um aukna hagsæld. Þannig verði m.a. könnuð þörf fyrir sértækar vinnumarkaðsaðgerðir til að skapa störf í samræmi við menntun og skoðaðir möguleikar á aðgerðum til að laða sérhæft vinnuafll til starfa á íslenskum vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fyrir lok árs 2014.
- Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur skipað sérstakan samvinnuhóp um mótun húsnæðisstefnu þar sem markmiðið er að tryggja heimilum landsins val og öryggi þegar kemur að húsnæðismálum en samvinnu- hópurinn mun skilaverkefnisstjórn tillögum fyrir miðjan desember. Við mótun endanlegra tillagna verkefnisstjórnar verður haft náúð samráð við samtök aðila á vinnumarkaði.
- Mennta- og menningarmálaráðherra móti, í samvinnu við aðila vinnu- markaðarins, aðgerðir um þróun iðn-, starfs- og tæknimenntunar sem byggja á fyrirliggjandi tillögum, m.a. í skýrslu OECD. Einnig verði mótað- ar tillögur um aukin tækifæri til náms fyrir þá einstaklinga á vinnumark- aði sem ekki hafa lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi. Fylgt verði eftir aðgerðum, sem nú eru hafnar, til að draga úr brottfalli úr formlegu námi á framhaldsskólastigi. Aðgerðaáætlun liggja fyrir í lok mars 2014.

Samandregið þá felst aðkoma ríkisstjórnarinnar annars vegar í tillögum um

samstarfsform og hins vegar í aðkomu samtaka aðila á vinnumarkaði að umræðum um ákveðna efnisflokka. Aðkoma ríkisstjórnarinnar er háð þeim skilyrðum að viðtæk samstaða skapist á milli heildarsamtaka á almennum og opinberum vinnumarkaði sem og ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaga um sameiginleg markmið um stöðugleika og vinnubrögð og að niðurstaðan verði í samræmi við upphafleg markmið. Ef slík samstaða næst ekki mun ríkisstjórnin óhjákvæmilega endurskoða aðkomu sína.

Ráðherranefndin ítrekar að kjarasamningar með áherslu á kaupmátt og hóflegar launahækkningar séu best til þess fallnir að stuðla að efnahagslegum stöðugleika. Kannanir benda ótvírætt til vilja almennings til slíkra kjarasamninga. Nú gefst kærkomið tækifæri til að vinna saman að því að auka stöðugleika og kaupmátt til lengri tíma og bæta þannig samkeppnishæfni Íslands.“

Í aðdraganda kjarasamninganna hófu Samtök atvinnulífsins auglýsingaherferð í sjónvarpi þar sem stefið var að kröfur launafólks um launahækkningar væru helsta orsök verðbólgu á Íslandi. Samtökin slepptu alveg að minnast á þá staðreynd að veikur gjaldmiðill er helsta orsök verðbólgu og að launahækkningar hafa oftast en ekki fylgt í kjölfar falls krónunnar til þess að verja kaupmátt. Auglýsingaherferðin hleypti illu blóði í launafólk og var síst til þess fallin að byggja upp traust milli samningsaðila eða auðvelda kjarasamningsgerð.

Nýir kjarasamningar undirritaðir

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði voru undirritaðir þann 21.12.2013. Helstu markmið samninganna voru að auka kaupmátt, hækka lægstu laun umfram önnur laun, tryggja lága verðbólgu og undirbyggja stöðugleika. Samningarnir gilda frá 1. janúar til 31. desember 2014. Helstu atriði kjarasamninganna:

- Hinn 1. janúar 2014 hækka laun um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% á sama tíma.
- Í stað áðurgildandi kauptaxta komi nýir sem eru hluti samninga viðkomandi aðildarsamtaka ASÍ. Launataxtar undir 230.000 kr. á mánuði hækka sérstaklega um 1.750 kr. Kauptaxtarnir gilda frá 1. janúar 2014.
- Lágmarkstekjur fyrir fullt starf skv. kjarasamningum viðkomandi aðildarsamtaka ASÍ skulu vera kr. 214.000 frá 1. janúar 2014 fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sama fyrirtæki.
- Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 53.600 (VR/LÍV 60.900).
- Orlofsuppbót (1.maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr.

29.500 (VR/LÍV 22.200).

- Framlög til fræðslu- og starfsmenntasjóða hækka um 0,1%.

Sameiginleg mál í kjarasamningum 2013

Eins og við undirbúning síðustu kjarasamninga skipuðu landssamböndin, félög með beina aðild og stærstu aðildarfélög ASÍ sérstakan vinnuhóp sem falið var það hlutverk að draga saman tillögur að úrbótum, leiðréttingum og nýmælum á aðalkjarasamningum auk sameiginlegra krafna á hendur stjórnvöldum um tilteknar úrbætur. Byggt er á reynslu aðildarsamtakanna í samskiptum við atvinnurekendur og samtök þeirra, m.a. hvað varðar túlkun einstakra sammingsákvæða, og á niðurstöðum dómstóla þar sem það á við. Hópurinn lauk störfum í ágúst og skv. samstarfssamningi aðildarsamtakanna fór afraksturinn til samninganefndar ASÍ og aðildarsamtakanna til endanlegrar afgreiðslu. Í þeim kjarasamningum, sem undirritaðir voru í desember 2013 náðust eftirfarandi breytingar fram:

Veikindi og slys í orlofi: Fyrri ákvæði náðu ekki til alls EES-svæðisins auk þess sem nauðsynlegt þótti að tilkynna mætti veikindi með rafpósti. Viðeigandi ákvæði breyttist og hljóðar svo: „*Veikist starfsmaður í orlofi innanlands, í landi innan EES-svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda t.d. með símskeyti, rafpósti eða á annan sannanlegan hátt nema force majeure aðstæður hindri en þá um leið og því ástandi léttir. Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni, standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa og tilkynni hann atvinnurekanda innan þess frests hvaða lækni annist hann eða muni gefa út læknisvottorð, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum ástæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Atvinnurekandi á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á þeim tíma sem starfsmaður óskar á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á. Sömu reglur og að ofan greinir gilda um slys í orlofi.*“

Skrifleg staðfesting ráðningar: Við ákvæði kjarasamninga um ráðningarsamninga og ráðningarbréf bætist eftirfarandi ákvæði: „*Brjótí atvinnurekandi gegn ákvæðum þessarar greinar getur það varðað hann skaðabótum.*“ Samsvarandi ákvæði kom einnig inn í samkomulag ASÍ og SA um skriflega staðfestingu ráðningar. Samhliða var gengið frá sérstakri og svohljóðandi bókun hvað varðar skriflega staðfestingu ráðningar: „*Aðilar eru sammála um að nokkur misbrestur er á að gerðir séu skriflegir ráðningarsamningar*

æða ráðning staðfest skriflega í samræmi við ákvæði kjarasamninga um ráðningarsamninga og ráðningarbréf. Samningsaðilar munu á samningstímabilinu vinna að því að kynna skyldur atvinnurekenda og réttindi launamanna samkvæmt þessum ákvæðum. Aðilar munu fyrir árslok 2015 gera úttekt á framkvæmd ákvæðisins og virkni þess og endurskoða það í ljósi hennar. Nýju ákvæði um viðurlög er ætlað að mæta athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Telji ESA ákvæðið ekki fullnægjandi munu samningsaðilar þegar taka upp viðræður til að bregðast við.“

Mat samningsaðila var að kostnaðaráhrif samningsins væru 3,1%. Almennar launahækkanir voru 2,8% og kostnaðaráhrif þess að hækka lægstu laun sérstaklega voru metin á 0,3%. Þessu til viðbótar áætluðu samningsaðilar að búast mætti við að launavísitalan hækkaði um 0,75% á ári vegna starfsaldurshækkana o.fl. Þannig mátu samningsaðilar að launavísitalan myndi hækka um tæp 4% á ársgrundvelli í kjölfar samninganna.

Kjarasamningurinn var hugsaður sem aðfararsamningur að lengri kjarasamningi. Samningsaðilar áttu sér að nýta samningstímann til þess að leggja grunn að samningi til lengri tíma. Sú nýjung var í samningnum að viðræðuáætlun fyrir næsta kjarasamning var hluti samningsins eða eins og segir í samningnum:

„Við gildistöku samnings þessa hefjast viðræður um endurnýjun kjarasamninga sem taki gildi við lok samnings þessa. Unnið verður eftir viðræðuáætlun sem telst hluti samningsins ...

Vegna sameiginlegra mála SA og aðildarsamtaka ASÍ við endurnýjun kjarasamninga haustið 2013 er unnið skv. sérstakri viðræðuáætlun sem undirrituð var 25.11 2013.“

Samningsaðilar lýsa í samningnum þeirri efnahagsumgjörð, sem við búum við, og lýsa vilja til að gera á henni breytingar eða eins og í samningnum segir:

„Verðbólga hefur verið miklu meiri og sveiflukenndari hér á landi en í viðskiptalöndum okkar áratugum saman. Mikil verðbólga veldur margvíslegu tjóni. Verðskyn slævist, aðhald að verðlagi og samkeppni minnkar og fjárhagsáætlanir bregðast. Síðast en ekki síst veldur mikil verðbólga háum vöxtum. Verðbólgan dregur þannig úr skilvirkni og samkeppnishæfni atvinnulífsins og heldur niðri lífskjörum fólksins í landinu.

Samningsaðilar vilja ná víðtækri samstöðu um að rjúfa þennan vítahring. Þeir kynntu fyrir ríkisstjórn þá málaflökka sem þeir töldu skipta máli og snúa annars vegar að mikilvægum þáttum í verðlagsþróun og efnahagsstöðugleika, auk ýmissa breytinga er stutt geta við jákvæða þróun kaupmáttar heimilanna, sjá fskj. Með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, dags. 15. nóvember 2013, var

komið á samstarfsvettvangi milli aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda þar sem unnið verður að því að markmið samnings þessa nái fram að ganga. Á þessum samráðsvettvangi munu aðilar samnings þessa og stjórnvöld leggja grunn að því að koma á varanlegum efnahagslegum og félagslegum stöðugleika. Aðilar vinnumarkaðar, stjórnvöld og Seðlabankinn bera sameiginlega ábyrgð á því að koma á og viðhalda efnahagslegum stöðugleika. Mikilvægt er að ábyrgðarskipting milli einstakra aðila verði skilgreind betur en hingað til hefur verið gert.

Efnahagslegur stöðugleiki stuðlar að bættri framleiðni sem er forsenda aukins kaupmáttar. Meginmarkmið kjarasamninga er aukinn kaupmáttur og stöðugt verðlag. Heildarsamtökin á vinnumarkaði hafa sameiginlega unnið að greiningu og endurskoðun á vinnubrögðum við gerð kjarasamninga til að þeir styðji framangreind markmið.

Í því felst:

- a að launabreytingar, hvort sem þær eru kjarasamnings- eða einstaklingsbundnar, samrýmist stöðugu verðlagi,
- b að gengi krónunnar verði sem stöðugast, bæði innan hvers árs og milli ára,
- c að stöðugra efnahagssumhverfi stuðli að sambærilegum vöxtum og í nágrannalöndunum.“

Þá kemur einnig fram í kjarasamningnum hvaða forsendur þurfi að vera til staðar að mati samningsaðila til þess að hægt sé að gera kjarasamninga til lengri tíma eða eins og segir í samningnum:

„Forsenda þess að unnt verði að gera kjarasamninga til a.m.k. tveggja ára fyrir lok samningstímans er að mótuð hafi verið ný peningamálastefna sem stefna stjórnvalda í efnahags- og félagsmálum styður á hverjum tíma. Í þeirri vegferð er mikilvægt að verðbólgu markmið ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans, 2,5%, náist á árinu 2014. Hjöðnun verðbólgu krefst samstillingar ákvarðana á vinnumarkaði, í fjármálum ríkis og sveitarfélaga og í peningamálum.

Samningsaðilar skulu á gildistíma þessa kjarasamnings fjalla um og fylgja eftir aðgerðum til stuðnings þessum markmiðum. Eftirfarandi aðgerðum er ætlað að styrkja markmið samningsins um aukinn kaupmátt, hjöðnun verðbólgu og lækkun verðbólguvæntinga almennings, fyrirtækja, opinberra aðila og aðila á fjármálamarkaði.

- a Gengið er út frá því að ákvarðanir um hækkun krónutölugjalda í fjárlögum ríkisins og gjaldskráa ríkis og sveitarfélaga, auk fyrirtækja

- í þeirra eigu, vegna ársins 2014 samrýmist stöðugu verðlagi.*
- b Gengið er út frá því að fyrirtæki gæti ýtrasta aðhalds í verðákvörðunum sínum í ljósi kostnaðaráhrifa þessa samnings og þeirra breyttu verðbólguvæntinga sem honum er ætlað að stuðla að.*
 - c Aðilar samningsins munu í samstarfi við stjórnvöld leita leiða til að takmarka hvers kyns sjálfvirka verðuppfærslu viðskiptasamninga og gjaldskráa fyrirtækja og stofnana.*
 - d Aðilar samningsins munu í samstarfi við stjórnvöld beita sér fyrir endurskoðun á vörugjöldum og tollum með lækkun verðlags að markmiði.*
 - e Aðilar samningsins munu sameiginlega og hvor í sínu lagi beita sér fyrir verðstöðugleika og aðhaldi í verðlagsmálum.*

Aðilar samningsins ganga út frá því að heildarlaunabreytingar á samningstímanum samrýmist verðbólgu markmiðinu, 2,5%. Í því felst það markmið að hækkan launavísitölu Hagstofju Íslands verði innan við 4% á árinu 2014. Það felur í sér að við framkvæmd kjarasamninga á árinu 2014 verði launabreytingar ekki umfram það sem leiðir af kjaratengdum ákvæðum þessa kjarasamnings, samningsbundinni réttindaávinnslu og starfsþróun.“

Þá lýsa samningsaðilar áhuga á því þróa nýtt íslenskt samningslíkan eða eins og segir í samningnum: „Heildarsamtökin á vinnumarkaði hafa sameiginlega greint skipulag vinnumarkaðar, undirbúning og gerð kjarasamninga á Norðurlöndunum með það að markmiði að móta nýtt íslenskt kjarasamningalíkan að norrænni fyrirmynd eftir því sem aðilar verða ásáttir um. Helstu einkenni norræna líkansins eru: atvinnugreinasamningar milli samtaka atvinnurekenda og samflots stéttarféлага (kartela) sem taka til allra starfsmanna fyrirtækja í viðkomandi grein; svigrúm fyrir launabreytingar ræðst af samkeppnishæfni og sjálfbærni greina í alþjóðlegri samkeppni; fastmótað samspil launaákvæðana á almennum og opinberum vinnumarkaði; miðlægir samningar um kostnaðarramma sem útfærðir eru í nærsamningum.“

Fyrir lok febrúar 2014 munu aðilar skilgreina þær greinar þar sem atvinnugreinasamningar geta hentað. Í framhaldi þeirrar vinnu, sem fram mun fara, eru aðilar sammála um að stefna að því að gera einn eða fleiri atvinnugreinasamninga.“

Í tengslum við undirritun kjarasamninganna gaf ríkisstjórnin út eftirfarandi yfirlýsingu:



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTTIÐ

Ministry of Finance and Economic Affairs

Arnarhvoli 150 Reykjavík Iceland
tel.: + (354) 545 9200 fax: + (354) 545 9299
postur@fjr.is www.fjr.is

Alþýðusamband Íslands
Gylfi Arnbjörnsson, forseti
Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík

Reykjavík 21. desember 2013
Tilv.: FJR13090030/3.6

Með þeirri stefnumörkun sem birtist í fjárlögum 2014 er lögð áhersla á að skapa forsendur fyrir stöðugleika í verðlagsmálum og að auka kaupmátt ráðstöfunartekna. Mikilvægur áfangi í því er að samþykkt séu hallalaus fjárlög og að skilyrði skapist til að lækka skuldir ríkissjóðs í markvissum áföngum á komandi árum.

Ríkisstjórnin hefur fylgst með umleitonum um gerð kjarasamninga sem staðið hafa yfir undanfarnar vikur og mánuði. Í því efni hafa forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra meðal annars gefið út minnisblað þann 15. nóvember sl. þar sem ítrekað er að kjarasamningar með áherslu á kaupmátt fremur en nafnlaunabreytingar séu best til þess fallnir að stuðla að efnahagslegum stöðugleika. Ríkisstjórnin telur mjög jákvætt að aðilar vinnumarkaðarins skuli standa saman að stefnumörkun í kjaramálum sem miðar að stöðugu verðlagi.

Forsenda fyrir frekari aðkomu ríkisstjórnarinnar að gerð kjarasamninga, en þegar er orðin, er að sanningsaðilar næðu saman um kaup og kjör. Aðilar vinnumarkaðarins hafa nú tjáð ríkisstjórninni að umgjörð um samninga á almennum vinnumarkaði og efnisatriði nýrra kjarasamninga liggja í meginatriðum fyrir. Til að greiða fyrir gerð þeirra er ríkisstjórnin reiðubúin að veita skuldbindingu fyrirheit um eftirtaldir ráðstafanir:

1. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2014 er boðað að miðþrep í tekjuskatti einstaklinga lækki úr 25,8% í 25% og hefur sú breyting verið lögfest. Jafnframt hefur ríkisstjórnin lýst því yfir að hún hyggist beita sér fyrir heildarendurskoðun á tekjuskattskerfinu í áföngum með einföldun, fækkun skattþrepa og lækkun jafnskatta að markmiði. Í ljósi stöðu kjaraviðræðna verður lagt fram frumvarp þar sem efri mörk lögsta þreps tekjuskatts hækka í 290 þúsund krónur og skatthlufall í miðþrepi verður 25,3%. Í þessu felst að skattalækanir þessar muni koma hinum tekjulægri til góða, jafnframt því sem þær eru liður í að einfalda og auka skilvirkní skattkerfisins. Er stefnt að því að tekin verði frekari skref í þá átt við framlagningu frumvarps til fjárlaga 2015.
2. Næstu tvö ár verði gjaldskrárhækkanir ríkisins undir verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands, miðað við þær forsendur sem samningarnir byggja á. Náist kjarasamningar til lengri tíma með stöðugleika að leiðarljósi yrði stefnt að því að gjaldskrárhækkanir ríkisins verði innan þeirra marka út samningstímam. Þannig leggur ríkisstjórnin sitt af mörkum til að tryggja verðlagsstöðugleika með öðrum opinberum aðilum. Afar brýnt er að fyrirtæki á markaði axli ábyrgð á þróun verðlags og er gengið út frá að svo verði.

3. Ríkisstjórnin lýsir því yfir að hún muni við samþykkt kjarasamninga endurskoða til lækkunar vissar breytingar á gjöldum sem samþykktar hafa verið í tengslum við afgreiðslu fjárlaga 2014 til að stuðla að því að verðlagsáhrif, sem af þeim leiði, verði minni en ella og innan verðbólguarmarkmiða Seðlabanka Íslands.
4. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að fyrirtæki í ríkiseigu, þ.m.t. orkufyrirtæki, gæti ítrasta aðhalds við gjaldskrárbreytingar á komandi ári.
5. Ríkisstjórnin hyggst áfram vinna að umbótum í menntamálum þeirra sem litla menntun hafa í góðu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins.
6. Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 15. nóvember sl. um undirbúning kjarasamninga verður komið á fastanefnd um samskipti hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins og mun það samstarf m.a. miða að virku aðhaldi í verðlagsmálum. Endurskoðun á virðisaukaskattkerfinu, sem senn hefst, verður unnin í samræði við samtök atvinnuveitenda og launþega.



Bjarni Benediktsson

Samrit: Samtök atvinnulífsins
Björgólfur Jóhannsson, formaður stjórnar

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, birti eftirfarandi pistil á vef ASÍ þann 23.12.2013 til að fara yfir samningaferlið og þá gagnrýni sem komið hafði fram á samningana.

„Síðastliðinn laugardag var gengið frá kjarasamningum milli flestra aðildarféлага Alþýðusambands Íslands vegna þeirra sem starfa á almennum vinnu- markaði. Þau félag, sem ekki gengu frá samningum, voru sjómannafélagin, sem staðið hafa í vinnudeilu við LÍÚ síðan 2010, Flugfreyjufélag Íslands og Félag mjólkurfræðinga.

Kjarasamningurinn er svokallaður aðfarasamningur. Auk launabreytinga með áherslu á hækkun lægstu launa gefur samningurinn samningsaðilum 12 mánuði til að undirbúa gerð langtímasamnings sem á að tryggja stöðugleika í íslensku efnahagslífi og kaupmáttaraukningu til framtíðar. Vinna við undirbúning slíks langtímasamnings hefst strax í byrjun nýs árs. Með samningnum er tekin upp sú nýbreytni að gengið er frá sérstakri viðræðuáætlun sem unnið verður eftir með tímasettum markmiðum um framvindu.

Viðræður hafa staðið yfir síðan í september og snemma varð ljóst að um

erfiðar viðræður yrði að ræða vegna mikillar óvissu um framvindu efnahagsmála á næstu misserum, stefnu ríkisstjórnar í efnahags- og velferðarmálum og breytinga í forystu Samtaka atvinnulífsins. Tvisvar hefur slitnað upp úr viðræðum þar sem atvinnurekendur ýmist höfnuðu viðræðum um sérstakar áherslur fyrir þá tekjulægstu eða vildu leggja svo lítið til þeirra mála að ekkert þokaðist í viðræðum. Það er því nokkuð merkilegt að hlusta á þær gagnrýnisraddir sem komið hafa fram, því það er ekki svo að verkalýðshreyfingin hafi sjálfðæmi um launahækkunarir. Þvert á móti er hér um nokkuð harða hagsmunabaráttu að ræða og ekki sjálfgefið hver niðurstaðan er. Það má alveg segja það hér að SA var lengst af klossfast í því að launahækkunarir yrðu ekki meiri en 2% og þeir höfnuðu alfarið krónutöluhækkun á lægstu launin. Niðurstaðan varð hins vegar sú að lægstu laun hækkunum um ríflega 5% þegar ASÍ hafði náð inn krónutöluhækkuninni.

Af hálfu aðildarféлага ASÍ var lagt upp með kröfur um kjarasamninga sem myndu styðja við eða leggja grunn að stöðugleika í bæði gengi og verðlagi, þannig að það sem umsemdist skiladi sér sem varanleg kaupmáttaraukning en hyrfi ekki jafnharðan með aukinni verðbólgu. Jafnframt var lögð áhersla á sérstakar hækkunarir fyrir þá tekjulægstu. Samninganefnd Starfsgreinasambands Íslands lagði fyrst sambanda fram sína kröfugerð sem Samtök atvinnulífsins höfnuðu þegar á fyrsta fundi en þar var gerð krafa um hækkun launataxta um 20.000 kr. á mánuði, að bil milli flokka og starfsaldursbila yrði aukið, ýmis störf endurröðuð í launatöflu og jafnframt að almenn launahækkun yrði 7%. Var talið að í heild myndi samningur, sem reistur yrði á þessum kröfum, kosta atvinnulífið 10–12%.

Þó að verkalýðshreyfingin hefði deilt við atvinnurekendur um þolmörk atvinnulífsins m.t.t. launahækkana voru miklar efasemdir um að kostnaðarhækkun samkvæmt kröfugerð SGS væri framkvæmanleg án neikvæðra áhrifa á þróun verðlags, gengis og vaxta. Því var ljóst að ekki yrði hægt að byggja sameiginlega stefnumótun á vettvangi ASÍ á þessari kröfugerð. Samninganefnd ASÍ lagði til við samninganefndir aðildarsamtaka ASÍ í byrjun nóvember að stefnt yrði að svokölluðum aðfarasamningi sem yrði skammtímasamningur í formi vopnahlés, þar sem áhersla yrði lögð á einfalda lausn, en vinna þegar hafin við að undirbúa lengri kjarasamning í lok næsta árs sem byggt gæti á meiri fyrirsjáanleika varðandi gengi og verðlag, hagvöxt og jöfnuð. Þessi nálgun byggði á niðurstöðu fundar formanna allra aðildarféлага ASÍ sem haldinn var í lok október. Þá var af hálfu samninganefndarinnar lagt upp með launahækkunarir sem væru á bilinu 3–3,25% en að lágmarki kr. 10.000–11.000. Þetta var samþykkt í öllum samninganefndum aðildarsambanda ASÍ. Niðurstaðan varð síðan 2,8% launahækkun en að lágmarki kr. 8.000 og sérstök láglaunahækkun upp á einn launaflokk eða kr. 1.750. Þannig

hækka lægstu laun um tæpar 10.000 kr. Þá ætla samningsaðilar að ná víðtækri samstöðu um að rjúfa vítahring verðbólgunnar og hafa stærstu sveitarfélög landsins og ríkið að hluta gengist inn á þá leið auk þess sem Samtök atvinnulífsins munu leggja hart að sínu fólki að hækka ekki verð á vöru og þjónustu.

Þegar kom að lokum viðræðna var ljóst að nokkuð bar í milli ASÍ og SA, bæði er varðar almennu launahækkunina og sérstaka hækkun fyrir þá lægsta launuðu. Áttu fulltrúar ASÍ og SA fund með fjármálaráðherra og fulltrúa forsætisráðherra þar sem þess var óskað að ríkisstjórnin myndi útfæra boðaða skattalækkun með þeim hætti að þrepið milli lægsta skattþrepsins og milliþrepsins yrði hækkað úr 256 þús.kr. í 295 þús.kr. og að persónuafsláttur yrði hækkaður um 1.000 kr. til viðbótar við hækkun hans vegna verðbólgu. Var það mat aðila að slík aðkoma ríkisstjórnar myndi auðvelda gerð kjarasamninga. Ríkisstjórnin ákvað að ganga að tillögu ASÍ varðandi mörkin milli þrepanna en hafnaði alfarið að hækka persónuafsláttinn aukalega en lækkaði skatthlutfallið í milliþrepi um 0,5%. Var þetta mjög miður því þar með var tekjulægsta fólkið skilið eftir í þessari skattaaðgerð en þess í stað voru skattar þeirra allra tekjuhæstu lækkaðir meira.


Það varð niðurstaða allra samninganefnda aðildarféлага ASÍ á laugardagsmorgun að ganga til samninga þrátt fyrir þessa niðurstöðu þótt mikil reiði hefði verið í garð ríkisstjórnarinnar vegna þess að hún vildi frekar lækka skatta þeirra 10% launamanna, sem hæstar hafa tekjurnar, en að tryggja að þau 10% launamanna, sem eru í hópi tekjulægsta fólksins, fengju einhverja hlutdeild í þessari skattalækkunaraðgerð. Ég er nokkuð viss um að niðurstaða samninganefndanna var ekki byggð á því að þeir teldu það sem á borðinu væri í samræmi við óskir þeirra eða væntingar, heldur frekar hvort líklegt væri að hægt yrði að ná frekari launahækkunum án verulegra átaka og tilkostnaðar sem ekki rynnu sjálfkrafa út í verðlagið þannig að lítið sæti eftir annað en tilkostnaðurinn við aðgerðirnar.

Fimm félög innan Starfsgreinasambands Íslands ákváðu að skrifa ekki undir kjarasamning sambandsins á laugardagskvöldið, en ákváðu þó að standa að samningunum því að félögin drógu ekki til baka umboð sem þau höfðu falið Starfsgreinasambandinu til að gera kjarasamning fyrir sína hönd sem þeim var þó í löfa lagið. Í þessum félögum eru ríflega 3.000 félagsmenn af þeim 81.000 félagsmönnum sem umræddir kjarasamningar ná til, eða um 4,7%. Samkvæmt vinnulöggjöfinni er það mjög skýrt að umboð til gerðar kjarasamninga hvílir hjá hverju stéttarfélagi fyrir sig en þau geta framselt þetta umboð til sérgreinasambanda eða heildarsambanda ef þau kjósa svo. Jafnframt geta stéttarfélögin alltaf afturkallað slíkt umboð, telji forystumenn þeirra að sá kjarasamningur, sem í boði er, sé óviðunandi. Óánægja þessara forystumanna með innihald samninga var ekkert einsdæmi, margir voru

ósáttir við afstöðu ríkisstjórnarinnar gagnvart þeim tekjulægstu. Það var hins vegar greinilegt að forystumenn þessara félaga voru sammála félögum sínum um stöðumatið, að ekki væri líklegt að þeir gætu sótt eitthvað meira með því að afturkalla umbodið til gerðar kjarasamninga því það gátu þeir gert alveg fram að undirritun samninganna kl. 21:00 á laugardagskvöldið. Því undirritaði meirihluti samninganefndar Starfsgreinsambands Íslands kjarasamningana fyrir hönd allra aðildarféлага SGS og félagsmenn þessara stéttarféлага munu ásamt öðrum fá tækifæri til þess að lýsa skoðun sinni á þessum samningum í janúar. Það vekur undrun, í ljósi þess að framangreindir forystumenn ákváðu að afturkalla ekki umbodið til gerðar kjarasamnings, hvernig sumir þeirra hafa síðan af mikilli vandlætingu og virðingarleysi ráðist á félaga sína. Um þverbak keyrir þegar þeir fullyrða að þessir kjarasamningar, þar sem enn einu sinni er lögð áhersla á að hækka lægstu laun hlutfallslega meira en önnur laun, leiði til aukinnar misskiptingar og að ég og aðrir forystumenn hafi valið þessa leið vegna eigin hagsmuna!

Ég verð að viðurkenna að mér er gróflega misboðið, ekki bara framganga þessara félaga minna heldur ekki síður hvernig fjölmiðlar hafa hampað þessum aðilum án þess að leita eftir skoðunum forystumanna þeirra 95% félagsmanna sem ákváðu að axla fulla ábyrgð á stöðumatinu með undirritun kjarasamninganna.

Í meðfylgjandi mynd má sjá launahækkanir í krónum talið frá kr. 192.000 til tæplega kr. 2.000.000 mánaðarlauna samkvæmt nýgerðum kjarasamningum annars vegar og áherslum þeirra sem gagnrýnt hafa samningana hins vegar. Þar sést glögg að ef farið hefði verið að þeirra tillögum, hefðu laun þeirra sem eru með 2 millj. kr. hækkað um 140.000 krónur á mánuði í stað þeirra kr. 56.000 sem verður samkvæmt samningunum. Og af því að þeim finnst rétt að tiltaka hvað líklegt er að ég fái í launahækkun, hefði ég hækkað um ríflega kr. 84.000 samkvæmt þeirra tillögu í stað ríflega kr. 33.000. Þá er einnig rétt að hafa það í huga að leiðtogi á Akranesi hefði hækkað um ríflega kr. 55.000 skv. hans hugmyndum í stað þeirra kr. 22.000 sem hann fær. Ef mælikvarðinn á árangur er áhrif þessara mismunandi leiða á bæði misskiptinguna eða okkar eigin hag er nokkuð ljóst hvor tillagan hefur meiri áhrif og þá í hvaða átt!“



Í kjölfar þess að samningar á almennum markaði voru undirritaðir sendi miðstjórn ASÍ frá sér eftirfarandi ályktun þann 08.01.2014:

„Ein helsta forsenda þeirra kjarasamninga, sem gerðir voru 21. desember, er að verðbólga verði lág þannig að kaupmáttur í landinu aukist. Til þess að þetta takist er mikilvægt að opinberir aðilar og verslunar- og þjónustufyrirtæki haldi aftur af verðhækkunum á næstu misserum. Sveitarfélög vítt og breitt um landið hafa brugðist vel við kallinu. Nú berast hins vegar váleg tíðindi af fyrirtækjum og opinberum aðilum sem tilkynnt hafa verðhækkanir og eru þar með að vinna gegn markmiðum þess kjarasamnings sem undirritaður var fyrir jól. Þessi fyrirtæki ögra ekki bara launafólki í landinu heldur og þeim stöðugleika og kaupmáttaraukningu sem er leiðarljós kjarasamningsins.

Miðstjórn ASÍ krefst þess að þessar verðhækkanir verði dregnar til baka. Alþýðusambandið mun fylgjast grannt með verðhækkunum fyrirtækja og opinberra aðila. Ef verðhækkunum verður haldið til streitu mun ASÍ birta nöfn þeirra fyrirtækja, sem hækka verð, til upplýsinga fyrir neytendur.“

Í kjölfarið var verðlagseftirlit ASÍ og verkefnistjórn Vertu á verði virkjuð og

gripið til ýmissa aðgerða. Forseti ASÍ sendi bréf til forsvarsmanna þeirra fyrirtækja, sem fregnir höfðu borist um að hafi hækkað hjá sér verð, og hvatti þá til að endurskoða ákvörðun sína. Yrði það ekki gert verði nöfn fyrirtækjanna sett á svartan lista sem birtur var á ábendingasíðunni www.vertuaverdi.is.

Ríkisstjórnin gaf með yfirlýsingu sinni þann 21.12.2013 fyrirheit um endurskoða til lækkunar ákveðin gjöld, sem samþykkt höfðu verið í tengslum við gerð fjárlaga, ef samningarnir yrðu samþykktir. Þegar á reyndi sýndu stjórnvöld þessu loforði fullkomið skeytingarleysi og fór svo að nauðsynlegar lagabreytingar voru samþykktar á síðasta starfsdegi Alþingis fyrir sumarleyfi.

Samkvæmt kjarasamningunum skyldu einstök félög og samningsaðilar tilkynna fyrir kl 16 þann 22.01.2014 niðurstöður atkvæðagreiðslunnar um samninginn. Samningurinn var umdeildur og fór svo að hann var samþykktur í 21 einu félagi/deild en felldur í 17 félögum/deildum.

Seinni hluta febrúarmánaðar skrifuðu þau félög og deildir, sem felldu kjarasamninginn frá 21.12.2013, undir nýja kjarasamninga sem byggðust á sáttatillögu ríkissáttasemjara. Samningarnir grundvölluðust á samningunum frá 21.12.2013 auk þess sem samið var viðbótarhækkun á orlofs- og desemberuppbót um samtals 30 þúsund krónur. Þá fá félagsmenn tæplega 14.600 kr. eingreiðslu. Samningarnir gilda út febrúar 2015. Samningarnir voru samþykktir í öllum félögum og deildum.

Í kjölfar kjarasamninga

Þegar líða tók á veturinn kom í ljós að ekki tókst að búa til þá breiðu samstöðu um kjarasamningsrammann sem vonir stóðu til. Þannig boðuðu framhaldsskólakennarar, háskólakennarar og flugmenn hjá Icelandair til verkfalla og BHM hélt baráttufund þar sem skilaboðin voru skýr. Ekki stóð til að semja á þeim nótum sem samið var um 21.12.2013.

- Framhaldsskólakennarar fóru í ótímabundið verkfall og fór svo að samið var eftir um þriggja vikna verkfall um nærri 30% kostnaðarauka í kjarasamningum sem gilda til 31.10.2016. Í samningnum er kveðið á um nokkrar kerfisbreytingar og verður kosið um útfærslu á breyttu vinnu-matsfyrirkomulagi í febrúar 2015. Verði breytingin felld verða samningar lausir 1. mars 2014. Fari svo verður samningurinn í raun árssamningur með 16% kostnaðarauka.
- Háskólakennarar í HÍ boðuðu verkfall á prófatíma vorið 2014. Áður en kom til verkfalls var samið um kjarasamning og stofnanasamning sem kosta mun meira en almennt var samið um á almennum vinnumarkaði.
- Flugmenn hjá Icelandair boðuðu til skæruverkfalla. Þegar fyrir lá að sett

yrðu lög á deiluna sömdu flugmenn. Samningurinn er skammtímasamningur og gildir til hausts 2014. Flugmenn mátu samninginn á 7% og uppreiknað m.v. ársgrundvöll á um 8%.

- Háskólamenn sömdu við sveitarfélögin um 8,5% breytingar á launatöflu í samningi sem gildir út ágúst 2015. Sveitarfélögin áætla að riflega 0,2% hagræðing komi á móti í samningnum.
- Grunnskólakennarar sömdu til ársloka 2016 við sveitarfélögin. Bein kostnaðaráhrif sammingsins eru metin á rúmlega 22%. Kosið verður um breytingar á vinnumatskerfi og nýjan vinnutímakafla í febrúar 2015. Verði breytingarnar felldar losna samningar 01.03.2015 og verða kostnaðaráhrifin þá um 7,4% í 10 mánaða samningi.
- Leikskólakennarar sömdu um umtalsverðar launahækkunar fyrir þá sem eru með leyfisbréf til að kalla sig leikskólakennara.

Á fundi samninganefndar ASÍ með SA þriðjudaginn 29. apríl 2014 setti Alþýðusamband Íslands fram kröfu um breyttar áherslur í komandi kjaraviðræðunum. Ljóst er að tilraun til þess að gera stöðugleikasamning til lengri tíma er í uppnámi.

Frá því að ríkisstjórnin gaf út yfirlýsingu í nóvember 2013 um að haga stefnu sinni og ákvörðunum út frá markmiðum um stöðugleika og áréttaði mikilvægi samráðs um ýmis mál, einkum peningamál, hefur fátt eitt gerst annað en að stefna stjórnvalda er talin ýta undir óvissu um verðlag og gengi. Því til viðbótar ætlar ríkisstjórnin að taka af borðinu einu trúverðugu leiðina í peningamálum með því að slíta aðildarviðræðum við ESB.

Ríkisstjórn og sveitarfélög hafa að undanfögnu samþykkt veruleg frávik frá þeirri meginlínu sem lá til grundvallar kjarasamningunum sem gerðir voru í desember 2013 og febrúar 2014. Aðildarsamtök ASÍ geta ekki við það unað að launafólki sé mismunað með þessum hætti. Það getur ekki verið þannig að almennt launafólk beri eitt ábyrgð á stöðugleika og lágru verðbólgu á meðan aðrir sækja sér meiri kaupmáttarauka með meiri launahækkunum. Það verða allir að axla ábyrgð.

Eins og þróun verðlags undanfarna mánuði sýnir var raunverulegur möguleiki á því að koma hér á nýju og breyttu vinnulagi sem lagt gæti grunn að varanlegum stöðugleika. Félagsmenn ASÍ vildu gera slíka tilraun. Því miður vantaði framtíðarsýn stjórnvalda og samstöðu á vinnumarkaði svo leiðin væri fær. Þess vegna hljóta aðildarsamtök ASÍ að fara inn í viðræður um næsta kjarasamning á þeim grundvelli að krefjast réttmætra leiðréttinga á kjörum sinna félagsmanna til jafns við aðra.

Á fundi sínum þann 20.05.2014 samþykkti miðstjórn ASÍ eftirfarandi ályktun:

„Aðildarfélag ASÍ gerðu kjarasamning við Samtök atvinnulífsins um síðustu áramót sem ætlað var að stuðla að stöðugleika í gengi og verðlagi. Samningsaðilar litu á samninginn sem tilraun sem byggði á því að breið samstaða næðist í samfélaginu um þá sýn að leggja áherslu á stöðugleika og hóflegar kauphækkanir. Samið var um 2,8% almennar launahækkanir auk sérstakra hækkana á lægstu laun.

Nú er ljóst að tilraunin hefur mistekist. Stórir hópar sem sömdu í kjölfarið hafa samið um allt annað og meira en talið var að væri til skiptanna í kringum áramótin. Má þar nefna grunn- og framhaldsskólakennara sem sömdu við ríki og sveitarfélög um tæplega 30% hækkanir til þriggja ára, flugmenn sem meta nýgerðan skammtímasamning sinn við Icelandair á 8% á ársgrundvelli og háskólamenn hjá sveitarfélögum.

Miðstjórn ASÍ telur einsýnt að verkefnið í þeim samningum, sem eftir á að gera á þessu ári, s.s. ASÍ-félaga við sveitarfélög, taki mið af nýgerðum samningum við kennara, flugmenn o.fl. Þá er ljóst að í þeim kjarasamningum, sem losna upp úr næstu áramótum, verður áherslan á að leiðrétta hlut þeirra sem setið hafa eftir í launabreytingum á þessu ári.“

Undirbúningur kjarasamninga 2015

Vegna þeirra tafa, sem urðu á afgreiðslu kjarasamninga og upphafi viðræðna um endurnýjun þeirra skv. viðræðuáætlun, urðu aðilar þann 16.5. 2014 ásáttir um breytingar á dagsetningum í henni. Fyrir lok maí 2014 skyldu aðilar skilgreina þær greinar þar sem atvinnugreinasamningar gætu hentað. Samningsumboð skyldi lagt fram fyrir lok maí 2014. Launatölfræði um sérstök áhrif krónutöluhækkana skyldi liggja fyrir í júní 2014 og að í nóvember yfirlit yfir þróun launa á tímabilinu september 2013–september 2014.

Skýrslan *Í aðdraganda kjarasamninga – efnahagsumhverfi og launaþróun* frá október 2013 skyldi uppfærð fyrir lok nóvember 2014. Kröfur um sér-mál skyldu koma fram fyrir lok maí 2014. Fyrir lok október 2014 skyldu aðilar meta stöðu viðræðna og þörf fyrir endurskoðun viðræðuáætlunar. Viðræður um launaliði hefjist í byrjun janúar 2015. Aðilar urðu jafnframt sammála um að setja upp tímasetta fundaaætlun fyrir einstök samningssvið frá 1. september til 30. október og endurskoða þá fundaaætlunina fyrir seinni hluta viðræðna.

Í samræmi við aðfarasamning ASÍ og SA skyldi leggja fram kröfur samningsaðila um breytingar á þeim ákvæðum gildandi kjarasamninga, sem ekki varða launalið, fyrir lok janúar 2014. Þessi dagsetning var síðan færð fram til loka maí 2014 og eftirfarandi kröfur lagðar sameiginlega fram af hálfu samningnefndar ASÍ:

- **Tilgreining á launaseðlum:** „Séu laun ekki sundurliðuð á launaseðli

teljast tilgreind laun vera umsamin laun fyrir dagvinnu. Sé launaseðill ekki gefinn út teljast útborguð laun vera umsamin laun fyrir dagvinnu að frádregnum sköttum og öðrum lög- og samningsbundnum frádráttarliðum.“

- **Greiðsla ótekens orlofs:** „Ljúki orlofi ekki fyrir lok orlofsársins skal sá hluti orlofs, sem ekki hefur verið tekinn, greiðast launamanni með 25% álagi.“
- **Orlof utan orlofstíma – orlofstími og lenging:** „Þeir sem skv. ósk atvinnurekanda fá ekki sumarorlof á tímabilinu frá 2. maí til 15. september ár hvert skulu fá 25% lengingu á þann hluta orlofs sem veitt er utan ofangreinds tíma.“
- **Vinnuslys – samfelld forföll:** „Við 1. málslíð 1. mgr. þess kafla kjarasamninga, sem fjallar um vinnuslys og atvinnusjúkdóma, bætist nýr málslíður sem hljóði svo:“
Engu skiptir hvort starfsmaður verður óvinnufær strax eftir slys eða síðar eða hvort óvinnufærni kemur fram samfelld eða ekki.“
- **Slys á leið til eða frá vinnu:** Ákvæði kjarasamninga um gildissvið dánar-, slysa- og örorkutrygginga breytist þannig: „Skyllt er atvinnurekanda að tryggja launafólk það, sem samningur þessi tekur til, fyrir dauða, varanlegri læknisfræðilegri örorku og/eða tímabundinni örorku af völdum slyss við vinnu eða á eðlilegri leið frá heimili til og frá vinnustað og frá vinnustað til heimilis. Ef starfsmaður hefur vegna starfs síns viðlegustað utan heimilis kemur viðlegustaður í stað heimilis en tryggingin tekur þá einnig til eðlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar.“
- **Slys á leið til vinnu á uppsagnarfresti:** Við 2. málslíð 1. mgr. þess kafla kjarasamninga, sem fjallar um vinnuslys og atvinnusjúkdóma, bætist nýr málslíður sem hljóði svo: „Hann verður ekki skertur með uppsögn og helst óbreyttur þrátt fyrir uppsögn sem komið hefur fram áður en slys varð eða atvinnusjúkdómur kom fram.“
- **Tilkynning vinnuslysa:** Inn í kafla kjarasamninga um „dánar-, slysa og örorkutryggingar“ komi nýtt ákvæði: „Atvinnurekanda ber að tilkynna viðkomandi tryggingafélagi um öll tjón sem bótaskyld kunna að vera skv. þessum kafla kjarasamningsins.“ EÐA: „Bótakröfur á hendur tryggingafélagi skv. kafla þessum fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem launamaður fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði.“
- **Tryggingar vegna starfa erlendis:** Í kjarasamningum 2010 var gerð bókun um þetta efni. Tryggingafélag ætlaði að koma með tillögu sem

Það hefur ekki gert og SA hefur ekki opnað á breytingar. Ákvæðið um slys af völdum vélknúinna ökutækja í dánar-, slysa- og örorku-tryggingakafli kjarasamninga breytist þannig: *”Tryggingin greiðir ekki bætur vegna slyss, sem hlotist hefur af notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja hér á landi og eru bótaskyld samkvæmt lögboð-
inni ökutækjategyggingu, hvort heldur ábyrgðartryggingu eða slysa-tryggingu ökumanns og eiganda samkvæmt umferðarlögum.”*

- **Réttur til launaðra fjarvista vegna aðkallandi fjölskylduað-
stæðna:** Viðeigandi ákvæði kjarasamninga, þar sem fjallað er um veikindi barna og leyfi af óviðráðanlegum ástæðum, gæti breytist þannig: *„Fyrstu sex mánuði í starfi hjá vinnuveitanda er foreldri/
starfsmanni heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð til aðhlyningar sjúkum ósjálfráða börnum sínum undir 13 ára aldri, maka eða foreldrum enda verði annarri umönnun ekki við komið. Eftir 6 mánaða starf verður rétturinn 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Foreldri/starfsmaður heldur dagvinnulaunum sínum, svo og vaktálagi þar sem það á við.“*
- **Samfellt starf, uppsagnarfrestir og áunnin réttindi:** Aðildarsamtök ASÍ fallast ekki á túlkun Hæstaréttar í málinur nr. 381/2010 sem er á þann veg að leggja yrði þann skilningi í skilyrði kjarasamningsins um samfellt starf að starfsmaður yrði að hafa stundað starf á sama vinnu-
stað í hverjum mánuði síðustu fimm ár eða 60 mánuði fyrir uppsögn til að skilyrðið teldist uppfyllt. Bókun verði gerð þess efnis að með samfelldu starfi eða að unnið hafi verið samfellt samkvæmt ákvæðum kjarasamninga um ávinnslu réttinda og um áunnin réttindi sé átt við að starfsmaður hafi verið í samfelldu ráðningarsambandi óháð því hvort hann hafi tímabundið fallið af launaskrá. Ákvæðin um fæðingarorlof breytist síðan sérstaklega þannig að í stað orðanna „fæðingarorlof reiknast til starfstíma“ komi „fæðingarorlof telst hluti samfellds ráð-
ningarsambands“. Einnig komi sérstakt viðbótarákvæði í ákvæðið um áunnin réttindi sem segi skýrt að fyrri ráðningartími teljist að fullu til ráðningartíma við ávinnslu aukinna réttinda.
- **Greiðsla komugjalda vegna læknisvottorða:** Viðeigandi ákvæðum kjarasamninga verði breytt þannig að auk kostnaðar vegna læknisvott-
orðs, sem atvinnurekandi óskar eftir, greiði atvinnurekendur einnig komugjöld vegna öflunar þess vottorðs.
- **Um trúnaðarmenn:** Ákvæði kjarasamninga um trúnaðarmenn verði samræmdir, þ.e. að heimilt verði að kjósa 1 trúnaðarmann á vinnustöð-
um þar sem starfa 5 til 40 í stað 50. Hægt verði að víkja frá lágmarks-
fjölda starfsmanna til fjölgunar trúnaðarmanna og kjósa trúnaðarmenn

eftir deildum á deildaskiptum vinnustöðum með samkomulagi við atvinnurekanda. Aðstaða á vinnustað fyrir trúnaðarmenn verði bætt með aðgangi að læstum hirslum og aðgangi að tölvu. Í fyrirtækjum með margar starfsstöðvar verði trúnaðarmönnum veitt heimilt til þess að hittast á sameiginlegum fundi einu sinni á ári. Þar sem einungis er einn trúnaðarmaður hjá fyrirtæki eða starfsstöðvar eru fámennar og fjarri starfsstöð trúnaðarmanns skal honum gert kleift að minnsta kosti einu sinni á ári að ferðast á milli starfsstöðva. Vegna námskeiða skulu trúnaðarmenn halda óskertum launum í stað dagvinnutekna.

- **Lokun vegna force majeure aðstæðna:** Inn í kjarasamninga komi ákvæði þess efnis að geti launamaður ekki framkvæmt vinnu sína vegna eldsvoða á vinnustað eða náttúruhamfara, sem hafa áhrif á vinnustaðinn, eða af öðrum svipuðum orsökum eigi hann rétt til launa í þann tíma sem hindrun varir en þó ekki lengur en í 14 daga.
- **Lífeyrismál:** Jöfnun lífeyrisréttinda. Í kjarasamningum ASÍ og SA frá 5. maí 2011 náðist samkomulag um að stefna að því að jafna lífeyrisréttindi launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði að því er varðar greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða. Fulltrúar SA settu þann fyrirvara að ganga yrði frá vanda opinbera lífeyriskerfisins áður en til þessarar jöfnunar kæmi en lítið hefur þökast í þeim málum og vandinn haldið áfram að vaxa. Samninganefnd ASÍ telur ekki lengur fært að bíða með þetta og krefst þess að móttframlag atvinnurekenda verði hækkað úr 8 í 11,5%. Samninganefnd ASÍ óskar jafnframt eftir viðræðum við SA um nauðsynlegar breytingar á endurskoðun á kjarasamningi ASÍ og SA um málefni lífeyrissjóðanna sbr. samþykktu stefnu ASÍ í lífeyrismálum og málefnum lífeyrissjóðanna sem samninganefnd ASÍ leggur til grundvallar þessum viðræðum.

Auk ofangreindra krafna gerði samninganefndin kröfu um að eftirfarandi bókanir yrðu gerðar.

- **Tjón á tönnum við vinnuslys:** Almennt eru gildandi ákvæði þannig: „Félagið bætir þó ekki tennur sem brotna í vinnuslysi, sbr. lög um almannatryggingar, eða tennur sem brotna þegar váttryggður matast.“ Við bætist: „Þó bætir félagið þann kostnað váttryggðs vegna tannbrots í vinnuslysi sem er umfram þátttöku skv. lögum um almannatryggingar.“
- **Skaðabætur vegna ólögmatra uppsagna:** Með bókun verði ákveðið að framkvæma rannsókn/könnun með fyrirspurnarlista til allra félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ, sem félögin hafa netföng hjá, og til

aðildarfyrirtækja SA og kanna annars vegar almenna framkvæmd uppsagna (form og fresti) og hins vegar uppsagnir þeirra sem sérstakrar verndar eiga að njóta.

- **Skilgreining vaktavinnu:** „Aðilar eru sammála um þá meginreglu að vaktir skuli ávallt unnar með samfelldri vinnuskipan á degi hverjum í samræmi við starfshlutfall starfsmanna nema um annað hafi sérstaklega verið samið í kjarasamningum. Frá því skipulagi er óheimilt að víkja með ákvæðum ráðningarsamninga. Kortlagningu skv. bókun þessari skal lokið fyrir lok október 2014 og skal endurskoðun vinnutímakafla kjarasamninga hefjast í kjölfar endurskoðunar kjarasamninga í upphafi ársins 2015.“
- **Skilgreining forgangsréttar:** Til þess að taka af allan vafa um með hvaða hætti túlka beri forgangsréttarákvæði kjarasamninga verði eftirfarandi bókun gerð: „Aðilar eru sammála um að túlka beri forgangsréttarákvæði kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA þannig að þau tryggi félagsbundnu launafólki forgang umfram ófélagsbundið að þeim störfum, sem falla undir gildissvið hvers og eins kjarasamnings, og að forgangsréttarákvæði í kjarasamningum við eitt eða fleiri stéttarfélög útiloki ekki forgangsréttarákvæði í kjarasamningi við annað stéttarfélag þá er friðarskyldu við hin fyrrnefndu lýkur og samningar opnast.“



Atvinnumál


Langþráður bati fór að gera vart við sig á vinnumarkaði á árinu 2013. Þrátt fyrir að töluvert hafi dregið úr atvinnuleysi á árunum eftir hrun þá voru aðstæður á vinnumarkaði áfram erfiðar. Einstaklingum fjölgaði þannig utan vinnumarkaðar og atvinnuþátttaka fór lækkandi til ársins 2012 og á sama tíma mátti hvorki greina aukinn vinnutíma eða fjölgun starfandi einstaklinga. Var þetta til marks um ákveðna kyrrstöðu í hagkerfinu, litla fjárfestingu og hægan vöxt neyslu heimilanna. Viðsnúningur fór að gera vart við sig á árinu 2013 þegar tölur af vinnumarkaði gáfu til kynna fjölgun starfandi einstaklinga og lengri vinnutíma, bata sem að mestu hefur verið drifinn af fjölgun ferðamanna og aukinni mannvirkjagerð. Á árinu 2014 hefur ríkt ákveðið jafnvægi á vinnumarkaði sem um leið skapar ákveðnar hættur en mikil umsvif eru framundan í efnahagslífinu, stór fjárfestingarverkefni og mikil bygging íbúðarhúsnæðis sem gætu hæglega ýtt undir þenslu í ákveðnum greinum.

Á fyrri hluta ársins 2014 voru að jafnaði 10.900 einstaklingar atvinnulausir og höfðu því ekki verið færri frá því fyrir hrun. Ekki hefur orðið umtalsverð fækkun atvinnulausra milli ára sem gefur til kynna ákveðna jafnvægisstöðu á vinnumarkaði. Bati á vinnumarkaði hefur þannig fremur komið fram í meiri atvinnuþátttöku, fjölgun starfandi og lengri vinnutíma. Þannig voru um sex þúsund fleiri einstaklingar starfandi árið 2013 heldur en árið á undan og kom meirihluti þeirrar fjölgunar fram í fleiri störfum í verslun, gistingu og veitingaþjónustu. Þessi fjölgun starfa hefur haldið áfram á fyrri hluta ársins 2014 en sé borið saman við sama tímabil árið á undan hefur starfandi fjölgað um þrjú þúsund einstaklinga.

Ljóst er að fjölgun erlendra ferðamanna hefur verið meginþrífur bata á vinnumarkaði undanfarin misseri en áhrif af þessari fjölgun gætir víða og kallar á fjölgun starfsfólks í verslun, þjónustu, samgöngum og fjölda afleiddra starfa. Þessi fjölbreytni lágmarkar mismæmi og dregur úr kerfisbundnu atvinnuleysi þar sem störfum hefur fjölgað í flestum atvinnugreinum og í flestum landshlutum og ætti það að geta gert einstaklingum auðveldara með að finna atvinnu. Langtímaatvinnuleysi er þó áfram mikið en samkvæmt skráningu Vinnuálastofnunar hefur yfir fjórðungur atvinnulausra verið án atvinnu í eitt ár eða lengur. Hlutfallið var hæst 41% en lækkaði umtalsvert þegar ákvæði um framlengingu bótaréttar féll úr gildi í byrjun árs 2013.

Vinnumarkaðsátakið Liðsstyrkur var sett af stað til stuðnings þeim sem misstu rétt til atvinnuleysisbóta þegar tímabundin framlenging féll úr gildi. Liðsstyrkur var samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins með það að markmiði að virkja atvinnuleitendur til þátttöku á vinnumarkaði. Auglýst störf voru fleiri en áætlað hafði verið en á móti voru atvinnuleitendur færri. Á haustmánuðum 2013 höfðu yfir 2500 störf verið auglýst innan verkefnisins; í heild tókst að útvega um þúsund atvinnuleitendum störf og af þeim var meirihluti á almennum vinnumarkaði.

Atvinnuleysi eftir landshlutum – júní 2014



Heimild: Vinnumálastofnun

Ef horft er fram hjá Suðurnesjum hefur atvinnuleysi verið talsvert lægra á landsbyggðinni heldur en höfuðborgarsvæðinu. Í lok júní var 3,6% atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu en einungis 2,5% á landsbyggðinni. Þar af hefur atvinnuleysi verið lægst á Norðurlandi vestra og á Austurlandi eða einungis 1,5%.

Dregið hefur úr atvinnuleysi innan flestra atvinnugreina milli ára en þó sérstaklega í mannvirkjagerð þar sem atvinnulausum hefur fækkað um 173 einstaklinga eða um 40% milli ára. Flestir atvinnulausir voru áður starfandi í verslun, iðnaði, gistingu og veitingaþjónustu eða um þriðjungur af heildarfjöldanum.

Tæpur helmingur atvinnulausra hefur ekki lokið námi á hærra stigi en grunnaskólastigi en þetta hlutfall hefur farið minnkandi síðustu ár á meðan einstaklingar með háskólagráðu eru nú vaxandi hluti af atvinnulausum. Að einhverju leyti er þetta til marks um hvar störfum hefur fjölgað undanfarin misseri en fjölgun starfa í mannvirkjagerð og ferðaþjónustu hefur ekki dregið jafn hratt úr atvinnuleysi háskólamenntaðra og þeirra sem hafa lokið grunn-skóla-, framhaldsskóla eða iðnnámi.

Á vinnumarkaði hefur ríkt ákveðið jafnvægi á árinu 2014. Þar við bætist að verðbólga hefur verið undir markmiði á fyrri helmingi ársins og gengi

krónunnar haldist stöðugt sem gefur til kynna að slaki sé að mestu horfinn úr hagkerfinu. Þannig er hætta á því að aukin umsvif, m.a. í stóriðju og mannvirkjagerð, komi til með að ýta undir þenslu á vinnumarkaði.



Velferðarmál

Kaupmáttur


Kaupmáttur launa óx í byrjun árs 2013, þegar kjarasamningar voru fram-
lengdir í febrúar, og hélst nokkuð stöðugur út árið 2013. Kaupmáttur launa
hélt áfram að aukast í byrjun árs 2014, líkt og í byrjun árs 2013, vegna nýs
kjarasamnings sem undirritaður var í lok árs 2013 og tók gildi í upphafi árs
þegar laun hækkðu um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000. Að auki hækkðu
lágmarkslaun í dagvinnu úr 204.000 kr. í 214.000 kr.

Verðlag hafði í júlí 2014 hækkað um 2,4% á síðustu 12 mánuðum en á sama
tíma hækkðu laun á vinnumarkaði um 5,9%. Kaupmáttur launa hefur því
vaxið um 3,5% á tímabilinu. Það sem af er ári hefur kaupmáttur launa aukist
í hverjum mánuði, að febrúar undanskildum, og er kaupmáttur nú svipaður
og á árinu 2006 en um 2% lægri en hann var þegar best lét í ársbyrjun
2008.

Samkvæmt launavísitölu hækkðu regluleg laun að meðaltali um 5,7% á árinu
2013. Laun á almennum vinnumarkaði hækkðu að meðaltali um 6,1% á árinu
2013 en 4,9% að meðaltali hjá opinberum starfsmönnum. Þegar tekið er tillit
til verðbólgu á árinu 2013 jókst kaupmáttur launa að meðaltali um 1,7% á
almennum vinnumarkaði en um 0,6% hjá opinberum starfsmönnum.

Í janúar 2014 tók gildi kjarasamningur þar sem kveðið var á um almenna hækkun launataxta um 2,8% en þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir fullt starf. Einnig var kveðið á um sérstaka hækkun lægstu kauptaxta. Á öðrum ársfjórðungi 2014 voru regluleg laun að meðaltali 5,4% hærra en í öðrum ársfjórðungi árið áður. Á sama tímabili hækkuðu laun á almennum vinnu- markaði um 5,8% en laun opinberra starfsmanna um 4,6% að meðaltali, þar af hækkuðu laun ríkisstarfsmanna um 5,5% og starfsmanna sveitarfélaga um 3,5%.


Á almennum vinnu- markaði hækkuðu laun á öðrum ársfjórðungi 2014, sam- anborið við sama tíma árið áður, mest hjá þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki (6,5%), skrifstofufólki, tæknum og sérmenntuðu starfsfólki (6,1%), sér- fræðingum (5,9%), stjórnendum og verkafólki um (5,9%) en iðnaðarmenn reka lestina (5,3%).



Ráðstöfunartekjur

Ráðstöfunartekjur heimilanna hafa aukist sl. misseri vegna batnandi atvinnu- ástands, lengri vinnutíma og launahækkana. Samhliða þessu hefur bætt eigna- staða heimilanna ásamt aðgerðum ríkistjórnarinnar vegna skuldalækkunar haft jákvæð áhrif á kaupmátt. Til viðbótar hefur 12 mánaða verðbólga mælst undir verðbólgu- markmiðum Seðlabankans sjö mánuði í röð. Seðlabankinn áætlar að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi vaxið um 4,5% á árinu 2013 og muni á árinu 2014 vaxa um 4,9%. Hins vegar gera spár ráð fyrir því að verulega hægi

á vexti kaupmáttar ráðstöfunartekna á árinu 2015 og 2016 og hann verði um 3,0% en þá dregur úr aðgerðum til aðstoðar skuldugum heimilum.



Skuldir og fjárhagur heimilanna

Skuldir íslenskra heimila sem hlutfall af vergrí landsframleiðslu (VLF) hafa þrefaldast undanfarinn aldarfjórðung. Árið 2007 náði skuldsetning heimilanna hámarki og í efnahagshruninu árið 2008 hrundi gengi krónunnar um meira en helming sem þrýsti upp gengisbundnum og verðtrygðum lánum í verðbólgukskoti sem fylgi í kjölfarið. Fjöldi heimila sat eftir yfirveðsett þar sem íbúðaverð lækkaði um þriðjung að raunvirði á sama tíma. Skuldir heimilanna námu hæst 133,5% af VLF á fyrsta ársfjórðungi 2009 en til samanburðar námu heildarskuldir heimila um 46% af VLF árið 1990 og 85,2% af VLF í upphafi árs 2004.

Í tölum Seðlabankans kemur fram að skuldir heimilanna námu um 105% af VLF í árslok 2013 og er það 5% lækkun frá sama tíma og í fyrra og 3,5% lækkun á árinu 2012. Skuldir heimilanna hafa því lækkað stöðugt, samtals um 28%, frá því þær voru mestar á fyrsta ársfjórðungi 2009. Þrátt fyrir áframhaldandi lækkun skulda heimilanna er skuldsetning heimilanna enn mikil í alþjóðlegum samanburði þar sem heimilin söfnuðu gríðarlegum skuldum í aðdraganda hrunsins. Lækkun skulda heimilanna má helst rekja til endurútreiknings lánasamninga vegna ólögmetra gengistryggðra lána og aðgerða stjórnvalda á borð við sérstaka skuldaaðlögun og 110% leiðina fyrir yfirveðsett lán. Vegna þessara úrræða hafa skuldir heimilanna lækkað um 224 milljarða króna eða 14% af VLF á síðustu árum.

Horfur eru á að skuldir heimilanna lækki enn frekar á næstu árum vegna aðgerðaáætlunar ríkisstjórnarinnar til lækkunar á húsnæðisskuldum heimil-

anna sem stjórnvöld kynntu í desember 2013. Aðgerðin er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða lækkun á höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, hjá þeim sem skulduðu slík lán á tímabilinu frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2009. Ekki liggur fyrir hver endanleg lækkun skulda verður en það fer eftir fjölda þeirra heimila sem sækja um lækkun en hámarkslækkun skulda á hvert heimili er 4 milljónir króna. Hins vegar felur aðgerðin í sér skattaívilnun til þeirra sem á tímabilinu frá 1. júlí 2014 til 30. júní 2017 ráðstafa séreignarlífeyrissparnaði sínum til greiðslu inn á höfuðstól húsnæðislána. Heimildin nær bæði til eigin framlags launamanns og framlags launagreiðenda. Hámarksfjárhæð séreignarsparnaðar, sem heimilt er að ráðstafa inn á húsnæðislán, nemur kr. 750.000 á ári hjá hjónum og sambúðarfólki eða samtals 2.250.000 á tímabilinu og hjá einstaklingum kr. 500.000 á ári eða samtals kr. 1.500.000 á tímabilinu. Þeim sem ekki eiga íbúðarhúsnæði er einnig heimilt að ráðstafa sömu upphæðum séreignarsparnaðar skattfrjálst til kaupa á húsnæði til 30. júní 2019.

Heildarumfang lækkunarinnar er metið á um 150 milljarða kr. en aðgerðin mun dreifast yfir fjögurra ára tímabil. Þar af er gert ráð fyrir að færa niður verðtryggðar skuldir heimila um 72 ma. kr. í gegnum ríkissjóð og ná að auki fram 70 ma. kr. lækkun með því að nýta séreignarlífeyrissparnað til niðurgreiðslu húsnæðisskulda. Áætlað er að fjármagna skuldalækkunina með sér-tökum bankaskatti á fjármálafyrirtæki og bú fallinna fjármálafyrirtækja. Tekið var á móti umsóknum um lækkun verðtryggðra húsnæðislána á tímabilinu frá 18. maí til 1. september 2014. Tæplega 70 þúsund umsóknir bárust ríkisskattstjóra sem sér um framkvæmdina og um 25 þúsund umsóknir hafa borist vegna ráðstöfunar á séreignarsparnaði inn á húsnæðislán eða húsnæðissparnað en áfram verður unnt að sækja um þá leið. Niðurstöður útreikninga um fjárhæðir skuldalækkunarinnar eiga að liggja fyrir um mánaðarmótin september/október 2014 og fyrstu greiðslu er að vænta þann 1. nóvember 2014.

Hlutfall skulda af ráðstöfunartekjum heldur áfram að lækka líkt og undanfarin ár en í árslok 2013 var hlutfallið 223% og hefur því lækkað um 11% ár árinu 2013 en hæst var það tæplega 280% í árslok 2010 í kjölfar mikils samdráttar ráðstöfunartekna.

Ný útlán til heimila voru um 2% minni á fyrsta ársfjórðungi 2014 en á sama tímabili árið áður. Skuldasetning heimilanna hefur tekið nokkrum breytingum undanfarin misseri þar sem hlutur óverðtryggðra lána jókst verulega árið 2012 en á móti lækkaði vægi verðtryggðra og gengisbundinna lána. Þrátt fyrir þetta vega verðtryggð lán enn þýngst í skuldum heimilanna, eða um 55%, en um 39% eru óverðtryggð lán.

Vanskil heimila jukust mikið í efnahagserfiðleikunum og voru mest í lok desember 2010 eða um 20% af heildarútlánnum þriggja stærstu viðskiptabank-

anna og Íbúðalánasjóðs m.v. bókfært virði og lánþegaaðferð³. Vanskil hafa minnkað frá lokum árs 2010 en vanskilahlutfall útlána hjá þremur stærstu viðskiptabönkunum lækkuðu úr 15,2% í árslok 2012 niður í 12,5% í árslok 2013. Fjármálaeftirlitið fór fram á nokkuð breytta aðferðafræði við skilgreiningu vanskila en við það hækkaði mælt vanskilahlutfall fyrirtækjalána stóru viðskiptabankanna þriggja um 3,3% í ágúst og september 2013. Talið er að líklega muni vanskilahlutfallið minnka álíka mikið á síðari hluta ársins 2013 og á þeim fyrri sé tekið tillit til þessara breytinga. Þrátt fyrir að vanskil heimila hafi lækkað þá fjölgaði einstaklingum á vanskilaskrá um 5.000 um mitt ár 2013 en þeim hefur fækkað síðan þá og voru einstaklingar á vanskilaskrá um 27.000 um mitt ár 2014. Þó að einstaklingum á vanskilaskrá hafi fjölgaði á þessu tímabili varð sú jákvæða þróun á sama tíma að einstaklingum, sem fóru út af vanskilaskrá í hverjum mánuði, hélt áfram að fjölga. Búast má við að einstaklingum á vanskilaskrá haldi áfram að fækka ef þeim sem fara út af vanskilaskrá heldur áfram að fjölga.

Fjöldi einstaklinga á vanskilaskrá, sem var með skráð gjaldþrot og árangurslaus fjárnám, náði einnig hámarki um mitt ár 2013 en þessum einstaklingum hefur farið fækkandi síðan þá. Á árinu 2013 fjölgaði skráðum gjaldþrotum um 44% milli ára og voru 396 á árinu 2013. Breytingin, sem átti sér stað í lok árs 2010 er varða gjaldþrotalög, hefur líklega þau áhrif að fjölga gjaldþrotum þar sem fyrmingartíminn fór úr fjórum árum í tvö.

Hátt í 5.000 einstaklingar hafa sótt um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara frá því að úrræðinu var komið á fót um mitt ár 2010 og af þeim hafa vel yfir 4.000 umsóknir verið afgreiddar. Langflestar umsóknirnar komu inn á árinu 2011. Leigjendum og yngra fólki hefur fjölgað meðal umsækjenda og er greiðslugeta þeirra sem nú leita sér aðstoðar mun minni en verið hefur. Þessar tölur endurspeglar að öllum líkindum þá erfiðu stöðu sem er á leigumarkaði og lítinn opinberan stuðning við leigjendur.

Velferðarkerfið

Mikið aðhald hefur verið í opinberum rekstri undanfarin ár eftir hrun og hefur það sett mark sitt á alla umræðu um þjónustu hins opinbera á sviði velferðar- og heilbrigðis- og tryggingamála á liðnum misserum. Niðurskurður í heilbrigðiskerfinu á undanförunum árum segir nú verulega til sín og hefur víðtæk áhrif á starfsemi heilbrigðisstofnana. Alþýðusambandið hefur á árinu ítrekað vakið athygli á aukinni greiðsluþátttöku sjúklinga í lyfjum og heilbrigðiskostnaði og lýst áhyggjum af því að hún leggist þungt á sjúklinga og

³ Með lánþegaaðferð teljast öll lán viðskiptavinar í vanskilum ef eitt lán er komið í vanskil. (e. cross default method).

tekjulægri hópa og sé til þess fallin að hindra aðgengi að þjónustunni og auka misskiptingu. Nýleg rannsókn Félagsvísindastofnunar sýnir að allt að þriðjungur Íslendinga frestaði því í fyrra að sækja sér nauðsynlega lækniþjónustu en öryrkjar og lágtekjufólk eru enn líklegri til að hafa frestað því að sækja sér heilbrigðisþjónustu. Verulegt áhyggjuefni er hversu margir nefna kostnað sem aðalástæðu þess að þeir fresti því að leita sér lækninga og ætti sú staðreynd að vera stjórnvöldum umhugsunarefni þegar mótuð er stefna um gjaldtöku í heilbrigðisþjónustunni.

Almannatryggingar

Þann 1. janúar 2014 voru gerðar eftirtaldar breytingar:

- Fjárhæðir bóta almannatrygginga hækkuðu um 3,6%. Sérstakt álag var sett á orlofs- og desemberuppbætur almannatrygginga fyrir árið 2011 til samræmis við kjarasamninga á vinnumarkaði en þær verða á árinu 2014 sambærilegar og fyrir árin 2011, 2012 og 2013, þ.e. orlofsuppbót verður 20% af tekjutryggingu og heimilisuppbót og desemberuppbót verður 30% af tekjutryggingu og heimilisuppbót.
- Lágmarksframfærslutrygging hækkar um 3,6%, úr kr. 210.922 í kr. 218.515 fyrir einstakling sem býr einn en úr kr. 181.769 í kr. 188.313 fyrir einstakling í sambúð.
- Frítekjumörk vegna lífeyrissjóðstekna ellilífeyrisþega hækka úr 15.800 kr í 21.600 krónur á mánuði. Önnur frítekjumörk vegna atvinnutekna og fjármagnstekna haldast óbreytt sem og frítekjumörk örorkulífeyrisþega.
- Áhrif tekna á tekjutryggingu elli- og örorkulífeyrisþega verður 38,35% í stað 45% og jafnframt dregur úr áhrifum tekna á heimilisuppbótina.
- Grunnatvinnuleysisbætur hækka um 3,6%, úr kr. 172.609 kr. í 178.823 á mánuði.
- Lágmarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og fæðingastyrkur hækka um 2,9% úr 131.587 kr. í 135.525 kr. á mánuði. Hámarksgreiðslur úr sjóðnum hækka úr 350.000 kr. í 370.000 kr. á mánuði.

Stjórn ASÍ-UNG mótmælti þessu í ályktun sinni þann 6. nóvember 2013:

Stjórn ASÍ-UNG skorar á ríkisstjórnina að breyta forgangsöröðun.

Stjórn ASÍ-UNG lýsir yfir vonbrigðum með neikvæða stefnu ríkisstjórnarinnar um málefni ungs fólks. Fyrstu misseri nýrrar ríkisstjórnar bera þess merki að forgangsöröðun málaflokka sé ekki hliðholl ungu fólki. Fjárlagafrumvarpið felur í sér mikinn niðurskurð til menntamála og breytingar á

skattaálögum þjóna ekki hagsmunum ungs fólks. Til að bæta gráu ofan á svart er svo fallið frá áætlaðri réttindaaukningu fólks til fæðingar- og foreldraorlofs.

Með vísan í framangreint skorar stjórn ASÍ-UNG því á ríkisstjórnina að hverfa frá nefndum ógæfusporum og forgangsraða í þágu ungs fólks í stað eignafólks og auðmanna.

Alþýðusambandið hefur á árinu tekið þátt í viðtækri vinnu við endurskoðun á almannatryggingakerfinu. Sjá nánar umfjöllun um endurskoðun almanna-trygginga í kaflanum um lífeyrismál.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna er sú lágmarksframfærsla sem sveitarfélögum ber að tryggja öllum íbúum sínum. Fyrir þá einstaklinga, sem missa atvinnu og eiga engan eða lítinn rétt til atvinnuleysisbóta eða hafa fullnýtt bótarétt sinn, er fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna sú lágmarksframfærsla sem þeir þurfa að reida sig á. Í kjölfar efnahagsástandsins fjölgaði mjög í hópi þeirra sem þurfa að leita til sveitarfélags síns vegna fjárhagsaðstoðar. Leiðbeinandi grunnfjárhæð var gefin út í ársbyrjun 2011 af velferðarráðuneytinu og var hún 149.500 kr. og hefur verið óbreytt síðan en árið 2011 voru sveitarfélög hvött til þess að grunnfjárhæð yrði hækkuð og yrði sambærileg framfærslu einstaklinga á atvinnuleysisbótum. Sveitarfélögin eru með mjög misháa grunnfjárhæð. Reykjavíkurborg er með hæstu grunnfjárhæðina eða 169.199 kr. á mánuði. Önnur sveitarfélög eru með grunnfjárhæð allt frá rúmum 125.000 kr. og upp í rúmar 150.000 kr.

Samkvæmt leiðbeinandi reglum velferðarráðuneytisins skal miða fjárhagsaðstoð við hjón og fólk í sambúð við 1,6 falda grunnfjárhæð eða 253.799 kr. á mánuði ef miðað er við grunnfjárhæð Reykjavíkurborgar. Þeim sem fengið hafa fjárhagsaðstoð hefur fjölgað jafnt og þétt til ársins 2012 en samkvæmt fyrirliggjandi tölum frá Reykjavíkurborg fyrir fyrstu sjö mánuði ársins 2014 fækkaði einstaklingum á fjárhagsaðstoð um 2% frá sama tímabili árið áður. Þrátt fyrir að einstaklingum, sem þiggja fjárhagsaðstoð, fækki milli tímabilanna fær hver einstaklingur að meðaltali fleiri greiðslur samanborið við árið áður. Skilyrði fjárhagsaðstoðar eru mjög þröng og taka mið af heimilistekjum viðkomandi einstaklings, og maka ef við á, og því fellur að líkindum verulegur hluti þess hóps utan allra kerfa.


Heimilum, sem fengu fjárhagsaðstoð, fjölgaði lítið milli áronna 2011 og 2012 en heildartölur fyrir árið 2013 liggja ekki fyrir. Vísendingar eru hins

vegar um að á árinu 2013 hafi heimilum, sem fengu fjárhagsaðstoð, fjölgað sem einkum má rekja til þess að hámarksbótatímabil atvinnuleysisbóta var stytt úr 4 árum í 3 ár. Afleiðingar aukins atvinnuleysis eftir hrun hafa endurspeglast í tölum um fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna en árið 2012 þáðu um 7.700 heimili fjárhagsaðstoð og eru það helmingi fleiri heimili en árið 2007. Fjölmennustu hóparnir, sem fá fjárhagsaðstoð, eru sem fyrr einstæðir barnlausir karlar (43%) og einstæðar konur með börn (27,1%).

Þeir einstaklingar og fjölskyldur, sem þurfa að reiða sig á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, verða að jafnaði fyrir nokkrum tekjumissi þegar viðkomandi færast af atvinnuleysisbótum yfir á fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna. Huga þarf að því að bæta stöðu þeirra sem lokið hafa rétti sínum til atvinnuleysisbóta og detta alfarið út af bótum ef maki þeirra er í launaðri vinnu með tekjur yfir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Mikilvægt er að skilgreina þarfir fyrir alla þá einstaklinga, sem leita til sveitarfélaganna, og bjóða upp á varanleg úrræði.

Samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins og þau verkefni, sem ráðist hefur verið í eftir hrun, staðfesta mikilvægi þess að beita virkum vinnumarkaðsaðgerðum til að draga úr atvinnuleysi og auðvelda fólki, sem misst hefur vinnuna, endurkomu á vinnumarkaðinn. Þær eru jafnframt besta leiðin til að koma í veg fyrir að einstaklingar fullnýti bótarétt sinn í atvinnuleysistryggingakerfinu og þurfi að leita eftir fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna. Markvissar vinnumarkaðsaðgerðir og starfsendurhæfing eru þannig best til þess fallnar að bregðast við og draga úr langtímaatvinnuleysi sem leitt getur til örorku.

Útgjöld sveitarfélaganna til fjárhagsaðstoðar voru rúmlega 4 ma. kr. á árinu 2012 og höfðu þá hækkað um 75% á föstu verðlagi frá árinu 2005. Á sama tíma hefur meðalfjárhæð fjárhagsaðstoðar á mánuði hins vegar lækkað að raungildi um 11% og var á árinu 2012 um 97.200 kr. á mánuði.



Húsnæðismál

Núverandi velferðar- og húsnæðismálaráðherra sýndi tillögum ASÍ í húsnæðismálum, sem kynntar voru í aðdraganda síðustu Alþingiskosninga, talsverðan áhuga. Settir voru vinnuhópar á vegum ráðuneytisins sem fjölluðu um alla helstu þætti nýs húsnæðiskerfis. Margt af tillögum ASÍ náði í gegn í niðurstöðum verkefnastjórnar ráðuneytisins. Þegar tillögur hennar voru að klára að mótast í mars 2014 og fyrir lá sérstök greining fyrirtækisins Analytica, gerði ASÍ eftirfarandi bókun af sinni hálfu:

ASÍ er sammála niðurstöðum í skýrslu Analytica, KPMG og EC Consulting um almenna fjármögnun húsnæðisveðlana, þar sem lagt er til að hér verði tekið upp húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd. ASÍ telur að þær ábendingar og ráðleggingar um fjármálataknilega útfærslu danska kerfisins hér á landi, einkum er lýtur að útfærslu jafnvægisreglunnar (balanceprincippet) og hvað varðar meiri takmarkanir á möguleikum banka og/eða einstaklinga á að stunda nánast spákaupmennsku um vaxtaþróun á markaði.

Hvað aðra þætti í skýrslunni varðar gerir ASÍ eftirtaldar athugasemdir:

Almennur leigumarkaður og búseturéttarkerfi

Í skýrslunni er lítið fjallað um stöðu almennra leigufélaga og búseturéttarfélaga. Það er skoðun ASÍ að ef danska húsnæðislánakerfið verði tekið upp sé afar mikilvægt að standa vörð um þann hluta þess kerfis sem fjallar um fjármögnun þess á almennum leiguþjúðum og búseturéttarþjúðum. Huga verði

að því að húsnæðissamvinnufélög, sem rekin eru til almannaheilla, geti fyrir hönd félagsmanna tekið húsnæðislán í þessu kerfi.

Lán á lægri vöxtum eða stofnstyrkir

Í skýrslunni er lagt til að í stað núverandi fyrirkomulags, þ.e. að ríkið veiti lán til aðila sem byggja og reka félagslegt leiguhúsnæði með vaxtakjörum sem eru lægri en gengur og gerist á fjármálamarkaði, þar sem vaxtamunur er meira og minna ófjármagnaður, staðgreiði ríkið núvirta vaxtaniðurgreiðslu sína á líftíma lána, 23–28% byggingakostnaðar. Þó ASÍ telji slíkt fyrirkomulag geta stuðlað að meiri stöðugleika í húsnæðismálum viðkomandi íbúa gagnvart sífellnum breytingum á fyrirkomulagi opinberrar aðstoðar, telur sambandið aðrar og hagkvæmari leiðir færar til þess að ná þessu markmiði. Það gefur augaleið að verði stofnkostnaðarstyrkjaleiðin valin, þar sem framtíðarstuðningur ríkisins er núvirtur og staðgreiddur, verði sú brýna þörf, sem nú er á því að hraða uppbyggingu þessa kerfis með byggingu a.m.k. 600 íbúða á hverju ári, ekki framkvæmanleg vegna gífurlegs kostnaðar ríkissjóðs.

Nýtt félagslegt húsnæðiskerfi

Það er og hefur verið mat ASÍ að nauðsynlegt sé að tryggja húsnæðisúrræði fyrir þá hópa í samfélaginu sem tekna eða aðstæðna sinna vegna ráða ekki við markaðslegar forsendur á fjármálamarkaði og þarfnast sérstaks stuðnings til þess að leiga verði þeim viðráðanleg og úsættanlegt hlutfall tekna. ASÍ hefur kynnt ítarlegar tillögur sínar í þessu efni með útgáfu sérstakrar skýrslu um „Nýtt félagslegt húsnæðiskerfi“ sem fylgir bókun þessari. Á fundi samvinnuhópsins gerði talsmaður verkefnastjórnar grein fyrir því að hún myndi kynna ítarlegar tillögur sem taka muni á hinum félagslega þætti.

ASÍ telur mikilvægt að halda því til haga að þegar kemur að mótun félagslegs húsnæðiskerfis verði byggt m.a. á eftirfarandi:

- *Bygging og rekstur þess félagslega húsnæðiskerfisins verði almennt í höndum húsnæðissamvinnufélaga (búseturéttarfélaga) sem löng hefð er fyrir í dönsku og íslensku samfélagi. Það félagsform er ekki hagnaðardrifið (e. non profit), starfar í almannáþágu og tryggir aðkomu íbúa (íbúalýðræði).*
- *Nýframkvæmdir eða kaup verði fjármagnaðar að mestu í gegnum hinar almennu húsnæðisveðlánastofnanir, hinar sömu og fjármagna húsnæðisveðlán almennt. Þannig verður betur hægt að tryggja þessum félögum lægri vexti með því að þjóðin öll dreifi áhættunni með þeim.*
- *Stuðningur ríkis- og sveitarfélaga, sem miðar að því að gera leiguna fyrir*

- íbúa viðráðanlega, felist í;*
- 2% framlagi frá íbúum sem endurgreiðist við flutning (jafngildir í raun 3ja mánaða leigu),
 - 14% stofnframlögum sveitarfélaga, vaxtalaust lán (oft í formi lóða og gatnagerðargjalda) sem endurgreiðast þegar almenn lán hafa verið endurgreidd,
 - 84% almennt húsnæðislán á markaði, þar sem ríkið með skuldbindandi samningum niðurgreiðir vexti á líftíma lánsins með ákveðnum forsendum (vaxtasamningum) og
 - ábyrgð sveitarfélaganna á þeim hluta lánsins sem er umfram 65% af verðmæti húsnæðisins.
- Kerfið verði í höndum sveitarfélaganna þar sem stuðningur er háður því að viðkomandi sveitarfélag hafi samþykkt að markmið viðkomandi samvinnufélags samræmist og séu innan þess ramma sem dreginn er utan um húsnæðisadstoð við íbúana. Eðlilegt er að gera ráð fyrir því að ríkið gefi út heimildir fyrir tilteknum fjölda íbúða í viðkomandi sveitarfélagi og sé í framhaldinu skuldbundið til að taka þátt í greiðslu vaxta á líftíma þess láns sem aflað er. Vaxtaniðurgreiðsla er ráðstafað beint til viðkomandi húsnæðisveðlánastofnunar en ekki til húsnæðissamvinnufélagsins.
 - Reynsla annarra þjóða af því að byggja inn í félagslega húsnæðiskerfið sítengingu við tekjulegar aðstæður íbúanna er afar slæm og býr til fátækragildirur. Því er lögð áhersla á „múrsteinsstyrki“ sem þýðir að breytt félagsleg staða íbúa raskar ekki búseturétti eftir að þeir eru komnir inn í kerfið. Þess í stað er miðað við litlar og hóflegar íbúðir.
 - Gegn þessari adstoð fær viðkomandi sveitarfélag ráðstöfunarrétt yfir tilteknum fjölda lausra íbúða hjá húsnæðissamvinnufélaginu í þágu skjólstaðinga sinna til að tryggja dreifðara og fjölbreyttara íbúamynstur.
 - Til að tryggja að leiga verði íbúum viðráðanleg verður mánaðarleg greiðsla búseturéttar að geta haldist um 2,8–3% af byggingarkostnaði sem hækki að hámarki árlega um ekki meira en $\frac{3}{4}$ af hækkun vísitölu neysliverðs eða launa, eftir því hvor þeirra er lægri.
 - Annar rekstrarkostnaður og eðlilegt framlag til viðhalds innheimtist með leigu.
 - Að lokinni uppgreiðslu lána er greiðslum íbúanna umfram annan rekstrarkostnað ráðstafað nokkuð jafnt til;
 - stofnframlagasjóðs sem til ráðstöfunar er á landsvísu til þess að styðja byggingu nýs húsnæðis,
 - viðhalds- og endurnýjunarsjóðs sem staðið getur undir kostnaðarsömum endurbótum húsnæðis í eigu gamalla húsnæðissamvinnufélaga og loks

- til nýbyggingasjóðs viðkomandi húsnæðissamvinnufélags. Til langs tíma verður kerfið sjálfbært því því að íbúagreiðslur fjármagna nýframkvæmdir.

Það er eindregin skoðun ASÍ að kerfi byggt upp eins og hér hefur verið lýst og sem grundvallast á múrsteinsstyrkjum og vaxtasamningum sé það kerfi sem leggja beri til að komið verði á hér á landi. Kerfið sjálft tryggir talsverða blöndun byggðar einfaldlega vegna þess að breytt félagsleg staða raskar ekki búseturétti og þar sem sveitarfélögin fá tiltekið hlutfall íbúða í hverri framkvæmd til ráðstöfunar. Það er þó ekki nóg til þess að ná fram félagslegri blöndun. Sveitarfélög verða að auki að haga skipulagi með þeim hætti að tvinnuð sé saman stefna sveitarfélagsins í skipulags- og félagsmálum með þeim hætti að blandað sé saman á skipulagsreiti eignaríbúðum, almennum leiguíbúðum, almennum búseturéttaríbúðum og því sem kalla má sérstökum „búseturéttaríbúðum“ eins og lýst hefur verið hér að framan.

Framtíð Íbúðalánasjóðs

ASÍ tekur undir tillögur skýrslunnar um að sett verði á laggirnar Húsnæðisstofnun á vegum ráðuneytisins sem hafi yfirumsjón með aðkomu stjórnvalda að húsnæðismálum, þ.m.t. yfirumsjón með félagslega húsnæðiskerfinu. Jafnframt telur ASÍ mikilvægt að fortíðarvandi Íbúðalánasjóðs verði leystur með því að taka þau lán, sem Íbúðalánasjóður tók með sölu óuppgerðanlegra skuldabréfa á markaði á grundvelli löggjafarinnar frá 2004, ásamt þeim útlánum sem sjóðurinn veitti á grundvelli þessara útbóða, í sérstakan sjóð sem unnið verði sérstaklega úr. Það sem þá stendur eftir af efnahagsreikningi Íbúðalánasjóðs (húsnæðislán á grundvelli eldri lánakerfa), að öllum líkindum um 100 milljarðar króna ásamt núverandi eigin fé sjóðsins, verði lagt til grundvallar nýju hlutafélagi í eigu ríkisins sem starfi á grundvelli nýrra laga um húsnæðisveðlánastofnanir að danskri fyrirmynd. Þetta verði gert samhliða lagasetningu um nýjar húsnæðisveðlánastofnanir. Þannig verði þegar í upphafi til öflugt húsnæðisveðlánafyrirtæki með mikla þekkingu á almennum húsnæðismarkaði og íslenskum verðbréfamarkaði og sem starfa mun samhliða og í samkeppni við aðrar húsnæðisveðlánastofnanir. Afar mikilvægt er að við svo mikla en nauðsynlega umbreytingu húsnæðislánamarkaðarins verði reynt að byggja í eins ríku mæli á meginstöðum núverandi kerfis sem almenningur bæði þekkir og treystir. Engin rök eru fyrir að við slíkar breytingar byrji ríkið á því að leggja niður eigin stofnanir í stað þess að breyta þeim í almenn hlutafélög sem starfi á sama grunni og einkarekin fyrirtæki. Þannig var íslenska fjármálakerfinu, sem að mestu var rekið af ríkisbönkum, breytt fyrir nokkrum árum og ekki ástæða til annars nú. Þessi húsnæðisveðlánastofnun gæti þjón-

ustað smærri fjármálafyrirtæki á borð við sparisjóði eða lífeyrissjóði eins og fram kemur í skýrslunni.“

Í apríl 2014 kynnti ASÍ síðan ýtarlega útfærðar og kostnaðarmetnar tillögur sínar um uppbyggingu nýs félagslegs húsnæðiserfis.

Nýtt félagslegt húsnæðiskerfi - ítarleg úrfærsla og kostnaðarmat

Inngangur og meginforsendur

Þróun á húsnæðismarkaði hefur verið tekjulágum einstaklingum einstaklega erfið sl. áratug eftir að félagslega húsnæðiskerfið var í reynd aflagt upp úr aldamótum. Framan af má rekja þessi vandamál til mikillar hækkunar á fasteignaverði, einkum á höfuðborgarsvæðinu, sem gerði þessum hópum í raun bæði ókleift að kaupa eða leigja sér húsnæði. Kannanir Hagstofu Íslands sýndu að áður en að hrúni fjármálakerfisins kom árið 2008 voru stórir hópar í samfélagi okkar þegar kommir í þá stöðu að húsnæðiskostnaður var óbærilega hár. Þessir hópar eru og hafa verið í læstri stöðu. Þeir komast ekki af eigin rammleik inn á húsnæðismarkaðinn en fá heldur ekki aðgang að félagslegu kerfi sveitarfélaganna. Við hrúnið versnaði staða þessara hópa enn frekar. ASÍ telur þess vegna nauðsynlegt að tryggja húsnæðisúrræði fyrir þá hópa í samfélaginu sem vegna aðstæðna sinna ráða ekki við markaðslegar forsendur á fjármálamarkaði og þarfnast sérstaks stuðnings til þess að húsnæðiskostnaður þeirra verði viðráðanlegur og fari ekki yfir ásættanlegt hlutfall tekna. Miðað við reynslu Norðurlandanna og annarra ríkja Norður Evrópu lætur nærri að hér sé þörf fyrir að um fimmtungur alls íbúðarhúsnæðis verði með slíkum stuðningi og er þá horft til fólks á vinnumarkaði sem er í neðri hluta tekjudreifingarinnar, íbúðir fyrir námsmenn, íbúðir fyrir aldraða og íbúðir fyrir skjólstæðinga félagsþjónustu sveitarfélaganna. Til samanburðar má ætla að nú séu einungis um 5% af íbúðarhúsnæði á Íslandi með einhverjum opinberum stuðningi sem dugar þó engan veginn til að tryggja ásættanlegan húsnæðiskostnað þessara hópa. Það er því ljóst að hér er þörf á stóru samfélagslegu átaki sem tekur langan tíma að hrinda í framkvæmd og því brýnt að hefjast handa sem allra fyrst.

ASÍ hefur kynnt ítarlegar tillögur sínar í þessum efnum með útgáfu sérstakrar skýrslu um **Nýtt félagslegt húsnæðiskerfi**. ASÍ telur mikilvægt að þegar kemur að mótun félagslegs húsnæðiskerfis verði m.a. byggt á eftirfarandi grundvallaratriðum:

- Bygging og rekstur félagslega húsnæðiskerfisins verði almennt í höndum

húsnæðissamvinnufélaga (búseturéttarfélag) sem löng hefð er fyrir í dönsku og íslensku samfélagi. Það félagsform er ekki hagnaðardrifið (e. non profit), starfar í almannabágu og tryggir aðkomu íbúa að eigin málum (íbúalýðræði).

- Nýframkvæmdir og kaup verði fjármögnuð að mestu í gegnum almennar húsnæðisveðlánastofnanir, hinar sömu og fjármagna húsnæðisveðlán almennt. Þannig verður betur hægt að tryggja þessum félögum lægri vexti með því að þjóðin öll dreifi áhættunni með þeim.
- Stuðningur ríkis- og sveitarfélaga, sem miðar að því að gera leiguna⁴⁴ fyrir íbúa viðráðanlega, felist í;
 - 2% framlagi frá íbúum sem endurgreiðist við flutning,
 - 14% stofnframlagi sveitarfélaga, vaxtalaust lán (oft í formi lóða og gatnagerðargjalda) sem endurgreiðist þegar almenn lán hafa verið endurgreidd,
 - 84% almennt húsnæðislán á markaði, þar sem ríkið skuldbindur sig með samningum til að niðurgreiða vexti á líftíma lánsins með ákveðnum forsendum (vaxtasamningum) og
 - sveitarfélagið ábyrgist þann hluta lánsins sem er umfram 65% af verðmæti húsnæðisins.
- Kerfið verði í höndum sveitarfélaganna, þar sem stuðningur er háður því að viðkomandi sveitarfélag hafi samþykkt að markmið viðkomandi samvinnufélags samræmist og séu innan þess ramma sem dreginn er utan um húsnæðisaðstoð við íbúana. Eðlilegt er að gera ráð fyrir því að ríkið gefi út heimildir fyrir tilteknum fjölda íbúða í viðkomandi sveitarfélagi og sé í framhaldinu skuldbundið til að taka þátt í greiðslu vaxta á líftíma þess láns sem aflað er. Vaxtaniðurgreiðslu er ráðstafað beint til viðkomandi húsnæðisveðlánastofnunar en ekki til húsnæðissamvinnufélagsins.
- Reynsla annarra þjóða af því að byggja inn í félagslega húsnæðiskerfið tengingu við tekjur íbúanna á hverjum tíma er afar slæm og býr til fátækragildrur. Því er lögð áhersla á „múrsteinsstyrki“ sem þýðir að breytt félagsleg staða íbúa raskar ekki búseturétti eftir að þeir eru komnir inn í

4 Samkvæmt 2.gr. laga 66/2003 um húsnæðissamvinnufélög er búseturéttargjald það gjald sem félagsmaður í húsnæðissamvinnufélagi greiðir til þess að kaupa búseturétt og búsetugjald er það gjald sem búseturéttarhafi greiðir mánaðarlega til húsnæðissamvinnufélags vegna rekstrar-, viðhalds- og fjármagnskostnaðar af búsetuíbúð. Samkynja löggjöf í Danmörku tekur einnig til sérstakra húsnæðissamvinnufélaga sem eiga og reka félagslegt búseturéttarhúsnæði. Skv. þeim gilda aðrar reglur um búseturétt enda er hann studdur með framlögum ríkis og sveitarfélaga. Í þessari skýrslu er hugtakið leiga notað um það sem lög nr. 66/2003 kalla búseturéttargjald og búsetugjald. Er það gert til að forðast misskilning á þeim mikla eðlismun sem er á uppbyggingu eigin fjár í almennum húsnæðissamvinnufélögum og húsnæðissamvinnufélögum sem byggja upp eigið fé með opinberum framlögum.

- kerfið. Þegar það er haft í huga að kerfið miðar við litlar, hóflegar íbúðir má ætla að fólk fari út úr kerfinu ef fjárhagur þess vænkast verulega.
- Gegn framlagi sínu fær viðkomandi sveitarfélag ráðstöfunarrétt á tilteknum fjölda lausra íbúða, allt að fjórðungi, hjá húsnæðissamvinnufélaginu í þágu skjólstæðinga sinna til að tryggja dreifðara og fjölbreyttara íbúamynstur.
 - Til að tryggja að leiga verði íbúum viðráðanleg má mánaðarleg hlutdeild íbúanna af greiðslubyrði lána (hér kallað íbúagreiðsla) ekki fara yfir 2,8–3% af byggingakostnaði sem hækki að hámarki árlega um $\frac{3}{4}$ af hækkun vísitölu neysluverðs eða launa, eftir því hvor þeirra er lægri.
 - Annar rekstrarkostnaður og eðlilegt framlag til viðhalds innheimtist með leigu.
 - Að lokinni uppgreiðslu lána er greiðslum íbúanna umfram annan rekstrarkostnað ráðstafað í jöfnun hlutföllum til:
 - Stofnframlagasjóðs sem styður byggingu nýs félagslegs húsnæðis á landsvísu.
 - Viðhalds- og endurnýjunarsjóðs sem staðið getur undir kostnaðarsömum endurbótum húsnæðis í eigu gamalla húsnæðissamvinnuféaga.
 - Nýbyggingasjóðs viðkomandi húsnæðissamvinnufélags. Til langs tíma verður kerfið þannig sjálfbært því að íbúagreiðslur fjármagna nýframkvæmdir.

Fjöldi íbúða og stærð

Alþýðusambandið hefur lagt mat á kostnað samfélagsins af uppbyggingu félagslega kerfisins miðað við þá forsendu að kerfið verði sjálfbært og nái því marki að tryggja að um fimmtungur íbúðahúsnæðis verði með opinberum stuðningi. Ef gengið er út frá ofangreindum forsendum og kerfið byggt upp tiltölulega hratt næstu fimm árin með samtals 1000 íbúðum á ári og síðan 600 íbúðum eftir það má áætla hversu mikla fjármuni þurfi til að ná þessu marki. Skiptingin milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar miðast annars vegar við skiptingu íbúafjöldans og hins vegar við þörf fyrir niðurgreiðslu vegna markaðsaðstæðna en markaðsleiga er víða á landsbyggðinni mjög lág.

Árleg fjölgun félagslegra íbúða

	Hbsv.	L.byggð	Alls
Fjöldi íbúða fyrstu 5 árin	800	200	1000
Fjöldi íbúða á ári eftir það	480	120	600

Gangi þetta eftir og ef tekið er tillit til þess að um 5000 íbúðir eru í dag flokkaðar sem félagslegar lausnir, má gera ráð fyrir að það taki einn mannsaldur að byggja upp kerfi sem uppfylli þarfir fimmtings þjóðarinnar. Gengið er út frá mannfjöldaspá Hagstofu Íslands og miðað við óbreytta fjölskyldustærð næstu áratugina (2,5 í heimili).

Uppbygging félagslega kerfisins

	5 ár	10 ár	20 ár	30 ár	40 ár	50 ár
Fjöldi íbúða, uppsafnað	5.000	8.000	14.000	20.000	26.000	32.000
Uppsafnaður fjöldi félagslegs húsnæðis	10.000	13.000	19.000	25.000	31.000	37.000
Íbúðarhúsnæði á Íslandi m.v. mannfjöldaspá	135.900	142.300	153.700	163.200	170.900	176.600
Hlutfall félagslegs húsnæðis	7,4%	9,1%	12,4%	15,3%	18,1%	21,0%

Stærð íbúða skiptir verulegu máli varðandi kostnað af uppbyggingu félagslega kerfisins og hefur áhrif bæði á leigu, sem íbúar greiða, og framlög samfélagsins við að gera húsnæðiskostnað viðráðanlegan fyrir íbúa. Í eftirfarandi töflu má sjá dreifingu íbúða hjá Félagbústöðum Reykjavíkur og í danska félagslega íbúðakerfinu.

Stærðardreifing íbúða í félagslega íbúðakerfinu

	1 herb.	(1-2) 2 herb.	3 herb.	4 herb.	5 herb.	Stærri	Alls
Félagbústaðir Reykjavíkur		55,0%	22,7%	18,4%	3,3%	0,5%	100,0%
Danska félagslega kerfið eftir 2000	10,9%	41,0%	34,3%	12,8%	0,9%	0,1%	100,0%
Meðalstærð íbúða í fm.	50	68	86	104	122	140	77,4

Samkvæmt þessu er dreifing íbúða nokkuð lík hjá þessum aðilum, en þó eru heldur fleiri einstaklingsíbúðir og tveggja herbergja íbúðir hjá Félagsbústöðum en í danska kerfinu. Skýringin er trúlega sú að skjólstæðingar Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar eru í ríkari mæli einhleypir eða einstæðir foreldrar samanborið við danska kerfið sem nær til mun stærri hluta þjóðarinnar. Því var ákveðið að nota dönsku dreifinguna við áætlun um meðalstærð og uppbyggingu kerfisins.

Kostnaður og fjármögnun

Meðalfermetraverð á landinu

Samkvæmt upplýsingum úr Fasteignaskrá Þjóðskrár var meðalverð á hvern fermetra á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2013 miðað við fyrrgreinda stærðardreifingu kr. 272.764 og sambærilegt húsnæði á Akureyri⁵ var kr. 190.174. Samkvæmt þessu má áætla kostnað af meðalíbúðinni í félagslega kerfinu og leggja það til grundvallar kostnaðarmatinu.

Meðalíbúð í félagslega kerfinu

		Hbsv.	L.byggð
Íbúðaverð m.v. markaðsverð	77,4 fm.	21.105.965	14.715.307
Stofnframlög sveitarfélaga	14%	2.954.835	2.060.143
Eigið framlag íbúanna	2%	422.119	294.306
Lán frá Húsnæðislánastofnun	84%	17.729.010	12.360.858

Í þessum útreikningum er gert ráð fyrir að hér verði tekið upp nýtt húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd, líkt og ASÍ kynnti í byrjun síðasta árs og verið hefur til umfjöllunar í samstarfsnefnd um nýtt húsnæðiskerfi. Reyndar er uppbygging félagslega kerfisins algerlega óháð því hvers konar húsnæðislánakerfi tekið verði upp því miðað er við að húsnæðislánið verði á markaðslegum kjörum en stutt með sérstakri ábyrgð sveitarfélaganna



⁵ Hér var ákveðið að nota Akureyri sem viðmiðun vegna smæðar fasteignamarkaðarins á landsbyggðinni. Áætla má að þetta gefi betri vísindinu um kostnað.

umfram 65% veðsetningarhlutfall til að mæta aukinni áhættu fjárfesta vegna ólíkrar samsetningar íbúa miðað við þær forsendur sem gilda á fjármálamarkaði.

Gert er ráð fyrir að bygging/kaup verði fjármögnuð með óverðtryggðu láni til 40 ára og að vextir verði 6,5%. Byggir það á þeirri forsendu að verðbólguvæntingar á fjármálamarkaði og í samfélaginu í heild verði í námunda við verðbólguþéttmið Seðlabanka Íslands. Raunvaxtaforsendan er 4% sem er í lægri kantinum miðað við reynslu undanfarinna áratuga en í hærri kantinum miðað við vexti á markaði í dag. Takist að skapa jafnvægi á fjármálamarkaði miðað við sambærilega raunvexti og nú eru myndu nafnvextir lækka nokkuð.

Lánaskilmálar

Nafnvextir	6,50%
Raunvextir	4,00%
Lánstími	40 ár
Verðbólga	2,50%

Húsnæðiskostnaður (leiga)

Hluti fjármagnskostnaðar

Ef miðað er við framangreindar forsendur um kostnaðarverð íbúða, framlag sveitarfélaga og kjör á fjármálamarkaði má reikna út leigukjör tilbúins húsnæðissamvinnufélags sem stofnað væri til að byggja og reka félagslegar íbúðir. Hér er gengið út frá því að leiga verði reiknuð út miðað við það að hámark þess fjármagnskostnaðar, sem íbúarnir greiða, verði sett við 3% af kaupverði/byggingakostnaði.

Hluti rekstrarkostnaðar


Alþýðusambandið hefur lagt mat á umfang annars rekstrarkostnaðar í félagslega húsnæðiskerfinu út frá upplýsingum um opinber gjöld, hita og rafmagn, viðhald o.s.frv. Eins má rýna í rekstrarreikning Félagsbústaða Reykjavíkur og rekstur skráðra fasteignafélaga á hlutabréfamarkaði. Einnig hefur verið horft til rekstrarkostnaðar í danska félagslega kerfinu. Þannig er rekstrarkostnaður Félagsbústaða ríflega 3,5% af markaðsvirði fasteigna á meðan fasteignafélögin eru á bilinu 2–2,5%. Mismunurinn virðist liggja annars vegar í meiri viðhaldskostnaði og hins vegar meiri umsýslukostnaði. Reyndar eru íbúðir Félagsbústaða komnar nokkuð til ára sinna og hafa þarfnast mikilla endurbóta sem skýrir vafalaust meiri viðhaldskostnað. Hins vegar er ekki óeðlilegt að umsýslukostnaður og daglegur rekstur sé meiri en hjá fasteignafélögum sem fyrst og fremst sinna fyrirtækjum sem sjálf sjá um hluta rekstursins. Hér verður því miðað við 3% rekstrarkostnað, þar sem viðhald og endurbætur eru

1%. Er það heldur lægra en hjá Félagsbústöðum en hærra en hjá fasteignafé-
lögunum.

Áætlaður húsnæðiskostnaður

	Hlutfall	Hbsv.
Íbúagreiðsla, ígildi fjármagnskostnaðar	3,0%	52.765
Annar rekstrarkostnaður	3,0%	52.765
Leiga frá húsnæðissamvinnufélagi		105.530
Húsaleigubætur (hjón með 2 börn)		22.504
Nettógreiðsla íbúa		83.026
Afborgun og vextir láns		104.444
Vaxtastyrkur ríkisins á mánuði		51.679

Eins og fram kemur á myndinni er húsaleiga á markaði há og tekju-
lágum þjóðfélagshópum óviðráðanleg. Þrátt fyrir húsaleigubætur er húsnæðiskostnaður án hita og rafmagns á bilinu 35–45% af tekjum hjá þessum hópum. Með því að setja hámark á fjármagnskostnað við 3% á mánuði og ef miðað er við að annar rekstrarkostnaður verði um 3% af fasteignavirði má ná þessum greiðslum niður í 20–25% af tekjum að teknu tilliti til húsaleigubóta.



Samkvæmt þessu yfirliti er ljóst að umræddar tillögur mæta þeirri viðmiðun, sem sett var fram í upphafi, að byggja kerfið upp með þeim hætti að tryggt sé að húsnæðiskostnaður þeirra hópa, sem þurfa aðstoð, verði þeim viðráðanlegur. Í okkar helstu nágrannalöndum er gjarnan miðað við það að húsnæðiskostnaður sé ekki hærra en sem nemur um 20% af tekjum.

Kostnaður ríkis og sveitarfélaga

Íbúagreiðsla og ríkisframlag pr. íbúð

En hvaða áhrif hefur þetta á útgjöld ríkis og sveitarfélaga? Grunnhugmyndin að kerfinu er að sveitarfélög leggi fram vaxtalaust lán í formi lóðaverðmæta og hugsanlega gatnagerðargjalda. Það sem framlagið er vaxtalaust þarf ekki að afvaxta það við útreikning leigunnar. Sett er hámark á eigið framlag íbúanna til fjármagnskostnaðar með


því að skilgreina sérstaka íbúagreiðslu, sem miðist við 3% af kaupverði/byggingakostnaði, sem hækkar um sem nemur 75% af hækkuun vísitölu neysluverðs eða launa hvort sem lægra reynist. Það sem á vantar af greiðslubyrði lánsins frá húsnæðisveðlánastofnuninni, sem hér miðast við jafngreiðslulán, leggur ríkið fram sem vaxtastyrk skv.

sérstökum óuppsegjanlegum samningi milli húsnæðissamvinnufélagsins, húsnæðisveðlánastofnunarinnar og sveitarfélagsins fyrir bæði sína hönd og ríkisins. Þar sem gert er ráð fyrir að lánið sé óverðtryggt með föstum vöxtum er framlag ríkisins hlutfallslega mest fyrst en minnkar hægt með hóflegri hækkuun íbúagreiðslunnar í takt við verðbólgu og launahækkanir. Verðgildi leigunnar er einnig hæst í byrjun sem hlutfall af launum og miðast við fyrrgreind 20% af tekjum en þar sem leigan hækkar hægar en laun eða verðlag lækkar hlutfallið líkt og gerist hjá þeim sem kaupa eigin íbúð.

Þegar búið er að greiða niður lánið, sem hér er til 40 ára, fer íbúagreiðslan að skiptast milli sveitarfélaganna, í formi þess að hún fjármagnar stofnframlagið og síðan endurgreiðslu fyrri lána ríkisins, með því að taka yfir vaxtastyrkinn, svo og viðhald og endurnýjun á félagslega húsnæðinu. Þetta sést á myndinni, þar sem íbúagreiðslan skiptist í lokinn í þrjá jafna hluta.

Nýtt átak

Byggt á framangreindum forsendum, þ.e., að byggðar/keyptar verði 1000 íbúðir á ári fyrstu fimm árin og 600 íbúðir eftir það, má áætla kostnað ríkis og sveitarfélaga. Framlag sveitarfélaganna verður mest fyrstu fimm árin, eða sem nemur 2,8 milljörðum króna á ári, en lækkar síðan í 1,7 milljarð króna á



sjötta ári og eftir 40 ár, þegar íbúagreiðslan skiptist í þrennt, lækkar framlagið í 0 kr. og þá hefjast jafnframt endurgreiðslur fyrir framlaga. Framlög ríkisins hefjast hægt, tæplega 600 milljónir króna fyrst, sem vex í í 2,8 milljarða króna eftir fimm ár, 4 milljarða króna eftir 10 ár og nær hámarki í 6,3 milljörðum króna eftir 30 ár og fer síðan lækkandi þegar íbúagreiðslurnar fara að standa undir þessum framlögum. Á einni starfsævi nær kerfið að verða fjárhagslega sjálfbært og umfang kerfisins orðið það mikið að það stendur undir nægum fjölda íbúða til að sinna með sóma þeim hópum sem þurfa stuðning.


Rökrétt væri að hraða uppbyggingu kerfisins á fyrri hluta tímabilsins, t.d. 2000 íbúðir á ári í 7 ár og fækka þeim síðan í 500 eftir það. Við það myndi útgjalda-streymið færast að hluta til frammar í tíma en endurgreiðslur hefjast af meiri krafti síðar þar sem fleiri íbúðir verða í stöðu til að endurgreiða framlögin.

Framlög ríkis og sveitarfélaga til félagslega húsnæðiskerfisins

	1 ár	5 ár	10 ár	20 ár	30 ár	40 ár	50 ár
Framlög ríkisins, milljónir kr. á ári	582,6	2.799,3	3.998,1	5.692,0	6.289,7	5.655,6	0,0
Framlög sveitarfélaga, milljónir kr. á ári	2.775,9	2.775,9	1.665,5	1.665,5	1.665,5	1.621,3	0,0

Slíkt væri einnig í samræmi við þær miklu þarfir, sem eru í dag, en ræðst af fjárhagslegri stöðu ríkissjóðs og sveitarfélaganna.

Á myndinni hér til hliðar má sjá þróun útgjalda ríkis og sveitarfélaga til kerfisins miðað við fyrrgreindar forsendur. Uppbygging kerfisins verður sjálfbær eftir um 45 ár og jafnframt hefst þá endurgreiðsla á vaxtalausum lánnum sveitarfélaganna.



Það sem hefur áhrif á vöxt útgjalda ríkisins er annars vegar fjöldi íbúða en jafnframt lækkar framlagið fyrir hverja íbúð með hóflegri hækkun íbúagreiðslunnar. Sambland þessara

tveggja þátta kemur fram á myndinni, en mestu áhrifin eru í lokin þegar lán hafa verið greidd upp og íbúagreiðslan skiptist í þrennt. Að sama skapi mun ríkið hafa mikla og beina hagsmuni af lækkun vaxta. Ef verðbólguvæntingar haldast við verðbólguþröng Seðlabanka Íslands og núverandi raunvaxtastig húsnæðislána (HFF-flokkurinn) helst í 2,5% á næstu áratugum (sem er ekki ósvipað raunvöxtum húsnæðislána í Evrópu), myndi kostnaður ríkisins helmingast og verða 350 milljónir kr. fyrst og ná hámarki mun fyrir í tæplega 3 milljörðum króna. Ef raunvextir haldast áfram háir og verðbólga verður í námunda við þau 5%, sem hún hefur verið hér undanfarna áratugi (að meðaltali), hækkar framlag ríkisins í tæplega 8 milljarða króna. Því er ljóst að miklir hagsmunir eru af stöðugleika í þessu sambandi, sem og öðru, en mikilvægt er að halda því til haga að ríkið þarf að geta kallað eftir skuldbreytingu lána ef vextir breytast á markaði því það er eini aðilinn sem hefur beina og brýna hagsmuni af að nýta vaxtalækkunina. Íbúarnir eru varðir fyrir breytingum á vöxtum og húsnæðissamvinnufélögin einnig með vaxtastyrkjunum.

Íbúagreiðslur vegna íbúða þar sem lánin eru að fullu greidd munu renna til greiðslu fyrri framlaga sveitarfélaga. Þegar búið er að greiða til baka framlög sveitarlaganna munu greiðslurnar standa undir nýjum vaxtalausum framlögum sveitarfélaganna (14% stofnframlaginu) og vaxtastyrk ríkisins.



Þetta gerist þó ekki fyrir en eftir 49 ár en er engu að síður mikilvægur þáttur í þessu kerfi enda er framlag sveitarfélaganna skilgreint sem vaxtalaus lán. Í raun eru sveitarfélögin að styrkja þessar íbúðir með óbeinu vaxtaframlagi.


Er munur á stofnkostnaðarstyrkjum og vaxtastyrkjum?

Í skýrslu KPMG, Analytica og EC Consulting var lagt til að teknir yrðu upp stofnkostnaðarstyrkir í stað núverandi fyrirkomulags með lægri vöxtum af lánnum til félagslegra leiguíbúða. Ekki var lagt mat á fyrrgreindar tillögur ASÍ um vaxtastyrki. En er einhver munur á þessum leiðum? Vandinn við að bera þessar leiðir saman er að skýrsluhöfundar tóku ekki neina afstöðu til þess hvort núverandi kerfi, sem byggir á því að lækka vexti til félagslegs leiguhúsnæðis um 1% frá markaðskjörum, dugi til þess að gera leiguna greiðanlega fyrir þá sem þurfa á aðstoð samfélagsins að halda til að geta búið við viðun-

andi húsnæðisöryggi og kjör. Þannig er ljóst að ef þessi forsenda yrði lögð til grundvallar framangreindum útreikningum á húsaleigu (105 þús. kr. fyrir 77 fm. íbúð) þyrfti leigan að vera 145 þús.kr. fyrir sömu íbúð. Þó slík leiga sé lægri en almennt á húsnæðismarkaði er það langt frá því að fullnægja því markmiði að húsnæðiskostnaður þessa viðmiðunarhóps verði í námunda við 20% af tekjum.

Ef ætlunin er að ná sömu áhrifum á leigu með stofnkostnaðarstyrkjum og vaxtastyrkjum þyrfti einfaldlega að vera með mun hærri styrki. Einfalt reikniflkan sýnir að til að leiga standi undir greiðslubyrði láns ásamt öðrum rekstrarkostnaði, þar sem framlag sveitarfélaga og íbúa er það sama, þarf stofnkostnaðarstyrkurinn að vera 42% en ekki 25%. Ef uppbygging kerfisins á að verða jafn hröð þrátt fyrir þessa útfærslu er ljóst að miklu meiri fjármuni þarf mun fyrir inn í kerfið.

Þetta má sjá á meðfylgjandi mynd, þar sem gert er ráð fyrir 42% stofnframlögum ríkisins og sambærilegri skiptingu fjölda íbúða milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Eins og fram kemur er tillaga KPMG/Analytica verulega þyngri fyrir ríkissjóð fyrstu fimmtán árin, 8,3 milljarðar króna á ári fyrstu fimm árin og 5 milljarðar eftir það. Eins vakna ýmsar spurningar um ráðstöfun þess samfélagsauðs sem myndast þegar eigið fé þessa kerfis fer að verða til með framlagi ríkisins. Þó vafalaust megi sníða þá agnúa af er ljóst að sú óvissa, sem er um þetta, veikir forsendur kerfisins.



Niðurstaða

Eins og fram kemur í þessari greiningu er ljóst að hin norræna leið við að byggja upp sjálfbært félagslegt húsnæðiskerfi yfir tíma er jafn gerlegt hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum. Með því að taka upp ákvæði um hámark á greiðslu íbúa vegna fjármagnskostnaðar við útreikning leigu má vel gera húsnæðiskostnað viðráðanlegan fyrir tekjulágar fjölskyldur. Að sama skapi er ljóst að það er samfélaginu alls ekki ógerlegt að tryggja slíku kerfi nægt fé fyrstu áratuginu og þar til kerfið fer að verða sjálfbært.

Fylgiskjöl

Mismunandi fjölskyldustærðir

Mismunandi fjölskyldustærðir							
Höfuðborgarsvæðið							
		Einhleypur	Einstætt foreldri 1 barn	Hjón	Hjón með 1 barn	Hjón með 2 börn	Hjón með 3 börn
Íbúðaverð		14.214.300	19.331.448	19.331.448	22.868.690	25.618.216	30.268.444
Stofnframlög	14%	1.990.002	2.706.403	2.706.403	3.201.617	3.586.550	4.237.582
Eigið framlag	2%	284.286	386.629	386.629	457.374	512.364	605.369
Húsnæðis-lánastofnun	84%	11.940.012	16.238.416	16.238.416	19.209.700	21.519.301	25.425.493
Rekstrarforsendur húsnæðisfélags							
Íbúagreiðsla, ígildi vaxtakostnaðs	3,0%	35.536	48.329	48.329	57.172	64.046	75.671
Annar rekstrarkostnaður 3% af fasteign á ári	3,0%	35.536	48.329	48.329	57.172	64.046	75.671
Leiga		71.072	96.657	96.657	114.343	128.091	151.342
Húsaleigubætur		22.000	26.637	11.810	22.504	26.871	26.586
Afborgun og vextir láns		70.340	95.663	95.663	113.167	126.773	149.785
Vaxtastyrkur ríkisins		34.805	47.334	47.334	55.995	62.728	74.114
Nettó félagsleg húsaleiga		49.072	70.021	84.847	91.839	101.220	124.756
Markaðsleiga m.v. höfuðborgarsvæði		117.848	135.078	135.078	150.678	160.911	171.871
Nettó markaðsleg húsaleiga		95.848	108.442	123.268	128.174	134.040	145.285
Ráðstöfunartekjur á mánuði		205.600	328.960	339.240	380.360	431.760	503.720
Nettó félagsleg húsaleiga		23,9%	21,3%	25,0%	24,1%	23,4%	24,8%
Nettó markaðsleg húsaleiga		46,6%	33,0%	36,3%	33,7%	31,0%	28,8%
Landsbyggð (Akureyri)							
		Einhleypur	Einstætt foreldri 1 barn	Hjón	Hjón með 1 barn	Hjón með 2 börn	Hjón með 3 börn
Íbúðaverð		9.695.500	13.185.880	13.185.880	16.633.518	17.606.784	18.598.412
Stofnframlög	14%	1.357.370	1.846.023	1.846.023	2.328.693	2.464.950	2.603.778
Eigið framlag	2%	193.910	263.718	263.718	332.670	352.136	371.968
Húsnæðis-lánastofnun	84%	11.940.012	16.238.416	16.238.416	19.209.700	21.519.301	25.425.493
Rekstrarforsendur húsnæðisfélags							
Íbúagreiðsla, ígildi vaxtakostnaðs	3,0%	24.239	48.329	48.329	57.172	64.046	75.671
Annar rekstrarkostnaður 3% af fasteign á ári	3,0%	35.536	48.329	48.329	57.172	64.046	75.671
Leiga		59.775	96.657	96.657	114.343	128.091	151.342
Húsaleigubætur		22.000	26.637	11.810	22.504	26.871	26.586
Afborgun og vextir láns		70.340	95.663	95.663	113.167	126.773	149.785
Vaxtastyrkur ríkisins		46.102	47.334	47.334	55.995	62.728	74.114
Nettó félagsleg húsaleiga		37.775	70.021	84.847	91.839	101.220	124.756
Markaðsleiga m.v. landsbyggðina		80.805	97.294	97.294	112.548	124.127	134.200
Nettó markaðsleg húsaleiga		58.805	70.657	85.484	90.044	97.256	107.614
Ráðstöfunartekjur á mánuði		205.600	328.960	339.240	380.360	431.760	503.720
Nettó félagsleg húsaleiga		18,4%	21,3%	25,0%	24,1%	23,4%	24,8%
Nettó markaðsleg húsaleiga		28,6%	21,5%	25,2%	23,7%	22,5%	21,4%

Tekjur miðast við uppgjör Hagstofunnar á dreifingu ráðstöfunartekna á neyslueiningu og tekjur fjölskyldu

Vonir voru bundnar við, að ráðherra legði þá um vorið eða á haustþingi fram endanlega tillögur sínar. Af því virðist ekki ætla að verða en fyrirheit hafa verið gefin um að þær líti dagsins ljós á næsta þingi.

Reykjavíkurborg bauð síðan hagsmunadilum upp á samstarf um ný húsnæðissamvinnufélög og tók ASÍ þátt í þeirri vinnu ásamt öðrum heildarsamtökum launafólks. Hugmyndafræði Reykjavíkurborgar er að borgin bjóði húsnæðissamvinnufélögum lóðir vítt og breytt um borgina þar sem leitast verði við að blanda saman leigu- og eignarhúsnæði af öllum stærðum og gerðum. Ekki tókst að klára þá vinnu fyrir sveitarstjórnarkosningar og ólíklegt að henni verði lokið fyrir en fyrir liggur með hvaða ramma ríkisstjórnin hyggst byggja utan um fjármögnun félagslegs húsnæðis.

Velferðarnefnd ASÍ

Líkt og undanfarin ár hafa húsnæðismál verið ofarlega á dagskrá nefndarinnar. Nefndin hefur einnig fylgst með þeim breytingum sem átt hafa sér stað á greiðsluþátttöku ríkisins í lyfjakostnaði og greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Nefndin setti í gang vinnu við kortlagningu fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga og stöðu þeirra sem hafa fullnýtt bótarétt sinn hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Skýrslan var kynnt fyrir nefndinni og fulltrúum stærstu sveitarfélaganna í lok árs 2013. Nefndinni voru kynnt þau störf sem unnin hafa verið innan hjálpastarfs kirkjunnar en einnig komu fulltrúar frá Rauða krossi Íslands og kynntu helstu niðurstöður úr nýjustu skýrslu þeirra: Hvar þrengir að?

Formaður velferðarnefndar á sæti í stýrihóp Velferðarvaktar ríkisstjórnarinnar sem hefur það hlutverk að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum hrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga og gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna. Formaðurinn hefur með reglulegum hætti upplýst velferðarnefnd ASÍ um störf Velferðarvaktarinnar og þá vinnu, sem þar fer fram, og miðlað sjónarmiðum ASÍ til Velferðarvaktarinnar.



Lífeyrismál

Ávöxtun lífeyrissjóðanna var góð á liðnu ári og staða lífeyrissjóða launafólks í félögum innan vébanda ASÍ hefur batnað á nýjan leik eftir áföll í kjölfar efnahagshrunsins. Gjaldeyrishöft, sem nú hafa verið í gildi í sex ár, takmarka þó verulega fjárfestingarkosti sjóðanna og möguleika þeirra til áhættudreifingar eigna sinna.


Samkvæmt ársreikningabók lífeyrissjóðanna, sem Fjármálaeftirlitið birtir, var hrein eign samtryggingardeilda til greiðslu lífeyris tæplega 2.401 milljarður í árslok 2013 samanborið við 2.159 milljarða í árslok 2012 sem er raunhækkun um 5,6%. Séreignarsparnaður nam 412,5 milljörðum í lok árs 2013 og hafði þá aukist um 30 milljarða frá árinu áður. Hrein eign lífeyrissjóðanna, samtryggingar- og séreignardeilda, nam í árslok 2013 2.812 milljörðum króna eða sem svarar 156% af landsframleiðslu þess árs.

Raunávöxtun lífeyrissjóðanna var góð á árinu 2013, eða 5,6% samanborið við um 7% ávöxtun árið áður og 2,5% á árinu 2011.

Samkvæmt tryggingafræðilegri stöðu í árslok 2013 námu heildareignir allra samtryggingarsjóða í landinu, þ.e. bæði verðmæti áunninna réttinda núverandi sjóðfélaga og framtíðarréttinda þeirra sjóðfélaga sem nú eru virkir greiðendur, 3.394 milljörðum króna um síðustu áramót. Á sama tíma voru heildarskuldbindingar sjóðanna 4.058 milljarðar króna. Skuldbindingar

Lífeyriskerfisins í heild voru því um 664 milljörðum hærri en sem nemur upp-söfnuðum eignum og framtíðariðgjöldum sjóðfélaganna eða sem samsvarar 15% af skuldbindingum.

Verulegur munur er á stöðu lífeyrissjóða opinberra starfsmanna og lífeyris-sjóðalaunafólk á almennum vinnumarkaði. Staða almennu lífeyrissjóðanna hefur batnað umtalsvert á síðustu árum á meðan staða opinberu sjóðanna fer síversnandi. Hrein raunávöxtun samtryggingardeilda lífeyrissjóða án baká-byrgðar launagreiðenda, þ.e. lífeyrissjóða launafólks á almennum vinnumark-aði, var 5,5% á árinu 2013 samanborið við 7,2% árið á undan. Tryggingar-fræðileg staða þessara sömu sjóða var neikvæð um 62 milljarða í lok árs 2013 eða sem samsvarar 2,6% af skuldbindingum. Tryggingafræðilegur halli sjóða án bakábyrgðar launagreiðenda hefur batnað umtalsvert á síðustu árum. Í lok árs 2009 nam halli þeirra um 200 milljörðum eða um 10% af skuldbinding-um en flestir almennu sjóðanna hafa á liðnum árum þurft að skerða réttindi lífeyrisþega, eins og lög gera ráð fyrir, til að rétta stöðu sjóðanna.



Hjá opinberum sjóðum með launagreiðendaábyrgð var hrein raunávöxtun samtryggingardeilda 6,5% á árinu 2013 samanborið við 8,5% raunávöxtun á árinu 2012. Heildartryggingafræðileg staða sjóða með launagreiðendaábyrgð var neikvæð um tæplega 591 milljarð króna í árslok 2013 eða sem svarar um 38% af skuldbindingum sjóðanna. Til samanburðar var halli þessara sömu sjóða 496 milljarðar króna í árslok 2009 og hefur því aukist um 95 milljarða

á síðustu fjórum árum. Af núverandi 591 milljarðs króna halla fellur stærstur hluti á ríkissjóð, um 517 milljarðar, vegna bakábyrgðar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH) en um 74 milljarðar falla á sveitarfélögin. Mestur er vandinn í B-deild LSR þar sem hallinn var 405 milljarðar króna í árslok 2013. Halli A-deildar LSR er um 63 milljarðar króna. B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins tæmist að óbreyttu á næstu 15 árum og munu útgjöld ríkissjóðs vegna bakábyrgðar að óbreyttu nema ríflega 20 milljörðum árlega vegna þessa sem samsvarar um helmingi árlegra útgjalda til Landspítalans.

Tímabundin heimild til fyrirframútgreiðslu séreignarsparnaðar hefur nú verið í gildi frá því í mars 2009 og námu útgreiðslur vegna þess samtals ríflega 93 milljörðum króna fram til mars 2014. Þar af voru 8,4 milljarðar greiddir út á árinu 2013 og 14,4 milljarðar á árinu 2012. Að óbreyttu rennur heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar út í árslok 2014. Sem hluti af aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um höfuðstólslækkun húsnæðislána, sem kynnt var í desember 2013, verður veitt skattaávilnun þeim sem ráðstafa séreignarlífeyrissparnaði næstu þriggja ára frá og með júlí 2014 til lækkunar á höfuðstól húsnæðislána. Einnig verður þeim sem eiga ekki húsnæði heimilt að ráðstafa sparnaðinum til kaupa á húsnæði á næstu árum. Áætlað er að aðgerðin nemi um 70 milljörðum á næstu árum.

Jöfnun lífeyrisréttinda

Í kjarasamningunum í maí 2011 voru samningsaðilar sammála um að liður í jöfnun og samræmingu lífeyriskerfisins væri hækkun iðgjalda til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði úr 12% í 15,5% til samræmis við sjóði opinberra stafsmanna en þetta skyldi gert á árunum 2014–2020. Samkomulagið gerði ráð fyrir því að framkvæmd á hækkun iðgjalda kæmi til umræðu við endurskoðun kjarasamninga í ársbyrjun 2013. Gert var ráð fyrir að fyrir árslok 2012 lægi fyrir niðurstaða í vinnuhópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um nýtt samræmt lífeyriskerfi enda settu atvinnurekendur þann fyrirvara við hækkun iðgjalda til almennu sjóðanna að búið yrði að leysa vanda bæði A- og B-deildar LSR. Við endurskoðun kjarasamninga í janúar 2013 lá fyrir að vinna við endurskoðun opinberra lífeyriskerfisins hefði dregist m.a. vegna þess að ekki náðist samkomulag milli ríkisins og samtaka opinberra starfsmanna um það hvernig tekið yrði á fortíðarvanda opinberu sjóðanna. Því var ekki unnt að semja um útfærslu á hækkun iðgjalda í almennu sjóðina en samkomulag var um að yfirlýsingin frá 2011 héldi gildi sínu. Við gerð kjarasamninga í desember 2013 var staðan svipuð, lítið hafði þókast áfram í vinnu nefndar um samræmt lífeyriskerfi og því töldu atvinnurekendur enn ekki forsendu fyrir

Því að semja um útfærslu á hækkun iðgjalda til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði. Kjarasamningum, sem undirritaðir voru til eins árs þann 21. desember 2013, fylgdi eftirfarandi yfirlýsing:

„Yfirlýsing um lífeyrismál

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands eru sammála um að vinna áfram að jöfnun lífeyrisréttinda á grundvelli þeirrar vinnu sem unnin hefur verið í sameiginlegri nefnd alls vinnumarkaðarins. Sú vinna hefur dregist m.a. vegna þess að ekki hefur nást samkomulag milli ríkisins og opinberra starfsmanna um fortíðarvanda opinbera lífeyriskerfisins og því ekki forsendur til þess að ljúka viðræðum milli aðila á grundvelli yfirlýsingar þeirrar frá 5.maí 2011. Aðilar eru sammála um að innihald yfirlýsingarinnar haldi gildi sínu og að unnið verði að framgangi hennar á samningstímanum.“

Vinnuhópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál hefur komist að samkomulagi um eftirfarandi grundvallarsýn á framtíðarskipan lífeyrismála á íslenskum vinnumarkaði:

„Nefnd aðila vinnumarkaðar sem skipuð er fulltrúum ASÍ, BSRB, BHM og KÍ auk SA, samninganefndar ríkisins og launanefndar sveitarfélaganna. Auk þess eru fulltrúar úr fjármálaráðuneyti og velferðarráðuneyti. Hefur nefndin haldið á fjórða tug funda og nú er farið að sjá fyrir endann á forsendum og fyrirkomulagi samræmds lífeyriskerfis fyrir alla launamenn.

Nefndin er sammála um að grundvallarmarkmiðið sé að skapa sjálfbært og samræmt lífeyriskerfi til framtíðar fyrir íslenskan vinnumarkað. Til að ná því eru tillögur nefndarinnar um nýtt samræmt lífeyrissjóðskerfi eftirfarandi:

Lífeyriskerfið hvíli á þremur stöðum; almannatryggingum, samtryggingarlífeyrissjóðum og viðbótarlífeyrissparnaði.

- Samræming og jöfnun réttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði.*
- Aldurstenging réttinda verði grundvallarregla kerfisins.*
- Lífeyrisréttindi úr samtryggingarsjóðum verði 76% af meðalævitekjum miðað við 40 ára iðgjaldagreiðslur.*
- Áfram verði miðað við 3,5% raunávöxtun á ári.*
- Lífeyrisaldur verði hækkaður í áföngum til að tryggja sjálfbærni kerfisins.*
- Sveigjanleiki við töku lífeyris verði aukinn.*
- Reglur um frestun á töku lífeyris verði sambærilegar hjá lífeyrissjóðum og almannatryggingum.*
- Reglugerð um tryggingafræðilegt mat verði endurskoðuð þannig að tekið*

verði tillit til mismunandi dánartíðni eftir starfs- og atvinnugreinum.

- Skerpt verði á ákvæðum laga og reglugerðar er varða samhengið á milli fjárfestingarstefnu og ávöxtunarviðmiðs.
- Breyta þarf ákvæði laga um úthlutun „tryggingafræðilegs hagnaðar“.
- Mánadarlegri verðtryggingu lífeyris verði hætt. Í stað þess verði lífeyrir verðbættur árlega á grundvelli tryggingafræðilegs svigrúms.
- Skylduaðild að lífeyrissjóði á grundvelli kjarasamninga og laga verði óbreytt.

Til að lífeyriskerfi geti talist sjálfbært þarf hver kynslóð að standa undir eigin lífeyrisréttindum, sem byggja á tilteknum forsendum, með greiðslu iðgjalds.

Samræmt réttindakerfi fyrir íslenskan vinnumarkað tryggir að launafólk geti flutt sig á milli vinnumarkaða og/eda atvinnugreina án þess að það hafi teljandi áhrif á lífeyrisréttindi þess og eykur þar með sveigjanleika á íslenskum vinnumarkaði. Engu að síður er áfram gert ráð fyrir skylduaðild að lífeyrissjóði, þ.e. að lífeyrissjóðsaðild sé byggð á kjarasamningum eða lögum, því með skylduaðild er auðveldara að sjá fyrir samsetningu sjóðfélaga og spá fyrir um nýliðun. Óvissa um samsetningu sjóðfélaga verður minni og sjóðirnir geta þar af leiðandi boðið sjóðfélögum betri tryggingavernd.

Sátt er um að áfram verði byggt á þriggja stöða kerfi, þ.e. almannatryggingum, lífeyrissjóðum og séreignarsparnaði, þar sem greiðslur úr lífeyrissjóðum verði meginuppistada eftirlauna þeirra sem hafa verið virkir á vinnumarkaði. Einnig er gengið út frá því að hlutverk lífeyrissjóða verði sem fyrr að tryggja maka-, barna- og örorkulífeyri auk ellilífeyris.

Samræming og jöfnun réttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði hefur verið eitt helsta leiðarstef nefndarinnar. Svo samræma megi réttindi sjóðfélaga á almennum og opinberum vinnumarkaði þarf að fastsetja hvaða hlutfall meðalævitekna launafólk megi vænta að fá sem lífeyrisgreiðslu við starfslok, miðað við greiðslu tiltekins iðgjalds, í tiltekinn tíma, með tiltekinni ávöxtun, tilteknum lífslíkum og öðrum hefðbundnum tryggingafræðilegum forsendum.

Nefndin hefur í starfi sínu fjallað um það hversu hátt hlutfall ellilífeyrir eigi að vera af meðalævitekjum launafólks. Var þetta meðal þeirra atriða sem tekið var til umfjöllunar á þeim ráðstefnum sem nefndin stóð að. Varð það niðurstaðan að miða við að launafólk geti vænst þess að fá í lífeyri u.þ.b. 76% af meðalævitekjum sínum. Það viðmið byggir á núgildandi réttindum A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) þannig að samkomulag er

um að færa það hlutfall, sem er á almenna vinnumarkaðinum, upp að þessu viðmiði. Þá er gert ráð fyrir að um sé að ræða lífeyrissjóð með að lágmarki 10.000 þúsund greiðandi sjóðfélaga, þar sem greitt sé 15,5% iðgjald af heildarlaunum í aldurstengda réttindaávinnslu í 40 ár. Áfram er gert ráð fyrir að raunávöxtunarviðmiðið sé 3,5% á ári og að lífeyrisaldur sé 67 ár. Þá verði lífeyrisaldur endurmetinn reglulega með hliðsjón af breyttum lífslíkum auk annarra tryggingafræðilegra og rekstrarlegra forsendna.

Öll þessi atriði kalla á verulegar breytingar á núverandi fyrirkomulagi en þó mismunandi eftir sjóðum. Þannig þyrfti að hækka iðgjöld til samtryggingar í almennu sjóðunum úr 12% í 15,5% sem er það iðgjald sem greitt er í LSR. Opinberu sjóðirnir þyrftu að taka upp aldurstengt réttindaávinnslukerfi í stað jafnrar réttindaávinnslu enda er sambærileg réttindaávinnsla forsenda eðlilegs flæðis milli vinnumarkaða.

Sömuleiðis þyrfti að hækka lífeyrisaldur opinberra starfsmanna úr 65 árum í 67 ár til samræmis við lífeyrisaldur annarra á vinnumarkaði. Þar sem lífslíkur munu halda áfram að aukast næstu áratugin, skv. spám Hagstofunnar og alþjóðastofnana um mannfjöldapróun, er óhjákvæmilegt að tryggja að kerfið sé stillt af með þeim hætti að lífeyrisaldur taki breytingum í samræmi við breyttar ævilíkur. Samsvarandi breytingar þyrfti að gera samtímis á lífeyrisaldri hjá almannatryggingum þannig að þessar tvær meginstöðir byggi á samræmdri viðmiðun.

Ljóst er að sameina þyrfti fjölda lífeyrissjóða hvort heldur sem er á almenna eða opinbera vinnumarkaðnum. Hér eru ekki settar fram ákveðnar tillögur um það hvernig standa eigi að þessum breytingum heldur einungis bent á það sem þurfi að gera, hvað þessi tilteknu atriði varðar, til þess að koma á sjálfbærni samræmdu lífeyriskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn á Íslandi.

Mikilvægt er að undirstrika að það er á valdsviði hvers og eins samningsaðila á vinnumarkaði hvernig staðið verður að því að ná fram umræddum breytingum þó að aðilar vinnumarkaðarins hafi hér sameinast um framtíðarskipan lífeyrismála. Það ræðst svo af því hvernig um semst í hverju tilviki hvort niðurstaðan sé þess eðlis að hún hafi ekki neikvæð áhrif á það markmið að jafna lífeyrisréttindi landsmanna þegar til framtíðar er litið.“

Fyrir komandi kjarasamninga hefur verið lögð fram kröfugerð í lífeyrismálum í samræmi við þá stefnu sem hreyfingin mótaði í lífeyrismálum á árunum 2010–2013. Mikilvægt er að nú verði lokið við samninga um það með hvaða

hætti hækkun iðgjalda verður útfærð á komandi árum þannig komið verði á einu sameiginlegu sjálfbæru lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn.


Endurskoðun almannatrygginga

Alþýðusambandið og fjölmargir aðrir hagsmunaaðilar hafi nú tekið þátt í vinnu við heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu með hléum frá árinu 2007. Frá árinu 2011 til vorsins 2013 var vinnuhópur um endurskoðun almannatrygginga að störfum, skipaður fulltrúum allra þingflokka, Landsambands eldri borgara, Öryrkjabandalags Íslands, Proskahjálpar auk fulltrúa aðila vinnumarkaðarins frá ASÍ, BSRB, BHM og SA. Útgangspunktur endurskoðunarinnar var að kerfið byggi áfram á tveggja stöða kerfi, lífeyrissparnaðar og almannatrygginga, sem veiti til viðbótar lágmarkstryggingu. Markmið vinnunnar var fyrst og fremst að gera almannatryggingakerfið einfaldara og réttlátara og kom í veg fyrir hinar miklu víxlverkanir sem nú eru milli kerfa og gera það að verkum að almennt launafólk, sem greitt hefur til lífeyrissjóða alla starfsævina, nýtur lítils sem einskis ávinnings umfram þá sem aldrei hafa greitt til samtryggingarsjóðanna. Fyrsta áfanga í vinnu hópsins lauk með því að lagðar voru fram tillögur í júní 2013 sem breið sátt var um og sneru að breytingum á bótakerfi almannatrygginga vegna ellilífeyris. Frumvarp byggt á tillögunum var lagt fram á Alþingi í mars 2013 en hlaut ekki þinglega meðferð. Þrátt fyrir fyrirheit allra þingflokka um að unnið yrði að breytingum, sem byggðu á þeirri þverpólítísku sátt sem náðist í vinnuhópnum, voru í kjölfar stjórnarskipta á sumarþingi 2013 gerðar breytingar á almannatryggingarlögum sem gengu þvert á fyrri tillögur. Alþýðusambandið mótmælti þessu og fór fram á að sú áralanga vinna, sem lögð hefði verið í endurskoðun almanna-trygginga, yrði virt og framfylgt.

Á haustdögum 2013 skipaði nýr félags- og húsnæðismálaráðherra nýja nefnd til að ljúka við heildarendurskoðun almannatrygginga og gera drög að frumvarpi til nýrra laga um lífeyrisréttindi. Starf nefndarinnar miðar við að nýtt starfsgetumat komi í stað örorkumats og að skoðaðir verði kostir og gallar þess að auka möguleika til sveigjanlegra starfsloka og einföldunar á lífeyriskerfinu. Verkefni nefndarinnar er tvíþætt: annars vegar innleiðing starfsgetumats í stað örorkumats og hins vegar að fjalla um fjárhæðir lífeyrisgreiðslna til aldraðra og öryrkja. Nefndinni var falið að meta fjárhæðir lífeyrisgreiðslna með tilliti til almennrar launaþróunar og þróunar lægstu launa og kanna möguleika til hækkunar bóta til lengri tíma með tillit til stöðu ríkissjóðs. Þá er nefndinni ætlað að kanna kosti þess og galla að hækka lífeyrisaldur í áföngum ásamt því að auka möguleika til sveigjanlegrri starfsloka. Formaður nefndarinnar er Pétur H. Blöndal alþingismaður og Gylfi Arnbjörnsson á sæti í henni fyrir hönd ASÍ.

Nefndinni var upphaflega ætlað að skila tillögum til ráðherra fyrir 1.júní 2014 en hefur óskað eftir framlengdum fresti til 1. október 2014.

Gylfi Arnbjörnsson leiddi vinnu nefndarinnar við greiningu á áhrifum breytinga almannatrygginga á einstaka tekjuhópa og lagði skýrslu um þá greiningu fyrir nefndina í júní. Þar eru fjárhæðir lífeyrisgreiðslna metnar með hliðsjón af almennri launaþróun og þróun lægstu launa. Útreikningar skýrslunnar byggja á sérstöku reikniverki sem unnið er af sérfræðingum Tryggingastofnunar. Þá var skýrslunni ætlað að fjalla um hækkun bóta til lengri tíma með tilliti til stöðu ríkissjóðs. Meginniðurstöður skýrslunnar eru þær að kaupmáttur lágmarksbóta almannatrygginga er nú ríflega 20% hærri en hann var árið 2004 og um 15% hærri en fyrir hrun sem skýrist að miklu leyti af þeirri hækkun almannatrygginga sem varð í ársbyrjun 2009. Kaupmáttur lægstu launa lækkaði um 5% milli árana 2008 og 2010 en hefur aukist nokkuð hratt og er nú 7% hærri en fyrir hrun og 16% hærri en árið 2004. Kaupmáttur almennra launa lækkaði hins vegar mun meira eða um næri 10% milli árana 2008 og 2009 en tók að vaxa á nýjan leik á síðari hluta árs 2010 en náði þá þeirri stöðu sem var uppi árið 2006 en enn þá vantar um 6% til að ná þeirri stöðu sem var fyrir hrun.



Þá voru metin áhrif lífeyrisréttinda úr lífeyrissjóði og atvinnutekna á kjör elli lífeyrisþega og öryrkja. Meginniðurstöður eru þær að umfang tekjutenginga bóta almannatrygginga, einkum krónu-á-móti-krónu-tenging framfærslu-

uppbótarinnar, veldur því að ellilífeyrisþegar fá engan lífskjarabata af fyrstu 50–60 þúsund krónunum sem koma úr lífeyrissjóði. Hér eru jaðaráhrifin einfaldlega 100% og það eina sem gerist er að útgjöld ríkisins minnka jafnmikið og nemur þeirri fjárhæð sem lífeyriskerfið greiðir út. Lífskjarabati af 100.000 krónum í lífeyrissjóðsgreiðslur er nú um 20 þúsund krónur. Enginn munur er á áhrifum atvinnutekna eða lífeyrisréttinda á fyrstu 50–60 þúsund krónurnar í viðbótaskerðingum enda hafa allar tekjur sömu áhrif á framfærsluuppbótina, hún skerðist króna fyrir krónu. Hins vegar hefur það tíðkast nokkuð lengi að skerða aðrar bætur almannatrygginga minna vegna atvinnutekna heldur en lífeyris-tekna og hefur það verið gert í formi þess að viðurkenna ákveðið frítekjumark gagnvart atvinnutekjum. Þetta frítekjumark hefur sveiflast nokkuð síðustu ár, var hæst um mitt ár 2008 en lækkaði verulega um mitt ár 2009. Frítekjumark vegna atvinnutekna var svo hækkað á nýjan leik um mitt ár 2013 og er lífskjarabati einstaklings af 100.000 króna atvinnutekjum nú um 60.000 krónur. Vegna frítekjumarka öryrkja halda þeir meira af bótum almannatrygginga við sömu greiðslu úr lífeyriskerfinu en ellilífeyrisþegar. Einnig hér er munur á milli einhleypra og sambúðarfólks sem felst í heimilisuppbótinni en þróun tekna hefur að öðru leyti verið hliðstæð.

Nefndin hefur starfað í fjórum undirhópum á síðustu mánuðum að útfærslu á nánari tillögum varðandi: 1) Fjárhæðir lífeyrisgreiðslna til aldraðra og öryrkja og hvernig skerðingum vegna annarra tekna skuli háttað. 2) Tillögur um starfs- getumat. 3) Lagabreytingar vegna sveigjanlegra starfsloka. 4) Kanna þörf á að hækka almennan aldur við upphaf ellilífeyris.

Stefnt er að því að nefndin skili lokatillögum sínum til ráðherra í byrjun október 2014.

Málaferli gegn ríkinu vegna skattlagningar á lífeyrissjóðina

Haustið 2011 samþykkti Alþingi lög um sérstakan „eignaskatt“ á lífeyrissjóði sem lið í fjármögnun á sérstökum vaxtabótum til heimila þrátt fyrir að fyrir lægi að tryggingafræðileg staða flestra lífeyrissjóða væri neikvæð. Ljóst var að þetta hefði þau áhrif að skerða þyrfti lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum launa- fólks á almennum vinnumarkaði á meðan réttindi í sjóðum opinberra starfs- manna væru tryggð með skattfé og stæðu óhögguð sem fyrr. Stjórnvöld gáfu þá þau fyrirheit að tryggt yrði með beinum fjárframlögum að ekki kæmi til skerðinga á réttindum. Ekkert varð af þeim fyrirheitum. Auk þess sem loforð þáverandi oddvita ríkisstjórnarinnar, í tengslum við kjarasamninga í upphafi árs 2013 um að tækju lífeyrissjóðirnir þátt í útboðum Seðlabankans yrðu umrædd lög afnumin og þegar greiddur skattur endurgreiddur, voru einungis

virt að hluta. Framtíðarskattlagning var afnumin en þegar greiddur skattur ekki endurgreiddur. Í kjölfar þessa gekkst ASÍ fyrir því að hefja málaferli fyrir hönd allra félagsmanna sinna á hendur íslenska ríkinu þar sem þess er krafist að skattur á almennu lífeyrissjóðina, sem ákveðinn var með lögum í árslok 2011, verði dæmdur ólögætur og andstæður stjórnarskrá. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 16. apríl 2013 en ríkið krafðist þess að málinu yrði vísað frá dómi þar sem ASÍ gæti ekki átt aðild að slíku viðurkenningarmáli fyrir félagsmenn sína. Ekki væri í málinu fjallað um tiltekin réttindi félagsmanna ASÍ heldur skattlagningu á lífeyrissjóðina sem ekki ættu aðild að ASÍ. Héraðsdómur féllst á þessi rök og vísaði málinu frá dómi þann 12. nóvember 2013. Úrskurðurinn var í framhaldinu kærður til Hæstaréttar sem staðfesti hann. Þegar farið var af stað með málið upphaflega hafði þegar verið tekin ákvörðun um að yrði viðurkenningarmálinu vísað frá dómi myndi ASÍ höfða málið fyrir hönd tiltekins lífeyrissjóðs á sömu efnisforsendum til endurgreiðslu hins álagða og greidda skatts þar sem álagningin hefði brotið gegn ákvæðum stjórnarskrár. Nýtt mál var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 18. mars 2014.

Lífeyrissjóðir og íslenskt atvinnulíf

Alþýðusambandið stóð þann 15. nóvember 2013 ásamt Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Landsamtökum lífeyrissjóða (LL) fyrir morgunverðarfundum um stöðu lífeyrissjóðanna í íslensku atvinnulífi, hluthafastefnur þeirra, mikilvægi góðra stjórnarháttanna og virkrar samkeppni. Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, setti fundinn og ræddi um aukið vægi lífeyrissjóðanna í atvinnulífinu sem legði auknar skyldur á herðar þeirra varðandi góða stjórnarhætti. Aukin áhersla væri nú á hluthafastefnur og góða stjórnarhætti og sjóðirnir gerðu í auknum mæli kröfur til fyrirtækja varðandi þessa þætti. Aðalræðumaður fundarins var Peter Lundkvist, forstöðumaður stjórnarháttasviðs í AP3 lífeyrissjóðnum í Svíþjóð. Peter ræddi reynslu AP3, mikilvægi þess að vera virkur fjárfestir og hafa gagnsæi að leiðarljósi þegar sýslað væri með fjármagn annarra. Sjóðurinn hefur sett sér skýra hluthafastefnu og upplýsir með reglubundum hætti hvernig henni er beitt í framkvæmd, s.s. hversu marga hluthafafundi sjóðurinn sækir, um tillögur sem lagðar eru fram o.s.frv. Þá ávörpuðu Marínó Örn Tryggvason, forstöðumaður eignastýringar Arion banka, og Gunnar Páll Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, fundinn. Að loknum erindum sátu auk frummælenda í pallborði þeir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, og Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA.

Samráðsfundir lífeyrisnefndar og stjórnarmanna aðildarféлага ASÍ í stjórn- um lífeyrissjóða

Lífeyrisnefnd ASÍ hefur reglulega boðað fulltrúa aðildarféлага ASÍ í stjórnnum lífeyrissjóða til samráðsfunda og voru tveir slíkir fundir haldnir á starfsárinu, þann 12. nóvember 2013 og 4. mars 2014, og voru þeir báðir vel sóttir. Á fundinum í nóvember kom Þorsteinn Pálsson og ræddi um áskoranir og ógnir sem stöðja að lífeyriskerfinu auk þess sem Magnús Norðdal, lögfræðingur ASÍ, greindi frá málaferlum ASÍ gegn íslenska ríkinu vegna mismununar við skattlagningu lífeyrissjóðanna skv. lögum nr. 156/2011. Þá ræddi Gylfi Arnbjörnsson um stöðu lífeyrismála í komandi kjarasamningum. Á fundinum í mars var ásamt almennum umræðum um málefni lífeyrissjóðanna rætt um stefnu lífeyrissjóðanna varðandi eftirfylgni fjárfestinga, hluthafastefnu og launakjör stjórnenda í fyrirtækjum sem sjóðirnir fjárfesta í. Nokkrir sjóðir hafa þegar sett sér stefnu varðandi þennan þátt og málið er víða til skoðunar og umræðna. Bent var á að slík stefnumótun væri mikilvæg leiðbeining fyrir þá fulltrúa sjóðanna sem sætu í stjórnnum atvinnufyrirtækja. Rætt var um mikilvægi þess að hluthafastefnur og ákvæði varðandi launakjör í fyrirtækjum væru raunhæf leiðbeining sem hægt væri að styðjast við í því landslagi sem sjóðirnir starfa í. Stefnan mætti jafnframt ekki vera svo opin og almenn að í henni felist engin skýr sýn og leiðbeining. Fundarmenn voru sammála um að mikilvægt væri að hreyfingin mótaði sér sameiginlega sýn um málið. Þá var rætt um um stöðu fulltrúaráða lífeyrissjóðanna og mikilvægi þeirra innan stjórnkerfis sjóðanna. Rætt var um nauðsyn þess að efla þennan þátt í starfsemi og tengja betur inn í starf hreyfingarinnar. Auka þyrfti fræðslu til þessa hóps og gera hann betur í stakk búinn til að taka þátt í umræðum og sinna eftirlitshlutverki sínu.



Umhverfismál

Umhverfismál fjalla um áhrif mannsins og athafna hans á umhverfið, landið, loftið, vatnið og aðrar lífverur. Umhverfismál fjalla um nýtingu og verndun náttúruauðlinda og hvernig við göngum um umhverfi okkar. Umhverfismál eru samþætt allri samfélagsumræðu og skipta máli fyrir aðildarfélög ASÍ. Ályktun 40. þings um græna hagkerfið og fjölgun starfa er grunnur að starfi ASÍ í umhverfismálum.

Rammaáætlun

ASÍ hefur frá upphafi fylgst náið með og kynnt sér vinnu þeirra sem komu að undirbúningi og vinnu rammaáætlunar um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Sambandið sendi umsögn bæði þegar tillögur um þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæð var kynnt í nóvember 2011 og í maí 2012 þegar þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða fór í umsagnarferli. Í báðum umsögnum lýsir ASÍ yfir ánægju með að ráðist hafi verið í gerð áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða og að það sé mikilvægt að standa vörð um þau faglegu vinnubrögð sem einkennt hafa þá miklu og löngu undirbúningsvinnu sem að baki Rammaáætlunar liggur. Þá kom einnig fram að ASÍ taldi mikilvægt að sú breiða sátt um fagleg vinnubrögð sem einkennt hafði allt undirbúningsferlið verði ekki rofið á lokametrum vinnunnar við áætlunina.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í maí 2013 kemur fram að Rammaáætlunin, sem samþykkt var í janúar saman ár, verði endurskoðuð. Skoða átti breytingu á stöðu í það minnsta átta virkjunarkosta, en sex þeirra voru færð úr nýtingarflokki í biðflokk við afgreiðslu Alþingis á Rammaáætluninni í janúar. Rammaáætlunin var samþykkt á Alþingi og byggði á vinnu fagmanna og tók mið af þeim umsögnum sem bárust um þau drög að þingályktunartillögu sem vísað er í hér á undan.

Umhverfisnefnd fjallaði um málið á fundi sínum í september 2013 og var þar samþykkt að senda miðstjórn ASÍ minnisblað þar sem óskað væri eftir því að hún taki málið til umfjöllunar á fundi sínum. Óskað var eftir afstöðu miðstjórnar til Rammaáætlunarinnar sem samþykkt var á Alþingi í janúar 2013 og afstöðu núverandi ríkisstjórnar um endurskoðun á áætluninni og sendi frá sér ályktun þess efnis. Minnisblað var sent miðstjórn í október 2013.

Loflagsbreytingar og almannahagur

Eitt af mikilvægustu málefnum dagsins í dag eru loftlagsbreytingar af mannavöldum og neikvæðar afleiðingar þeirra fyrir komandi kynslóðir. Umhverfisbreytingar hafa víðtæk áhrif á efnahags- og atvinnulíf framtíðarinnar og lífskjör almennings. Alþjóðlegur samtakamáttur er eina leiðin til að vinna gegn þessari þróun og þar hefur verkalýðshreyfingin mikilvægu hlutverki að gegna.

Þar sem efla þarf þekkingu og umræðu um ofangreind atriði efndi umhverfisnefnd ASÍ til fræðslu- og umræðufundar í maí 2014 um leiðir til að sporna við þessari uggvænlegu þróun og um leið að horfa til framtíðar. Eftirtaldir aðilar héldu erindi á fundinum; Lára Jóhannsdóttir, nýdoktor í viðskiptafræðideild HÍ fjallaði um umhverfislega sjálfbærni, fyrirtæki og starfsmenn. Er síðlaust að menga? spurði Þórunn Sveinbjarnardóttir fyrrverandi umhverfisráðherra og fjallaði einnig um hlutverk verkalýðshreyfingarinnar á 21. öldinni. Að lokum fjallaði Finnur Sveinsson, varaformaður Festu um umhverfis- og samfélagsábyrgð fyrirtækja. Að lokum voru pallborðsumræður þar sem auk frummælenda tóku þátt, Drífa Snædal, SGS og Halldór Grönvold, ASÍ.

Fundarmenn voru almennt mjög ánægðir með þennan fyrsta fund ASÍ þar sem fjallað er um almannahag út frá loftlagsbreytingu og einnig var sú nýlunda að framsöguerindin voru tekin upp og gerð aðgengileg á heimasíðu ASÍ.



Félags- og vinnumarkaðsmál

Félags- og vinnumarkaðsmálin eru eðli málsins samkvæmt mikilvægur hluti af kjarnastarfsemi Alþýðusambandsins og starfsfólks þess. Þetta gildir bæði um viðfangsefni sem Alþýðusambandið stendur eitt að og í samstarfi við aðra aðila, s.s. önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda og stjórnvöld. Með aðild sinni að stjórnnum Vinnumálastofnunar, Atvinnuleysistrygginga-sjóðs, Ábyrgðasjóðs launa, Vinnueftirlitsins og að Jafnréttisráði, auk fjölmargra nefnda á sviði félags- og vinnumarkaðsmála, taka fulltrúar ASÍ einnig virkan þátt í að móta og framkvæma stefnu stjórnvalda á þessu sviði.

Samdráttur og erfiðleikar á vinnumarkaði í kjölfar hrunsins haustið 2008 setja enn sem fyrr mark sitt á stöðu mála og úrlausnarefnin. Gagnvart stofnunum vinnumarkaðarins hefur þetta birst með gleggstum hætti í auknum verkefnum og aðgerðum til að takast á við afleiðingar atvinnuleysisins og uppbyggingu á því sviði, auk þess sem sumar þeirra hafa þurft að þola mikinn niðurskurð.

Starf ASÍ að þessum málaflokki hefur mjög mótast af framangreindum aðstæðum. Þó er starfið að jafnréttismálum ánægjuleg undantekning frá því. Sama gildir um aðgerðir sem beinast að baráttunni gegn kennitölflakki, svartri atvinnustarfsemi og fyrir bættum starfsháttum í atvinnulífinu.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir nokkrum helstu málaflokkum á sviði

félags- og vinnumarkaðsmála sem unnið var að á vettvangi ASÍ frá hausti 2013 til hausts 2014. Í einhverjum tilfellum var jafnframt um að ræða eftirfylgni með kjarasamningunum sem gerðir voru í maí 2011 og yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar í tengslum við þá.

Jafnréttismál

Jafnrétti er einn hornsteinn velferðarsamfélagsins. Öflugt velferðarkerfi á að jafna tækifæri kvenna og karla á vinnumarkaði og tækifæri fólks almennt. Í skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar frá árinu 2010, þar sem fjallað er um konur og velferð í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi, kemur fram það sjónarmið íslenskra kvenna að erfiðara sé að samhæfa atvinnu- og fjölskyldulíf á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum, bæði vegna „hraðans í samfélaginu“ sem og vegna lakari úrræða í ýmsum fjölskyldu- og velferðarmálum. Einnig hefur komið fram í umræðunni um jafnan rétt kvenna og karla að kynbundinn launamunur skapi almennt kynbundið ójafnrétti, þ.e. komi í veg fyrir möguleika kvenna til starfa, starfsþróunar og launa þar sem ábyrgð á heimilinu hvílir frekar á þeirra herðum.

Eitt af helstu baráttumálum verkalýðshreyfingarinnar er krafan um jafnan rétt kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins. Alþýðusambandið hefur sett sér skýr jafnréttismarkmið meðal annars með sérstakri jafnréttisbókun sem er sífellt í endurskoðun og uppfærslu. Einnig hefur ASÍ lagt ríka áherslu á að aðilar vinnumarkaðarins vinni að samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs og fræðslu um jafnrétti kynjanna fyrir kjörna fulltrúa og almenna félagsmenn í samstarfi við MFA.

Alþýðusambandið á fulltrúa í nefndum og ráðum sem fjalla um jafnrétti á vinnumarkaði. Jafnréttisráð fundar reglulega og einnig taka fulltrúar ASÍ virkan þátt í Jafnréttisþingi. Af erlendum samskiptum er þar helst að nefna að fulltrúi ASÍ situr í kvennanefnd Evrópusamtaka verkalýðsfélaga, ETUC, og jafnréttisfulltrúar norrænna syststrasamtaka funda einu sinni á ári.

Undanfarinn áratug hefur ASÍ ásamt öðrum heildarsamtökum launafólks, Jafnréttisráði og Jafnréttisstofu haldið upp á 8. mars, alþjóðlegan baráttudag kvenna. Í ár var breyting á, þar sem Jafnréttisráð, sem endurvakti jafnréttisviðurkenninguna eftir nokkurra ára hvíld, óskaði eftir að veita viðurkenninguna í kringum 8. mars. Því var ákveðið að sleppa venjubundnum baráttufundi og gefa jafnréttisviðurkenningunni svigrúm. Stefnt er að því að halda upp á 8. mars 2015 með baráttufundi líkt og fyrri ár.

Kynjabókhald ASÍ

Eitt af föstum verkefnum jafnréttisfulltrúa ASÍ allt frá árinu 2006 er að taka saman tölur um kynjahlutfall í nefndum, stjórnnum og ráðum meðal aðildarfélaga sambandsins. Markmið kynjabókhaldsins er meðal annars að upplýsa um stöðuna eins og hún er á hverjum tíma og nýta upplýsingarnar við samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og framkvæmd hjá hreyfingunni. Kynjabókhaldið er að finna í skýrslu forseta; í fenisyfirliti kemur fram hvar kynjabókhald 2014 er að finna.

Kvennaráðstefna ASÍ – Hvað vilt'upp á dekk?

Alþýðusambandið – í samstarfi við MFA – boðaði dagana 5. og 6. maí sl. til ráðstefnu sérstaklega ætlaða konum innan hreyfingarinnar undir yfyrskriftinni „Illt vald verður sjaldan gamalt“. Konur víðs vegar að af landinu komu saman til að fræðast, skiptast á skoðunum og styrkja tengslanetið. Sambærilegar ráðstefnur voru haldnar á árunum 2006–2009 sem þóttu sérstaklega vel heppnaðar og var það ekki síst vegna óska kvenna aðildarfélaga ASÍ að „Dekkið“ var endurtekið í ár.

Dagskráin samanstóð af erindum, hópefli og hópastarfi. Signý Jóhannesdóttir, varaforseti ASÍ, setti ráðstefnuna og erindi héldu: Lilja Lind Pálsdóttir, hagfræðingur hjá ASÍ, en hún fjallaði um vald-kyn-kennitölur. Rósa Guðrún Erlingsdóttir, doktorsnemi í stjórnmálafræði, fjallaði um kynjaskekku í íslenskum stjórnmálum og velti upp spurningunni hvort framboðsaðferðir skiptu máli fyrir framgang kvenna í stjórnmálum. Séra Elína Hrund Kristjánsdóttir sóknarprestur hélt erindi um konur, kirkjuna og kvennabaráttuna. Að lokum sagði Guðný Hallgrímsdóttir, doktorsnemi í sagnfræði, frá bók sinni um 18. aldar vinnukonuna Guðrúnu Ketilsdóttur.

Seinni dagurinn hófst á erindi Maríönnu Traustadóttur, jafnréttisfulltrúa ASÍ, sem fjallaði um hvort ASÍ væri hluti af vandamálinu eða hluti af lausninni þegar rætt væri um þátttöku og áhrif kvenna innan verkalýðshreyfingarinnar. Í lokin var skipt upp í hópa þar sem fjallað var um spurningarnar: Hvernig getum við eftl þátttöku kvenna í hreyfingunni? Og: Hvernig getum við eftl ungar konur til þátttöku?. Allar konurnar, sem komu saman þessa tvo daga, voru sammála um að ráðstefnan hefði verið einstaklega vel heppnuð og nauðsynlegur þáttur í að efla konur til starfa fyrir verkalýðshreyfinguna. Þær eru tilbúnar að mæta aftur að ári og vera þá enn fjölmennari.

Afrakstur Dekksins 2014 var í formi ályktunar sem send var miðstjórn:

„Hvað vilt'upp á dekk?, kvennaráðstefna ASÍ, haldin dagana 5.–6. maí sl., sendir miðstjórn ASÍ eftirfarandi ályktun.

Nauðsynlegt er að efla ungar konur til þátttöku í verkalýðshreyfingunni og styrkja þær konur sem þegar starfa fyrir hreyfinguna. Það verður best gert með því að gefa þau skýru skilaboð að jafnréttismál séu á oddinum, að konur hafi jafna möguleika og karlar innan hreyfingarinnar og að hún reki fjölskylduvæna stefnu. Karlar jafnt sem konur bera ábyrgð á jafnréttismálum enda er jafnrétti allra hagur.

Dekkið skorar á miðstjórn ASÍ að hrinda af stað markvissu átaki til að efla konur til starfa fyrir hreyfinguna. Veita þarf auknu fjármagni til jafnréttismála m.a. í jákvæða kynningu á þátttöku kvenna innan hreyfingarinnar. Nauðsynlegt er að vera í samstarfi við skóla til að kynna mikilvægi verkalýðshreyfingarinnar og það starf sem fer þar fram. Vinnustaðaheimsóknir eru mikilvægt tæki hreyfingarinnar til að miðla upplýsingum og þar verða jafnréttismál að vera á dagskrá sem og í trúnaðarmannafræðslunni.

Dekkið skorar á miðstjórn að efla fræðslu um jafnréttismál og styðja við stéttafélög til að koma sér upp jafnréttisáætlun og stefnu. Þessa vinnu er hægt að vinna í samráði við jafnréttisnefnd ASÍ. Einnig þarf að koma á tengslaneti jafnréttisfulltrúa stéttarfélaga, eða þess sem ábyrgð ber á framkvæmd jafnréttismála innan hvers félags.

Áhersla á samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs á að vera eitt af verkefnum verkalýðshreyfingarinnar. Sveigjanleika í félagsstarfi er hægt að efla með því að nýta nútímatækni á sviði samskipta, þannig að starfið sé innan almenns vinnutíma.

ASÍ-ung er góður vettvangur fyrir ungt fólk innan hreyfingarinnar og þarf að efla það starf. Einnig þarf að styrkja samstarf við hópa utan verkalýðshreyfingarinnar sem berjast fyrir jafnrétti.

Dekkið skorar á miðstjórna að nýta Kynjabókhald ASÍ sem raunverulegt verkfæri þegar verið er að skipa fulltrúa í nefndir og ráð á vegum verkalýðshreyfingarinnar. Sidareglur hreyfingarinnar verða að bera þess merki að jafnréttishugsjónin sé höfð að leiðarljósi og að starfsfólk og kjörnir fulltrúar gæti þess að rýra ekki virðingu hennar.

Ásýnd verkalýðshreyfingarinnar þarf að endurspegla þá fjölbreytni sem er meðal félagsmanna. Verkalýðshreyfingin þarf að sýna að unnið sé að jafnrétti innan hennar raða og hún ætli sér að vera vettvangur jafnt fyrir konur sem

karla. Því þarf að gera jafnréttismál sýnilegri í baráttunni en nú er, meðal annars með því að leggja sérstaka áherslu á jafnréttismál á 41. þingi ASÍ í október n.k.“

Nordiskt forum 2014 – Norræn kvennaráðstefna

Nordiskt forum, Norræn kvennaráðstefna var haldin í Malmö í Svíþjóð dagana 12.–15. júní 2014. Þetta er í þriðja skiptið sem konur á Norðurlöndum taka sig saman og blása til ráðstefnu og hugmyndatorgs jafnréttis þar sem fjallað er um stöðu kvenna. Síðast var það í Turku í Finnlandi árið 1994 og þar á undan árið 1988 í Ósló í Noregi. Í bæði skiptin létu íslenskar konur að sér kveða á ráðstefnunni og þar á meðal stór hópur kvenna úr röðum aðildarfélaganna ASÍ.

Þar sem ráðstefnan hafði ekki verið haldin síðustu 20 ár var mála kvenna að tími væri til kominn að norrænar konur kæmu saman og ræddu verkefni fram undan og hvernig mætti verja það sem hefur áunnist. Alls voru 360 þátttakendur frá Íslandi skráðir á ráðstefnuna og þar voru konur úr aðildarfélögum ASÍ fjölmargar. Nordiskt forum 2014 taldi 6.000 skráða þátttakendur en talið er að um 20.000 gestir hafi sótt viðburði sem í boði voru.

ASÍ hóf samstarf um skipulagningu með BSRB, KRFÍ og öðrum kvennasamtökum strax í byrjun árs 2013. Fulltrúi Starfsgreinasambandsins var einnig með í þeim undirbúningi frá upphafi. Undirbúningur fór frekar rólega af stað fyrri hluta ársins vegna skorts á fjármagni til framkvæmda. Í apríl 2013 fóru fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar og kvannahreyfingarinnar á fund þáverandi forsætisráðherra og fékkst styrkur til að ráða verkefnastýru í hlutastarf. Á skrifstofu ASÍ fólst undirbúningur í því að senda upplýsingar til aðildarfélaganna sambandsins og óska eftir að félögin tilnefndu tengilið til að mynda tengslanet inn í einstök félög. Einnig voru upplýsingar sendar í formi fréttatilkynninga á heimasíðu ASÍ og á Fréttamolum ASÍ.

Jafnréttisfulltrúi ASÍ fór á fundi hjá félögum sem þess óskuðu til að kynna dagskrá ráðstefnunnar og miðla upplýsingum um ferðir og gistingu. Nordiskt forum var með öflugan heimasíðu þar sem hægt var að nálgast uppfærðar upplýsingar og var séð til þess að helstu upplýsingar væru einnig að finna á íslensku. Misjafn var hvernig aðildarfélög ASÍ stóðu að því að bjóða konum að taka þátt. Sum sendu stjórnarkonur á eigin kostnað, önnur greiddu niður fargjald fyrir þær sem höfðu áhuga en konur höfðu einnig möguleika á að sækja um styrk í fræðslusjóði til að niðurgreiða kostnað.

Dagskráin á Nordiskt forum í ár var mjög umfangsmikil og umræðuefn-

in margvísleg, allt frá umræðu um stöðu kvenna á vinnumarkaði, listir og menningu til ofbeldis og styrjalda. Aðaláhersla var á konur og stöðu þeirra en umræða um karlmennsku, þátttöku karla í jafnréttisumræðunni, stríðsmenningu o.fl. kom einnig við sögu og tóku óvenju margir karlar tóku þátt í þeirri umræðu.

Uppbygging ráðstefnunnar var á þann veg að á stóru sviði voru haldnir fyrirlestrar og umræður en í minni fundarsölum voru málstofur með pallborðsumræðum. Einnig var hægt að leigja minni sali fyrir málstofur og svo voru auk þess opin rými fyrir alls konar viðburði og fyrirlestra. Á afmörkuðu svæði voru félagasamtök og stofnanir með bása til að kynna sig og sinn málstað. Svæðið var iðandi af lífi frá morgni til kvölds og ídulega var fjöldi viðburða í gangi á sama tíma og erfitt að velja og hafna.

Verkalýðshreyfingin gerði sig gildandi á ýmsum sviðum á ráðstefnunni. Jafnréttisfulltrúi ASÍ, Maríanna Traustadóttir, hélt erindi á stóra sviðinu um jafnlaunastaðalinn, sem vakti mikla athygli, og tók þátt í pallborði í málstofu sem fjallaði um stöðu kvenna á vinnumarkaði og kynbundinn launamun. Þess fyrir utan stóð Alþýðusambandið ásamt systrasamtökum frá Danmörku, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð fyrir dagskrá þar sem fjallað var um verkalýðssamtök og femínisma og þar tók Drífa Snædal, framkvæmdastjóri SGS, þátt í pallborði. Gerður var bæklingur á sænsku með upplýsingum um stöðu kvenna innan ASÍ til dreifingar á ráðstefnunni.

Jafnréttisráðherrum Norðurlandanna voru formlega afhentar lokaniðurstöður jafnréttisráðstefnunnar Nordiskt Forum á lokahátíð ráðstefnunnar sunnudaginn 15. júní. Í þessu lokaskjali eru ráðherrarnir hvattir til að virða sáttmálann sem ríkisstjórnir Norðurlandanna skrifuðu undir á Kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking 1995. Þar lofuðu ríkisstjórnir landanna að virða kynjasjónarmið í öllu sínu starfi og ákvörðunum.

Í lokaskjalinu koma fram 63 kröfur sem ríkisstjórnir Norðurlandanna eru hvattar til að bregðast við. Kröfunum er skipt upp í 12 málaflokkka:

- Femínísk efnahagsmál – efnahagur og félagsleg þróun
- Líkamar kvenna og stúlkna – kynferðismál, heilsa og réttur til eigin líkama
- Konur á vinnumarkaðnum, jafnrétti í launum, menntun og starfsframa
- Ofbeldi gegn konum og stúlkum
- Umhverfi, loftslagsmál og sjálfbær þróun

- Umönnunarstörf og samfélag velferðar
- Friður og öryggi
- Stjórnmalabátttaka og samfélagsþróun
- Samþætting jafnréttissjónarmiða og aðgerðir til jafnréttis
- Hælisveitingar og flutningur milli landa
- Tækniþróun og fjölmiðlun
- Framtíð femínismans á Norðurlöndum og skipulag kvennahreyfinga

Í hverjum málafllokki fyrir sig er kröfunum forgangsraðað og þær sem finna má í flokki nr. 3, sem snýr að vinnumarkaðnum, eru svohljóðandi:

„Við krefjumst þess að konur hafi rétt til sömu launa og framgangs í starfi og karlar og að möguleikar kvenna til að sjá sér farborða verði styrktir með beinum aðgerðum. Hið opinbera og aðilar vinnumarkaðarins á Norðurlöndum eiga að skapa atvinnulíf, sem tekur tillit til fjölskyldu og raunverulegra aðstæðna, og skapa mannsæmandi starfskjör. Réttur til að vinna fullt starf á að vera tryggður með lagasetningu eða samþykktum í löndum þar sem algengt er að konur neyðast til að vinna hlutastörf. Fylgjast á vel með og vinna reglur til að koma í veg fyrir misnotkun á starfsfólki í ótryggum starfsgreinum þar sem tímabundnar ráðningar og lausráðningar eru algengar.

Við krefjumst þess að ríkisstjórnir á Norðurlöndum breyti lífeyriskerfinu svo að konur búi við fjárhagslegt sjálfstæði á efri árum.

Við krefjumst þess að ríkisstjórnir á Norðurlöndum tryggi jafnrétti kynjanna við töku fæðingarorlofs og auki gæði velferðarkerfisins þegar kemur að því að sinna börnum og öldruðum.

Við krefjumst þess að menntakerfið á Norðurlöndum taki tillit til kynjasjónarmiða og hafi það sem markmið að brjóta niður staðalmyndir í náms- og starfsvali til að vinna gegn kynskiptum vinnumarkaði.“

Aðgerðarhópur um launajafnrétti

Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir skipaði þáverandi velferðarráðherra í desember 2012 sérstakan aðgerðahóp stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti kynjanna. Í maí 2013 var ráðinn sérfræðingur til ráðuneytisins til starfa með aðgerðahópnum. Verkefni aðgerðahópsins er samkvæmt aðgerðaáætlun meðal annars að vinna að samræmingu rannsókna á kynbundnum launamun, annast gerð áætlunar um kynningu jafnlaunastaðals, upplýsingamiðlun og ráðgjöf um launajafnrétti kynjanna til stofnana og

fyrirtækja. Auk þess hefur hópurinn þau verkefni að hafa umsjón með framkvæmdaáætlun um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og hafa umsjón með gerð framkvæmdaáætlunar um leiðir til að brjóta upp kynbundið náms- og starfsval.

Aðgerðahópurinn hefur unnið að útfærslu einstakra verkefna alveg frá janúar 2013. Vinna við undirbúning viddtækrar launarannsóknar, sem nær til bæði almenna og opinbera vinnumarkaðarins, er í lokaundirbúningi. Nánar var fjallað um launarannsóknina í skýrslu forseta 2013. Einnig vinnur hópurinn að því að fá gerða rannsóknarskýrslu um stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði. Markmiðið með gerð skýrslunnar er að kortleggja stöðu kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði og leggja mat á hvaða áhrif þættir eins og kynbundið námsval, kynjaskipting starfa, verkaskipting á heimilum, hlutastörf og starfsþróunarmöguleikar hafa á jafnrétti kynja almennt.

Tilraunaverkefni um innleiðingu jafnlaunastaðals er í ferli samkvæmt verkáætlun; nokkrar stofnanir, sveitafélög og fyrirtæki taka þar þátt. Öllum þeim sem taka þátt er gefinn kostur á ráðgjöf og aðgangi að sérfræðipækingu. Reglugerð um vottun á jafnlaunakerfum, sem hefur að markmiði að jafnlaunakerfi fyrirtækja og stofnana séu vottuð í samræmi við alþjóðlegar kröfur sem gilda um vottun og vottunaraðila, er tilbúin. Einnig hefur verið ákveðið af aðgerðahópnum að efna til hönnunarsamkeppni um jafnlaunamerki fyrir þá vinnustaði sem hafa fengið vottun samkvæmt reglugerðinni. Jafnlaunastaðallinn vekur ætíð athygli hvar sem hann er kynntur. M.a. kynntu fulltrúi ASÍ í aðgerðahópnum og starfsmaður hópsins jafnlaunastaðallinn á norrænni ráðstefnu um hlutastörf í Stokkhólmi í október 2013 og fulltrúi ASÍ hélt erindi um staðallinn á Nordiskt forum 2014.

Aðgerðahópurinn stóð fyrir tveimur fundum þar sem áhersla var á kynjaskiptingu starfa á íslenskum vinnumarkaði. Niðurstöður innlendra og erlendra rannsókna benda til þess að engin ein aðgerð sé líklegri til að minnka launamun karla og kvenna en uppbrot hins kynskipta vinnumarkaðar. Fyrri fundurinn bar yfirskriftina „Karlar í umönnunar- og kennslustörfum“ þar sem markmiðið var að efna til umræðu um mögulegar leiðir til að fjölga körlum í umönnunar- og kennslustörfum. Síðari fundurinn bar yfirskriftina „Konur í karlastörfum“. Þar var markmiðið að efna til umræðu um mögulegar leiðir til að fjölga konum á fagsviðum þar sem karlar hafa verið í meirihluta. Fulltrúi ASÍ í þeirri umræðu var Svanborg Hilmarsdóttir rafvirki. Fundirnir voru mjög vel sóttir og vöktu athygli.

Fæðingar- og foreldraorlof

Fæðingar- og foreldraorlofslögin og framkvæmd þeirra er viðvarandi viðfangsefni á skrifstofu Alþýðusambandsins. Töluvert er um að leitað sé til Alþýðusambandsins með fyrirspurnir og ábendingar um efni laganna og framkvæmd þeirra. Þá hafa ýmsar túlkarnir Fæðingarorlofssjóðs á lögunum verið umdeildar og valdið ágreiningi.

Alþýðusamband Íslands hefur gagnrýnt þær breytingar sem gerðar hafa verið á fæðingar- og foreldraorlofslögunum síðustu ár sem fela í sér að þak á fæðingarorlofsgreiðslur hefur ítrekað verið lækkað og hlutfall greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skert svo dæmi séu nefnd. Hefur ASÍ bent á að miklar skerðingar á greiðslum í fæðingarorlofi hafi skapað verulega hættu á að bakslag verði hvað varðar þá mikilvægu réttarbót sem lögin fólu í sér í upphafi.

Lögum um fæðingar- og foreldraorlof var breytt á Alþingi í desember 2013. Með þeim breytingum var felld út lengingin á fæðingarorlofinu sem samþykkt hafði verið árið áður og gerð er grein fyrir í síðustu skýrslu forseta. Samhliða var fjárhæðum breytt í samræmi við almennar verðlagsuppfærslur, auk þess sem hámark greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði var hækkað lítillega umfram það og er 370.000 kr. á árinu 2014. Alþýðusambandið mótmælti harðlega að fyrirhuguð lenging á fæðingarorlofinu yrði dregin til baka enda ljóst að miklir hagsmunir eru í því fölgirnir fyrir launafólk að fæðingarorlofið verði lengt í 12 mánuði. Jafnframt benti ASÍ á að lengingin, sem ákveðin hafði verið, byggði ekki síst á kröfu Alþýðusambandsins.

Umboðsmaður Alþingis hafnar framkvæmd Fæðingarorlofssjóðs

Með álit, sem umboðsmaður Alþingis gaf út 28. ágúst 2013, hafnaði hann túlkun Fæðingarorlofssjóðs sem úrskurðarnefnd um Fæðingarorlofssjóð hafði áður staðfest. Málið varðar útreikning Fæðingarorlofssjóðs á tekjuviðmiðum og greiðslum þegar einstaklingar taka fæðingarorlof hluta úr almanaksmánuði en eru í starfi hinn hlutann.

Um efni málsins segir m.a. í álit umboðsmanns:

„Til nánari útskýringar má ímynda sér eftirfarandi dæmi. Meðaltal heildarlauna foreldris er 600.000 krónur. Foreldri er skráð í fæðingarorlofi 77% af tilteknum mánuði og þiggur því 231.000 krónur frá Fæðingarorlofssjóði miðað við hámarksgræiðsluna 300.000 krónur úr sjóðnum. Í sama mánuði þiggur það 270.000 krónur frá vinnuveitanda. Hlutfallið milli 270.000 króna og 600.000 króna er 45%. Því myndi nefndin leggja til grundvallar að foreldrinu hefði eingöngu verið heimilt að þiggja 55% orlof frá Fæðingaror-

lofssjóði eða 165.000 krónur. Því beri foreldrinu að endurgreiða mismuninn, þ.e. 66.000 krónur að teknu tilliti til staðgreiðslu og annarra gjalda. Eins og frádráttarregla 2. málsl. 10. mgr. 13. gr. laga nr. 95/2000 er orðuð væri mismunur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og meðaltals heildarlauna í sama dæmi aftur á móti 369.000 kr., þ.e. mismunur á 600.000 kr. og 231.000 kr. Greiðsla frá vinnuveitanda upp á 270.000 kr. myndi því ekki skerða greiðslur úr sjóðnum.

Samkvæmt framangreindu fæ ég ekki annað ráðið af gögnum málsins en að í staðinn fyrir að horfa aðeins til þess mismunar sem er á milli meðaltals heildarlauna í tilteknum mánuði og greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði, og kanna hvort greiðslur frá vinnuveitanda eru hærrí en sá mismunur, leggur sjóðurinn til grundvallar mun flóknari aðferð sem byggir á hlutfallsútreikningi. Þá aðferð hefur úrskurðarnefndin staðfest að eigi sér stöð í lögum nr. 95/2000. Aðferðin kann aftur á móti að leiða til þess að greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði byrji að skerðast við lægri greiðslur frá vinnuveitanda heldur en leiðir af þeirri frádráttarreglu sem beinlínis er orðuð í 2. málsl. 10. mgr. 13. gr. laga nr. 95/2000.“

Ljóst er að niðurstaða umboðsmanns Alþingis varðar fjölda launafólks sem fengið hefur lægri greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði en það átti rétt á samkvæmt lögum. Auk kröfu um ólögmetna endurgreiðslu hefur fólk einnig verið látið greiða sérstakt 15% refsialag sem ekki stenst.

Þegar álit umboðsmanns lá fyrir var af hálfu Alþýðusambandsins leitað upplýsinga hjá Vinnumálastofnun, sem fer með málefni Fæðingarorlofssjóðs, um það hvernig yrði brugðist við í málinu en engin skýr svör fengust. Þá var málið einnig tekið upp af fulltrúum ASÍ á vettvangi stjórnar stofnunarinnar með ósk um að brugðist yrði við með viðeigandi hætti og foreldrum, sem fyrir skerðingu urðu, yrði bættur skaðinn. Af hálfu meirihluta stjórnarinnar var málinu hins vegar vísað frá þar sem það ætti ekki undir hana heldur velferðarráðuneytið. Af hálfu velferðarráðuneytisins fengust engin svör.

Í byrjun desember 2013, þegar meira en þrjú og hálfur mánuður voru liðnir frá því álit umboðsmanns kom fram (og enginn vefengdi niðurstöðu hans) hafði velferðarráðuneytið eða aðrir ekki haft uppi neina tilburði til að upplýsa þá foreldra, sem beittir hafa verið rangindum af hálfu Fæðingarorlofssjóðs, um framangreinda niðurstöðu eða bætt þeim skaðann. Af því tilefni sendi Alþýðusambandið velferðarráðuneytinu bréf 10. desember þar sem vakin er athygli á þessari stöðu. Þar segir:

„Fyrir liggur að fjöldi einstaklinga hefur á síðustu árum ranglega fengið skertar fæðingarorlofsgreiðslur eða verið endurkrafinn um greiðslur úr Fæðingarorlofsjóði (auk 15% álags) á grundvelli túlkunar á lögnum um fæðingar- og foreldraorlof sem ekki stenst, sbr. álit umboðsmanns Alþingis og staðfestingu úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála.

Í ljósi þess sem að framan segir óskar Alþýðusamband Íslands eftir að upplýst verði með hvaða hætti velferðarráðuneytið hyggst bregðast við þessari niðurstöðu og tryggja að þeir einstaklingar, sem orðið hafa fyrir ólögmatrí skerðingu á greiðslum úr Fæðingarorlofsjóði (auk þess að greiða sérstakt refsialag), fái bættan þann skaða sem þeir hafa orðið fyrir.“

Svar velferðarráðuneytisins er dagsett 4. júlí sl. eða tæpum 7 mánuðum eftir að ASÍ sendi ráðuneytinu erindi sitt. Þar vísar ráðuneytið málinu frá sér með tilvísun í lögina um fæðingar- og foreldraorlof. Um það segir m.a.: *„Ráðuneytið hefur því litið svo á að það hafi ekki heimild samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof til að fjalla efnislega um einstök mál eða skera úr um réttmæti ákvarðana Vinnuálastofnunar í einstaka málum hvað varðar réttindi foreldra til greiðslna úr Fæðingarorlofsjóði“.*

Hins vegar kemur fram að ráðuneytið telur þörf á að breyta reglugerð nr. 1218/2008 í ljósi niðurstaðna umboðsmanns. Ráðuneytið sendi jafnframt ASÍ ásamt fleirum til umsagnar drög að reglugerðarbreytingum sem taka eiga af allan vafa um framkvæmdina í samræmi við álit umboðsmanns. Þá er jafnframt tekið á fleiri álitamálum varðandi túlkun Fæðingarorlofsjóðs á rétti foreldra, sem taka fæðingarorlof að hluta í almanaksmánuði á móti starfi hinn hlutann, með afdráttarlausum hætti.

Í niðurlagi bréfs ráðuneytisins segir að ráðuneytinu sé jafnframt kunnugt um að Vinnuálastofnun hafi ákveðið að endurskoða ákvarðanir stofnunarinnar sem ekki hafi verið kærðar en sem eru með sama hætti og umboðsmaður fjallaði um. Ekki er gerð nánari grein fyrir þessum þætti í bréfi ráðuneytisins.

Staða málsins um miðjan september, þegar þetta er skrifað, er sem hér segir:

1. Þrátt fyrir ótvíræða niðurstöðu umboðsmanns Alþingis um að Fæðingarorlofsjóður hafi með rangri túlkun laga um fæðingar- og foreldraorlof haft umtalsverða fjármuni af fjölda foreldra í fæðingarorlofi síðustu ár

(og krafði þá jafnframt um 15% álag), hefur ennþá ekkert verið gert til að bæta hlut þessara einstaklinga.

2. Í ljósi þess að velferðarráðuneytið lætur að því liggja að Vinnumálastofnun vinni að lagfæringu á þessum málum hefur Alþýðusambandið sent lögfræðingi Vinnumálastofnunar erindi þar sem óskað er upplýsinga um með hvaða hætti Vinnumálastofnun hefur í hyggju að bregðast við. Þá er spurt hvort ekki sé ótvírætt að afgreiðsla Fæðingarorlofssjóðs frá 28. ágúst 2013 sé í samræmi við álit umboðsmanns.
3. Skýrt kemur fram að ráðuneytið telur þörf á að breyta reglugerð nr. 1218/2008 í ljósi niðurstaðna umboðsmanns. Vonir standa til að þær breytingar gangi í gegn í september 2014 og að þær taka af öll tvímæli um framtíðina í sambærilegum málum til hagsbótar fyrir launafólk og er það vel.
4. Stjórnsýslan:
Þetta mál allt vekur upp spurningar um stjórnsýslu Fæðingarorlofssjóðs og stöðu hans. Ólíkt öðrum vinnumarkaðstengdum sjóðum, sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með, þ.e. Atvinnuleysistryggingasjóði og Ábyrgðasjóði launa, hefur Fæðingarorlofssjóður enga stjórn.

Mótun vinnumarkaðsstefnu

Í maí 2012 skipaði forsætisráðherra samráðshóps um mótun vinnumarkaðsstefnu með aðild fulltrúa stjórnvalda, stjórnmalaflokkanna og aðila vinnumarkaðarins. Fram kom að verkefni hópsins væri að móta tillögu um heildstæða vinnumarkaðsstefnu fyrir Ísland fram til 2020 sem taki mið af stefnumótun ríkisstjórnarinnar, Ísland 2020. Stefnan skyldi vera tvískipt, annars vegar stefnuskjalið sjálft með almennri umfjöllun um viðfangsefnið og rannsóknir því tengdu og hins vegar með tímasettum, hlutlægum markmiðum og grein gerð fyrir mælikvörðum.

Ákveðið var að skipta vinnunni niður á nokkra undirhópa sem skyldu fjalla um:

- Hækkað menntunarstig á vinnumarkaði samkvæmt 2020 markmiðum ríkisstjórnarinnar.
- Bætta stöðu ungs fólks á vinnumarkaði.
- Virkan stuðning við erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði.
- Útrýmingu á kynbundnum launamun og skertum aðgangi kvenna að stjórnunarstörfum á vinnumarkaði.
- Stöðu eldra fólks á vinnumarkaði.

Vinna undirhópanna hófst vorið 2012 og gekk hún mishratt fyrir sig en var almennt vel á veg komin þegar kom fram á veturinn 2012–2013. Á fyrri hluta árs 2013 hægði hins vegar á þessari vinnu og var hún stöðvuð alveg við ríkisstjórnarskiptin vorið 2013.

Í tengslum við gerð kjarasamninga haustið 2013 gáfu forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra út minnisblað 15. nóvember þar sem segir m.a.:

„Félags- og húsnæðismálaráðherra mun skipa nefnd um mótun vinnumarkaðsstefnu og skipulag vinnumarkaðsmála svo stuðla megi betur að velferð þeirra sem starfa á innlendum vinnumarkaði sem og að tryggja virka þátttöku sem flestra á vinnumarkaði í því skyni að aukasamkeppnishæfni Íslands, m.a. með hliðsjón af tillögum verkefnastjórnar Samráðsvettvangs um aukna hagsæld. Þannig verði m.a. könnuð þörf fyrir sértækar vinnumarkaðsaðgerðir til að skapa störf í samræmi við menntun og skoðaðir möguleikar á aðgerðum til að lada sérhæft vinnuafli til starfa á íslenskum vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fyrir lok árs 2014.“

Í apríl sl. barst ASÍ erindi þar sem óskað var eftir að sambandið tilnefndi fulltrúa í nefndina fyrir lok mánaðarins. Þegar þetta er skrifað um miðjan september hefur framangreind nefnd ekki enn komið saman og verður ekki séð að félags- og húsnæðismálaráðherra eða ríkisstjórnin hafi áhuga á að eiga samráð við Alþýðusambandið og verkalýðshreyfinguna um málefni vinnumarkaðarins yfirleitt.

Vinnuvernd

Skipulag vinnunnar og vinnuvernd hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir launafólk, velferð þess á vinnustað og öryggi og heilbrigði almennt. Þá hafa áherslur á þessu sviði tekið miklum breytingum með aukinni þekkingu og breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Mikill árangur hefur náðst gagnvart mörgum þeirra úrlausnarefna sem varða öryggi við vinnu og aðbúnað á vinnustöðum. Samhliða hefur athyglin á undanförunum árum í vaxandi mæli beinst að öðrum þáttum vinnuverndar eins atvinnusjúkdómum og ýmsum sálrænum og félagslegum þáttum tengdum vinnunni, skipulagi hennar og samskiptum fólks á vinnustað. Þá hefur áherslan í stöðugt meira mæli beinst að því að efla innra vinnuverndarstarf í fyrirtækjum með því að styrkja innviði þessa starfs á vinnustöðunum og með betri upplýsingum og meiri fræðslu.

Lykillin að starfi verkalýðshreyfingarinnar í vinnuverndarmálum er aðkoma hennar að stjórn Vinnueftirlits ríkisins og samstarfi við Vinnueftirlitið.

Starfsemi Vinnueftirlitsins

Stjórn Vinnueftirlitsins samþykkti ályktun sumarið 2014 þar sem lýst er yfir áhyggjum af því að á sama tíma og atvinnulífið er að taka við sér þá sé enn þrengt að starfsemi þess með lækkuðum framlögum og færri starfsfólki en fyrir hrunið. Alvarleg er sú staðreynd að mjög fáir eftirlitsmenn eru í störfum hjá Vinnueftirlitinu, aðeins 0,6 á hverja 10 þúsund starfandi á vinnumarkaði en Alþjóðavinnuálagstofnunin gerir ráð fyrir að þeir séu 1 á hverja 10 þúsund. Hér munar því miklu og þörf er á að verkalýðshreyfingin geri kröfu um úrbætur í þessum efnunum.

Mesta hættan framundan er sú að vinnuslysum fjölgi vegna þess að nú eru að fara af stað nýframkvæmdir og endurnýjun í byggingariðnaði og mannvirkjagerð á vinnustöðum sem eru hættulegir og því mikilvægt að efla forvarnir og eftirlit. Að öðrum kosti er voðinn vís. Það þarf að koma stjórnvöldum í skilning um að þegar atvinnulífið þenst út þá þarf Vinnueftirlitið að geta fylgt þeirri þróun eftir.

Þann 24. október 2013 stóð Vinnueftirlitið fyrir ráðstefnu um stefnumótun í vinnuvernd til ársins 2020. Á fundinum voru haldin stutt inngangserindi um samstarf atvinnulífs og Vinnueftirlits, skipulag vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, áhættumat á vinnustað, atvinnusjúkdóma og álag, svo og vinnuslys – núll-slyasstefnu. Síðan voru umræður á vinnubörðum um stefnumótun í vinnuvernd til 2020. Ráðstefnan var fjölsótt og tókst með miklum ágætum. Ráðstefnan var hugsuð sem upphaf þess að stjórn og starfsmenn ásamt velferðarráðuneytinu mótaði stefnu í vinnuverndarmálum fyrir tímabilið 2014 til 2020. Teknar voru saman þær hugmyndir og umræður, sem urðu á ráðstefnunni, og sú samantekt hugsuð sem grunnur að að þessari vinnu. Einnig var gert ráð fyrir að ráðuneytið legði þarna myndarlega sitt af mörkum þannig að það væri þátttakandi í því að hrinda stefnunni í framkvæmd. Málin hafa nú þróast þannig að velferðarráðuneytið hefur óskað eftir tilnefningu ýmissa aðila í hóp sem á að vinna að stefnumótun. Þessi hópur hefur ekki verið boðaður til fundar enn en vonandi verður þetta starf til þess að við getum farið að vinna hér á landi í samræmi við stefnumótun í vinnuvernd, eitthvað sem vísar okkur leiðina að því að gera vinnustaði betri og öruggari.

Það eru síðan næg verkefni sem verkalýðshreyfinginn á að beina sínum kröftum að. Þar má nefna að finna og upplýsa um það hvar notað var asbest í byggingum á þeim tíma sem það var leyft. Það má ekki koma fyrir að starfsmenn verði fyrir mengun af völdum asbests án þess að þeir séu í viðeigandi hlífðarbúnaði eins og dæmi sanna.

Átak í fiskvinnslu er vonandi að skila árangri, alltof mörg slys hafa orðið

þar og þar eru stundum mjög ungir einstaklingar sem slasast í tækjum sem þeir eiga ekki að vinna með. Hér þarf átak allra aðila sem koma að þessari atvinnugrein.

Vímuefnaprófanir og vernd launafólks

Á fundi miðstjórnar haustið 2013 var óskað eftir að lögfræðideild ASÍ tæki saman minnisblað með upplýsingum/leiðbeiningum til aðildarfélaganna vegna vímuefnaprófana á vinnustöðum en þau hafa verið mikið til umræðu upp á síðkastið. Framganga ýmissa fyrirtækja í þeim efnum hefur verið umdeild og harðlega gagnrýnd af aðildarfélögum ASÍ.

Í minnisblaði lögfræðideildar er í upphafi bent á að friðhelgi einkalífs er varin í 71. gr. stjórnarskrár Íslands og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Í þeirri réttarvernd felst m.a. vernd gegn ástæðulausum líkamsrannsóknnum, þ.m.t. vímuefnaprófunum. Nánari útfærslu er svo að finna í lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Réttarverndin tryggir að úrvinnsla upplýsinga úr vímuefnaprófunum skuli vera málefnaleg og fagleg. Ljóst er að hér er fjallað um mikilvæg grunnréttindi og þess vegna skal í öllum tilvikum láta persónufrelsi einstaklings njóta vafans ef svo ber undir. Engar sérreglur gilda um vímuefnaprófanir atvinnurekenda á starfsfólki hér á landi og er því stuðst við meginreglur framangreindra réttarheimilda um friðhelgi einkalífs og meðferð og vinnslu persónuupplýsinga. Í áliti Persónuverndar um vinnslu persónuupplýsinga við vímuefnaprófanir kemur fram að Persónuvernd telur æskilegt að nýttar verði lagaheimildir til að setja reglur um vímuefnapróf á vinnustöðum og vinnslu persónuupplýsinga eða þá að slíkt sé gert í kjarasamningi. Haft skal þó í huga að slíkar reglur geta ekki gengið lengra á rétt einstaklinga en framangreindar réttarheimildir leyfa.

Með vísan í framangreint er mikilvægast fyrir stéttarfélög að gæta sérstaklega að eftirfarandi: 1) tilefni prófana séu málefnaleg; 2) þau séu framkvæmd af fagfólki; 3) meðferð, geymsla og eyðing upplýsinga úr prófunum sé í samræmi við lög um persónuvernd; 4) brugðist sé við niðurstöðum í samræmi við efni þeirra og starfsmaður njóti vafans.

Í áðurnefndu minnisblaði lögfræðideildar er síðan fjallað nánar um hvert þessara atriða fyrir sig.

Rétt er að geta þess að Alþýðusambandið hefur um langt skeið gert kröfu um að sett verði lög um vímuefnapróf sem byggi á megin sjónarmiðum um persónuvernd en sem jafnframt miði að því að tryggja sem best öryggi og

vinnuvernd starfsmanna. Þessi krafa hefur hins vegar fengið litlar undirtektir stjórnvalda.

Endurskoðun reglna um einelti á vinnustöðum

Vinnuhópur var skipaður í september 2011 til að endurskoða reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað. Hlutverk nefndarinnar var að endurskoða reglur í lögum og reglugerðum sem fjalla um einelti á vinnustað, þar á meðal kynferðislega áreitni. Jafnframt skyldi nefndin fjalla um þau álitafni sem upp hafa komið í tengslum við einelti á vinnustöðum, þar á meðal samspil laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem og um efni rammasamnings aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um einelti og ofbeldi á vinnustöðum.

Nefndin starfaði allt frá skipun hennar en á tilteknum tímabilum þurfti að gera hlé á störfum hennar um lengri eða skemmri tíma. Nefndin vann reglugerð sem ber yfirskriftina Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustað. Reglugerðin fór í opið umsagnarferli á vef velferðarráðuneytisins í apríl 2013 og alls bárust ábendingar og athugasemdir frá tíu aðilum. Nefndin fór yfir þessar ábendingar og athugasemdir og gerði nokkrar breytingar á reglugerðinni í kjölfarið.

Eftir stjórnarskipti í maí 2013 töldu starfsmenn ráðuneytisins nauðsynlegt að nýr ráðherra velferðarmála kynnti sér reglugerðardrög vinnuhópsins. Það var eftir niðurstöðu ráðherra allt árið 2013. Í febrúar 2014 kom nefndin saman að kröfu nefndarmanna og fór yfir reglugerðardrögin og skýrslu nefndarinnar sem fylgir reglugerðardrögunum.

Í drögunum að nýrri reglugerð er gert ráð fyrir að hún verð sett á grundvelli e-liðs 38. gr.laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum en þar kemur fram að ráðherra setji nánari reglur að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins. Efni reglugerðarinnar snýr að skyldum atvinnurekenda í tengslum við aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustöðum þar sem litið er á slíkar aðgerðir sem hluta af almennu vinnuverndarstarfi á vinnustöðum. Því er ljóst að breyta verður framangreindri heimild ráðherra til setningar reglugerðar hvað þetta varðar svo unnt verði að birta nýja reglugerð í þeirri mynd sem nefndin leggur til.

Nefndin leggur því til að ráðherra beiti sér fyrir breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum á Alþingi þannig að lagastof fyrir

hina nýju reglugerð verði tryggð. Sú breyting hefur hins vegar ekki átt sér stað og því mun reglugerðin vart öðlast gildi óbreytt fyrr en umrædd lagabreyting hefur átt sér stað.

Lögregla leyfir atvinnurekanda að komast upp með brot á vinnuverndarlögum

Sá forkastanlegi atburður átti sér stað á árinu 2013 að embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu felldi niður mál gagnvart fyrirtæki er varðar brot á lögum og reglum um niðurrif á asbesti þrátt fyrir að yfirmenn fyrirtækisins hafi nánast játað að hafa farið á svig við lög um þetta efni. Síðar kom í ljós að málið hafði fyrnst í meðförum embættisins.

Meint brot fyrirtækisins fólst í því að láta starfsmenn sína rífa niður asbest af þaki húss án þess að hafa til þess tilskilin leyfi frá Vinnueftirlitinu, án þess að starfsmenn viðkomandi fyrirtækis hefðu gengist undir lögbundið námskeið um meðferð asbests og án þess að útvega starfsmönnum sínum sérstakan vinnufatnað eða öndunargrímur og með þessum hætti ógnað heilsu þeirra eða valdið þeim óafturkræfu heilsutjóni.

Af þessu tilefni ályktaði miðstjórn ASÍ um málið á fundi sínum 11. desember sl. Jafnframt var félags- og húsnæðismálaráðherra sent bréf þar sem vakin er athygli á málinu og ráðherra hvattur til að gera það sem í hennar valdi stendur til að lög og reglur um vinnuvernd séu virt, þ.m.t. hvað varðar asbest.

Í greinargerð með ályktun miðstjórnar segir:

Vinnueftirlit ríkisins kærði byggingarfyrirtæki þann 12. janúar 2012 fyrir meint brot á lögum og reglum sem gilda um niðurrif asbests. Meint brot fyrirtækisins felst í því að láta starfsmenn sína rífa niður asbest af þaki húss án þess að hafa til þess tilskilin leyfi frá Vinnueftirlitinu, án þess að starfsmenn viðkomandi fyrirtækis hefðu gengist undir lögbundið námskeið um meðferð asbests og án þess að útvega starfsmönnum sínum sérstakan vinnufatnað eða öndunargrímur og með þessum hætti ógnað heilsu þeirra eða valdið þeim óafturkræfu heilsutjóni.

Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu felldi málið niður þrátt fyrir að yfirmenn fyrirtækisins hafi nánast játað að hafa farið á svig við lög um þetta efni. Síðar kom í ljós að málið hafði fyrnst í meðförum embættisins.

Ef nauðsynlegt er að treysta löggjöfina enn frekar til að fylgja eftir reglum sem þessum þá er þess krafist að félags- og húsnæðismálaráðherra sjái til þess að þetta mál verði kannað og gerðar þær umbætur á lögum og reglum sem þarf

til að svona gerist ekki aftur.“

Alþýðusambandinu barst svar frá velferðarráðuneytinu, dags. 26. ágúst 2014, þar sem tekið er undir með ASÍ að alvarlegt sé ef fyrirtæki virði ekki lög og reglur á sviði vinnuverndar. Þá er vísað til þess að ákveðið hafi verið að skipa nefnd til að móta tillögu að vinnuverndarstefnu og að stefnt sé að endurskoðun vinnuverndarlaganna þegar þær tillögur liggja fyrir. Þá er afrit af erindi ASÍ og svari velferðarráðuneytisins sent innanríkisráðuneytinu þar sem embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu heyrir undir það ráðuneyti.

Evrópsk vinnuverndarvika 2014

Evrópska vinnuverndarvikan 2014 verður 20.-24. október nk. Yfirskrift vinnuverndarvikkunnar er „Góð vinnuvernd vinnur á streitu - Stjórnun streitu og andlegrar- og félagslegrar áhættu á vinnustöðum“. Vinnuverndarvikan 2015 mun einnig fjalla um streitu.

Streita fyrirfinnst á öllum vinnustöðum en með einföldum aðgerðum er hægt að draga mikið úr henni. Leiðbeiningar fyrir starfsfólk og stjórnendur til að draga úr vinnutengdri streitu hafa verið gefnar út í tilefni vikunnar. Helstu markmið eru:

- Bæta skilning á vinnutengdri streitu og andlegri og félagslegri áhættu
- Efla stjórnun á þessari áhættu
- Fyrirbyggja neikvæð áhrif streitu
- Veita starfsmönnum og atvinnurekendum stuðning og leiðbeiningar
- Hvetja til notkunar á tiltækum verkfærum til að bæta andlegt og félagslegt vinnuumhverfi

Atvinnuleysistryggingar, vinnumiðlun og vinnumarkaðs- aðgerðir

Mikið atvinnuleysi í framhaldi af hruninu í október 2008 og vaxandi fjöldi langtímaatvinnulausra kallaði á miklar og róttækar aðgerðir af hálfu verkalyðshreyfingarinnar, samtaka atvinnurekenda, stjórnvalda og samfélagsins í heild. Ýmislegt var gert af hálfu stjórnvalda og Vinnumálastofnunar fljótlega í kjölfarið, s.s. með átakinu Ungt fólk til athafna og ÞOR, og af hálfu fullorðinsfræðslustofnana sem sveigðu starfsemi sína að þjónustu við atvinnuleitendur í miklum mæli með ráðgjöf, námskeiðahaldi og tilboði um raunfærnimat. Þá má nefna tímabundnar lagaheimildir sem ætlað var að auðvelda fyrirtækjum og einstaklingum að halda ráðningarsambandi þrátt fyrir samdrátt og mikið auknar heimildir til fyrirtækja og einstaklinga til að gera starfsþjálfunar- og

reynsluráðningarsamninga og vegna frumkvöðlastarfs. Þessi úrræði hafa töluvert verið nýtt. Það kom þó fljótt í ljós að þetta dugði engan veginn. Því hefur á undangengnum árum stöðugt verið leitað nýrra úrræða og aðgerða til að bæta þjónustu við atvinnulausa, efla vinnumarkaðsúrræði og vinnumiðlun. Þar hefur Alþýðusambandið tekið ákveðið frumkvæði í góðu samstarfi við Samtök atvinnulífsins og stjórnvöld.

Haustið 2013 lagði félags- og húsnæðismálaráðherra fram á Alþingi skýrslu um árangur af vinnumarkaðs- og menntaverkefnum ætluðum ungu fólki sem unnið hefur verið að í kjölfar hrunsins haustið 2008. Það er skemmt frá því að segja að skýrslan undirstrikar mikilvægi þessa starfs. Öll hafa þessi verkefni byggt á samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins og oftar en ekki hefur frumkvæðið verið hjá Alþýðusambandinu og aðildarsamtökum þess.

Liðsstyrkur

Í tengslum við breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar seinni hluta árs 2012 var ákveðið að fara í sérstakt átak til að aðstoða atvinnuleitendur sem höfðu verið lengi án vinnu. Var það alger forsenda fyrir stuðningi ASÍ við lagabreytingarnar. Verkefnið fékk yfirskriftina *Liðsstyrkur*. Markmið verkefnisins var að virkja atvinnuleitendur sem fullnýtt höfðu rétt sinn til atvinnuleysisbóta frá 1. september 2012 til ársloka 2013 til þátttöku að nýju á vinnumarkaði. Markmiðið var að bjóða öllum einstaklingum, sem fylltu þennan hóp, starf eða starfsendurhæfingu enda skráðu þeir sig til þátttöku í atakið. Megininntak þessa umfangsmesta atvinnuátaksverkefnis, sem ráðist hefur verið í, var atvinnutilboð fyrir vinnufæra og vinnufusa á sama tíma og þeim sem voru óvinnufærir var boðin atvinnutengd starfsendurhæfing.

Með þessu metnaðarfulla átaki sameinuðust stjórnvöld og hagsmunaaðilar á vinnumarkaði með einstökum hætti til að tryggja langtímaatvinnulausum tækifæri til að komast inn á vinnumarkaðinn að nýju.

Í síðustu skýrslu forseta er gerð ítarleg grein fyrir aðdraganda verkefnisins, áherslum sem þar voru settar og fyrstu skrefum.

Í október 2013 kom út áfangaskýrsla vegna verkefnisins m.v. stöðuna í ágúst-mánuði 2013. Þar kom m.a. fram að reynslan af *Liðsstyrk* væri í heild góð. Meðal jákvæðra þátta í verkefninu má nefna:

- Færri sóttu um þátttöku í verkefninu en gert var ráð fyrir. Um 30% þeirra sem rétt höfðu til að sækja um gerðu það ekki. Slíkt gæti bent til þess að

staða þeirra hafi verið betri en ætla mátti eða verið vísbending um mögulegt samspil bótagreiðslna og svartrar atvinnustarfsemi.

- Lærdómur: Virkar vinnumarkaðsaðgerðir, þar sem atvinnuleitendum eru boðin störf, fækka bótaþegum og eru líklegar til að vinna gegn bótasvikum.
- Fleiri störf urðu til en stefnt var að. Atvinnurekendur voru viljugir til að skrá störf inn á starfabanka. Sérstaklega átti þetta við um almenna vinnumarkaðinn.
- Lærdómur: Atvinnurekendur sjá hag sinn í að ráða atvinnuleitendur þegar þeim er skapaður efnahagslegur hvati til slíks.
- Ánægja var á meðal atvinnurekenda með þá starfsmenn sem þeir réðu innan verkefnisins.
- Lærdómur: Stór hluti langtímaatvinnuleitenda reynist hæft og öflugt starfsfólk þegar og ef það fær tækifæri til vinnu.
- Ánægja var á meðal atvinnuleitenda með þau tækifæri sem átakið skapaði þeim.
- Lærdómur: Meginþorri langtímaatvinnuleitenda er opinn fyrir starfi og er ánægður með að fá tækifæri á vinnumarkaði.
- Verkefnið kostar í heild mun minna en gert var ráð fyrir.
- Lærdómur: Nýta má tölfræðilegar upplýsingar úr verkefninu við áætlana- og fjárlagagerð varðandi vinnumarkaðsaðgerðir í framtíðinni. Kostnaður við slíkar aðgerðir er minni en til þessa hefur verið gert ráð fyrir og ávinn-ingur samkvæmt því meiri.
- Í heild mun verkefnið skapa rúmlega 1.000 langtímaatvinnuleitendum vinnu. Þessir einstaklingar hefðu ella að líkindum fallið af vinnumarkaði til framtíðar með tilheyrandi samfélagslegu tjóni.
- Lærdómur: Atvinnuleitendur, sem hafa verið 3 ár eða lengur án vinnu, vilja í flestum tilfellum vinnu þegar hún býðst og hægt er að skapa þeim skilyrði til slíks með virkum vinnumarkaðsaðgerðum.
- Sá árangur sem náðst hefur með verkefninu og forverum þess sýnir fram á gildi samstarfs aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda á sviði vinnu-markaðsmála.

Meðal neikvæðra þátta má nefna:

- Einungis var ráðið í tæplega helming þeirra starfa sem skráð voru í starfa-bankann.
Lærdómur: Kerfið réði ekki við þann fjölda sem gert var ráð fyrir. Gera þarf raunhæfar kröfur til vinnumiðlara og afkastagetu Vinnumálastofnun-ar og STARFs (sjá kaflann Starf – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf.) varðandi vinnumiðlun og ráðningar. Gera þarf meiri kröfur til starfslýsinga þegar störf eru skráð í miðlun. Upplýsingar um atvinnuleitendur, starfsreynslu þeirra, þekkingu og færni, í gagnagrunnum þurfa að vera ítarlegri til að auðvelda miðlun.
- Ekki reyndist gerlegt að sinna með fullnægjandi hætti þörfum þeirra atvinnuleitenda sem lakast stóðu. Sérstakt átak innan verkefnisins var búið til, Starf með stuðningi, en ekki reyndist unnt að framkvæma það vegna þess ramma sem verkefninu var sett í lögum og reglugerð.
- Lærdómur: Breyta þarf lögum til að skýra og greiða betur fyrir samspili starfsendurhæfingar og vinnumiðlunar þannig að þeir sem eru að tæma bótarétt sinn og ekki hafa næga ráðningarhæfni fái þjónustu óháð því hvert þeir sækja sína framfærslu.
- Í upphafi verkefnisins var gert ráð fyrir að stór hópur einstaklinga þyrfti á sértækri aðstoð og úrræðum að halda, s.s. vegna hættu á depurð og annarra andlegra afleiðinga langtímaatvinnuleysis, með það að markmið að auka starfs- og ráðningarhæfni þeirra. Hluti þessa hóps fékk ekki þá þjónustu sem að var stefnt. Þegar í ljós kom að mjög fáum í verkefninu var vísað í starfsendurhæfingu til VIRK var ákveðið að víkka gáttina þangað. Það skilaði hins vegar takmörkuðum árangri þar sem svo virðist sem fáir þeirra sem voru í verkefninu hafi þurft á eiginlegri starfsendur-hæfingu að halda.
- Lærdómur: Auka þarf svigrúm og getu Vinnumálastofnunar/STARF til þess að veita sérhæfða ráðgjöf og úrræði fyrir einstaklinga sem verið hafa atvinnulausir lengi og jafnvel fullnýtt rétt sinn til atvinnuleysisbóta. Í sumum tilfellum hefur starfshæfni glatast en í öðrum tilfellum einungis ráðningarhæfni. Tryggja þarf þessum einstaklingum endurkomu inn á vinnumarkað með samþættingu endurhæfingar og miðlunar í störf við hæfi hvers og eins sem í upphafi gætu verið hlutastörf.
- Upplýsinga- og ráðningarkerfi takmarkað. Gögn ekki fyrir hendi.
- Lærdómur: Samræmt upplýsingakerfi, þar sem ítarlegar upplýsingar eru skráðar um laus störf og atvinnuleitendur, er forsenda skilvirkar ráð-gjafar og vinnumiðlunar. Skráning upplýsinga úr ráðgjafaviðtölum við atvinnuleitendur í slíkt kerfi er þar lykilatriði. Núverandi kerfi („alsam“)

þjónar þessum markmiðum ekki nægjanlega vel. Framfylgja þarf þeirri ákvörðun stjórnar Atvinnuleysisstryggingasjóðs að kaupa eða hanna nýtt kerfi sem þjónar bæði vinnumiðlun, almennri upplýsingasöfnun og tölfræðilegri úrvinnslu. Skoða þarf hvort slíkt kerfi á samhliða að halda utan um greiðslur bóta og styrkja, eins og nú er, eða hvort hagkvæmara sé að hafa eitt greiðslukerfi og annað vinnumiðlunar- og upplýsingakerfi sem vinna úr sama grunni.

- Þeir atvinnurekendur, sem ekki réðu starfsfólk í skráð störf, vefngdu hæfni þeirra sem miðlað var til þeirra.
- Lærdómur: Kynna þarf starfskrafta og þá auðlind, sem atvinnuleitendur eru, betur fyrir atvinnurekendum. Betra upplýsingakerfi eykur líkur á því að atvinnurekandi fái „réttá“ umsækjandann í starfsviðtal.
- Fleiri nýttu sér biðstyrk í lengri tíma en gert var ráð fyrir.
- Lærdómur: Ástæður þess að fleiri nýttu sér biðstyrk en gert var ráð fyrir eru m.a.:
 - Verkefnið fór tveimur mánuðum seinna af stað en gert var ráð fyrir.
 - Vinnumálastofnun og STARF önnuðu um tíma ekki fjölda skráðra starfa og atvinnuleitenda
 - Fullnægjandi upplýsingar og kerfi til að halda utan um þær skorti.
 - Raunveruleg endurhæfingarúrræði skorti fyrir þá einstaklinga sem lakast stóðu innan hópsins.

Liðsstyrksverkefninu lauk í árslok 2013. Í lokaskýrslu verkefnisins kemur m.a. fram að tilboð um 2.301 starf var skráð í verkefnið en markmiðið var 2.200 störf. Af þeim var allur þórrinn störf á almennum vinnumarkaði. Alls 1.304 einstaklingar skráðu sig til þátttöku í verkefninu sem var tæpur helmingur þeirra sem áttu rétt til þátttöku.

Af þeim störfum, sem til miðlunar komu, var ráðið í 1.058 störf á vegum verkefnisins. Þar af voru 940 ráðningar vegna einstaklinga sem voru þátttakendur í Liðsstyrk en 118 vegna einstaklinga utan markhóps verkefnisins. Afturkölluð af hálfu atvinnurekenda voru 636 störf og 574 störf voru afskráð af miðlurum. Þegar verkefninu lauk voru 33 störf skráð í miðlun og 353 einstaklingar skráðir í verkefnið sem ekki höfðu fengið einhvers konar afgreiðslu sinna mála.

Í niðurstöðukafla skýrslunnar segir:

„Í stöðuskýrslu verkefnisstjórnar m.v. lok ágúst 2013 var gerð grein fyrir fyrra samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um þjónustu við atvinnuleitendur. Í skýrslunni var fjallað um reynsluna af Liðsstyrk og komist að þeirri niðurstöðu að reynslan af verkefninu væri í heildina góð. Jafnframt var bent

á jákvæða þætti, sem komið hefðu fram við framkvæmd verkefnisins, sem og neikvæða þætti og hvaða lærdóm mætti draga af hvoru tveggja.

Ekki er ástæða til að endurtaka hér það sem þar kom fram.

Það er tvennt sem halda ber til haga varðandi Liðsstyrksverkefnið er varðar samkomulag stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem gert var um verkefnið og undirritað var 12. desember 2013, byggt á samþykkt Atvinnuleysisstryggingasjóðs frá 15. nóvember 2012 sem afgreidd var í ríkisstjórn.

1. Þjónusta við atvinnuleitendur án bótaréttar og sem njóta framfærslu sveitarfélaganna.

Í samþykkt Atvinnuleysisstryggingasjóðs sagði m.a.: Áætlað er að töluverður fjöldi þeirra sem njóta framfærslu sveitarfélaga séu vinnufærir og í virkri atvinnuleit og teljist því til hóps atvinnuleitenda. Áhersla er lögð á að þessi hópur geti leitað til Vinnumálastofnunar og fengið þar greiningarviðtöl og ráðgjöf eins og aðrir þeir sem eru í atvinnuleit og fá þjónustu hjá stofnuninni. Mikilvægt er að gott samstarf verði milli ráðgjafa Vinnumálastofnunar og félagsráðgjafa sveitarfélaga um þjónustu við þessa atvinnuleitendur.

Með samkomulagi sem undirritað var 19. nóvember 2013 hófst með formlegum hætti samstarf Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga um land allt í tengslum við þjónustu við atvinnuleitendur sem eru án bótaréttar innan atvinnuleysisstryggingakerfisins en fá fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu sveitarfélaga. Þessi samvinna hefur verið nefnd Stígur. Markmiðið með samvinnunni er að styrkja viðkomandi einstaklinga í leit sinni að atvinnu, þannig að þeir geti sem fyrst orðið virkir þátttakendur á vinnumarkaði, og fækka þeim einstaklingum sem þurfa á fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna að halda.

Í samkomulaginu felst meðal annars að sveitarfélögin munu vísa atvinnuleitendum, sem ýmist hafa fullnýtt rétt sinn innan atvinnuleysisstryggingakerfisins á undanförunum árum eða hafa af einhverjum ástæðum ekki náð að ávinna sér rétt innan kerfisins með þátttöku á vinnumarkaði, til Vinnumálastofnunar sem veita mun þessum einstaklingum þjónustu í tengslum við starfsráðgjöf og vinnumiðlun.

2. Heimild sveitarfélaga til að skilyrða fjárhagsaðstoð félagsþjónustu sveitarfélaga við virkni.

Í samþykkt Atvinnuleysisstryggingasjóðs sagði um þetta efni: „Velferðarráðherra skipi starfshóp sem fari yfir fram komnar óskir Sambands íslenskra

sveitarfélaga um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og geri tillögur til ráðherra eigi síðar en 15. desember nk. um skýrari heimildir til að skilyrða fjárhagsaðstoð félagsþjónustu sveitarfélaga við virkni. Starfshópin skipi þrír fulltrúar velferðarráðuneytis, þrír fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn fulltrúi samtaka félagsmálastjóra en einn af fulltrúum velferðarráðuneytisins skal vera formaður nefndarinnar.“

Það er mat Alþýðusambandsins að reynslan af Liðsstyrk sé í heildina góð og að mikilvægt sé að byggja áfram á því ágæta samstarfi sem tekist hefur með aðilum vinnumarkaðarins og stjórnvöldum um virkar vinnumarkaðsaðgerðir. Tekið er undir með verkefnisstjórn Liðsstyrks að mikilvægt sé draga lærdóm af verkefninu, bæði því sem vel tókst til og því sem tókst síður. Sama gildir um önnur verkefni í tengslum við þjónustu við atvinnuleitendur sem ráðist hefur verið í frá árinu 2009. Markmiðið er að tryggja eins og kostur er að atvinnuleitendur fái góða þjónustu og að þeir verði aðstoðaðir við að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði og í samfélaginu.

Starf – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf.

Þann 10. febrúar 2012 skrifuðu velferðarráðuneytið, Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Samtök atvinnulífsins (SA) undir samkomulag um þriggja ára tilraunaverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur. Til þess að undirbúa og annast faglega stýringu á verkefninu stofnuðu ASÍ og SA félag, Starf – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. (STARF hér eftir), sem hefur yfirumsjón með verkefninu og faglega stýringu þess. Atvinnuráðgjafar á vegum félagsins starfa síðan á þjónustumiðstöðvum stéttarfélaganna og liðsinna félagsmönnum stéttarfélaganna við atvinnuleit, ráðgjöf og vinnumarkaðsúrræði. Tilraunaverkefnið er sérstaklega fjármagnað þessi þrjú ár af Atvinnuleysistryggingasjóði.

Stofnsamningur STARFs er dagsettur 28. febrúar 2012. Formlegt starf félagsins hófst síðan við ráðningu framkvæmdastjóra þess, Þorsteins Fr. Sigurðssonar, í byrjun maí 2012 og í kjölfar samninga við Vinnumálastofnun um þjónustusamning hófst þjónustan 1. ágúst 2012.

Meginverkefni STARFs er að:

- Skipuleggja og hafa faglega umsjón með störfum atvinnuráðgjafa sem starfa á vegum stéttarfélaganna í tengslum við tilraunaverkefnið. STARF greiðir kostnaðinn af störfum ráðgjafanna skv. samningi þar um ásamt því að hafa umsjón og eftirlit með starfi þeirra og veita þeim faglegan stuðning.
- Tryggja að atvinnuráðgjafar þess vinni náðið með atvinnuleitendum, sjái

um að þeir fari í áhugasviðs- og/eða starfsfærni greiningu ef við á, liðsinni þeim við atvinnuleitina, vinni með þeim áætlun þar um og skipuleggi með þeim þátttöku í vinnumarkaðsúræðum og virkniaðgerðum.

- Greiða kostnað af ráðgjöf og þjónustu ýmissa fagaðila sem leggja til margvísleg vinnumarkaðsúræði fyrir atvinnuleitendur.
- Vera tengiliður við stéttarfélagin innan tilraunaverkefnisins, við Vinnu-
málastofnun, velferðarráðuneytið og aðra þá aðila er koma að verkefninu.

Frankvæmdastjóri sinnti einn miðlægri þjónustu verkefnisins fram í október 2012 þegar sérfræðingur var ráðinn með honum og hafa þau tvö sinnt miðlægri þjónustu félagsins frá þeim tíma. Verkefni framkvæmdastjóra er yfirumsjón með öllum rekstri félagsins og fagleg stjórnun verkefnisins en verkefni sérfræðingsins er fyrst og fremst samskipti við ráðgjafa um verkferla og ráðgjafastörfin og önnur fagleg umsýsla verkefnisins. Skrifstofuaðstaðan er í húsnæði ASÍ samkvæmt sérstökum þjónustusamningi við ASÍ þar um. Ráðgjafar STARFs eru staðsettir í fjórum þjónustumiðstöðvum sem eru á vegum stéttarféлага samkvæmt sérstökum þjónustusamningum við þau. Fjöldi stöðugilda ráðgjafa á hverjum stað tók mið af fjölda atvinnuleitenda á hverju starfssvæði og hefur verið nær óbreyttur.

Fyrstu tvö ár þjónustunnar ágúst 2012–ágúst 2014

Skipta má þessum tveimur árum, sem þjónustan hefur varað, í fjögur tímabil.

1. Lærdóms- og þjálfunartími ágúst–desember 2012. Á þessum tíma má segja að ráðgjafarnir hafi verið að læra á þjónustuna en aðeins þrír þeirra höfðu reynslu af ráðgjöf til atvinnuleitenda. Læra þurfti á gagnagrunn Vinnu-
málastofnunar sem er ekki beint notendaljúfur og ekki sniðinn fyrir vinnumiðlunarþáttinn, á verkferlana og þjónustuna almennt en byrjað var með autt blað. Þetta var algjörlega nýtt verkefni og viðamikíð og þjónustan vandmeðfarin. Þá var lítil reynsla innanborðs af úrræðamálum og hvernig standa bæri að þeim málaflokki og var því varlega farið þar af stað.
2. Liðsstyrkur, janúar–ágúst 2013. Nýtt átaksverkefni sniðið fyrir atvinnuleitendur sem voru að detta af bótum um áramótin 2012/2013 og á árinu 2013. Verkefnið hlaut heitið Liðsstyrkur og hófst þjónustan við það í byrjun árs 2013. Segja má að frá þeim tíma hafi öll þungamiðja starfsins snúist um þetta verkefni og fór ekki að draga úr vinnuálaginu vegna þess fyrr en sumarfrí hófust um mitt ár. Verkefnið var afar krefjandi og tímafrekt og gafst ekki mikill tími í almenna vinnumiðlun eða ráðgjöf utan þess.

3. Markaðsverkefnið Flugtak, september–desember 2013. Álagið vegna Liðsstyrks fór minnkandi að sumri loknu og gafst því tími til að sinna vinnumiðlunarþættinum frekar. Farið var af stað með sérstakt markaðsverkefni, Flugtak, þar sem markmiðið var að styrkja og ná frekari tengingu inn í fyrirtæki sem greiða félagsgjöld til stéttarfélaganna er taka þátt í verkefninu. Þetta var gert með kynningarútsendingu til þeirra, hringingum og síðan heimsóknum með það að markmiði að sækja til þeirra störf sem miðla má í.
4. Vinnumiðlun og ráðgjöf, janúar–ágúst 2014. Það sem af er ári 2014 var áherslan áfram á vinnumiðlunina eins og lagt var upp með í Flugtaksverkefninu. Þó var aldrei slegið af þeim kröfum, sem gerðar eru til félagsins í samningum um verkefnið við Vinnumálastofnun (VMST hér eftir) varðandi ráðgjafarþáttinn og tíðni ráðgjafaviðtala sem tekur upp lungann af tíma ráðgjafanna.

Tölulegar upplýsingar um starfið


Mánaðarlega eru teknar saman tölulegar upplýsingar úr gagnagrunninum sem unnið er með (gagnagrunnur VMST). Þannig er fylgst með fjölda atvinnuleitenda í upphafi hvers mánaðar og samsetningu hópsins og kynnt stjórn. Jafnframt er mánaðarlega haldið utan um þátttöku atvinnuleitenda í úrræðum sem og afskráningar.

Samanburður á fjölda atvinnuleitenda eftir 2 ára þjónustu STARFs						
Miðstöðvar	2 Upphaf meðalt. 2011	3 Upphaf þjónustu 1.8.2012	4 1.8.2013	5 1.8.2014	6 % Tvö ár frá 1.8. 2012	7 Breyting á fjölda frá 1.8.2012
<i>VR</i>	2.380	1.715	1.390	1.110	-35%	-605
<i>Iðnfélög</i>	331	134	101	34	-75%	-100
<i>Suðurnes</i>	626	335	250	201	-40%	-134
<i>Austurland</i>	247	91	83	64	-30%	-27
Samtals	3.584	2.275	1.824	1.409	-38%	-866
VMST heild (með STARFi)	13.525	8.696	7.271	5.975	-31%	
<i>STARF % of VMST heild</i>	26,5%	26,2%	24,9%	23,0%		
VMST án STARFs	9.941	6.421	5.447	4.566	-29%	

Í þessari töflu sést fjöldi atvinnuleitenda innan verkefnisins við upphaf þjónustunnar og staðan eftir tvö ár. Í dálki 2 er meðalfjöldi atvinnuleitenda 2011 (viðmiðunartölur sem unnið var með við samninga um verkefnið 2011). Þá kemur í dálki 3 fjöldi atvinnuleitenda sem voru í þjónustu STARFs að morgni dags 1.8. 2012 þegar þjónustan hófst. Í dálki 4 er fjöldinn ári síðar, þ.e. 1.8.

2013. Í dálki 5 eru síðan fjöldatölur 1.8. 2014, þ.e. tveimur árum eftir að þjónustan hófst (allt tölur sem STARF tekur út í upphafi mánaðar úr gagnagrunni VMST). Þarna sést að atvinnuleitendum í þjónustu STARFs hefur fækkað um 38% frá upphafi meðan atvinnuleitendum í heild sinni á landinu hefur fækkað um 31% (mánaðarlegar atvinnuleysistöður VMST) á sama tíma og atvinnuleitendum í þjónustu VMST (án STARFs) hefur fækkað um 29%. Taflan sýnir því ágætisárangur STARFs á þessum tveimur árum í þjónustu (skv. uppfærðum tölum VMST áttu ekki að hafa verið nema 2.188 atvinnuleitendur við upphaf þjónustu STARFs 1.8. 2012 sem eftir sem áður gefur okkur 36% fækkun). Vissulega má án efa deila um árangurinn og hvort tölurnar séu sambærilegar og munurinn marktækur – en hann er eftir sem áður greinilegur á sama tíma og þjónustustigið er hátt og atvinnuleitendur eru almennt ánægðir með þjónustuna.

Fjöldi atvinnuleitenda hjá STARFi á mánuði síðustu 12 mánuði													
Miðstöðvar	01.08.13	01.09.13	01.10.13	01.11.13	01.12.13	01.01.14	01.02.14	01.03.14	01.04.14	01.05.14	01.06.14	01.07.14	01.08.14
VR	1.390	1.284	1.211	1.172	1.192	1.217	1.258	1.228	1.179	1.154	1.096	1.078	1.110
Íðnfélög	101	100	103	98	102	109	112	98	80	55	49	41	34
Suðurnes	250	230	254	268	319	336	340	347	357	342	271	220	201
Austurland	83	74	81	102	113	113	128	133	128	118	96	64	64
STARF - fjöldi í þjónustu	1.824	1.688	1.649	1.640	1.726	1.775	1.838	1.806	1.744	1.669	1.502	1.403	1.409
VMST (án STARF)	5.460	5.270	4.831	5.126	5.350	5.589	6.008	5.882	5.839	5.536	5.089	4.650	4.566
Alls atvinnuleisur	7.284	6.958	6.480	6.766	7.076	7.364	7.846	7.688	7.583	7.205	6.591	6.053	5.975
STARF (leiðréttur fjöldi af VMST)	1.806	1.743	1.686	1.645	1.700	1.706	1.832	1.771	1.760	1.694	1.566	1.424	
Breytingar á ári hjá STARFi	-17,5%	-17,8%	-23,9%	-26,4%	-26,0%	-28,3%	-18,5%	-20,0%	-17,8%	-17,6%	-20,6%	-21,8%	
Breytingar á ári VMST án STARFs	-15,8%	-16,2%	-19,8%	-19,4%	-20,5%	-20,4%	-14,6%	-14,9%	-13,7%	-12,3%	-14,3%	-15,0%	



Í þessari töflu sést hver fjöldi atvinnuleitenda í þjónustu STARFs hefur verið á mánuði síðustu 12 mánuðina og hvernig atvinnuleitendum heldur áfram að fækka.

Þjónustumiðstöðvar STARFs

Hér á eftir er farið yfir tölulegar upplýsingar um atvinnuleitendur hjá hverri þjónustumiðstöð STARFs.

Þjónustumiðstöð STARFs hjá iðnfélögum, Borgartúni

Þjónustumiðstöð STARFs hjá iðnfélögum á höfuðborgarsvæðinu er staðsett hjá Samiðn í Borgartúni 30, Reykjavík. Að baki hennar standa FIT – Félag

iðn- og tæknigeira og Byggiðn – Félag byggingarmanna. Rekstur þjónustumiðstöðvarinnar er síðan í umsjón Samiðn. Atvinnuleitendur voru 134 talsins við upphaf þjónustunnar 1.8. 2012, en voru 34 þann 1.8. 2014. Þeim hefur því fækkað um 75% á þessu tímabili eða um 100 atvinnuleitendur.

Atvinnuleitendur hjá iðnfélögum hafa verið tiltölulega einsleitir hópur. Miðað við 1.8. 2014 þá eru karlar 79%, af þeim eru 50% 46 ára og eldri og 29% eru eldri en 55 ára. Þá eru 79% með meira en grunnskólapróf, þar af 59% með framhaldsskólapróf eða iðnmenntun og 65% prósent eru flokkaðir sem iðnaðarmenn eða sérhæft iðnverkfólk. Hlutfall erlendra atvinnuleitenda er um 15%. Á þjónustumiðstöð STARFs hjá iðnfélögum í Borgartúni var 1 stöðugildi atvinnuráðgjafa í lok ágúst 2014.

Þjónustumiðstöð STARFs hjá VR

Þjónustumiðstöð STARFs hjá VR á höfuðborgarsvæðinu er í húsakynnum VR, Kringlunni 7, Reykjavík. Þetta er eina þjónustumiðstöðin þar sem aðeins eitt stéttarfélag stendur að baki miðstöðvar. Atvinnuleitendur voru 1.715 við upphaf þjónustunnar 1.8. 2012 en 1.110 þann 1.8. 2014; hefur þeim því fækkað um 35% á þessu tímabili eða um 605 atvinnuleitendur. Atvinnuleitendur hjá VR eru nokkuð breiður hópur en miðað við 1.8. 2014 eru konur í talsverðum meirihluta eða 63%. Hópurinn er mun yngri en hjá iðnfélögum en aðeins 31% þeirra eru eldri en 45 ára og aðeins 16% eldri en 55 ára. Þá eru um 67% þeirra skrifstofufólk, þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk og tækni- og sérmenntað starfsfólk. Einungis með grunnskólapróf eru 38% hópsins og því eru 62% hópsins með framhaldsskólapróf eða meiri menntun. Hjá VR er hæsta hlutfall atvinnuleitenda með háskólapróf eða 28% (næst er Austurland með 8%). Lægsta hlutfall erlendra atvinnuleitenda er hjá VR eða um 6%. Á þjónustumiðstöð STARFs hjá VR voru 6 stöðugildi atvinnuráðgjafa í lok ágúst 2014.

Þjónustumiðstöð STARFs á Suðurnesjum

Þjónustumiðstöð STARFs á Suðurnesjum er í húsakynnum Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur (VSFK), Krossmóum 4, Reykjanesbæ, og annast félagið reksturinn. Að baki hennar standa fimm stéttarfélög sem eru auk VSFK, FIT – Félag iðn- og tæknigeira, Sjómann- og vélstjórafélag Grindavíkur, Verkalýðsfélag Grindavíkur og Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis. Atvinnuleitendur voru 335 við upphaf þjónustunnar 1.8. 2012 en 201 þann 1.8. 2014 og hefur þeim því fækkað um 40% á þessu tímabili eða um 134 atvinnuleitendur. Kynjahlutfall atvinnuleitenda á Suðurnesjum er nokkuð jafnt en þar eru konur 52% af hópnunum. Aldursdreifingin er nokkuð jöfn en almennt eru atvinnuleitendur í yngri kantinum þar sem 55% þeirra eru yngri

en 36 ára (nær sama og á Austfjörðum). Samsetning hópsins á Suðurnesjum einkennist síðan nokkuð af því að hann eru með hæsta hlutfall þeirra sem eru eingöngu með grunnskólapróf, eða 83% hópsins. Þá eru 60% hópsins flokkuð sem ósérhæft starfsfólk (næst er Austurland með 34%). Þá eru Suðurnesin með hlutfallslega flesta erlenda atvinnuleitendur eða um 36% hópsins. Á þjónustumiðstöð STARFs á Suðurnesjum voru 2 stöðugildi atvinnuráðgjafa í lok ágúst 2014.

Þjónustumiðstöð STARFs á Austurlandi

Þjónustumiðstöð STARFs á Austurlandi er í húsakynnum Afls – Starfsgreinafélags, Miðvangi 2–4, Egilsstöðum, og annast félagið reksturinn. Jafnframt er almenn afgreiðsla fyrir þjónustuna á skrifstofum Afls á Höfn í Hornafirði og Seyðisfirði. Að baki þjónustumiðstöðvarinnar standa auk Afls önnur aðildarfélag sem eru innan ASÍ og starfa á landsvísu en eru ekki með skrifstofur á Austurlandi. Þetta eru: RSÍ (Rafíðnaðarsamband Íslands), VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna, VR, Félag bókagerðarmanna, Flugfreyjufélag Íslands, FHS – Félag hársnyrtisveina, MATVÍS – matvæla- og veitingafélag Íslands og Mjólkurfræðingafélag Íslands. Atvinnuleitendur voru 91 við upphaf þjónustunnar 1.8. 2012 en 64 þann 1.8. 2014 og hefur þeim því fækkað um 27% á þessu tímabili eða um 27 atvinnuleitendur. (Bent skal á að á þessum tímapunkti er yfirleitt minnsta atvinnuleysi ársins.) Kynjahlutfall atvinnuleitenda hjá STARFi á Austurlandi svipar mjög til VR en 67% er kvenfólk og er það hæsta hlutfall hjá þjónustumiðstöðvum STARFs. Þá svipar annarri samsetningu til samsetningarinnar á Suðurnesjum. Um 56% atvinnuleitenda er yngri en 36 ára og 27% eldri en 45 ára. Þar er hátt hlutfall einstaklinga eingöngu með grunnskólapróf eða 72% og aðeins 9,6% með háskólapróf. Fjölmennustu starfsgreinar eru ósérhæft starfsfólk, þ.e. 34%, og 22% eru þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk. Erlendir atvinnuleitendur eru um 20%. Á þjónustumiðstöð STARFs á Austurlandi voru 1,3 stöðugildi í lok ágúst 2014.

Reynslan eftir tveggja ára þjónustu

Tölræðin sýnir að STARF hefur náð góðum árangri þessi tvö fyrstu ár í þjónustu. Þá hafa þjónustukannanir sýnt að atvinnuleitendur í þjónustu félagsins eru ánægðir með hana sem og atvinnurekendur. Atvinnuleitendum virðist líka það vel að sækja þjónustuna til síns stéttarfélags í stað þess að sækja hana til opinberrar stofnunar sem ekki á þess kost að greina hópinn frekar niður. Hjá stéttarfélagunum sækja þeir einnig margvíslega aðra þjónustu, s.s. hjá VIRK, stuðning úr sjúkrasjóðum, fræðslusjóðum og kjaratengda ráðgjöf. Atvinnuráðgjafar STARFs þekkja inn á viðkomandi þjónustu stéttarfélaganna og geta því liðsinnt atvinnuleitendum milli þjónustusviða. Með fámennari og skilgreindari

hóp hjá hverri þjónustumiðstöð eiga atvinnuráðgjafar auðveldara með að fá yfirsýn yfir sinn hóp og eiga því meiri möguleika á að vísa atvinnurekendum á atvinnuleitendur sem þeir eru að leita að. En innkomnum störfum mætti fjölga. Endurmat á tilraunaverkefninu, sem framkvæmt var 2013, kom vel út fyrir STARF og sama á við um endurmatið sem kynnt var í september 2014. Yfirbygging félagsins er lítil og kostnaður verkefnisins því í lágmarki.

Nám er vinnandi vegur

Í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í maí 2011 gaf ríkisstjórnin út sérstaka yfirlýsingu að tilstuðlan aðila vinnumarkaðarins þar sem m.a. voru gefin fyrirheit um aðgerðir á sviði menntamála og vinnumarkaðsúræða.

Samkvæmt yfirlýsingunni lofuðu stjórnvöld, í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, að standa fyrir átaki á sviði vinnumarkaðsaðgerða og til að efla menntun í samræmi við tillögur samráðshóps sömu aðila um vinnumarkaðsmál frá því í mars 2011. Jafnframt var tryggt umtalsvert fjármagn til verkefnisins til þriggja ára. Aðgerðir og verkefni á grundvelli yfirlýsingarinnar hafa fengið yfirheitið Nám er vinnandi vegur.

Til einföldunar má segja að þær aðgerðir, sem ákveðið var að ráðast í, hafi verið tvíþættar:

Annars vegar bráðaaðgerðir til að takast á við þann vanda, sem skapaðist í kjölfar efnahagshrunsins 2008, og miðaði að því að skapa ungu fólki og atvinnuleitendum tækifæri til að sækja nám og bæta þannig stöðu sína. Bráðaaðgerðunum var hrint í framkvæmd strax á árinu 2011 og hefur áður verið gerð grein fyrir þeim.

Hins vegar aðgerðir til þriggja ára sem ætlað var að efla virkar vinnumarkaðsaðgerðir og hækka menntunarstig þjóðarinnar, einkum með því að auka námsframboð og fjölga tækifærum fyrir fólk á vinnumarkaði, þ.m.t. atvinnuleitendur, til að sækja sér menntun við hæfi. Um þennan þátt sagði m.a. í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar:

- a. Að vinna ætti að vottun náms og gerð gæðakerfis til að skil framhaldsskóla og framhaldsfræðslu verði sveigjanlegri.
- b. Hafin yrði vinna við endurskoðun laga um Lánasjóðs íslenskra námsmanna.
- c. Þá yrði stofnaður þróunarsjóður til að efla starfstengt nám á framhalds-

- skóla- og háskólastigi og þróa styttri námsbrautir. Jafnframt yrði samstarf fyrirtekja og skóla um starfstengt nám aukið og tryggt að nemendur gætu lokið verklegum þáttum náms innan tilskilins námstíma. Tryggja þyrfti að starfstengd menntun auki réttindi og bæti kjör fólks á vinnumarkaði.
- d. Vinnustaðanámssjóði yrði tryggðar 150 milljónir króna á fjárlögum 2012 til að mæta kostnaði vegna starfsnáms á vinnustað.

Það var snemma ljóst að eitt veigamesta markmið stýrihópsins yrði að þróa og setja fram tillögur um hvernig 2020-markmið um hækkað menntunarstig á vinnumarkaði yrði náð. Umfangsmikil vinna var lögð í þetta verk sumarið og haustið 2012. Kostnaður við endurmenntunaráttak, sem myndi lækka hlutfall þeirra á vinnumarkaði sem einungis hafa grunnskólapróf úr 30% í 10%, var metinn á bilinu 50–60 milljarðar króna. Tillögur um málið voru settar fram og kynntar ráðherranefnd um atvinnumál í nóvember 2012 sem veitti umboð sitt til að vinna áfram að framgangi málsins.

Útfærðar tillögur voru kynntar á fundi þáverandi velferðarráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra með aðilum vinnumarkaðarins í janúar 2013. Tillögurnar gerðu ráð fyrir tveimur afmörkuðum tilraunaverkefnum. Annars vegar í Norðvesturkjördæmi og hins vegar í Breiðholti. Skipaðar voru verkefnastjórnir fyrir hvort verkefni fyrir sig með þátttöku fulltrúa aðila vinnumarkaðarins, menntastofnana og fræðsluaðila á svæðunum, svo og sveitarfélaganna. Hlutverk þeirra var m.a. að:

1. Kanna eftirspurn og þörf meðal einstaklinga á vinnumarkaði fyrir menntun og gera tillögur að nýjum námsúrræðum ef þörf reynist.
2. Stuðla að auknu samstarfi framhaldsfræðsluaðila, framhaldsskóla og háskóla um menntun á vinnumarkaði.
3. Þróa og gera tilraunir með aðferðir sem auðvelda mat á fyrra námi og reynslu inn í hið hefðbundna skólakerfi og gera tillögu um framtíðarskipan þeirra mála.
4. Meta kostnað við einstök verkefni og verkefnabætti.
5. Kanna þörf fyrir námsstyrki, þróa og prófa útfærslur á slíku kerfi í framhaldi af þeirri tilraun sem gerð var innan átaksins.

Af hálfu ASÍ situr Signý Jóhannesdóttir (Finnbogi Sveinbjörnsson til vara) í verkefnastjórninni fyrir verkefnið í Norðvesturkjördæmi og Atli Lýðsson (Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir til vara) í verkefnastjórninni fyrir verkefnið í Breiðholti.

Verkefnið í Norðvesturkjördæmi fór af stað um mitt ár 2013 með viðamiklum viðhorfs- og áhugakönnunum meðal íbúa og fyrirtækja á svæðinu. Á grundvelli þeirra niðurstaðna og eftir samráð við stýrihóp verkefnisins Náms er vinnandi vegur var síðan gengið frá aðgerðaáætlun fyrir verkefnið og samningur undirritaður. Verkefnið er leitt af Háskólanum á Bifröst.

Verkefnið í Breiðholti fór nokkuð síðar af stað með upplýsingaöflun og hugmyndavinnu af hálfu verkefnisstjórnarinnar, þar sem m.a. var stuðst við niðurstöður úr rýnihópavinnu. Aðgerðaáætlun var síðan unnin í samráði við stýrihóp verkefnisins Náms er vinnandi vegur og samningur um verkefnið í heild undirritaður í mars á þessu ári. Verkefnið er leitt af Reykjavíkurborg.

Gert er ráð fyrir að bæði verkefnið standi allt árið 2014 og að þeim ljúki á árinu 2015. Heildarkostnaður við verkefnið hvort um sig er vel á annað hundrað milljónir króna.

Tilraunaverkefnið eru um margt ólík og er það með vilja gert þótt markmið þeirra beggja sé það sama, þ.e. að hækka menntunarstig íbúanna á svæðunum þar sem helsti markhópurinn er fólk með litla, formlega, viðurkennda menntun. Jafnframt er áhersla á að vinna gegn brotthvarfi ungmenna úr menntakerfinu. Þá er mikið lagt upp úr því að byggja á því sem fyrir er og að auka og efla samvinnu allra þeirra aðila sem málið varðar á viðkomandi svæðum.

Mikil áhersla er lögð á að haldið verði vel utan tilraunaverkefnisins og skrásett kerfisbundið upplýsingar um allt starf og þá reynslu og þekkingu sem verður til þannig að þær nýtist sem best til framtíðar.

Hvað varðar verkefnið í Norðvesturkjördæmi er verið að vinna með mjög stórt og oft strjálbýlt landsvæði þar sem helstu atvinnugreinar tengjast matvælaframleiðslu og þjónustustarfsemi af ýmsu tagi, þ.m.t. ört vaxandi ferðaþjónustu. Á svæðinu eru öflugar menntastofnanir, bæði í formlega menntakerfinu og símenntamiðstöðvar. Þá eru fjölmörg atvinnufyrirtæki sem eiga sér vaxtarmöguleika á ýmsum sviðum. Þarna eru atvinnuþróunarfélög og öflug stéttarfélag, svo eitthvað sé nefnt, og er áhersla lögð á að efla samstarf allra þessara aðila og finna því fastara form.

Megináherslan í verkefninu er að vinna að markmiðum þess með samstarfi við fyrirtækin og starfsmenn þeirra sem næst vinnustöðunum og atvinnulífina sjálfu.

Markmiðið er að þær tilraunir og þróunarstarf, sem fer fram innan tilrauna-

verkefnisins, og sú reynsla og lærdómur, sem þannig fæst, verði yfirfæranleg og geti nýst öðrum hliðstæðum svæðum á landinu.

Hvað varðar Breiðholt þá er það sá staður á landinu þar sem flestir útlendingar eru og þar sem atvinnuleysi hefur mælst hvað hæst á landinu. Hér er áherslan í tilraunaverkefninu á að ná til markhópsins þar sem hann er búsettur og nýta til þess samstarf fjölmargra aðila á grundvelli þeirrar þjónustu og nálgunar við íbúana sem Reykjavíkurborg hefur verið að þróa og efla í nærsamfélaginu.

Markmiðið er að þær tilraunir og þróunarstarf, sem þarna verður unnið, og sú þekking og lærdómur, sem af tilraunaverkefninu fæst, nýtist í starf annarra hverfa og í smærri sveitarfélögum vítt og breitt um landið.


Þá er ekkert sem segir annað en að reynslan og lærdómurinn, sem fæst úr báðum tilraunaverkefnum, geti og eigi að nýtast með þeim hætti sem best hentar hverju sinni á hverjum stað.

Tilraunaverkefnið Menntun í Norðvesturkjördæmi

Í verkefnalýsingu segir að tilgangur verkefnisins sé að auka menntun þeirra á vinnumarkaði í Norðvesturkjördæmi sem hafa stutta skólagöngu að baki.

Þá segir að markmið verkefnisins séu að:

1. Að efla ráðgjöf til fyrirtækja um sérsniðið nám á vinnustað með því að ráða og þjálfa fræðsluerindreka sem munu starfa hjá símenntunarmiðstöðvum í kjördæminu.
2. Að fræðsluerindreki stuðli að auknu samstarfi atvinnulífs og fræðsluaðila í kjördæminu um starfstengt nám með áherslu á nám í matvælaíðnaði og þjónustu.
3. Að fjölga einstaklingum, sem ljúka iðnnámi, með auknu aðgengi að raunfærnimati og stuðningi til að ljúka námi í beinu framhaldi af raunfærnimati.
4. Að efla íslenskukunnáttu innflytjenda með nýbreytni í kennsluháttum í kennslu á vinnustað og þátttöku samstarfsfólks og vinnuveitenda.
5. Að standa fyrir ráðstefnu um bestu lausnir í íslenskukennslu í samstarfi við tilraunaverkefni í Breiðholti. Að koma á markvissum samráðsvettvangi fræðsluaðila sem hefur það hlutverk að tryggja samræmt mat á einingum á milli skóla.
6. Að hvetja einstaklinga, sem nýverið hafa hætt í framhaldsskóla, til að hefja nám að nýju með boði um handleiðsluog aukinn stuðning náms- og starfsráðgjafa.



Árangursmælikvarðar eru skilgreindir:

1. Að fræðsluerindrekar fjölgi fyrirtækjum á hverju svæði sem bjóða upp á starfstengt nám um að jafnaði 2 á mánuði eða samtals 24 á einu ári, alls 120 fyrirtæki (miðað við 5 fræðsluerindreka). Fyrirtæki í matvælaíðnaði og þjónustu ganga fyrir.
2. Að fjölga einstaklingum í Norðvesturkjördæmi sem fara í gegnum raunfærnimat um 60 á einu ári.
3. Að fjölga nemendum, sem ljúka starfsnámi, um 20% á 5 ára tímabili.
4. Að fjölga innflytjendum, sem geta haldið uppi samræðum á íslensku, um 25% á ári með markvissri íslenskukennslu á vinnustað.

Mælanlegur árangur fyrir árslok 2014

1. Fræðsluerindrekar í kjördæminu aðstoða 120 fyrirtæki við að koma á sér-sniðnum námskeiðum fyrir sitt starfsfólk. Alls verða starfandi 5 fræðsluerindrekar (2 á Vesturlandi, 1 á Norðurlandi vestra, 1 á norðanverðum Vestfjörðum og 1 á sunnanverðum Vestfjörðum). Afköst: 2 fyrirtæki á mánuði x 12 mánuðir x 5 fræðsluerindrekar = 120 fyrirtæki.
2. Alls 60 einstaklingar ljúka raunfærnimati í sinni grein. Þar af koma 15

- einstaklingar frá Vestfjörðum, 15 frá Norðurlandi vestra og 30 af Vesturlandi þar sem helmingur íbúa í kjördæminu býr.
3. Alls 75% þeirra sem ljúka raunfærnimati (45 einstaklingar) halda í beinu framhaldi áfram námi og ljúka starfsnámi innan 3ja ára.
 4. Af framhaldsskólanemum, sem hafa hætt iðnnámi á síðustu fjórum árum, hefja 15 nám að nýju og njóta aukinnar handleiðslu náms- og starfsráðgjafa og fara í gegnum raunfærnimat að uppfylltum skilyrðum.
 5. Af þeim sem taka þátt í íslenskukennslu á vinnustað ná 25% þeim árangri að geta haldið uppi samræðum á íslensku.

Tilraunaverkefnið í Breiðholti, Menntun núna

Í úttektarskýrslu verkefnisins segir að markmið þess sé að efla menntun í Breiðholti almennt en sérstaklega menntun þeirra sem luku skólagöngu eftir skyldunám og eru á aldrinum 18–54 ára. Auk þess verður sjónum beint að innflytjendum og íslenskukennslu sem forsendu frekara náms, starfsþróunar og aðlögunar að samfélaginu.

Nýnæmi eða „tilraun“ verkefnisins felst í eftirfarandi þáttum:


- Í fyrsta lagi með því að efla menntun á samfélagsgrunni með því að bjóða upp á fjölbreytta ráðgjöf og úrræði á einum stað í nærsamfélagi markhópa. Miðstöð verkefnisins verður í Menningar- og félagsmiðstöðinni Gerðubergi. Auk þess verður leitast við að nýta aðstöðu í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, Miðbergi tómstundamiðstöð og í Fab Lab („Fabrication Laboratory“) nýsköpunarmiðstöð sem verið er að setja á laggirnar í hverfinu.
- Í öðru lagi er unnið með samtökum, félögum og samfélögum innflytjenda í Breiðholti með því að bjóða upp á íslenskukennslu, samþætta þjónustu opinberra aðila varðandi mat á námi frá öðru landi og með því að bjóða upp á raunfærnimat, auk almennrar hvatningar til innflytjenda til að sækja sér meira nám.
- Í þriðja lagi munu aðilar vinnumarkaðarins og Reykjavíkurborg vinna að því að finna starfskynningar- og starfsþjálfunarpláss fyrir þátttakendur. Starfskynningar á vinnustað geta verið á 2–3 dögum en starfsþjálfun til lengri tíma er hugsuð fyrir þá þátttakendur sem eru án vinnu en náði samstarf verður við Vinnuálastofnun og STARF um starfsþjálfun.
- Í fjórða lagi er samstarfsvettvangurinn tilraun, þ.e. aðilar vinnumarkaðarins, stéttarfélög og vinnuveitendur, ríkisvaldið og Reykjavíkurborg, háskólar, framhaldsskólar og fræðslumiðstöðvar eru aðilar að verkefninu.
- Að lokum verða sérstök úrræði þróuð fyrir brotthvarfshóp á aldrinum

18–25 ára. Rúmlega 300 Breiðhyltingar, sem tilheyra nú þessum aldurs-
hópi, hafa horfið frá námi úr Fjölbrautarskólanum í Breiðholti og hafa
skv. upplýsingum úr INNU – upplýsingakerfi framhaldsskólanna ekki
lokið námi á framhaldsskólastigi. Haft verður samband við þennan hóp
og einstaklingum boðið að nýta sér þjónustu og stuðning verkefnisins
Menntun núna svo sem stuðningskennslu, ráðgjöf og sérstök námsúrræði.

- Mælikvarðar á árangur eru skilgreindir með eftirfarandi hætti
- Fjöldi þátttakenda í verkefninu og árangur þeirra – námsmat og náms-
framvinda. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti mun halda utan um skráningu á
mati í Innu - upplýsingakerfi framhaldsskólanna, þar sem hægt verður að
fylgjast með þróun og áunnum einingum nemenda.
- Líðan og mat þátttakenda á námi – verður kannað einu sinni á önn.
- Starfsþjálfunarsamningar - fjöldi þeirra og árangur að mati þátttakenda.
- Árangur og virkni notenda félagsþjónustunnar verður mældur með viðtöl-
um við ráðgjafa (árangursmælikvarðar verða þróaðir 2014).
- Fjöldi innflytjenda á íslenskunámskeiðum og árangur þeirra skv. náms-
mati Mímis.
- Fjöldi þátttakenda úr brotthvarfshópi (á aldrinum 18–25 ára) og árangur
þeirra, einingar skráðar í INNU – upplýsingakerfi framhaldsskólanna og
viðhorfsmælingar kannaðar með viðtölum og spurningalistum.
- Íslenskukennsla og ríkisborgararéttur - fjöldi þátttakenda sem fær
ríkisborgarrétt eftir þátttöku (hér má bera saman fjölda eða hlutfall
Breiðhyltinga sem fékk ríkisborgarrétt árin á undan).
- Viðurkenning á starfsréttindum og menntun frá heimalandi (t.d. fjöldi
metinna eininga) og upplýsingar um þann fjölda sem lýkur námi og öðlast
starfsréttindi á Íslandi.
- Að skilgreina og halda utan um samstarfsverkefni og ferla sem til verða í
verkefninu. Markmiðið er að samhæfa þjónustu og stuðning ólíkra kerfa,
til hagsbóta fyrir markhópa verkefnisins.

Hér að neðan má sjá mynd þar sem tilraunaverkefnið er sett í samhengi við annað starf/þjónustu sem veitt er í Breiðholti.

Menntun Núna í Breiðholti



Þróunarsjóður o.fl.

Einn þeirra þátta, sem falla undir verkefnið Nám er vinnandi vegur, er Þróunarsjóður starfsmenntunar sem er tímabundið verkefni til þriggja ára. Úthlutað hefur verið úr sjóðnum nokkrum sinnum til fjölmargra og fjölbreyttra verkefna á sviði verk- og tæknimenntunar og starfsmenntunar á framhalds- og fagháskólastigi og í framhaldsfræðslu. Þá hefur hluti fjármagns til sjóðsins verið tekið frá til kynningarverkefna vegna starfsnáms, verk- og tæknimenntunar og til að vinna að færnisþá í atvinnulífnum fyrir Ísland. Einnig ákvað samráðshópurinn að auglýsa sérstakan öndvegisstyrk til að þróa nýja hagnýta námsbraut á fagháskóastigi. Eftir frekari umræður var hins vegar ákveðið að falla frá þessari fyrirætlun.

Þá var ákveðið að verja umtalsverðum fjármunum til verkefna sem Fræðslu-
sjóður úthlutar til þar sem ljóst var haustið 2013 að fjárveitingar til sjóðsins
mundu engan veginn duga til þeirra verkefna sem sótt var um stuðning við í
sjóðinn.

Loks má nefna að samkomulag varð í stýrihópi verkefnisins Nám er vinnandi
vegur um að veita umtalsverðu fjármagni til verkefna er lúta að því að draga
úr brottfalli í framhaldsskólum.

Vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit

Í skýrslum forseta ASÍ hefur ítrekað verið gerð grein fyrir lögum og samkomu-
lagi við Samtök atvinnulífsins um vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit og
aðgerðum þessara aðila í samstarfi við ríkisskattstjóra gegn svartri atvinnu-
starfsemi.

Leggur þú þitt af mörkum?

Í fyrri skýrslum forseta er gerð ítarleg grein fyrir aðdraganda átaksins Leggur
þú þitt af mörkum? og hvernig að því var staðið á árunum 2011 og 2012.
Sumarið 2013 var í fjórða skiptið efnt til samstarfs Alþýðusambandsins, Sam-
taka atvinnulífsins (S) og ríkisskattstjóra (RSK) með yfirskriftinni „Leggur
þú þitt af mörkum?“ Markmið verkefnisins var sem fyrr að hafa leiðbeinandi
eftirlit með skilum á staðgreiðslu, tekjuskráningu, vinnustaðaskírteinum og
virðisaukaskattskilum og upplýsa um skyldur smærri og meðalstórra rekstrar-
aðila. Í verkefnavali var sérstök áhersla lögð á ferðapjónustu og aðila tengda
henni en einnig var sjónum beint að bygginga- og verktakastarfsemi sem og
starfsstöðvum sem valdar voru af handahófi.

Í átakanu voru heimsóttir 748 lögaðilar um land allt og 1896 kennitölur
starfsmanna skráðar. Einnig var farið í 392 fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu
eða 52,4% fyrirtækja og á landsbyggðinni voru skoðuð 356 fyrirtæki eða um
47,6%. Lögð var áhersla á að heimsækja sem flesta staði á landsbyggðinni.
Átakið sýnir að verulegar brotalamir eru varðandi skil á opinberum gjöldum
og iðgjöldum starfsmanna í þeim fyrirtækjum sem heimsótt voru. Þá benda
þær upplýsingar, sem aflað var í heimsóknunum, að um svarta vinnu hafi verið
að ræða í allt að 15% tilvika.

Í niðurstöðum skýrslu, sem gefin hefur verið út um verkefnið, kemur fram að
vettvangur viðskipta er að færast í auknum mæli yfir á netið. Brýnt er að þróa
betur aðferðir til að hafa eftirlit með starfsemi sem fer fram á hinum rafræna
vettvangi. Einnig segir að almennt hafi verið var tekið vel á móti eftirlitsað-

ilum átaksins og var almenn ánægja með það leiðbeinandi eftirlit sem átakið byggir á. Þá má fullyrða í ljósi niðurstaðna af verkefninu að fjöldi starfsmanna hefur skilað sér í fyrsta skipti með laun á staðgreiðsluskrá og að fyrirtæki hafi bætt sig varðandi skráningu tekna. Loks er bent á að nauðsynlegt sé að gefa skattayfirlöndum betri vopn til að glíma við skilasvik og svarta atvinnustarfsemi.

Af hálfu Alþýðusambandsins hafði verið lýst yfir ríkum vilja til að halda þessu samstarfi ASÍ, SA og RSK áfram, enda mikil ánægja með samstarfið og árangurinn af því ótvíræður. Þegar kom fram á vorið 2014 kom hins vegar í ljós að ríkisskattstjóri hafði ekki áhuga á frekara samstarfi með sama hætti og áður og var það rökstutt bæði með breyttum áherslum af hálfu embættisins og að ekki væri vilji af hálfu SA til að halda samstarfinu áfram. ASÍ harmaði þessa niðurstöðu en lýsti jafnframt vilja til að taka upp þráðinn að nýju.

Stöðumat og umræður um vinnustaðaeftirlitið á vettvangi ASÍ

Á vettvangi Alþýðusambandsins fer nú fram umræða og stefnumótun um framtíðarfyrirkomulag varðandi vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit. Til umfjöllunar er m.a. hlutverk Alþýðusambandsins annars vegar og aðildarfélaganna hins vegar og samstarf við aðila utan verkaleyðshreyfingarinnar.

Málið var til umræðu á miðstjórnarfundum 27. nóvember 2013. Í minnisblaði, sem lá fyrir fundinum, segir m.a.:

„Til að meta árangurinn af þessu starfi, eins og hann blasir við þeim sem unnið hafa að málinum á vettvangi Alþýðusambandsins, má í stuttu máli draga hann saman með eftirfarandi hætti:

Þar sem vinnustaðaeftirlitið hefur verið virkast hefur það leitt til þess að:

- 1. Þekking á starfsemi í viðkomandi atvinnugreinum og á viðkomandi svæðum hefur aukist og því er yfirsýn stéttarfélaganna yfir stöðu mála, þ.m.t. hvar hlutirnir eru almennt í lagi og hvar þeim er ábótavant eða í ólestri, meiri og betri en áður.*
- 2. Upplýsingum um laun og önnur starfskjör og réttindi hefur verið komið til starfsmanna og þeir þannig betur í stakk búnir til að fylgjast með að þeir séu ekki hlunnfarnir.*
- 3. Fjölmörg dæmi eru um að í kjölfar vinnustaðaeftirlita hafa skil á iðgjöldum batnað stórlega eða þau hafist og þá með skilagreinum jafnvel langt aftur í tímann. Því fylgir að réttindi starfsmanna hafa stofnast og stéttarfélagin fengið auknar tekjur til að liðsinna þessum félagsmönnum sínum.*

4. *Eftirlitið og upplýsingar á grundvelli þess hafa bætt skattskil fyrirtækja, s.s. staðgreiðsluna, með því að álagning hefur verið endurskoðuð hjá fyrirtækjum sem stundað hafa undanskot.*
5. *Eftirlitið og upplýsingar á grundvelli þess hafa leitt til þess að tekið hefur verið á bótasvikum.“*

Ljóst er að þau stéttarfélög, sem unnið hafa á grundvelli laganna og samkomulags ASÍ og SA með kerfisbundnum hætti, hafa nýtt sér þær heimildir sem þar er að finna til að heimsækja vinnustaði, kanna aðstæður og upplýsa félagsmenn og síðan fylgt slíkum heimsóknnum eftir með vinnustaðafundum eftir því sem tilefni hefur verið til. Þannig hefur náðst að lagfæra margt sem aflaga hefur farið til hagsbótar fyrir starfsmennina. Þá hefur eftirlitið skilað stéttarfélagunum nýjum félagsmönnum.

Segja má að framkvæmdin og framhaldið varðandi vinnustaðaskírteinin og vinnustaðaeftirlitið standi á ákveðnum tímamótum og mikilvægt sé að Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess ákveði sameiginlega hvert skuli stefna. Ákveðnu tilrauna- og reynslutímabili er að ljúka og komið er að því að taka næstu skref. Ljóst er að aðildarfélagin hafa verið mjög misvirk í vinnustaðaeftirlitinu og framkvæmd þess þar sem sum hafa sett í þetta umtalsverða vinnu og fjármuni meðan önnur hafa gert lítið eða ekki neitt. Þá skortir á að eftirlitið hafi verið nægilega markvisst og einnig skorti nægilega eftirfylgni. Þannig má fullyrða að það tækifæri og þeir möguleikar, sem felast í vinnustaðaskírteininum og vinnustaðaeftirlitinu, hafi ekki verið nýttir eins og kostur er.

Ef tryggja á enn frekari og varanlegri árangur af verkefninu er mikilvægt að Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess sammælist um aukna festu og heildstæða og markvissa nálgun gagnvart viðfangsefninu. Það getur falist í því að:

- Alþýðusambandið hafi með hendi ákveðið forystu- og samræmingarhlutverk gagnvart aðildarfélagunum.
Alþýðusambandið sjái um að öll gögn séu til staðar sem þarf vegna eftirlitsins, útbúi skírteini vegna eftirlitsfulltrúa og haldi utan um vefinn www.skirteini.is.
Alþýðusambandið hafi jafnframt með höndum miðlæg samskipti og samstarf við utanaðkomandi aðila, s.s. SA, RSK, Vinnuálastofnun, lögregluna og aðra sem málið varðar og komi á tengslum við aðildarsamtökin eftir því sem með þarf.
- Á móti „skuldbindi“ stéttarfélagin sig til að taka virkan þátt í vinnustaðaeftirlitinu á sínu svæði (í samstarfi sínu á milli eftir því sem við á). Það

felur í sér að framkvæma eftirlitið með kerfisbundnum hætti, skrá í gagnagrunn (FINN) eftir því sem við á og fylgja verkferlum sem í gildi eru.

Til að árangurinn verði sem bestur og varanlegur er mikilvægt að stéttarfélagin skoði hvort ekki eigi að líta á vinnustaðaeftirlitið sem hluta af kjarnastarfsemi félaganna. Það byggir á því að vinnustaðaeftirlitið sé hvort tveggja notað til að kanna hvort hlutirnir eru ekki í lagið (og þá í samræði við trúnaðarmann ef hann er til staðar) og jafnframt sem vinnustaðaheimsókn þar sem upplýst er um kaup, kjör og réttindi starfsmanna og starfsemi stéttarfélagsins.

Í lok minnisblaðsins er síðan fjallað um mikilvægi samstarfs við aðila utan ASÍ og hvernig best megi standa að því til að tryggja sem mestan og bestan árangur.

Umræðan um vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit hefur fengið lítið rúm á vettvangi ASÍ á árinu 2014 þar sem önnur verkefni hafa verið fyrirferðarmeiri. Vonir standa hins vegar til að breyting verði hér á síðustu mánuði ársins.

Málshöfðun vegna skattlagningar á lífeyrissjóðina

Eins og fram kemur í síðustu skýrslu forseta höfðaði ASÍ í eigin nafni mál á hendur íslenska ríkinu til viðurkenningar á því að skattlagning á lífeyrissjóðina væri andstæð stjórnarskrá. Málflutningur um frávísun málsins fór fram þann 29.10 2013 og var málinu vísað frá dómi með úrskurði 12.11 2013. ASÍ kærði úrskurðinn til Hæstaréttar sem staðfesti hann. Þar með fékkst endanlega úr því skorið að ASÍ gæti ekki átt fyrir hönd allra félagsmanna sinna aðild að viðurkenningarmáli um lífeyrissréttindi þeirra. Þann 18. mars 2014 stefndi ASÍ málinu að nýju en nú í nafni Gildis lífeyrissjóðs og krafðist þess að hinn umdeildi skattur yrði endurgreiddur. Mál þetta, eins og hið fyrra, er rekið af ASÍ. Málflutningur mun fara fram haustið 2014.

Bættir viðskiptahættir – Barátta ASÍ gegn kennitölflakki

Alþýðusamband Íslands hefur á undanförunum árum lagt mikla og vaxandi áherslu á baráttuna gegn kennitölflakki og fyrir bættu siðferði í atvinnulífinu. Að ósk ASÍ var sett inn í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga 5. maí 2011 að hún mundi m.a. beita sér fyrir breytingum á lögum um félög til að koma í veg fyrir starfsemi aðila sem hafa ítrekað rekið félög í þrot.

Það varð hins vegar lítið úr efndum í þessum eignum af hálfu ríkisstjórnarinnar. Að vísu knúði ASÍ á um að settur yrði á fót sérstakur starfshópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins með þátttöku ASÍ. Hópurinn hittist í fyrsta skipti 18. janúar 2012 og fundaði reglulega án þess að það skilaði árangri öðrum en

þeim að ýmissa gagna og upplýsinga var aflað. Í því ljósi knúði ASÍ á um að atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra beitti sér í málinu. Í framhaldinu skipaði ráðherra starfshóp „til að vinna tillögur að lagabreytingum og aðgerðum til að verjast kennitöluflakki og til að ná markmiðum laga um jöfnun kynja í stjórn- um fyrirtækja“. Afraksturinn var frumvarp sem atvinnuvega- og nýsköpun- arráðherra lagði fram í mars 2012 sem byggði á tillögum starfshópsins og kom í nokkrum atriðum til mótis við sjónarmið ASÍ. Frumvarpið dagaði upp í nefnd.

Í ljósi þessarar niðurstöðu var á vettvangi ASÍ unnin greinargerð og heildstæð- ar tillögur til að sporna við kennitöluflakki og var hvort tveggja kynnt í byrjun október 2013. Um er að ræða ítarlega greiningu og úrbótatillögur í 16 liðum. Í fréttatilkynningu sem Alþýðusambandið sendi frá sér af þessu tilefni sagði:

„Alþýðusamband Íslands hefur lengi gagnrýnt andvaraleysi og ótrúlegt langlundargeð stjórnvalda gagnvart kennitöluflakki og þeim skaða sem slík starfsemi veldur. ASÍ gerir tillögur í 16 liðum um aðgerðir til að sporna við kennitöluflakki. Með því vill ASÍ taka frumkvæði og setja á dagskrá baráttuna gegn þessum skaðvaldi í íslensku atvinnulífi. Jafnframt bendir ASÍ á að kenni- töluflakk og svört atvinnustarfsemi þrífast gjarnan hlið við hlið.

Í sinni einföldustu mynd má lýsa kennitöluflakki sem skipulagðri aðgerð einstaklinga þar sem verðmæti eru tekin út úr einu félagi (hf./ehf.) og sett í annað félag en skuldir og aðrar skuldbindingar skildar eftir og félagið síðan sett í þrot. Mörg dæmi eru um keðju slíkra gjörninga vegna sama rekstursins þar sem sömu einstaklingar eru í forsvari. Fullyrða má að þetta athæfi kosti íslenskt samfélag tugi milljarða króna á ári.

Samfélagslegt tjón

Kennitöluflakk og misnotkun á félögum (hf./ehf.) með takmarkaða ábyrgð hefur alvarleg og víðtæk áhrif fyrir samfélagið allt, atvinnulífið og launafólk og veldur þannig miklu samfélagslegu tjóni fyrir:

- Starfsmenn sem eiga útistandandi launakröfur á hin gjaldþrota félög auk þess að tapa starfi sínu og margvíslegum réttindum.
- Fyrirtæki í hliðstæðum rekstri og starfsmenn þeirra sem standa skil á sínu en búa við skekka samkeppnisstöðu vegna þeirra sem hafa rangt við; birgja sem fá ekki greidda sína vöru og þjónustu og geta vegna ruðnings- áhrifa slíks tjóns sjálfir orðið gjaldþrota; einstaklinga sem eiga viðskipti við félagið.
- Sameiginlega sjóði landsmanna sem verða af tekjum sem skipta a.m.k.

tugum milljarða á hverju ári, tekjum sem nýta mætti til að bæta heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfi svo dæmi séu tekin.

Árið 2012 voru á Íslandi skráð 31 þúsund fyrirtæki með takmarkaða ábyrgð og fer þeim fjölgandi. Takmörkuð ábyrgð vísar til þess að sá/þeir sem að félaginu standa taka ekki á sig aðra skuldbindingu en þá að greiða tiltekna fjárhæð við stofnun félagsins. Að öðru leyti eru þær skuldbindingar, sem gerðar eru í nafni félagsins á ábyrgð þess, ekki eigendanna. Dæmi eru um að einn og sami einstaklingurinn hafi farið með 29 félög í gjaldþrot á sjö ára tímabili.

Samkvæmt gögnum Creditinfo skiluðu einungis 22% félaga ársreikningi á réttum tíma árið 2011. Mikil fylgni er á milli þess að skila ekki ársreikningi og að vera í vanskilum því 72% þeirra fyrirtækja, sem ekki hafa skilað ársreikningi 2011, eru á vanskilaskrá.

Aðgerða er þörf

Á grunni víðtækrar upplýsingasöfnunar og greiningar á kennitölulakki og skaðlegum afleiðingum þess kynnir Alþýðusamband Íslands tillögur til úrbóta í 16 liðum, þar á meðal þessar:

- Strangari reglur um hæfi einstaklinga til að vera í forsvari fyrir félög með takmarkaða ábyrgð, m.a. að „síbrotamenn“ missi hæfi til að stofna eða að vera í forsvari fyrir félag með takmarkaða ábyrgð í tiltekinn tíma.
- Sátt vegna skattalagabrota leiðir til missis hæfis á sama hátt og dómur fyrir refsiverðan verknad gerir nú.
- Krafa um aukið hlutfé við stofnun félags með takmarkaða ábyrgð og tryggt að það sé greitt.
- Skilyrði sett að þeir sem eru í forsvari fyrir félag með takmarkaða ábyrgð hafi sótt viðurkennt námskeið um rekstur slíkra félaga.
- Heimild fengin til að sekta forsvarsmenn félaga sem standa ekki skil á ársreikningi.
- Komið verði upp miðlægri rafrænni skráningu á eignarhaldi í félögum.
- akmörk verði sett á nafnabreytingar félaga með takmarkaða ábyrgð.
- Girt verði fyrir heimildir aðila, sem eru tengdir félögum með takmarkaða ábyrgð, til að taka fé út úr félaginu með lánum eða öðrum hætti.
- Settar verði viðmiðunarreglur um hvenær „meintar“ skuldbindingar vegna félaga með takmarkað ábyrgð flytjast yfir á forsvarsmennina.
- Heimild til að framkvæma slit á „óvirkum“ félögum verði flutt og fylgt eftir af festu. Opinberir aðilar marki sér heildstæða stefnu um aðkomu sína sem kröfuhafa að þrotabúum félaga með takmarkaða ábyrgð.

Alþýðusambandið sendi ráðherrum ríkisstjórnarinnar greinargerðina og tilögurnar og lýsti jafnframt yfir vilja sínum og áhuga á að fylgja málinu eftir í samstarfi við stjórnvöld. Engin viðbrögð bárust hins vegar frá stjórnvöldum.“

Frankvæmd útboðsmála, opinber þjónustukaup og keðjuábyrgð/samábyrgð á verktakamarkaði

Í síðustu skýrslu forseta var greint frá því hvað hafði áunnist varðandi opinber innkaup, útboðsmál, hæfi bjóðenda og keðjuábyrgð. Þar kemur fram að árangur náðist varðandi breytingar á lögum um opinber innkaup og reglur um hæfi bjóðenda. Hins vegar tókst lítið sem ekkert að þoka áfram málum varðandi útboð sveitarfélaganna, útboðsskilmála og opinber þjónustuinnkaup og keðjuábyrgð/samábyrgð á verktakamarkaði. Það er skemmst frá því að segja að ekkert hefur gerst í þeim málum á tímabilinu og er ljóst að áhugi stjórnvalda í þeim efnum er enginn.

Frankvæmd EES-samningsins og Evrópusamvinnan

Starf Alþýðusambands Íslands, sem tengist Evrópusamvinnunni og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er mikilvægur þáttur í starfsemi ASÍ. Áhrifin eru bæði bein og óbein. Þau birtast með skýrustum hætti í þeim þætti starfsins sem snýr að undirbúningi, gildistöku og eftirfylgni með framkvæmd tilskipana, samninga og reglna Evrópusambandsins á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála hér á landi. Jafnframt liggur fyrir að reglur á íslenskum vinnumarkaði og réttindi launafólks byggja í stöðugt ríkari mæli á þróuninni í Evrópu á þessu sviði. Þessi þróun er í samræmi við það sem stefnt var að með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Innleiðing tilskipana ESB um bann við mismunun

Í síðustu skýrslu forseta var ítarlega fjallað um innleiðingu tilskipunar 2000/78/EB frá 27. nóvember 2000 um almennar reglur um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi og tilskipunar 2000/43/EB frá 29. júní 2000 um framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð manna óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna sem lýtur að vinnumarkaðnum. Lokið var við gerð frumvarps um efni þeirra haustið 2013 en það var ekki lagt fram. Þrátt fyrir fyrirheit félags- og húsnæðismálaráðherra var frumvarpið ekki lagt fyrir síðasta þing og óvist hvort það verður lagt fram á því þingi sem hefst haustið 2014.

Tilskipun um skriflega staðfestingu ráðningar og orlof

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gerði þá athugasemd um fullgildinguna tilskipunar um skriflega staðfestingu ráðningar nr. 91/533/EC að ekki væri nægilega tryggt að brot gegn reglum um skriflega staðfestingu sættu viðurlögum. Ekki

tókst í byrjun sátt milli ASÍ og SA um hvernig þessu skuli haga en SA lagði til að í því efni yrði vísað til almennra reglna skaðabótaréttarins. Við gerð kjarasamninga 21.12 2013 náðist sátt um að brot „geti varðað skaðabótum“ án þess að vísað væri til almennra reglna skaðabótaréttarins. Í upphafi árs var ESA gerð grein fyrir þessari breytingu en ekki er ljóst hvort stofnunin hefur fellt málið niður eða ekki. ESA gerði einnig athugasemd við innleiðingu 7. gr. tilskipunar nr. 2003/88/EC þar sem kjarasamningar gerðu ráð fyrir meiri skyldum á launamann vegna veikinda í orlofi í sumum löndum á EES-svæðinu en ekki öðrum. Þetta var sömuleiðis lagfært við gerð kjarasamninga 21. desember 2013.

Aðild Króatíu að EES og frjáls för launafólks

Í febrúar 2013 óskaði velferðarráðuneytið eftir viðhorfum ASÍ til þess hvort nýta ætti heimild til að fresta opnun vinnumarkaðarins þegar Króatía gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) um mitt ár 2013. Í minnisblaði, sem ASÍ sendi ráðuneytinu, var bent á að ákveðin rök mæltu með því að nýta heimild til að fresta opnun vinnumarkaðarins um tvö ár. Það var niðurstaða Alþingis í tengslum við samþykkt aðildar Króatíu að EES.

Kvörtun ASÍ til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)

Lögfræðideild ASÍ var falið að kvarta til ESA vegna dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 381/2010 frá 19. apríl 2011 vegna meints brots íslenska ríkisins á tilskipun um starfsfólk í hlutastörfum. Í dómnum kemur fram sú túlkun að einungis sé hægt að taka inn í starfsaldur starfsmanna þá mánuði sem eitthvað vinnuframlag er innt af hendi jafnvel þó svo að ráðningu hafi ekki formlega verið slitið.

Í stuttu máli telur ASÍ að umrædd túlkun stangist á við þá meginreglu, sem fram kemur í framangreindri tilskipun, sem og lögum sem innleiddu tilskipunina í íslenskan rétt, um að starfsfólk í hlutastarfi skuli njóta sama réttar og starfsfólk í fullu starfi. Mál þetta var rekið af stéttarfélagi sem er ekki innan vébanda ASÍ og því hefur ASÍ ekki geta átt aðkomu að málinu á fyrri stigum. Dómurinn er engu að síður gildandi réttur á íslenskum vinnumarkaði um hvernig skuli meta starfsaldur. Við það telur ASÍ sig ekki geta unað og ákvað því að bera fram ofangreinda kvörtun um að niðurstaða Hæstaréttar Íslands leiði af sér réttarreglu sem fari gegn skýrum ákvæðum þjóðréttarlegra skuldbindinga Íslands í gegnum EES-samninginn. Vonir standa til að niðurstaða fái í málið hjá ESA á komandi vetri.

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði eru eitt að þeim viðfangsefnum

sem ítrekað koma upp í starfi Alþýðusambandsins. Af hálfu sambandsins hefur verið lögð rík áhersla á að útlendingar, sem hér starfa, hvort sem um er að ræða EES-borgara eða einstaklinga utan EES, njóti kjara og réttinda í samræmi við það sem almennt gildir á íslenskum vinnumarkaði.

Einn af þeim þáttum, sem ítrekað hafa komið til umræðu varðandi borgara utan EES á íslenskum vinnumarkaði, er að rýmka verulega heimildir þeirra til að starfa hér á landi. Af hálfu Alþýðusambandsins hefur verið áréttað að þeir útlendingar, sem koma hingað til starfa, séu ekki notaðir af innlendum og erlendum fyrirtækjum til félagslegra undirboða. Það snýr bæði að því að tryggja kjör og réttindi hinna erlendu starfsmanna og að þátttaka þeirra á innlendum vinnumarkaði raski ekki fyrirkomulagi á íslenskum vinnumarkaði og þeim kjörum og réttindum sem hér gilda.

Síðustu mánuði og misseri hafa komið fram vaxandi kröfur af hálfu samtaka atvinnurekenda og fleiri aðila um að réttur fyrirtækja til að ráða hingað til lands sérfræðinga á ýmsum sviðum verði rýmkaður og jafnframt að settir verði í löggjöf skattalegir hvatar fyrir erlenda sérfræðinga til að ráða sig til starfa hér á landi. Hefur í því sambandi m.a. verið vísað til reglna sem gilda annars staðar á Norðurlöndum í þessum efnum. Af hálfu Alþýðusambandsins hefur í þessu sambandi verið bent á að mikilvægt sé að fara að engu ódslega í þessum efnum og hugsa vel öll skref sem stigin verði í þessa átt. Bent hefur verið á að oft sé mikið gert úr þeim hindrunum sem eru í vegi þess að ráða hingað erlenda sérfræðinga og hversu langan tíma það þarf að taka. Í annan stað hefur Alþýðusambandið bent á að mjög sé á reiki hvað átt sé við með „sérfræðingur“ eða „sérhæfður starfsmaður“ eins og einnig hefur verið nefnt í umræðunni. Krafan hljóti að vera sú að skýrt liggi fyrir að um raunverulega sérfræðinga sé að ræða sem sjáist þá m.a. á þeim launakjörum sem þeim eru boðin. Reynslan m.a. frá Kárahnjúkaframkvæmdinni segir okkur hins vegar að „sérhæfður starfsmaður“ sé hugtak sem auðvelt sé að misnota. Loks hefur ASÍ bent á að í umræðunni um skattalega hvata fyrir erlenda sérfræðinga sé fyrirkomulaginu í öðrum norrænum löndum ekki alltaf rétt lýst og meira gert úr því en efni standa til.

Fríverslunarsamningur Íslands og Kína

Vorið 2013 undirritaði Ísland fríverslunarsamning við Kína án nokkurrar yfirlýsingar um samstarf á sviði vinnamála (sjá skýrslu síðasta árs). ASÍ mótmælti þessu verklagi harðlega og taldi að ríkisstjórnin hefði rofið fyrirheit sitt um að ganga samhliða frá samningi um fríverslun og vinnumál. Haustið 2013 var samningurinn lagður fyrir Alþingi til staðfestingar. ASÍ beitti sér þá fyrir því

að MOU (Memorandum of Understanding) það sem lögð hafði verið áhersla á vorið 2013, yrði undirritað. Kína neitaði hins vegar að taka inn í það ákvæði sem formlega skuldbindi bæði ríkin til þess að heimila verkalýðshreyfingunni formlega aðild og rétt til upptöku mála. Við þær aðstæður, þ.e. með undirritaðan fríverslunarsamning í hendi án nokkurra skilyrða, náði ASÍ samkomulagi við íslensk stjórnvöld um sérstaka yfirlýsingu af hálfu þeirra, dags 29.1 2014, þar sem staðfest er aðild Íslands að samstarfsnefnd skv. samningnum og réttur ASÍ til þess að setja þar mál á dagskrá.



Alþýðusamband Íslands
Gylfi Ambjörnsson
Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferðarraduneyti.is

30. jan. 2014

Reykjavík 29. janúar 2014
Tilv.: VEL13050093/30.05.06

Til stendur að velferðarráðuneyti og mannaúts- og almenntryggingaráðuneyti Kína undirrita sameiginlega viljayfirlýsingu um samvinnu á sviði vinnumála. Mun félags- og húsnæðismálaráðherra undirrita viljayfirlýsinguna fyrir hönd velferðarráðuneytis.

Í 4. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar viljayfirlýsingar kemur fram að hvorum samningsaðila sé heimilt, eftir því sem við á, að bjóða þeim samtökum aðila vinnumarkaðarins sem eru helst í fyrirsvari fyrir launafólk í hvoru landi til þess að greina hugsanleg samstarfssvið og takast á hendur samstarfsverkefni á milli ríkjanna.

Með vísan til samskipta velferðarráðuneytisins við Alþýðusamband Íslands í tengslum við gerð framangreindrar viljayfirlýsingar staðfestir ráðuneytið að það sé mat félags- og húsnæðismálaráðherra að Alþýðusamband Íslands séu nú þau heildarsamtök sem helst eru í fyrirsvari fyrir launafólk á almennum vinnumarkaði í ljósi þess að stór hluti launafólks er starfar á almennum vinnumarkaði eru félagsmenn í aðildarfélögum þess. Það er jafnframt mat ráðherra að Alþýðusamband Íslands sé því eitt af þeim samtökum sem velferðarráðuneytinu beri að hafa samráð við komi til þess að bjóða þeim samtökum aðila vinnumarkaðarins sem eru helst í fyrirsvari fyrir launafólk hér á landi að greina hugsanleg samstarfssvið og takast á hendur samstarfsverkefni á milli ríkjanna á grundvelli 4. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar viljayfirlýsingar. Í þessu felst meðal annars sá skilningur að framangreindum samtökum sé heimilt að óska eftir því við stjórnvöld að tekin verði á dagskrá reglulegra funda skv 3. mgr. 3. gr. hinnar sameiginlegu viljayfirlýsingar tiltekin mál er fallið geta undir c og e-lið 3. mgr. 3. gr. þar sem fjallað er um skoðanaskipti um vinnumál og jafnframt að samtökunum verði ætluð þátttaka á þeim fundum og undir þeim dagskrárlið þar sem slík mál eru tekin upp.


Eygló Harðardóttir


Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir



Fræðslu- og menntamál

Alþýðusamband Íslands og stofnanir þess ásamt aðildarfélagunum taka virkan þátt í menntastarfi hér á landi, bæði með stefnumótun og þátttöku í framkvæmd á fjölmörgum sviðum menntamála. Það á við bæði um formlega menntakerfið og það óformlega. Þá standa MFA fræðsludeild ASÍ og Mímir-símenntun, sem er í eigu ASÍ, fyrir öflugri fræðslustarfi. Einnig á Alþýðusambandið aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóði og stjórn landskrifstofu menntaáætlunar ESB, auk þess sem ASÍ tilnefnir í starfsgreinaráðin á framhaldsskólastigi.

Aukinni áherslu Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar á menntun og mikilvægi hennar, bæði góðrar grunnmenntunar og símenntunar, hefur fylgt mjög aukið starf á þessu sviði á vettvangi samtakanna. Vænta má þess að sú þróun haldi áfram enda mikilvægi öflugs menntastarfs fyrir launafólk og samfélagið allt öllum ljóst.

Eins og efni þessa kafla skýrslu forseta ASÍ ber með sér hefur starf ASÍ og tengdra stofnana að menntamálum sjaldan verið umfangsmeira en nú og ekkert bendir til annars en að það mikla starf haldi áfram í fjórsjúanlegri framtíð. Sem dæmi má nefna félagslegu fræðsluna á vettvangi ASÍ og Félagsmálaskólans og stöðugt öflugri framhaldsfræðslu. Þá ber að geta starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Fræðslusjóðs og Mímis-símenntunar sem aldrei hafa verið mikilvægari en nú.

Alþýðusambandið tók virkan þátt í innleiðingu og framkvæmd laga um framhaldsskóla og framhaldsfræðslu í beinum samskiptum við mennta- og menningarmálaráðuneytið og í gegnum aðild sína að starfsgreinaráðum, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóði. Þá hefur Alþýðusambandið haft frumkvæði að umfangsmiklum verkefnum á sviði menntunar fyrir ungt fólk og atvinnuleitendur og framkvæmd þeirra. Loks hefur Alþýðusambandið í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og stjórnvöld hafið vinnu við að draga lærdóma af verkefnum á Evrópuvísu er lúta að því að spá fyrir um færni- og þekkingarkröfur atvinnulífsins til starfsmanna og hvernig má samþætta stefnumótun og aðgerðir í atvinnumálum og vinnumarkaðsmálum annars vegar og framboð á menntun hins vegar.

Þá hefur fulltrúi Alþýðusambandsins tekið þátt í úthlutun úr þróunarsjóði menntunar sem ákveðið var að setja upp í tengslum við gerð kjarasamninga í maí 2011 til þriggja ára.

Menntanefnd ASÍ hefur tekið virkan þátt í umræðu og stefnumótun á þeim sviðum sem nefnd eru hér að framan. Einnig hafa iðnaðarlögin og mögulegar breytingar á þeim verið til umfjöllunar í nefndinni.

Hér á eftir verður fjallað nánar um nokkur viðfangsefni á sviði menntamála á tímabilinu á vettvangi Alþýðusambandsins og stofnana þess eða þar sem ASÍ hefur komið að með virkum hætti. Þá er í kaflanum um vinnumarkaðs- og félagsmál á öðrum stað í skýrslunni sérstaklega fjallað um þau mennta- og vinnumarkaðsverkefni sem ákveðið var að vinna að í tengslum við gerð kjarasamninganna í maí 2011.

Félagsleg fræðsla

MFA fræðsludeild ASÍ

MFA fræðsludeild ASÍ hefur það að markmiði að bjóða upp á fræðslu og námskeið fyrir trúnaðarmenn og talsmenn verkalýðshreyfingarinnar. Lögð er áhersla á að styrkja talsmenn og trúnaðarmenn í starfi svo að þeir séu betur í stakk búinir að takast á við auknar kröfur sem gerðar eru til þeirra í síbreytilegu samfélagi. Boðið er upp á námskeið sem taka á málefnum hvers tíma og miðað er við að námsframboðið taki til þarfa og aðstæðna félaga hverju sinni. Þá býður fræðsludeildin einnig upp á ráðgjöf og þarfagreiningu fyrir einstök félög og geta stéttarfélögin þannig nýtt sér námskeið og fræðslu til að móta starf og stefnu. Í samráði við þarfir félaga er hægt að þróa námskeið og námsefni. Menntanefnd ASÍ er stjórn MFA fræðsludeildar.

Félagsmálaskóli alþýðu

Félagsmálaskóli alþýðu er rekinn af MFA og er deildarstjóri fræðsludeildar jafnframt skólastjóri Félagsmálaskólans. Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólastjóra. Félagsmálaskólinn fær framlag úr ríkissjóði til reksturs skólans og gerir skólastjóri fjárhagsáætlunir fyrir hann. Talsmenn BSRB hafa einnig aðgang að Félagsmálaskólanum. Félagsmálaskólinn hefur verið að mestu fjármagnaður af framlagi frá ríkissjóði. Framlagið hefur verið um 14 milljónir á ári síðustu þrjú ár.

Starfsmenn skólans eru fjórir. Í samstarfi skólanefndar Félagsmálaskólans, menntanefndar og starfsmanna skólans er mótuð heildarsýn fræðslustarfsins og stefna fyrir hverja önn. Þarfagreining og stefnumótun fléttast inn í daglegt starf starfsmanna skólans og eru tengsl við talsmenn stéttarféлага mikilvægur þáttur í starfi þeirra.

Þjónusta Fræðsludeildar og Félagsmálaskóla alþýðu

Trúnaðarmannanámskeið

Fræðsludeildin er með námskeið fyrir trúnaðarmenn og talsmenn stéttarfélaganna. Stéttarfélögin panta trúnaðarmannanámskeið hjá Félagsmálaskólanum og í samráði við starfsmenn hans eru gerð drög að dagskrá.

Við skipulag trúnaðarmannanámskeiða er unnið út frá námskránum *Trúnaðarmannafræðsla I* og *II* sem gefnar hafa verið út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Um er að ræða samtals 142 kennslustundir. Samningur er við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um að fá trúnaðarmannanámið metið til eininga á framhaldsskólastigi. Markmiðið með formlegu mati er að efla trúnaðarmannafræðsluna, fjölga námsþáttum og gera trúnaðarmönnum kleift að nýta sér námskeiðin ef þeir vilja halda áfram námi. Nemendur, sem ljúka námi samkvæmt báðum námskránum, hafa möguleika á að fá allt að 11 einingar metnar, 6 einingar fyrir *Trúnaðarmannafræðslu I* og 5 einingar fyrir *Trúnaðarmannafræðslu II*.

Félagsmálaskólinn hefur frá áramótum 2013 rekið eigið nemendabókhald en áður var það skráð inn í sameiginlegt nemendabókhald Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Undanfarið hefur staðið yfir endurskoðun á námskránum *Trúnaðarmannanámskeið I* og *II*. Í kjölfar endurskoðunar á námskrám hefur verið tekið tillit til viðmiðunarrammans og námskrárnar settar á þrep. Í lögum um framhaldsfræðslu eru námslok innan formlega menntakerfisins og námskrár innan framhaldsfræðslu tengdar við hæfniprep sem eru skilgreind með hliðsjón af þeirri

hæfni sem nemandi á að búa yfir við lok hvers þreps. Með hæfnirammaum, sem tengdur er við evrópska hæfnirammann (EQF), er gert ráð fyrir stígandi í námi, hann á að vera upplýsandi fyrir hagsmunaaðila og gefa vísbendingu um hvaða hæfni nemendur eigi að búa yfir og vera jafnvel hvatning til frekara náms. Markmiðið með hæfnirammaum er að gefa kerfisbundna lýsingu á námslokum innan formlega menntakerfisins frá grunnskóla til háskóla, ásamt vottaðs náms innan framhaldsfræðslu.

Trúnaðarmannanámskeiðin voru með hefðbundnum hætti á árunum 2013–2014. Alls voru 36 trúnaðarmannanámskeið haldin og stóðu þau í allt frá tveimur dögum til fimm. Alls sóttu 396 félagsmenn námskeiðin sem er aðeins meiri þátttaka en undanfarin ár. Þar af voru 262 konur og 132 karlar.

Sameiginleg námskeið fyrir trúnaðarmenn stéttafélaga ASÍ og BSRB

Mikilvægt er að félagsleg fræðsla trúnaðarmanna sé sem allra best og allir trúnaðarmenn fái tækifæri til að sækja trúnaðarmannanámskeið. Á síðasta misseri var boðið upp á sameiginleg trúnaðarmannanámskeið fyrir öll stéttarfélag innan ASÍ og BSRB í Vestmannaeyjum og Akureyri. Hafa þessi námskeið mælst vel fyrir.

Boðið var upp á þrep 1, 2 og 3 úr námskránni *Trúnaðarmannanámskeið I*. Alls voru haldin 4 námskeið. Fyrirhugað er að halda áfram að bjóða upp á sameiginleg námskeið í Vestmannaeyjum á haustönn 2014. Það hefur færst í aukana að félag innan ASÍ og BSRB haldi sameiginleg trúnaðarmannanámskeið fyrir sína félagsmenn. Er það mjög ánægjulegt þar sem trúnaðarmenn hafa notað tækifærið og miðlað reynslu sinni sín á milli. Má þar sérstaklega nefna Bárúna á Selfossi og Einingu á Akureyri.

Almenn námskeið

Gefinn hefur verið út heildarbæklingur með upplýsingum um öll þau almennu námskeið sem Félagsmálaskólinn býður upp á, en þau eru alls 42 talsins. Undanfarin misseri hafa ekki verið haldin opin námskeið á fyrir fram ákveðnum dögum heldur hafa þau verið pöntuð sérstaklega af einstaka félögum. Á næstu misserum verður hins vegar sú breyting að boðið verður upp á þrjú til fjögur námskeið á völdum dagsetningum. Almennum námskeiðum hefur fjölgað hjá félögum en á síðasta skólaári voru haldin fleiri námskeið en undanfarið, alls 8.

Lífeyrissjóðsnámskeið

Félagsmálaskóli alþýðu hélt tvö námskeið fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða á

síðasta skólaári í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Landssamtök lífeyrissjóða til að undirbúa stjórnarmenn undir hæfismat Fjármálaeftirlitsins (FME). FME kallar alla stjórnarmenn til viðtals við sérstaka ráðgjafanefnd sem metur hæfi stjórnarmanna. Námskeiðunum er ætlað að tryggja að stjórnarmenn uppfylli skilyrði sem kveðið er á um í lagaheimild frá árinu 2008 sem bætt var í lífeyrissjóðalögin nr. 129/1997 en þar er farið fram á að stjórnarmenn búi yfir „nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.“ Mat FME á faglegu hæfi stjórnarmanna byggir m.a. á þessari lagaheimild. Námskeiðin, sem standa yfir í þrjá daga, tóku mið af þeim efnisþáttum sem hafðir voru til hliðsjónar í viðtali ráðgjafanefndarinnar og höfðu allir leiðbeinendur yfirgripsmikla þekkingu á starfsemi og stjórnun lífeyrissjóða. Alls sótti 31 stjórnarmaður námskeiðin.

Í tengslum við þessi námskeið fyrir stjórnarmenn í lífeyrissjóðum vegna hæfismats FME komu fram ítrekaðar fyrirspurnir og óskir um námskeið fyrir fleiri hópa um lífeyriskerfið og starfsemi lífeyrissjóðanna. Til að mæta þessu var sett upp styttra almennara námskeið þar sem farið var yfir helstu þætti lífeyriskerfisins og starfsumhverfi lífeyrissjóðanna; markhópurinn var verðandi stjórnarmenn og þeir sem áhuga hafa á lífeyrismálum. Námskeiðið var tveggja daga yfirlitsnámskeið um íslenska lífeyriskerfið og starfsemi lífeyrissjóða. Farið var yfir helstu þætti er snerta hlutverk og starfsumhverfi lífeyrissjóðanna, fjallað um réttindakerfið, lagaumhverfi sjóðanna, eignir og fjárfestingarheimildir auk þess sem rætt var um hlutverk stjórnarmanna og hæfi þeirra. Námskeiðið var góður inngangur fyrir þá sem vilja kynna sér málaflokkinn og gagnast vel þeim sem áhuga hafa á stjórnarstörfum í lífeyrissjóðunum, tilvonandi stjórnarmönnum, (nýjum) starfsmönnum lífeyrissjóða, fulltrúaráðum lífeyrissjóða, starfs- og stjórnarmönnum stéttarfélaga, fulltrúum í lífeyrisnefndum félaga og öðrum þeim sem hafa áhuga á málefninu. Haldið var eitt yfirlitsnámskeið og alls sóttu það 22.

Þá hafa komið fram óskir frá skrifstofum lífeyrissjóðanna um að Félagsmála-skólinn taki að sér fræðslu fyrir starfsfólk á skrifstofum lífeyrissjóðanna. Búið er að útbúa slíkt námskeið sem ber heitið Umhverfi og áskoranir lífeyriskerfisins og verður boðið upp á það í nóvember 2014. Á námskeiðinu verður farið yfir uppbyggingu og hlutverk íslenska lífeyriskerfisins, starfsumhverfi lífeyrissjóðanna og þær áskoranir sem við blasa í nútíð og framtíð.

Einnig verður í boði námskeið fyrir starfsfólk á skrifstofum stéttarfélaga sem þjónusta félagsmenn varðandi lífeyrismál. Fjallað verður um lífeyriskerfið og réttindi félagsmanna innan þess til að gera starfsfólk stéttarfélaganna betur í

stakk búið til að upplýsa félagsmenn og leiðbeina þeim að hverju sé að hyggja við töku lífeyris.

Samstarf við Fræðsluatrið Starfsmennt

Til að mæta auknum kröfum, sem gerðar eru til forystu og starfsfólks innan samtakanna, hefur verið búin til námsleiðin Forystufræðsla fyrir stjórnir og starfsfólk stéttarfélaganna. Þessari námsleið er ætlað að mæta fræðsluþörfum starfsmanna stéttarfélaganna, hvort sem það eru formenn, stjórnendur eða starfsfólk. Tilgangur forystufræðslunnar er að styrkja alla þessa aðila til að uppfylla kröfur og væntingar, sem gerðar eru til þeirra, og útvega þeim tæki og þekkingu til að mæta flóknara umhverfi á vinnumarkaði og á vinnustað. Fræðslunni er jafnframt ætlað að efla líðsheild, efla samstöðu, greiða fyrir flæði upplýsinga innan heildarsamtakanna ASÍ og BSRB og aðildarfélaganna þeirra, ásamt því að samstarf heildarsamtakanna verði öflugra.

Forystufræðslan er heildstæð námsleið sem skiptist í 9 námsþemu með 30 námskeiðum sem spanna alls 192 klukkustundir. Ýmist verða í boði styttri námskeið eða stærri námslotur sem byggðar verða upp í kringum skyld viðfangsefni. Í ljósi þess að hópurinn hefur fjölbreyttar fræðsluþarfir og mismunandi starfsreynslu þá eru námskeiðin valfrjáls. Boðið var upp á nokkur námskeið á höfuðborgarsvæðinu. Ekki náðist þátttaka á landsbyggðinni. Haldin voru 11 námskeið og var þátttakan í þeim góð. Alls sóttu 143 þau námskeið. Félagsmálaskólinn heldur utan um kennsluna en skráningarkerfi Fræðslu-setursins Starfsmenntar var notað en þar má jafnframt nálgast þátttökuskjöl, þjónustukönnun og mat á námi ásamt því að fá yfirlit yfir námsframvindu.

Kynningar í framhaldsskólum

Fræðsludeild Alþýðusambandsins hefur boðið framhaldsskólum upp á fræðsluerindi um vinnumarkaðinn og kjarasamninga. Færst hefur í aukana að námsráðgjafar framhaldsskólanna og kennarar hafi samband og biðji um þessa fræðslu fyrir nemendur. Fylgt var eftir skipulögðu kynningarátaki síðasta árs en þá setti fræðsludeildin sig í samband við skólana og bauð markvisst upp á þessi fræðsluerindi. Því var vel tekið og hafa þessar heimsóknir mælst vel fyrir og nemendur spurt margra spurninga. Þetta hafa verið stutt erindi í kennslustundum, m.a. í lífsleikni og félagsfræði. Fyrst og fremst hefur verið lögð áhersla á grunnþætti er varða réttindi og skyldur á vinnumarkaði, svo sem vinnutíma, ráðningarsamninga, veikindarétt, uppsagnarfrest og launaútreikninga. Þörfin hefur verið brýn að fræða ungmenni um vinnumarkaðinn þar sem margir nemendur á framhaldsskólastigi eru farnir að vinna með skóla en eru lítt meðvitaðir um réttindi og skyldur samkvæmt kjarasamningum og

lögum. Farið var í 10 skóla á síðasta ári og í sumum tilfellum oftast en einu sinni í sama skóla.

Þá hefur einnig verið gott samstarf við Félag lífsleiknikennara og hefur fræðsludeildin boðið upp á nokkur námskeið um réttindi og skyldur á vinnu- markaði fyrir kennara. Fyrirhugað er að halda þau á haustönn 2014.

Ungt fólk og verkalýðshreyfingin

Eins og áður segir hefur fræðsludeild ASÍ staðið fyrir kynningum í framhalds- skólum landsins á réttindum og skyldum á vinnu- markaði. Starfsmenn ASÍ og starfsmenn nokkurra stéttarféлага hafa séð um þessar kynningar í samvinnu við náms- og starfsráðgjafa og lífsleiknikennara. Eftirspurn eftir þessari fræðslu er sífellt að aukast og nú hefur verið ráðist í átak til að efla þekkingu ungs fólks á þessum málaflokki.

Nú eru í vinnslu myndbönd þar sem helstu réttindi verða kynnt í stuttu máli á myndrænan hátt. Þau verða m.a. notuð til kynningar í framhaldsskólum, fyrir kennara til kennslu, ásamt því að þeim verður komið á framfæri til stéttarfélag- anna. Gert er ráð fyrir að þau verði tilbúin fyrir 41. þing ASÍ og kynnt þar. Þá hefur ASÍ verið í samstarfi við Jafningjafræðsluna síðan árið 2009. Þar hefur farið fram fræðsla fyrir ungt fólk um verkalýðshreyfinguna og helstu réttindi á vinnu- markaði í gegnum Vinnuskóla Reykjavíkur, Kópavogs og Seltjarnarness. Hefur það samstarf gefist afar vel og verið mikilvægur þáttur í að efla þekkingu ungs fólks á vinnu- markaði.

Með þessu átaki er von ASÍ að þekking ungs fólks á réttindum og skyldum á vinnu- markaði eflist auk þess sem mikilvægi þess að vera í stéttarfélagi verði komið til skila.

Genfarskólinn

Norræni lýðháskólinn í Genf, Genfarskólinn, er haldinn samhliða Alþjóða- vinnu- málafþinginu í Genf. Nemendur kynnast þinghaldinu og Alþjóðavinnu- málafþinguninni ILO. Stofnunin starfar að vinnu- málum á vegum Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar á ILO- þinginu eru frá stjórnvöldum, atvinnurekendum og samtökum launafólks um allan heim. Þátttakendur kynnast norrænu samstarfi á vettvangi ILO og geta kynnt sér ýmis alþjóðasamtök verkalýðshreyfingar- innar sem starfa í tengslum við ILO. Námið fer fram í formi fjarnáms, fyrir- lestra og hópastarfs og þátttakendur fylgjast með fundum Alþjóðavinnu- málafþingsins og nefndarstarfi þess. Fornámskeið eru haldin í upphafi í Svíþjóð, oftast í mars ár hvert. Að því loknu tekur við fjarnám sem stendur þar til

Þátttakendur fara utan til Genfar í lok maí. Skólinn er ætlaður virkum félagsmönnum í stéttarfélagunum. Gert er ráð fyrir að umsækjendur hafi áhuga á alþjóðamálum verkálýðshreyfingarinnar. Æskilegt er að þeir hafi sótt fræðslu verkálýðshreyfingarinnar og þekki til starfsemi stéttarfélaganna og samtaka þeirra hér á landi. Aðild að Genfarskólanum eiga MFA-samböndin í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og hér á landi. Íslensku þátttakendurnir í Genfarskólanum hafa verið tveir undanfarin ár. Þeir hafa sótt kynningarfundi hér á landi sem haldnir hafa verið til undirbúnings þátttöku í skólanum. Á kynningarfundinum hitta þátttakendur fulltrúa Íslands sem sækja ILO-þingið ásamt þátttakendum síðasta árs.

Deildarstjóri fræðsludeildar situr í stjórn Genfarskólans. Síðastliðin sex ár hefur Marianna Traustadóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ, verið verkefnastjóri og yfirmaður Genfarskólans, ásamt því að vera varamaður í stjórn. Hún hefur nú látið af störfum sem skólastjóri Genfarskólans. Við henni tekur Peter Waldorff frá Danmörku.

Handbók trúnaðarmannsins

Handbók trúnaðarmannsins kom fyrst út vorið 2004 og hefur selst í 3851 eintökum. Mörg félög hafa keypt handbókina fyrir alla trúnaðarmenn sína. Handbókin er í stöðugri endurskoðun og samfara endurskoðun á námskrám verður efni handbókarinnar gert ítarlegra. Þá hafa fimm kaflar verið þýddir á sex tungumál: ensku, pólsku, portúgölsku, tagalog, rússnesku og þýsku. Allt efni hennar er aðgengilegt á netinu, www.felagsmalaskoli.is.

Skipulag hópfunda

Fræðsludeild hefur í auknum mæli aðstoðað félögin við að skipuleggja hóp- og vinnufundi með aðferð er kallast *Miðlunaraðferðin*. Það er gagnleg aðferð til að vinna með hópum, hvort sem það er á fundum eða við kennslu. Aðferðin byggir á því besta sem þekkest úr kennslufræði og námssálarfræði. Þá hefur þessi aðferð verið notuð á ársfundum ASÍ og hefur fræðsludeildin séð um þá vinnu.

Heimasíða

Ný heimasíða var tekin í notkun á síðasta ári og er hún í stöðugri þróun. Þar má finna upplýsingar um námsframboð, handbók trúnaðarmannsins, efni um einelti og margt fleira.

Nám er vinnandi vegur

Í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í maí 2011 gaf

ríkisstjórnin út sérstaka yfirlýsingu að tilstuðlan aðila vinnumarkaðarins, þar sem m.a. voru gefin fyrirheit varðandi aðgerðir á sviði menntamála og vinnu- markaðsúrræða.

Gerð er grein fyrir verkefninu *Nám er vinnandi vegur* í kaflanum um vinnu- markaðsmál.

Úttekt á framhaldsfræðslunni

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Capacent að gera heildstæða úttekt á framhaldsfræðslukerfinu sem beinist að hlutverki þess og verkaskiptingu og samstarfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Fræðslusjóðs, fræðsluaðila, annarra hagsmunaaðila og ráðuneytisins.

Meginmarkmið úttektarinnar samkvæmt samningi var að:

- Leggja mat á þróun framhaldsfræðslukerfisins (FA, Fræðslusjóðs, símenntunarmiðstöðva), skilvirkni þess og nýtingu fjár.
- Skoða hvaða árangri það hefur skilað sl. fimm ár og hvernig samskiptum milli hagsmunaaðila og ákvarðanatöku er háttað.
- Sérstök áhersla var lögð á að leggja mat á áhrif og skilvirkni kerfisins.

Tilgangur úttektarinnar er að svara því, gagnvart bæði hagsmunaaðilum og einstökum samningsaðilum, að hve miklu leyti þeim markmiðum, sem að var stefnt, hafi verið náð og hvort þau hafi verið raunhæf, bæði faglega og fjárhagslega. Lögð var áhersla á að opna markvisst samtal úttektaraðila við fulltrúa FA, Fræðslusjóðs, fræðsluaðila og annarra hagsmunaaðila þannig að unnið væri að því í sameiningu að svara þeim spurningum sem úttektin útheimti.

Í meginniðurstöðum úttektarinnar segir m.a.:

„Að mati úttektaraðila hefur framhaldsfræðslukerfið, eins og það er afmarkað í lögum, náð þeim markmiðum sem sett eru í markmiðskafli laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Þeir fjármunir, sem ríkið ver til málaflokksins, eru nýttir á skilvirknan hátt og renna með skýrum hætti til þeirra verkefna sem að er stefnt. Samskipti FA, Fræðslusjóðs og fræðsluaðila eru á faglega sviðinu til fyrirmyndar þó svo að til staðar sé togstreita um einstaka þætti sem leiðir af ólíkum hlutverkum aðila. Þessi togstreita er þó ekki þess eðlis að hún veiki samstarf aðila við að mæta þörfum markhópsins fyrir menntun og þjálfun til að efla og bæta hæfni þeirra og tækifæri á vinnumarkaði.“

Almennt má segja að niðurstöður úttektarinnar séu mjög jákvæðar hvað varðar framhaldsfræðsluna almennt. Jafnframt er bent á ýmis atriði sem mega betur fara og eru framhaldsfræðsluaðilar, sem og Fræðslumiðstöðin og Fræðslusjóður, þegar byrjaðir að vinna að úrbótum á grundvelli tillagna Capacent og annars lærdóms sem dreginn hefur verið af skýrslunni og niðurstöðum hennar.

Hvítbók um menntamál og stefna í iðn-, starfs- og tækni-menntun

Í Hvítbók um menntamál, sem mennta- og menningarmálaráðherra kynnti fyrr á þessu ári, eru sett fram tvö meginmarkmið um umbætur í menntun á Íslandi til ársins 2018:

- 90% grunnskólanema nái lágmarksviðmiðum í lestri
- 60% nemenda ljúki námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma

Fulltrúar Alþýðusambandsins fengu á sínum tíma kynningu á hvítbókinni þegar hún var í vinnslu en áttu ekki þátt í að móta þau markmið sem þar eru sett fram. Alþýðusambandið gagnrýndi þessa málsmeðferð og gerði kröfu um að fá aðgang að vinnunni við útfærslu markmiðanna. Jafnframt var gagnrýnt að ekki væri fjallað um markmið varðandi framhaldsfræðsluna í hvítbókinni. Af hálfu ráðherra hefur verið lofað að Alþýðusambandið fái aðkomu að vinnunni með hvítbókina. Jafnframt lýsti hann yfir að sérstaklega verði fjallað um framhaldsfræðsluna í samráði við þá aðila sem málið varðar.

Þá hefur ASÍ gagnrýnt að ekkert hefur verið unnið á grundvelli minnisblaðs forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra frá 15. nóvember 2013 í tengslum við gerð kjarasamninga. Í minnisblaðinu segir:

„Mennta- og menningarmálaráðherra móti, í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, aðgerðir um þróun iðn-, starfs- og tækni-menntunar sem byggja á fyrirbyggjandi tillögum, m.a. í skýrslu OECD. Einnig verði mótaðar tillögur um aukin tækifæri til náms fyrir þá einstaklinga á vinnumarkaði sem ekki hafa lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi. Fylgt verði eftir aðgerðum, sem nú eru hafnar, til að draga úr brottfalli úr formlegu námi á framhaldsskólastigi. Aðgerðaáætlun liggja fyrir í lok mars 2014.“

Menntun og færni- og hæfnikröfur atvinnulífsins – Evrópusamstarf

Að frumkvæði Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins og í ágætu samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur nú um nokkurra missera skeið verið unnið að aðild Íslands að verkefni á vegum CEDEFOP (starfsmenntastofnunar Evrópu) um samþættingu mennta-, vinnumarkaðs- og atvinnustefnu undir heitinu *Ný færni og störf*. Meginþáttur verkefnisins snýr að því að gera spálíkan um framboð og eftirspurn á hæfni á vinnumarkaði til næstu ára (til 2020). Verkefnið byggir á gögnum um vinnumarkað einstakra ríkja, einkum er stuðst við vinnumarkaðsrannsóknir í gegnum gagnabanka Evrópsku hagstofunnar (Eurostat) en einnig skattagrunn (staðgreiðslugögn), E3ME-módel/gagnasafn, mannfjöldaspár, launakannanir o.fl.

Það sem hefur knúið Alþýðusambandið og aðra þá sem sýnt hafa verkefninu áhuga áfram er sannfæringin um mikilvægi þess að dýpka með kerfisbundnum hætti þekkingu á vinnumarkaðinum og atvinnulífinu; byggja upp þekkingu og færni hér á landi á aðferðum til að segja fyrir um þörf atvinnulífsins fyrir hæfni og færni; tileinka okkur aðferðir til að spá fyrir um þróun atvinnulífsins og sköpun starfa og hæfnikröfur þeirra, einkum á nýjum sviðum; tengja saman framangreinda þætti og þróun og framboð á menntun og starfsþjálfun í íslensku menntakerfi og á vinnumarkaði.

Í nóvember 2012 var samþykkt *Aðgerðaáætlun um greiningu og gerð spár um menntun og mannaflapörf* (skills forecasting). Að verkefninu standa mennta- og menningarmálaráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins og velferðarráðuneyti. Tilgangurinn þess er að vinna áætlun um nauðsynlegar aðgerðir til að Ísland verði fullgildur aðili að mannaflaspám CEDEFOP og skipuleggja hvernig öflun og miðlun gagna á þessu sviði verði komið í fastan farveg hér á landi. Stefnt er að því að þessum verkþætti ljúki á næstunni.

Það er skemmst frá því að segja að lítið sem ekkert hefur þokast í þessu verkefni á tímabilinu. Hins vegar hefur verið unnin ákveðin greining með sambærilegu markmiði í tengslum við IPA-verkefni (Instrument for Pre-Accession Assistance, styrkur frá Evrópusambandinu) sem unnið hefur verið að á vettvangi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Árið 2014 er 12. starfsár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og fjórða ár starfseminnar byggt á lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Starfsemin

hefur verið með nokkuð reglubundnum hætti á árinu. Helstu tíðindi í starfsemi er úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem hófst á haustmánuðum 2013 en lauk á vormánuðum 2014. Úttektina annaðist Capacent, en ásamt henni var gerð þátttakendakönnun meðal þeirra sem sótt hafa vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat á árunum 2010–2012. Helstu niðurstöður úttektarinnar benda til að starfið í framhaldsfræðslu hafi náð markmiðum laga um framhaldsfræðslu og fjármagn sé notað með skilvirkum hætti. Helstu veikleikar varða kerfið sem notað er til nemendabókhalds og markaðsstarf en framhaldsfræðslan er ekki nægilega vel kynnt.

Í þátttakendakönnun Capacent kemur fram mikil ánægja með starfið. Þannig segja 80% þeirra sem sóttu vottaðar námsleiðir að námið hafi haft jákvæð eða mjög jákvæð áhrif á sjálfstraust þeirra, um 75% segja námið hafa haft jákvæð eða mjög jákvæð áhrif á líf þeirra, um 44% hafa fengið námsleiðina metna inn í annað nám, 43% eru áfram í sama starfi, um 15% hafa fengið launahækkun og um 11% hafa fengið aukna ábyrgð. Alls 58% segja náms- og starfsráðgjöfina hafa nýst vel eða mjög vel, 43,5% hafa farið í nám eftir náms- og starfsráðgjöfina og tæp 18% hafa í hyggju að fara í nám og 49% telja líklegt eða mjög líklegt að þeir leiti aftur til náms- og starfsráðgjafa. Rúm 70% telja náms- og starfsráðgjöfina hafa haft jákvæð eða mjög jákvæð áhrif á líf þeirra. Í raunfærnimati segja 87% svarenda það skipta miklu eða mjög miklu máli að fá einingarnar metnar í framhaldsskóla, 82% telja niðurstöðu raunfærnimats sanngjarna eða mjög sanngjarna, 79% telja hlutverk náms- og starfsráðgjafa í ferlinu mikilvægt eða mjög mikilvægt. Um 60% töldu frekar auðvelt eða mjög auðvelt að sýna fram á færni sína í matsviðtölum, rúmlega 60% hafa farið í nám eftir raunfærnimat og 15% til viðbótar hafa það í hyggju, 90% segja námið ganga vel eða mjög vel. Loks skal þess getið að 64% svarenda eru enn í sama starfi.

Óvissa um verkefnið *Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun* hefur sett nokkurn svip á starfsemi ársins. Verkefnið fékk IPA-styrk frá Evrópusambandinu að upphæð 1.875.000 evrur, sem er 75% kostnaðaráætlunar. Mótframlagið, 25%, greiðir Fræðslusjúður. Þetta er stærsta einstaka verkefnið sem FA hefur tekið að sér utan þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Verkefnið var til 3ja ára frá 1. september 2012. Í verkefninu átti að leggja grunn að 47 nýjum raunfærnimatsverkefnum auk þess að byggja átti upp vefgátt um störf og nám með 500 lýsingum starfa. Í lok verkefnisins átti að kynna afurðir þess. Í september árið 2013 óskaði ESB eftir því að hægt yrði á vinnu við verkefnið og sendi síðan uppsagnarbréf með tveggja mánaða fyrirvara þann 11. febrúar 2014. Leitað

hefur verið lögfræðiálita vegna þessarar riftunar og eru menn sammála um að hún sé ólögæt. Allt stefnir í málaferli FA gegn ESB.

Stjórn

Stjórnarmenn í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2013–2014 eru fyrir hönd ASÍ: Halldór Grönvold, Finnbjörn A. Hermannsson og Atli Lýðsson; fyrir hönd SA: Guðrún Eyjólfsdóttir, María Guðmundsdóttir og Torfi Pálsson, sem lét af störfum á aðalfundi í júní s.l. og við tók Falur Harðarson; fyrir hönd fjármálaráðuneytisins: Guðmundur H. Guðmundsson, en Sólveig B. Gunnarsdóttir tók við sem aðalmaður í stjórn af honum á aðalfundi í júní sl.; fyrir hönd BSRB: Árni Stefán Jónsson, sem lét af störfum á aðalfundi í júní sl. og við tók Karl Rúnar Þórsson. Varamenn í stjórn eru Eyrún Ingadóttir fyrir hönd ASÍ, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fyrir hönd SA, Sólveig B. Gunnarsdóttir fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Guðmundur H. Guðmundsson tók við sem varamaður fyrir hönd fjármálaráðuneytisins, Arna Jakobína Björnsdóttir fyrir hönd BSRB. Stjórnin hélt 10 fundi á árinu auk aðalfundar 5. júní.

Starfsmenn

Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins 2013–14 voru: Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Ásmundur Hilmarrson, sem hætti um áramót, Friðrik Hjörleifsson, Björn Gardarsson, Fjóla María Lárusdóttir, Guðmunda Kristinsdóttir, Guðfinna Harðardóttir, Halla Valgeirsdóttir, Haukur Harðarson, Hjördís Kristinsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Sigrún Kristín Magnúsdóttir og Steinunn Þórdís Júlíusdóttir. Arnar Þorsteinsson var ráðinn til eins árs frá 15. ágúst 2013 en hætti störfum í júní 2014. Stöðugildi voru 14,5. Haldnir voru 4 starfsmannafundir og 23 starfsmannafundir í IPA-verkefninu með 5–7 starfsmönnum.

Þjónustusamningur og starfsáætlun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins árið 2014

Í gildi er þjónustusamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið frá ársbyrjun 2011 út árið 2015. Samningurinn byggir á lögum um framhaldsfræðslu sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) sinnir markhópnum ekki með beinum hætti heldur í gegnum samstarfsaðila sína sem eru fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar innan Kvasis (sem eru samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva), í iðngreinum og á vegum opinbera vinnumarkaðarins. Alls eru þetta 14 fræðsluaðilar sem jafnframt eru samstarfsaðilar Fræðslusjóðs. Gerð er starfsáætlun fyrir hvert ár sem nálgast má á heimasíðu FA, www.frae.is og

byggir hún á þjónustusamningnum við mennta- og menningarmálaráðuneytið og er lögð fyrir það til samþykktar. Í lok árs er gerð ársskýrsla sem skilað er til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. FA vistar einnig tengilið *Norræna netsins um nám fullorðinna*, sem kostað er af Norrænu ráðherranefndinni.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum FA á tímabilinu 1. september 2013 til 31. ágúst 2014.

Námskrár og námslýsingar

Vinnu við Viðmið um gerð námskráa í framhaldsfræðslu á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins lauk í september 2013. Nýr ferill vegna vottunar námskráa hefur ekki verið mótaður og því hafa námskrár fengið tímabundna vottun.

Í upphafi árs fengu tvær nýjar námskrár vottun til ársloka 2014. Það eru námskrárnar *Að lesa og skrifa á íslensku og Verkfærni í framleiðslu I*. Námskráin *Að lesa og skrifa á íslensku* (80 klst.) er ætluð fólki af erlendum uppruna sem er 20 ára og eldra, glímur við ólæsi og hefur hug á að læra eða þjálfast lestur og skrift á íslensku. Námskráin *Verkfærni í framleiðslu I* (80 klst.) er ætluð fólki á vinnumarkaði sem starfar við mál- og tæknigreinar, er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki. Báðar námskrárnar eru skrifaðar í samræmi við hugmyndir um þrepaskipt nám með áherslu á hæfniviðmið.

Í júní og ágúst 2014 fengu sjö námskrár endurmat til tveggja ára:

- *Starfsnám stuðningsfulltrúa, grunnnám* (162 kennslustundir (kest.)) og *Starfsnám stuðningsfulltrúa, framhald* (84 kest.). Námið er ætlað starfsfólki í þjónustu við fatlaða, aldraða og sjúka. Grunnnámið er metið til allt að 13 eininga en framhaldsnámið er metið til allt að 7 eininga.
- *Landnemaskóli II* (120 kest.). Námið er ætlað innflytjendum sem hafa lokið *Landnemaskóla*. Námskráin var metin til allt að 10 eininga.
- *Skrifstofuskólinn* (160 kest.). Námið er ætlað þeim sem hafa stutta formlega skólagöngu og vilja vinna við almenn skrifstofustörf. Námskráin er metin til allt að 18 eininga.
- *Sölu-, markaðs- og rekstrarnám* (273 kest.). Námið er ætlað þeim sem hafa stutta formlega skólagöngu og vilja vinna við sölu- og markaðsstörf eða stofna til eigin reksturs. Námskráin er metin til allt að 30 eininga.
- *Menntastöðir* (660 kest.). Námskráin lýsir námi í almennum bóklegum greinum og er ætlað þeim sem hafa ekki lokið framhaldsskóla. Námið er

metið til allt að 50 eininga.

- *Opin smiðja* (120 kest.). Námskráin er snið fyrir símenntunarmiðstöðvar til að skrifa námslýsingar fyrir smiðju þar sem lögd er áhersla á verklag sem á við um undirbúning og framkvæmd verks sem er starf eða hluti starfs á vinnumarkaði og ætlað þeim sem eru 20 ára eða eldri, eru á vinnumarkaði og hafa ekki lokið framhaldsskóla. Námið er metið til allt að 10 eininga.
- Námskrárnar *Skrifstofuskóli, Sölu-, markaðs- og rekstrarnám, Menntastöð-ir* og *Opin smiðja* eru skrifaðar í samræmi við hugmyndir um þrepaskipt nám með áherslu á hæfniviðmið.

Á tímabilinu var lokið við að skrifa námslýsingar samkvæmt námskránni *Opin smiðja fyrir listasmíðjur*, um er að ræða tvær smíðjur sem heita *Myndlistarsmiðja – sjónræn miðlun, teikning* og *Myndlistarsmiðja – sjónræn miðlun, málun*. Í allt hafa verið skrifaðar 14 námslýsingar samkvæmt *Opinni smiðju*.

Unnið var að tveimur nýjum námskrám sem sendar hafa verið mennta- og menningarmálaráðuneytinu til vottunar. Annars vegar er um að ræða námskána *Lyfjagerðarskólinn* sem var unnin á vegum Framvegis í samstarfi við Actavis. Námskráin er 260 kest. löng og er ætluð þeim sem ekki hafa lokið framhaldsskóla og starfa í lyfjainnaðinum. Hins vegar er það námskráin *Fræðsla í formi og lit* sem var unnin á vegum Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar. Námskráin er 200 kest. löng og er ætluð þeim sem hafa ekki lokið framhaldsskóla og sem hafa áhuga á skapandi starfi, hugmyndavinnu, myndgerð, framsetningu og myndlistarsögu. Báðar þessar námskrár eru skrifaðar í samræmi við hugmyndir um þrepaskipt nám með áherslu á hæfniviðmið.

Áfram var unnið að þróun á framsetningu námskráa út frá þrepaskiptingu náms. Unnið var að útfærslu á námskrá í ferðaþjónustu og fyrir verslunarfulltrúa hjá Austurbrú. Það verkefni var styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Jafnframt hefur vinna við útfærslu á nýjum tillögum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) um skipan náms í framhaldsfræðslu haldið áfram. Unnið hefur verið að útfærslu á námskrá fyrir verslunarfulltrúa í samstarfi við Mími-símenntun með aðkomu fagaðila úr verslun.

Veitt hefur verið aðstoð og ráðgjöf vegna endurskoðunar á námskránum *Trún-aðarmannanám I* og *II* sem er í vinnslu hjá ASÍ. Jafnframt hefur verið veitt ráðgjöf vegna skrifa á námskrám hjá ISAVIA.

Í maí 2014 var haldinn fundur verkefnastjóra símenntunarmiðstöðva á vegum

Kvasis. FA átti fulltrúa á fundinum. Í framhaldi var gerð könnun um áhuga á áframhaldandi fundum fyrir verkefnastjóra og hvaða málefni brenna á fræðsluáðilum.

Í september 2013 kallaði mennta- og menningarmálaráðuneytið til fundar fulltrúa þeirra hagsmunaaðila sem gerðu athugasemdir við 7 þrepa hæfniramma sem ráðuneytið birti á vef sínum. Á þeim fundi var lagt til að stofnaður yrði vinnuhópur um hæfniramma fyrir framhaldsfræðslu. Í hópnum sitja fulltrúar ASÍ, Kvasis/Leiknar, SA, FA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Hlutverk hópsins er að þróa almenn hæfniviðmið í framhaldsfræðslu, flokka þau á þrep og spegla þau inn í hæfniramma um íslenskt menntakerfi. Hópurinn hefur hist reglulega og unnið drög að hæfniramma fyrir framhaldsfræðsluna og kynnt þau fyrir starfsmönnum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Vinnuhópurinn stóð jafnframt fyrir vinnudegi í maí 2014 þar sem gildi hæfnirammans var rætt, fjöldi þrepa o.fl.

Aðstoð vegna rannsóknar Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands hefur verið veitt á tímabilinu og fram undan er að vinna að úrbótum á grundvelli niðurstaðnanna ásamt niðurstöðum úttektar á framhaldsfræðslukerfinu.

Fræðslusjóður

Stjórn Fræðslusjóðs hélt 9 fundi á tímabilinu. FA þjónustar stjórn sjóðsins og hefur umsýslu með honum samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Stjórn Fræðslusjóðs skipa eftirtaldir fulltrúar: Jón Torfi Jónasson, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra án tilnefningar og er hann formaður stjórnar; Kristín Njálisdóttir skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra án tilnefningar og er hún varaformaður stjórnar; tilnefnd af ASÍ eru Atli Lýðsson og Halldór Grönvold, til vara eru Ástríður Valbjörnsdóttir og Guðmundur Gunnarsson; tilnefnd af SA eru Guðrún Eyjólfsdóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, til vara Friðrik Friðriksson og Katrín Dóra Þorsteinsdóttir; tilnefnd af BSRB er Garðar Hilmarsson og til vara Kristín Á. Guðmundsdóttir; tilnefnd sameiginlega af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneyti er Sólveig B. Gunnarsdóttir og til vara Guðmundur H. Guðmundsson; tilnefnd af velferðarráðuneyti er Anna Kristín Gunnarsdóttir og til vara Bjarnheiður Gautadóttir; tilnefnd af Félagi íslenskra framhaldsskóla er Ársæll Guðmundsson og til vara Ingileif Oddsdóttir.

FA boðar fundi í samráði við formann stjórnar, ritar fundargerðir, annast fjár-

mál, m.a. gerð fjárhagsáætlana á grundvelli ákvarðana stjórnar sjóðsins og annast bókhald og eftirfylgni með fjármunum og notkun þeirra.

FA gerir samninga við fræðsluaðila fyrir hönd stjórnar Fræðslusjóðs, safnar upplýsingum um framgang verkefna og safnar tölfraðilegum upplýsingum um árangur í starfinu og miðlar þeim til stjórnarinnar.

FA tekur á móti umsóknum vegna úthlutana úr Fræðslusjóði. Á þessu ári var úthlutað tvisvar sinnum, annars vegar úthlutun vegna viðbótarfjármagns úr Nám er vinnandi vegur og hins vegar hefðbundin árleg úthlutun. Auk þessa er endurúthlutað fjármagni sem skilað er frá fræðsluaðilum á haustmánuðum en skil voru lítil á þessu ári. Staðfest var með bréfi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu í ágúst 2013 að viðbótarframlag, kr. 235 milljónir, rynni í Fræðslusjóð að tillögu stýrihóps átaksins Nám er vinnandi vegur. Ráðstöfun fjár var eftirfarandi:

• Raunfærnimat	95.442.203
• Vottaðar námsleiðir	112.762.500
• Niðurgreiðsla á þáttökugjaldi í Menntastöðum	27.736.000

Fjármagn til raunfærnimats árið 2014 var um kr. 115 milljónir og var úthlutað um 100 milljónum kr. en það var nálægt þeirri upphæð sem sótt var um. Umsóknir um vottaðar námsleiðir námu tæplega 594 milljónum en úthlutað var um 479 milljónum kr. Umsóknir um náms- og starfsráðgjöf námu um 206 milljónum kr. en úthlutað var um 130 milljónum kr.

FA veitir sérfræðiráðgjöf eftir því sem stjórn sjóðsins óskar eftir. Á þessu ári hefur sú ráðgjöf fyrst og fremst falist í því að fara yfir umsóknir um vottaðar námsleiðir, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf.

Úthlutanir úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu fóru fram á vormánuðum. Sérstök úthlutunarnefnd, skipuð af Fræðslusjóði annast úthlutanir. Sótt var um styrki til 38 verkefna að upphæð kr. 92.775.146. Úthlutað var til 19 verkefna alls kr. 39.332.000.

Söfnun, varðveisla og miðlun upplýsinga

Gæði og aðgengi að áreiðanlegum upplýsingum er grundvöllur þess að FA geti skilað stjórnnum Fræðslusjóðs og FA áreiðanlegum skýrslum og miðlað upplýsingum innanlands sem utan. Söfnun og varðveisla upplýsinga er því mikilvægur þáttur í starfsemi FA.

Ákvæði um greiðslur vegna vottaðra námsleiða, raunfærnimats og náms- og

starfsráðgjafar hafa verið í samningum við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar frá árinu 2006. Á grundvelli laga um framhaldsfræðslu færðust greiðslurnar frá FA yfir til Fræðslusjóðs frá og með árinu 2011. Árangur í vottuðum námsleiðum og raunfærnimati er tekinn saman tvisvar á ári (í janúar og ágúst) og skýrsla unnin úr þeim tölum. Í náms- og starfsráðgjöf er upplýsingum safnað saman ársfjórðungslega. Niðurstöður þessarar upplýsingaöflunar fyrir árið 2013 má sjá í samnefnum köflum aftar í skýrslunni.

Öflun upplýsinga um markhóp

Fylgst er með ýmsum upplýsingum um markhóp FA á vef Hagstofu Íslands. Þar má helst nefna þróun á fjölda atvinnuleitenda, þróun á stöðu innflytjenda svo og skiptingu vinnuafis eftir kyni, aldri, búsetu og menntun. Gögn í vinnu- markaðsrannsókn Hagstofunnar, voru greind og túlkuð.

Á vef Vinnuálastofnunar var fylgst með þróun fjölda atvinnuleitenda á Íslandi og skipting eftir atvinnugreinum sérstaklega skoðuð enda má telja líklegt að í hópi ófaglærðra sé fjölmennur markhópur FA.

Gögn frá OECD voru skimuð og könnun á vegum PIAAC (rannsóknarstofnun á vegum OECD) á lykilhæfni fullorðinna sérstaklega skoðuð. Frétt þar um var birt á heimasíðu FA.

Þátttakendakönnun í framhaldsfræðslu gefur upplýsingar um afstöðu markhópsins til þeirra úrræða sem í boði hafa verið undanfarin ár og er mikilvæg upplýsingaveita inn í mótun starfseminnar. Niðurstöður könnunarinnar hafa verið skoðaðar af starfsmönnum FA, stjórn FA og stjórn Fræðslusjóðs. Könnunin var jafnframt send fræðsluaðilum. Fram undan er að nýta niðurstöðurnar til úrbóta á starfseminni.

Eftirfarandi gögn hafa einnig verið til skoðunar vegna markhópsins: annars vegar áfangaskýrsla Vinnuálastofnunar um færniþörf á vinnumarkaði, horfur til næstu 10 ára, en skýrslan var skrifuð í tengslum við IPA-verkefnið; hins vegar *Hvítbók um umbætur í menntun* gefin út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Skilgreining á menntunarbörfum markhóps

Auk nýrra verkefna FA á þessu sviði var lögð áhersla á að byggja á vinnu seinasta starfsárs, þ.e.a.s. að fylgja eftir greiningarverkefnum sem unnin voru á árinu, að þróa og prófa hugmyndir um nýtt skipulag náms í framhaldsfræðslu og að vinna áfram með aðferð FA við hæfnigreiningar.

Til að fylgja eftir verkefnum voru haldnir 6 fundir haustið 2013 með þeim

starfsgreinahópum sem komu að sjö verkefnum með FA veturinn 2012–2013 í tengslum við átak mennta- og menningarmálaráðuneytisins *Styrkir til eflingar starfsmenntunar*. Flest þessara verkefna fólust í greiningu á hæfnikröfum starfa. Eftirfylgnifundirnir voru haldnir í þeim tilgangi að styrkja tengsl og tryggja að verkefnið færu í viðeigandi farveg. Staða verkefnanna var mismunandi, sum voru í ákveðnum farvegi annars staðar og önnur var ákveðið að setja á bið. Ákveðið var að FA héldi áfram með verkefni fyrir verslun og ferðaþjónustu og er sú samvinna enn í gangi.

Starfshópur vegna tilraunaverkefnis í ferðaþjónustu setti fram tillögu í ársbyrjun 2013 um nýtt skipulag náms í framhaldsfræðslu þar sem gert var ráð fyrir sveigjanleika í framkvæmd þannig að námsmenn geti lokið námi með ýmsum hætti. FA tók þátt í tilraunaverkefnum með nokkrum samstarfsaðilum (Austurbrú, Farskólanum og Mími-símenntun) í þeim tilgangi að prófa og þróa hugmyndina. Reynslan gaf góðar hugmyndir um hvað má betur fara og var gott innlegg í framhaldið hvað varðar framsetningu námskráa og niðurstaðna hæfnigreininga.

FA sótti um styrk til mennta- og menningarmálaráðuneytisins vorið 2013 til að vinna gögn um þá aðferð sem FA hefur þróað við hæfnigreiningar starfa til að ákvarða fræðsluþörf markhópsins. Verkefnið fólst í að lýsa aðferðinni í handbók og þróa námskeið fyrir þá samstarfsaðila sem vilja nota aðferðina. Styrkur fékkst og hófst vinna við verkefnið haustið 2013. Verkefninu lauk í apríl 2014. Afurðir verkefnisins eru:

- Kynningarefni, um hæfnigreiningar FA sem er aðgengilegt á www.frae.is
- Lýsing á námskeiði fyrir umsjónarmenn greininga, 12 klst. langt.
- Handbók fyrir umsjónarmenn greininga, ætluð þeim aðilum sem hafa sótt námskeið hjá FA.

Í verkefninu fólst nokkur vinna við að þróa aðferðina, draga saman fræðilegan bakgrunn og safna saman reynslu úr fyrri verkefnum, m.a. með rýnihópum sem stýrt var af Maskínu ehf. Tilgangur verkefnisins var m.a. að gera samstarfsaðilum kleift að nýta aðferðina og nota þau gögn sem FA hefur unnið í þessum tilgangi og sett í hæfnigrunn FA. Með því fást samræmd vinnubrögð og samanburðarhæfar niðurstöður. Samhliða þessu verkefni var því unnið að endurskoðun og þróun hæfnipátta og annarra gagna sem notuð eru. Fleiri hæfnipættir hafa verið þýddir og eru nú 54 þættir á íslensku sem lýst er á 4 þrepum í hæfnigrunni FA. Ellefu þættir hafa verið skilgreindir sem „almenn starfhæfni“ og aðlögun að íslenskum viðmiðaramma um menntun er vel á veg

komin. Hafin er vinna við að skipta upp fyrsta þæpinu á öllum hæfnipáttum eins og gert er ráð fyrir í athugasemdum aðila atvinnulífsins um viðmiðarammann. Að því loknu verður hæfnigrunnur FA með lýsingum á hæfnipáttum á 5 þæpum. Fram undan er að láta prenta útgáfu nr. 2 af hæfnipáttaspjöldum sem verða boðin samstarfsaðilum til afnota en fyrsta útgáfan inniheldur aðeins 26 þætti á þremur þæpum. Þá var einnig unnið að því að lýsa samstarfi FA og samstarfsaðila hvað þetta varðar með því að setja fram uppkast að vinnureglum og samningi milli aðila sem mun verða frágenginn á næstunni.

Ellefu aðilar frá samstarfsaðilum FA tóku þátt í tilraunanámskeiði í febrúar 2013 fyrir umsjónarmenn greininga sem var liður í þróun námskeiðsins. Í framhaldinu óskaði Starfsmennt eftir aðgangi að hæfnigrunninum vegna greiningar á störfum rannsóknartækna. Fengu starfsmenn Starfsmenntar einnig handleiðslu starfsmanna FA við greiningarvinnuna. Einnig fékk Fræðslumiðstöð Vestfjarða aðgang að gögnum til að nota við greiningu á störfum í fiskeldi.

Í árslok 2013 var unnin greining á starfi starfsþjálfara í tengslum við þróun á slíku námskeiði hjá FA. Í sumarbyrjun 2014 óskaði VR eftir samstarfi um greiningu á nokkrum störfum í smásöluverslunum og er undirbúningur að því verkefni hafinn.

Þróun aðferða í framhaldsfræðslu

Starf FA hefur frá upphafi falist í að þróa og halda kennslufræðinámskeið en einnig í fræðslufundum og ráðgjöf. Frá árinu 2003 hefur FA byggt upp og þróað áfram 20 mismunandi námskeið fyrir fræðslustarfsmenn, kennara og leiðbeinendur á sviði fullorðinsfræðslu sem nefnast *Stiklur*. Námskeiðin eru á mismunandi sviðum með þarfir markhóps FA að leiðarljósi og í samræmi við óskir og ábendingar samstarfsaðilanna. Einnig hefur verið byggt upp gagnasafn um framhaldsfræðslu, u.þ.b. 700 bækur og önnur gögn, og mótaðar ýmsar aðferðir og mælistukur fyrir kennsluskipulag og námsefnisgerð. Frá árinu 2004 hafa alls verið haldin um 80 mislöng kennslufræðinámskeið og fræðslufundir fyrir fræðslustarfsmenn og leiðbeinendur, samtals 13.692,5 nemendastundir (nemst.) og 1.340 nemendur (staðan 1. september 2014).

Eftirtalin *Stiklunámskeið* voru haldin á tímabilinu:

- Stiklur 7 um námsmat, hjá Austurbrú á Reyðarfirði, 2. september, 6 þáttakendur, 45 nemst.
- Stiklur, sérsniðnar fyrir Starfsmennt/ríkisskattstjóra, 26. september, 26 þáttakendur, 117 nemst.

- Stiklur, sérsniðnar fyrir Starfsmennt/Tryggingastofnun, 25. október, 14 þátttakendur, 63 nemst.
- Stiklur 1–3, almenn kennslufræði í fullorðinsfræðslu, fyrir Brunamálastofnun. Haldið á Akureyri 14.–15. október, 9 þátttakendur, 148 nemst.
- Tilraunanámskeið/fræðslufundur um markþjálfun í fullorðinsfræðslu (e. coaching) á vegum FA, 24. október, 6 þátttakendur, 24 nemst.
- Stiklur 4b, verknám, hjá Austurbrú, 14. febrúar, 10 þátttakendur, 70 nemst.
- Stiklur 4b, nýtt tilraunanámskeið um starfsþjálfun á vegum FA með styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, 10. og 14. apríl, 11 þátttakendur, 132 nemst.
- Stiklur 18, sérsniðið fyrir Marel, 23. apríl, 15 þátttakendur, 67,5 nemst.
- Stiklur 18, sérsniðið fyrir Actavis, 6. maí, 10 þátttakendur, 60 nemst.

FA tekur nú þátt í eftirfarandi innlendum og evrópskum samstarfsverkefnum á sviði kennslufræða:

- Styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneyti: Greining á hæfnikröfum til starfsþjálfara á vinnustöðum og hönnun tilraunanámskeiðs í framhaldi af því í samstarfi við VR, SGS og IDUNA fræðslusetur. Lauk vorið 2014.
- Evrópskt samstarfsverkefni til þróunar í kennslufræði í grunnleikni, European Basic Skills Network (EBSN). Á árinu var áherslan á þjálfun læsis og upplýsingatækni og á hæfni þeirra sem þjálfra leiðbeinendur í grunnleikni.
- Gruntvig-verkefni sem gengur út á að kanna hvort og hvernig aðferðafræði markþjálfunar (e. coaching) getur nýst til að efla leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu í starfi sínu. Lauk í maí 2014.
- Leonardó-verkefni sem fór af stað 1. október 2013. Þar er unnið að því greina námsþarfir, hanna og tilraunakenna sérstakt námskeið fyrir starfsþjálfara í verslunum. Verkefni FA felst í að hanna námskeiðið, og nýta og aðlaga kennslufræði úr *Stiklunámskeiðum* þannig að henti við menntun starfsþjálfara í verslunum.

Raunfærnimat

Eftir því sem möguleikum til raunfærnimats fjölgar og fleiri ljúka raunfærnimati verður grunnurinn undir það styrkari. Í dag er búið að opna fyrir raunfærnimat í 46 greinum, í 43 tilvikum er metið á móti gildandi námskrám í framhaldsskóla en í 3 tilvikum á móti viðmiðum atvinnulífs án tengingar við námskrá. Hlutverk FA hefur einnig breyst. Á árunum 2004 til 2007 var unnið að þróun aðferðafræði og að prófunum, árin 2007 til 2010 einkenndust annars vegar af

innleiðingu raunfærnimats fyrir iðngreinar og hins vegar af vinnu vegna reglugerðar um framhaldsfræðslu. Frá 2011 var áhersla á raunfærnimat fyrir greinar sem ekki falla undir iðngreinar. Í september 2012 var skrifað undir samning um verkefnið *Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun*. Það verkefni er styrkt af IPA-styrkjaáætlun Evrópusambandsins (sjá kaflann IPA-verkefni síðar í þessari skýrslu). Áherslan í verkefninu er á þróun raunfærnimats í störfum og námskrám þar sem raunfærnimat hefur ekki farið fram áður. Í dag er staða verkefnisins óljós en óháð þeirri stöðu hefur mikill árangur náðst með þeirri vinnu sem þegar er lokið. Sérstaklega er gerð grein fyrir þessu verkefninu síðar í skýrslunni.

Frá árinu 2007 og fram á mitt ár 2014 hafa 2.365 einstaklingar lokið raunfærnimati. Alls hafa um 1.636 skólaár verið metin og er þá miðað við að meðaltalsfjöldi eininga sé 35 á hverju skólaári. Meðalaldur þátttakenda er 40,2 ár og í nær öllum tilvikum er um að ræða einstaklinga sem hafa byrjað í framhaldsskóla en ekki lokið námi.

Á árinu 2013 luku 369 raunfærnimati og meðalfjöldi staðinna eininga fyrir hvern þátttakenda var 26. Til viðbótar luku síðan 36 einstaklingar raunfærnimati í tengslum við IPA-verkefnið sem getið er um hér að framan. Einstaklingarnir voru því alls 405, hlutfall karla um 79% og kvenna um 21%.

Í apríl 2014 voru birtar niðurstöður úttektar mennta- og menningarmálaráðuneytisins á framhaldsfræðslukerfinu sem Capacent framkvæmdi. Hluti þeirrar úttektar var að leita svara hjá einstaklingum, sem lokið hafa raunfærnimati, um áhrif og árangur framhaldsfræðslukerfisins. Leitað var til 751 einstaklings og af þeim svöruðu 446, eða 59,4%. Meðal annars kom fram að 61,8% höfðu lokið eða voru í námi eftir að raunfærnimati lauk og 13,8% höfðu í hyggju að fara í nám. Þegar spurt var um hvernig námið gengi eða hefði gengið svöruðu 90% því að námið gengi mjög vel eða vel. Yfirgnæfandi meirihluti taldi niðurstöður raunfærnimatsins sanngjarnar og hjá hluta af þátttakendum hafði ábyrgð í starfi aukist.

Meginmarkmið Fræðslumiðstöðvarinnar vegna raunfærnimats eru eftirfarandi:

- Veita upplýsingar og ráðgjöf til samstarfsaðila, leggja mat á árangur og taka saman tölulegar upplýsingar. Áhersla er lögð á gæðamál, að tryggja aðkomu hagsmunaaðila og á réttindi þess sem fer í raunfærnimat. Þetta er m.a. gert með eftirfarandi hætti.

- Þjálfun fagaðila sem koma að framkvæmd raunfærnimats.
- Ráðgjöf og aðstoð til samstarfsaðila vegna undirbúnings, framkvæmdar og eftirfylgni raunfærnimatsverkefna. Að hluta til felst það í setu í stýrihópum nýrra verkefna.
- Ráðgjöf og aðstoð til Fræðslusjóðs vegna umsókna og skila á niðurstöðum raunfærnimatsverkefna.
- Kynningu á raunfærnimati til hagsmunaaðila.
- Safna, greina og miðla upplýsingum um árangur og kostnað.
- Taka þátt í innlendu og erlendu samstarfi um raunfærnimat, fylgjast með þróun þess erlendis og miðla inn í starfsemi FA og samstarfsaðila. Þetta starf felur í sér eftirfarandi þætti:
 - Samstarf um að greina möguleika og kostnað við raunfærnimat í tilraunaverkefninu í Norðvesturkjördæmi.
 - Aðstoð við greiningu á möguleikum á raunfærnimati í tengslum við tilraunaverkefnið í Breiðholti, Menntun núna.
 - Þátttöku í Norræna tengslanetinu (NVL) um raunfærnimat og áherslu netsins á árunum 2013–2014 á að búa til „vegvísi“ til næstu fjögurra ára.
 - Markmið Norræna tengslanetsins er að búa til vegvísi sem stefnumótandi aðilar um raunfærnimat geta stuðst við varðandi framtíðarþróun, ekki aðeins með matinu sjálfu heldur einnig tengingu þess við aðra þætti svo sem vinnumarkað og skólakerfi.
 - Vegvísirinn mun einnig nýtast Norræna tengslanetinu vegna aðkomu þess að endurskoðun á leiðbeinandi Evrópureglum um raunfærnimat.
 - Umsjón með innanlandshópi NVL um raunfærnimat. Hópurinn hittist tvisvar á ári og er álitsgjafi varðandi verkefni tengslanets NVL um raunfærnimat. Á vegum hans er unnið að þýðingu á Kvalitetsmodel til Validering i Norden, sem er afurð Nordplus-verkefnis sem lauk árið 2013.
 - Árið 2014 var samþykkt umsókn, sem FA er aðili að, um Nordplus-verkefni þar sem greina á þörf fyrir þekkingu og færni þeirra sem koma að framkvæmd raunfærnimats.
 - Þátttaka í „Biennial about Validation“, umfangsmikilli ráðstefnu um stöðu og framkvæmd raunfærnimats í Evrópu í nútíð og framtíð. Þar stýrði FA vinnustofu um gæði í raunfærnimati.

Náms- og starfsráðgjöf

Frá 2004 hefur FA þróað aðferðir í náms- og starfsráðgjöf og leitað eftir upplýsingum um þarfir markhópa í gegnum náms- og starfsráðgjöfina. Frá 2006 hefur náms- og starfsráðgjöf verið fjármögnuð af opinberu fé hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum og er nú framkvæmd hjá 13 aðilum. Samtals sinna nú verkefninu 23– 25 ráðgjafar um land allt í mismiklu starfshlutfalli. Þeir sinna m.a. kynningarfundum á þjónustunni á vinnustöðum og öðrum vettvangi þar sem markhóp FA er að finna, veita einstaklingsviðtöl, hópráðgjöf, taka þátt í virkniaðgerðum fyrir atvinnuleitendur, hafa umsjón með verkefnum í raunfærnimati og þróun aðferðafræði í samstarfi við FA.

FA heldur utan um samstarfsnet náms- og starfsráðgjafa með það að markmiði að auka sérfræðisþekkingu í náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar. Haldnir eru 2–3 samráðsfundir á hverju ári þar sem unnið er sameiginlega að verkefnum sem bæta gæði og árangur þjónustunnar í þágu markhópsins.

Haldnir voru tveir fræðslufundir:

- Á Selfossi, 18.–19. september (17 þátttakendur).
- Í Reykjavík, 10. febrúar (19 þátttakendur).

Á fræðslufundunum var m.a. fjallað áfram um þróun EQM-gæðakerfis í ráðgjöfinni en um er að ræða evrópska gæðamerkið European Quality Mark. Einnig var upplýsingum frá náms- og starfsráðgjöfum símenntunarmiðstöðva um þarfir markhópsins safnað saman og helstu niðurstöður ræddar. Á fundinum í september var m.a. sagt frá helstu verkefnum hjá Fræðsluneti Suðurlands og kynning var á Dale Carnegie, hugmyndafræði fyrirtækisins og námskeiðum.

Á árinu 2014 hefur verið farið yfir niðurstöður úr tölfræði vegna ráðgjafarinnar og á fundinum í febrúar var farið yfir skilgreiningar viðtala og skráningu þeirra í Námmetið/MySchool (sjá kaflann Nemendabókhald hér á eftir). Auk þess voru kynntar tölur um brotthvarf nemenda úr framhaldsfræðslunni og fjallað um könnun sem lögð var fyrir í júní. Sérfræðingar frá Menntavísindastofnun Háskóla Íslands komu á febrúarfundinn og ræddu við hluta ráðgjafahópsins vegna könnunar á hvatningu til náms sem stofnunin gerir fyrir Fræðslusjóð. Fylgst hefur verið með þróun og könnun Capacent vegna úttekta á framhaldsfræðslunni, þ.m.t. náms- og starfsráðgjöfinni, og verður horft til hennar við áframhaldandi þróun á könnunum sem fræðsluaðilar leggja fyrir árlega til að heyra raddir notenda varðandi ráðgjöfina.

Tveir nemar úr náms- og starfsráðgjöf félags- og mannvísindadeildar Háskóla Íslands (HÍ) komu í heimsókn til FA í febrúar sl. og von er á tveimur í starfsþjálfun nú í september 2014. Þá má nefna að FA er samstarfsaðili HÍ í Nordplus-verkefni (VALA) sem fór af stað haustið 2012 og fjallar um menntun og þjálfun ráðgjafa sem sinna fullorðnum. Nemar frá Færeyjum, sem eru í námi í náms- og starfsráðgjöf við HÍ, komu til FA í mars sl. á vegum VALA-verkefnisins og fengu upplýsingar um starfsemi FA og uppbyggingu ráðgjafar.

FA hefur átt í miklu samstarfi við erlenda faghópa vegna þróunar ráðgjafar (NVL-net um náms- og starfsráðgjöf) og sótti starfsmaður FA fund í október 2013 í Noregi, fund og ráðstefnu í Nuuk í mars 2014 og fund og ráðstefnu á Íslandi í júní sl. Í NVL – ráðgjafanetinu var unnið að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnu um ráðgjöf fyrir fullorðna í Nuuk og skipulagi og undirbúningi fundar í Reykjavík í júní. Auk þess hefur NVL-ráðgjafanetið undirbúið umræðu um ráðgjöf í raunfærnimati en stofnaður hefur verið vinnuhópur á vegum NVL-neta um þetta málefni. Um er að ræða verkefni til eins árs þar sem hugmyndin er að kortleggja stöðuna á Nordurlöndum og koma með tillögur að þróun. Fyrsti fundur vinnuhópsins var haldinn í maí sl. í Kaupmannahöfn og sóttu hann tveir fulltrúar frá FA.

Ráðgjafanet FA hefur einnig haft það hlutverk að styðja við þróun gagnagrunns með upplýsingum um nám og störf í tengslum við IPA-verkefni FA. Á fundi í september voru kynntar helstu niðurstöður úr rýnihópavinnu sem framkvæmd var meðal notenda og vinna við söfnun starfslýsinga var kynnt. Á fundi í febrúar var rýnihópavinna með ráðgjöfunum þar sem kynnt var áframhaldandi vinna við gerð náms- og starfslýsinga fyrir vefgáttina. Rætt var um innihald og framsetningu á námslýsingum annars vegar og starfslýsingum hins vegar.

Gæði fræðslustarfs og ráðgjafar hjá vottuðum fræðsluadílum

FA hefur frá upphafi unnið að því að efla gæði hjá fræðsluadílum með þróun gæðaviðmiða sem unnin voru í samstarfi og samráði við samstarfsaðila. Fyrstu gæðaviðmið FA voru gefin út árið 2006 og árið 2011 gerði FA samning við vottunarstofuna British Standards Institution á Íslandi (BSI) um gæðavottunarúttekt og bauð fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum, sem eru í samstarfi við FA, að sækja um fyrstu úttektirnar. Viðbrögð voru jákvæð og í júní 2012 hlutu fyrstu miðstöðvarnar EQM-vottun. Í janúar 2013 var staðan þannig að þrettán fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar höfðu staðist gæðauttekt og hlotið vottun skv. EQM-gæðamerkinu. Í september 2013 var PROMENNT fyrsti fræðslu-

aðilinn utan samstarfsnets FA til að hljóta EQM-gæðavottun. Sumarið 2014 bættust svo Hringssjá náms- og starfsendurhæfing og Fræðsludeild Landsbanka Íslands í hóp EQM-vottaðra fræðsluaðila hér á landi sem alls eru orðnir sextán talsins.

Í byrjun árs 2014 hóf vottunarstofan BSI framkvæmd framhaldsúttekta sem lauk í apríl og í maí/júní gerði FA könnun meðal vottaðra fræðsluaðila á framkvæmd framhaldsúttektar. Könnunin var send til 13 aðila og fengust tíu svör. Svo virðist sem framhaldsúttektin hafi samræmst væntingum fræðsluaðila að mestu eða öllu leyti og flestir þeirra vilja hafa hana einu sinni á ári eins og gert er ráð fyrir í núverandi kerfi. Einnig komu fram ábendingar sem munu nýttast við endurskoðun EQM-viðmiðanna og kerfisins í heild.

Þá hafa rammaviðmið ESB um gæðamál í fullorðinsfræðslu, sem gefin voru út af framkvæmdastjórn ESB í október 2013, verið rýnd og borin saman við EQM-viðmið fyrir fræðslu, drög að EQM-viðmiðum fyrir náms- og starfsráðgjöf og norrænt módel um gæði í raunfærnimati. Niðurstaðan er að vinna að einu samræmdu gæðakerfi fyrir þessa þrjá þætti framhaldsfræðslunnar, þ.e. fræðslu, ráðgjöf og raunfærnimat.

FA hefur staðið fyrir þróun gæðaviðmiða í náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna í samvinnu við ráðgjafa sem starfa hjá samstarfsaðilum FA. Markmiðið er að þróa viðmið sem henta til úttektar líkt og EQM-viðmið fyrir fræðslu. Tilraunaútgáfa með endurskoðuðum gæðaviðmiðum fyrir náms- og starfsráðgjöf var send til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva þann 11. febrúar 2014. Tilraunaútgáfan tók m.a. mið af rammaviðmiðum ESB og ýmsum athugasemdum sem gerðar hafa verið við EQM-gæðaviðmið fyrir fræðslu. Tilraunaútgáfan var send samstarfsaðilum í þeim tilgangi að þeir gætu metið starfsemi sína út frá sameiginlegum viðmiðum og gert úrbætur, ef þörf krefðist, og þannig undirbúið þennan hluta starfseminnar fyrir gæðaúttekt.

Í mars 2014 hafði Fræðslumiðstöðin forgöngu um að senda inn umsókn um styrk úr Nordplus-sjóðnum til áframhaldandi þróunar á EQM-gæðaviðmiðum fyrir fræðslu og EQM-kerfinu sem þróað var í RECALL-verkefninu. Styrklöf-orð fékkst til tveggja ára verkefnis sem fer af stað í september 2014 og verður það unnið í samstarfi við Eista, Litháa og Norðmenn.

Nemendabókhald

Námsnetið/MySchool er í eigu Stúdíu ehf. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins leigir afnot af því og greiðir fyrir aðlögun kerfisins. Námsnetið/MySchool

hefur viðmót fyrir kennara, nemendur og starfsmenn sem annast skipulag náms og umsýslu gagna vegna námsins. Þrjú umsýslusvið eru í Námsnetinu/MySchool: Bekkir, Stök námskeið og Samskipti kennara og námsmanna.

Alls 13 símenntunarmiðstöðvar og Félagsmálaskóli alþýðu sjá um nám samkvæmt námskrám sem FA skrifar og gefur út. Vegna þessa náms færa símenntunarmiðstöðvarnar og Félagsmálaskóli alþýðu nemendabókhald í Námsnetið/MySchool. Framvegis, miðstöð símenntunar hefur gert samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins þess efnis að FA sjái um færslu upplýsinga í nemendabókhaldið. Námsnetið nota 10 símenntunarmiðstöðvar, Starfsmennt, IÐAN fræðslusetur og Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins í tengslum við skráningu og umsýslu gagna um náms- og starfsráðgjöf.

Eftir að ráðist var í nokkuð mikla uppfærslu á kerfinu á fyrri helmingi ársins 2013 var ákveðið að fylgja henni eftir með kynningu á kerfinu. Haustið 2013 var starfsfólki samstarfsaðila FA, sem vinna með kerfið, boðið á eins dags vinnustofu þar sem farið var yfir virkni kerfisins og skerpt á réttum vinnubrögðum.

Í framhaldi af úttekt Capacent kom í ljós að gagnrýni á kerfið er talsverð og frekari leiðbeininga þörf vegna notkunar á kerfinu enda er starfsemi samstarfsaðila FA nokkuð fjölbreytt og notkun þeirra á kerfinu að sama skapi misjöfn. Ákveðið var að fulltrúi FA og fulltrúi frá Stúdíu færu og heimsæktu samstarfsaðilana hvern fyrir sig til að fara yfir reynslu þeirra af kerfinu, fara yfir vinnulag og skoða hvað mætti betur fara hvað möguleika Námsnetsins varðar. Sumarið 2014 voru fjórir samstarfsaðilar FA heimsóttir og áætlað er að fara til þeirra sem eftir eru í september.

Miðlun upplýsinga um það starf sem fer fram á vettvangi framhaldsfræðslu
Gátt er ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og ber undirtitillinn Ársrit um framhaldsfræðslu. Gátt kemur út í tengslum við ársfund Fræðslu- og miðstöðvarinnar. Fimmtudaginn 5. desember 2013 kom Gátt út í tíunda skipti. Ritið er sérlega veglegt og úrval greina fjölbreytt. Í því er alhliða umfjöllun um framhaldsfræðslu á Íslandi og í Evrópu og helst þema ársins, þróun framhaldsfræðslunnar, í hendur við þróun viðmiðaramma og menntunar í atvinnulífinu. Ritið er 130 síður með 36 fræðilegum greinum, reynslusögum og lýsingum á ýmsum möguleikum sem standa þeim til boða sem óska eftir fræðslu.

Ritið er sent víða, m.a. til símenntunarmiðstöðva, framhaldsskóla og bókasafna. Gátt er notað til kennslu í þremur háskólum, þ.e. Háskóla Íslands, Háskólanum

á Akureyri og Listaháskóla Íslands og er þar að auki aðgengilegt á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, www.frae.is. Vinna við útgáfu *Gáttar* 2014 hófst í júní og er greinasöfnun nánast lokið. Gert er ráð fyrir að ársritið komi út í byrjun desember.

Ársfundur FA 2013 var haldinn fimmtudaginn 5. desember á Grand Hótel í Reykjavík. Fundurinn bar yfirskriftina *Áfram veginn*. Þar voru flutt fjögur ávörp og tvö erindi, annað af erlendum gesti, dr. Christine Whiak, prófessor við Thompson Rivers-háskólann í Kanada. Að venju voru viðurkenningar veittar fyrirmyndum í námi fullorðinna árið 2013. Glærur fyrirlesara og ávörp fyrirmyndanna eru aðgengilegar á vefsíðu FA, www.frae.is.

Upplýsingum er miðlað með ýmsum hætti, m.a. með kynningarbæklingum, útgáfu námskráa og dreifingu þeirra, þátttöku í ráðstefnum og til gesta, bæði innlendra og erlendra. Á árinu 2013 var gefinn út einn nýr bæklingur til kynningar á náms- og starfsráðgjöf sem fer fram hjá símenntunarmiðstöðvum um allt land. Þá var bæklingur um *Menntastöðir* uppfærður og hann endurútgefinn.

Unnið hefur verið að nýrri heimasíðu FA, grunnhönnun hefur farið fram og stór hluti gagna hefur verið fluttur í nýtt vefumsjónarkerfi. Stefnt er að því að taka nýja heimasíðu í gagnið fyrir áramót.

Á tímabilinu september 2013 til ágúst 2014 stóð FA í samstarfi við NVL að fundum og norrænni formennskuráðstefnu, sjá nánar í kaflanum um Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL).

Starfsemi FA var á tímabilinu kynnt fyrir hátt á annað hundrað manns, þ. á m. erlendum hópum frá Færeyjum, Noregi, Finnlandi og Ungverjalandi og á ráðstefnum á Íslandi og Grænlandi. Umfjöllunarefni kynninganna var starfsemi FA, ráðgjöf í raunfærnimati, náms- og starfsráðgjöf framhaldsfræðslunnar og almenn starfshæfni.

Í úttektarskýrslu um FA komu fram athugasemdir um kynningu á því starfi sem fram fer á vettvangi framhaldsfræðslu bæði fyrir almenning og gagnvart öðrum skólastigum. FA hóf vinnu að þessum málum með árið 2012 með því að fá Heiði Björnsdóttur markaðsfræðing til liðs við starfsfólkið til þess að móta nýja kynningarstefnu fyrir FA. Í kjölfarið var leitað til nokkurra auglýsingastofa um að koma með hugmyndir til að móta þessa kynningarstefnu. Auglýsingastofan ENNEMM varð fyrir valinu til að þróa hugmyndirnar áfram

og leggja drög að áætlun til þriggja ára um kynningu á framhaldsfræðslunni. Nokkurt hlé varð á þessu starfi vegna óvissu í fjármálum FA en nú er fram undan að takast á við umbætur á þessu sviði vegna niðurstaðna úttektarinnar.

Fyrstu viðbrögð voru að halda fund með stjórn Kvasis um kynningarmálin. Fram undan er að takast sameiginlega á við kynningar- og markaðsmál.

IPA-verkefni

Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun

FA fékk IPA-verkefnastyrk (Instrument for Pre-Accession Assistance) frá ESB í tengslum við aðildarumsókn Íslands að ESB. Markmið verkefnisins er að auka starfshæfni fólks á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi. Verkefnalýsingin var unnin í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðaráðuneytið og aðila vinnumarkaðarins ásamt fjármálaráðuneyti og Sérfræðisetri í ævilangri náms- og starfsráðgjöf. Verkefnið hófst formlega 1. september 2012 og er til þriggja ára.

Í september 2013 komu þau skilaboð frá ESB að óvissa ríkti um framhald verkefnisins. Samkvæmt ráðleggingum frá ESB var dregið úr áætluðum framkvæmdum strax í kjölfarið. ESB sagði síðan upp samningnum við FA í febrúar með tveggja mánaða fyrirvara. Þá hafði óvissa ríkt í 6 mánuði. Í kjölfar uppsagnar fór töluverður tími í fundi og undirbúning vegna samskipta við ESB um uppsögnina en FA hefur unnið með lögfræðingum að því að stuðla að samningaviðræðum um lok verkefnisins. Í maí ákvað Fræðslusjóður að veita sínum hluta fjármagnsins inn í verkefnið. Með því hefur verið hægt að fylgja eftir verkefnum sem komin voru af stað. Óvissa ríkir um lyktir þessara mála. FA hefur haft aðgang að sérfræðingi í Evrópurétti við ákvarðanatöku og samskipti við ESB. Eins og staðan er í dag má reikna með því að FA stefni ESB vegna ótímabærrar riftunar samningsins.

Kynning á verkefninu og samráð við hagsmunaaðila

Haldið var áfram með kynningar á verkefninu á meðal hagsmunaaðila greina/starfa í raunfærnimati. Fundir voru haldnir með fræðsludeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, mannauðsdeild Actavis, fulltrúum Samtaka atvinnurekenda í ferðaþjónustu (SAF), VR, hagsmunaaðilum vinnuhóps um almenna starfshæfni og ýmsum hagsmunaaðilum vegna vals á greinum/störfum og undirbúnings gagna fyrir raunfærnimat. Kynning fór fram fyrir fulltrúa hjá Hagstofunni í tengslum við val á störfum fyrir vefgátt. Greinar voru skrifaðar um framgang verkefnisins í *Gátt - Ársrit um framhaldsfræðslu* og evrópskt

safnrit tengt raunfærnimati. Hafin var vinna við skipulagningu málþings um verkefnið sem var síðan frestað vegna óvissu um framhald verkefnisins. Þrír fundir voru haldnir með samráðshópi verkefnisins á tímabilinu. Sent var út bréf í upphafi árs til samstarfsaðila um þá óvissu sem ríkti um framtíð verkefnisins. Verkefnið hefur verið kynnt á ýmsum fundum og fyrir erlendum hópum gesta innan fræðslugeirans.

Greining á þörf fyrir framtíðarfærni

Haldnir voru tveir fundir með Vinnumálastofnun um framþróun greiningar og var skýrslu skilað til FA á vordögum.

Raunfærnimat

Unnið hefur verið með framkvæmdaraðilum vegna undirbúnings og samningagerðar fyrir framkvæmd raunfærnimats. Umfangsmikil vinna átti sér stað í tengslum við að draga fram áfanga í greinum, útbúa verklýsingar, forsendur, verðkönnunargögn, samninga, fylgiskjöl og skilablöð. Send voru út bréf til samstarfsaðila reglulega til kanna áhuga á þátttöku í verðkönnunum og auglýsa greinar í verðkönnun. Samtals voru 22 samningar gerðir við framkvæmdaraðila um vinnu við gátlista- og verkfæragerð og framkvæmd raunfærnimats (12 nýjar greinar á tímabilinu).

Yfirlit stöðu raunfærnimatsverkefna

	Greinar í raunfærnimati		Staða
1	Málmsuða	<i>Fræðslunet-símenntun á Suðurlandi</i>	Lokið
2	Slátrun	<i>Fræðslunet-símenntun á Suðurlandi</i>	Lokið
3	Skrúðgarðyrkja	<i>Iðan-fræðslusetur</i>	Lokið
4	Félagsmála- og tómstundabraut	<i>Mímír-símenntun</i>	Lokið
5	Skólaliðar- og stuðningsfulltrúar	<i>Fræðslusetrið Starfsmennt</i>	Lokið
6	Tölvuþjónustubraut	<i>Miðstöð símenntunar á Suðurlandi</i>	Lokið
7	Almennar bóklegar greinar	<i>Mímír-símenntun</i>	Í vinnslu
8	Hestamennska	<i>Fræðslunet-símenntun á Suðurlandi</i>	Í vinnslu
9	Garð- og skógarplöntubraut	<i>Fræðslunet-símenntun á Suðurlandi</i>	Í vinnslu
10	Fiskveiðar	<i>Miðstöð símenntunar á Suðurlandi</i>	Í vinnslu
11	Ylræktarbraut	<i>Fræðslunet-símenntun á Suðurlandi</i>	Í vinnslu
12	Netagerð	<i>Iðan-fræðslusetur</i>	Í vinnslu
13	Fiskeldi	<i>Miðstöð símenntunar á Suðurlandi</i>	Í vinnslu

14	Aðstoðarþjónar	<i>Iðan-fræðslusetur</i>	Í vinnslu
15	Tanntæknar	<i>Fræðslusetrið Starfsmennt</i>	Í vinnslu
16	Almenn starfshæfni	<i>Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar</i>	Í vinnslu
17	Rannsóknartæknar	<i>Fræðslusetrið Starfsmennt</i>	Í vinnslu

Einnig voru gerðir samningar um gátlista- og verkfæragerð fyrir *Búfræðibraut*, *Tölvubraut* og *Upplýsinga- og fjölmiðlabraut*. Ljóst er að verklagið í IPA-verkefninu hefur verið mjög gagnlegt og árangursríkt fyrir framgang raunfærnimatsins.

Þjálfun matsaðila í aðferðafræði raunfærnimats

Samtals voru haldin 7 námskeið á tímabilinu (16 áætluð í öllu verkefninu) í raunfærnimati fyrir hópa matsaðila, verkefnastjóra, ráðgjafa og hagsmunaaðila. Samtals sóttu 96 einstaklinga námskeiðin.

Þróun vefgáttar um störf og nám

Þróun vefgáttar um nám og störf er umfangsminni en áætlað var vegna þeirrar óvissu sem ríkir um verkefnið. Þó hefur náðst að nýta tímann fram að þessu til að ljúka við 220 starfslýsingar og 100 námslýsingar og stefnt að því að birta þær á vef á haustdögum og bæta þannig aðgengi markhópsins að upplýsingum um nám og störf. Ráðgjöf og raunfærnimat verða líka kynnt í gegnum vefinn. Ljóst er að finna þarf farveg fyrir áframhaldandi þróun og fjármögnun við vinnu vefsins í þágu almennings og atvinnulífs.

Reglulegir fundir voru haldnir með verkefnastjóra í Sérfræðisetri í ævilangri náms- og starfsráðgjöf vegna þróunar náms- og starfslýsinga. Ráðinn var sérfræðingur til FA sem fékk það hlutverk að þróa og halda utan um starfslýsingar í samráði við hagsmunaaðila. Staðan var tímabundin frá ágúst 2013–júní 2014.

Sjö samningar voru undirbúnir og gerðir vegna vefgáttar: Sérfræðiráðgjöf vegna þróunar starfslýsinga; flokkun starfa á sviði lista, menningar- og skapandi greina; greining á tæknilegum lausnum fyrir vef og gagnagrunna; vinna við starfs- og námslýsingar (2); gagnasöfnun vegna starfslýsinga (2).

Haldnir voru fundir með stjórn Félags náms- og starfsráðgjafa og fulltrúum í mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að ræða þróun vefsins. Áætlanir um vefinn voru kynntar á fundi með náms- og starfsráðgjafaneti FA og símenntunarmiðstöðvunum. Fundir voru haldnir með sérfræðingum í tengslum við öflun starfslýsinga sem og starfsgreinaráðum.

Valin voru 220 störf í samráði við sérfræðinga og hagsmunaaðila til að lýsa og vista í gagnagrunni. Yfirlestur á innihaldi starfslýsinga meðal fagfélaga og starfsgreinaráða hófst í byrjun árs. Lokið var við lýsingar á 100 námslýsingum í samstarfi við hagsmunaaðila, tengdum þeim störfum sem lýst var, og þær vistaðar í gagnagrunni. Gerður var samningur við Outcome hugbúnað til að útbúa gagnagrunna til að skrá í starfs- og námslýsingar auk þess að útbúa grunnútgáfu af vefsíðu til að birta lýsingarnar. Unnið var við að færa lýsingar í gagnagrunna út frá skilgreindum starfaflokkum og dregin saman tengd störf. Ekki næst að útbúa gagnvirk tæki fyrir ráðgjöf eins og ætlunin var. Vefurinn mun samt sem áður verða nothæfur í ráðgjöf og fyrir almenning þótt enn vanti töluvert upp á fjölda starfs- og námslýsinga. Verið er að undirbúa kynningu á grunnvefnum fyrir hagsmunaaðilum og söfnun endurgjafar frá sérfræðingum um innihald vefsins.

Matsskýrslur og eftirlit

Ársfjórðungsskýrslu var skilað til ESB í september. Eftirlitsaðili á vegum ESB fundaði með FA og hagsmunaaðilum dagana 16.–18. september. Í skýrslu eftirlitsaðila kom fram að verkefninu miðaði vel áfram. Unnið var að Interim-skýrslu og hún send ESB í janúar. Unnið var að stöðuskýrslu og hún send ESB í júní.

Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL)

NVL (Norrænt tengslanet um nám fullorðinna) er verkefni starfrækt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hlutaðist til um það að FA tæki að sér að vista NVL á Íslandi. Samningur um þetta verkefni er í gildi til loka ársins 2016 og gegnir Sigrún Kristín Magnúsdóttir starfi tengiliðs fyrir Íslands hönd. Nýr samningur um vistun NVL hjá FA árabilið 2013–2016 tók gildi 1. janúar 2013.

NVL-móðurnetið hefur á tímabilinu haldið 5 sameiginlega fundi, dagana 8. og 9. október í Kaupmannahöfn, 5. og 6. desember í Stokkhólmi, 23. og 24. janúar í Ósló, 7. og 8. apríl og 11. júní í Reykjavík. Fulltrúi Íslands sótti alla fundina utan þann sem haldinn var í Stokkhólmi í desember en hann var samtímis ársfundir FA. Fundinn í Ósló í janúar sátu einnig stjórnendur þeirra stofnana sem vista NVL á Norðurlöndum, auk fulltrúa landanna í sérstökum verkefnum sem lúta að fræðslu fullorðinna á vegum Evrópusambandsins. Auk þess hefur fulltrúinn tekið þátt í 5 veffundum NVL á tímabilinu og sent fréttir um fullorðinsfræðslu á Íslandi í 11 fréttabréf sem að jafnaði fara í loftið til rúmlega tvö þúsund áskrifenda einu sinni í mánuði alla mánuði ársins nema júlí.

Pröstur Haraldsson er fulltrúi Íslands í ritstjórn NVL fyrir vef tímaritið DialogWeb. Hann skrifaði greinar í ritið og miðlaði upplýsingum um það sem efst er á baugi og varðar fræðslu fullorðinna á Íslandi.

Færniþróunarverkefni í undirbúningi

Fulltrúi Íslands undirbýr stofnun nýs vinnuhóps um færniþróun í atvinnulífinu í samstarfi við nokkra norræna aðila. Ætlunin er að leiða saman aðila vinnu- markaðarins til þess að huga að samspili atvinnulífs og skóla. Þann 1. október 2013 var haldin námsstefna í Kaupmannahöfn og 2. desember í Stokkhólmi með fulltrúum frá samtökum atvinnurekenda og launþega. Þann 4. desember var undirbúningshópnun boðið í finnska menntamálaráðuneytið í Helsinki þar sem verkefnið var kynnt fyrir Ráðinu um ævimenntun en í því sitja fulltrúar bæði atvinnurekenda- og launþegasamtaka. Alls staðar hlutu hugmyndir NVL jákvæðar undirtektir og áhugi fyrir samstarfi var staðfestur. Þann 13. ágúst sl. var haldinn fyrsti fundur í stýrihópi verkefnisins í Ósló. Þar voru lögð fram drög að verkefnaáætlun fyrir árin 2014–2016 og auk þess gerður listi yfir væntanlega þátttakendur í vinnuhópi.

Fundur um starfsemi NVL

Þann 3. apríl 2014 var haldinn fundur um starfsemi NVL. Þangað var boðið öllum þeim sem sitja fyrir Íslands hönd í stýrihópum, netum, vinnuhópum á vegum NVL sem og í ritstjórn DialogWeb. Fundurinn var haldinn á Grand Hótelu í Reykjavík. Hann sátu 23 einstaklingar sem sögðu frá starfsemi sinna hópa og hvað fram undan væri á árinu.

Norræn formennskuráðstefna; Norrænar brýr í ævimenntun


Árið 2014 gegna Íslendingar formennsku í Norrænu ráðherranefndinni. Af því tilefni óskaði EKU-embættismannanefnd Norrænu ráðherranefndarinnar (NMR) um menntun eftir aðkomu NVL að skipulagi og framkvæmd norrænnar formennskuráðstefnu um fullorðinsfræðslu á Íslandi í júní. NMR veitti styrk til ráðstefnunnar. NVL fékk mennta- og menningarmálaráðuneytið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins til liðs við sig. Haldnir voru tveir fundir dagana 31. október og 27. janúar með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis, FA og NVL til að undirbúa ráðstefnuna. Í aðdraganda ráðstefnunnar stóð Distans fjarkennslunet NVL fyrir fjórum vefstofum með efni sem tengdist ráðstefnunni. Dagana 10. og 11. júní var haldin ráðstefna sem bar yfirskriftina *Norrænar brýr í ævimenntun* í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu í Reykjavík, hana sóttu 220 manns hvaðanæva af Norðurlöndum.

Starfsemi fræðslusjóðs

Vottaðar námsleiðir

Á árinu 2013 greiddi Fræðslusjóður rúmlega 515 milljónir til framkvæmdar á vottuðum námsleiðum hjá samstarfsaðilunum. Samstarfsaðilar Fræðslusjóðs í þessu verkefni á árinu 2013 voru 13 símenntunarmiðstöðvar. Vottað nám er skilgreint sem nám samkvæmt námsleiðum sem hafa verið sérhannaðar fyrir fólk á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið framhaldsskóla og metnar hafa verið til eininga á framhaldsskólastigi.


Þátttakendur á árinu 2013 í vottuðum námsleiðum, sem Fræðslusjóður fjármagnaði, voru 2.615 talsins í 215 námsleiðum. Um 64% þátttakenda voru af landsbyggðinni en 36% sóttu námið á höfuðborgarsvæðinu. Þátttakendum hjá sjö símenntunarmiðstöðvum fjölgaði á milli ára á meðan það varð fækkun hjá sex. Í heild fækkaði þátttakendum á milli árana 2012 og 2013 úr 2.698 í 2.615. Loknum einingum á milli árana 2012 og 2013 fjölgaði úr 32.761 einingu í 35.726 einingar eða um 9%. Hlutfallsleg fjölgun eininga umfram fjölgun nemenda skýrist af því að fleiri nemendur luku lengri námsleiðum en áður.



Mynd 1.

Fleiri konur en karlar eru þátttakendur í vottuðum námsleiðum. Á síðustu árum hefur körlum fjölgað nokkuð; árið 2013 var hlutfall þeirra 35% en hlutfall karla var aðeins tæp 20% árið 2008.

Samanburður áráanna 2012 og 2013 sýnir að í vottuðu námi, greiddu af Fræðslusjóði, fjölgaði nemendastundum um rúmlega 40 þúsund á meðan nemendastundum í vottuðu námi, greiddu af öðrum, fækkaði um rúmlega 3 þúsund. Samanlagt fjölgaði nemendastundum í vottuðu námi fyrir markhóp FA um rúmlega 38 þúsund eins og mynd 2 sýnir.



Mynd 2.

Á árinu 2013 var fjöldi atvinnuleitenda í vottuðum námsleiðum FA með fjármagni frá Fræðslusjóði og FA samtals 352 (voru 733 árið 2012) og var skiptingin eftir kynjum þannig að karlar voru 136 (46%) en konur 191 (54%).

Tafla 1. Fjöldi atvinnuleitenda eftir kynjum í vottuðum námsleiðum eftir fræðslu-aðilum

Fræðsluaðili	Alls luku námi	Atvinnuleitendur	Hlutfall atvinnul.	Atvinnul. kvk.	Atvinnul. kk.
<i>Austurbrú</i>	161	6	4%	6	0
<i>Farskólinn</i>	75	2	3%	2	0
<i>Framvegis</i>	125	43	34%	42	1
<i>Fræðslumiðstöð Vestfjarða</i>	243	35	14%	26	9
<i>Fræðslunet Suðurlands</i>	169	45	27%	27	18
<i>IÐAN fræðslusetur</i>	54	54	100%	4	50
<i>Miðstöð sím. á Suðurn.</i>	407	82	20%	39	43
<i>Mímír-símenntun</i>	756	48	6%	18	30
<i>Símenntunarmiðst. á Vesturl.</i>	103	20	19%	15	5
<i>SÍMEY</i>	391	19	5%	12	7
<i>Starfsmennt</i>	18	0	0%	0	0
<i>Viska</i>	44	0	0%	0	0
<i>Þekkingarnet Þingeyinga</i>	69	0	0%	0	0
Samtals	2.615	352	13%	191	163

Þegar atvinnuleitendur eru skoðaðir m.t.t. námsleiða í töflu 2 má sjá að flestir atvinnuleitendur stunduðu nám í Opinni smiðju (88) og Skrifstofuskólanum (71). Hlutfall atvinnuleitenda í einstakri námsleið er hæst í Landnemaskólanum (66%).

Tafla 2. Fjöldi atvinnuleitenda eftir námsleiðum


Námsleið	Alls luku námi	Fj. atvinnul.	Hlutfall atvinnul.	Atvinnul. kvk.	Atvinnul. kk.
<i>Opin smiðja</i>	188	88	47%	26	62
<i>Skrifstofuskólinn</i>	300	71	24%	67	4
<i>Landnemaskóli</i>	91	60	66%	30	30
<i>Menntastöðir</i>	387	44	11%	28	16
<i>Sterkari starfsmaður</i>	49	28	57%	11	17
<i>Aftur í nám</i>	74	19	26%	7	12
<i>Grunnmenntaskólinn</i>	135	19	14%	8	11
<i>Nám og þjálfun í alm. bókl. greinum</i>	173	10	6%	8	2
<i>Fjölvirkjar</i>	15	8	53%	3	5
<i>Færni í ferðaþjónustu I</i>	34	7	21%	3	4
<i>Aðrar námsleiðir</i>	1.169	0	0%	0	0
Samtals	2.615	354	14%	191	163

Náms- og starfsráðgjöf

Á árinu 2013 úthlutaði Fræðslusjóður rúmlega 139 milljónum króna í náms- og starfsráðgjöf.

Allar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni ásamt Mími-símenntun, Starfsmennt, IÐUNNI fræðslusetri og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins fengu úthlutað fjármagni úr Fræðslusjóði til náms- og starfsráðgjafar.

Árið 2013 héldu sjö af þrettán fræðsluaðilum samtals 210 kynningarfundum í náms- og starfsráðgjöf en þar af fóru 186 kynningar fram á vinnustöðum eða 89% en aðrar kynningar voru 24 eða 11%. Á árinu 2012 sóttu 2257 manns í heild kynningar náms- og starfsráðgjafa og komu 264 í viðtal hjá ráðgjafa í framhaldi af þeim eða 12%.



Mynd 3.

Ráðgjafaviðtöl hjá símenntunarmiðstöðvunum og fræðslumiðstöðvum iðngreina árið 2013 voru 10.864 á móti 10.217 árið 2012 sem er fjölgun um 647 viðtöl eða 6,3%, sbr. töflu 4 hér aftar. Sex miðstöðvar skila lægri viðtalafjölda heldur en árið 2012 en sjö bæta við sig.

Tafla 3. Fjöldi ráðgjafaviðtala árin 2008–2013


Fræðsluaðilar	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Símenntunarmiðstöðvar	2.799	5.469	8.552	8.316	7.403	7.517
Fræðslumiðstöðvar iðngreina	858	1.298	2.247	2.552	2.814	3.347
Samtals	3.657	6.767	10.799	10.868	10.217	10.864

Af þessum 10.864 viðtölum flokkast 49,5% sem hefðbundin viðtöl, 28% voru í hópráðgjöf, 13,5% fólust í rafrænni ráðgjöf og símaráðgjöf, 4,3% voru hvatningarviðtöl og 4,7% flokkast undir færnimöppugerð í raunfærnimati.

Kynjaskipting einstaklinga í ráðgjöfinni hefur breyst töluvert með árununum. Árið 2007 voru karlarnir 39% ráðþega og konur 61%, næstu ár óx hlutfall karla jafnt og þétt og árið 2011 var hlutfall karla komið í 59%; árið 2013 var hlutfall karla 56% og kvenna 44%. Aldurssamsetning í ráðgjöfinni fyrir árið 2013 sýnir að langflestir í ráðþegahópnum eru á aldrinum 26–40 ára (47%), þó er einnig stór hluti á aldrinum 41–55 ára (29%). Litlar breytingar hafa orðið á aldurssamsetningu ráðþega síðustu árin.

Þegar ráðgjafaviðtölin árið 2013 eru skoðuð eftir skólastigi ráðþega sést að um 75% hafa ekki lokið námi á framhaldsskólastigi, þ.e. aðeins lokið grunnskóla eða hafið nám í framhaldsskóla og ekki lokið. Hlutfall þeirra sem hefur lokið iðn- eða starfsmenntun var 14%.

Þjónusta náms- og starfsráðgjafa við atvinnuleitendur jókst mikið árin 2009 og 2010 á meðan ráðgjöf við einstaklinga í starfi dróst saman. Þessi mikla breyting hefur svo gengið nokkuð til baka eftir það. Viðtölum atvinnuleitenda hjá náms- og starfsráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna fækkaði á milli árana 2010 (5.996), 2011 (5.082) og 2012 (3.834) en fjölgaði svo aftur árið 2013 (4.140). Þegar hlutfall viðtala við atvinnuleitendur er skoðað sést að það lækkaði úr 59% árið 2010 í 48% árið 2011 og svo niður í 38% árið 2012. Á milli árana 2012 og 2013 hafa svo nánast engar breytingar orðið á dreifingu viðtala hvað atvinnuþátttöku varðar.



Mynd 4.

Raunfærnimat

Á árinu 2013 var úthlutað rúmum 82 milljónum til framkvæmdar raunfærnimats.

Raunfærnimat í löggiltum iðngreinum

Árið 2013 veitti Fræðslusjóður rúmlega 52 milljónum til framkvæmdar á raunfærnimati í löggiltum iðngreinum. IÐAN fræðslusetur fékk að auki tæplega 46 milljóna viðbótarúthlutun vegna verkefnisins Nám er vinnandi vegur. Raunfærnimatsverkefni í löggiltum iðngreinum á landsbyggðinni eru framkvæmd í samvinnu símenntunarmiðstöðva á viðkomandi svæði og fræðslumiðstöðva iðngreina. Þáttur símenntunarmiðstöðvanna felst í að kynna verkefnið, útvega þátttakendur og sinna tengslavinnu. Á árinu 2013 var veitt rúmlega 3,5 milljónum króna til símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni vegna þessara verkefna. Framkvæmt var á mótum viðmiðum löggiltra iðngreina á árinu fyrir um 75 milljónir, mismunur á úthlutun og þess fjármagns, sem var nýtt, var flutt yfir til ársins 2013 samkvæmt heimild í tengslum við viðbótarúthlutunina.

Á árinu 2013 fóru 316 einstaklingar í raunfærnimat í löggiltum iðngreinum, 285 hjá IÐUNNI fræðslusetri og 31 hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Staðnar einingar á árinu 2013 voru 8.614 á móti 6.539 árið 2012 sem er um 32% aukning á milli ára.

Tafla 4. Fjöldi staðinna eininga í raunfærnimati í löggiltum iðngreinum

Fræðsluaðili	Fjöldi einst.	Fjöldi eininga í mati	Fjöldi staðinna eininga	Fjármagn	Kostn. á ein. án ráðgjafar
<i>Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins</i>	31	343	275	2.310.000	8.400
<i>IÐAN fræðslusetur</i>	285	11.830	8.339	70.047.600	8.400
Samtals	316	12.173	8.614	72.357.600	8.400

Meðaltal staðinna eininga í raunfærnimati, sem fer fram á mótum námskrám árið 2013, er 27,3 fyrir hvern einstakling. Staðnar einingar voru allt frá engri einingu á kjötið til 43,5 eininga í stálsmíði eins og fram kemur í töflu 6.

Tafla 5. Fjöldi staðinna eininga í raunfærnimati eftir greinum

Grein	Fjöldi einst.	Fjöldi mat-samtala	Fjöldi eininga í mati	Fjöldi staðinna eininga	Meðalt. staðinna eininga
<i>Bílgreinar</i>	56	216	2.280	1.527	27,3
<i>Blikksmíði</i>	3	15	169	116	38,7
<i>Franreiðsla</i>	13	26	643	509	39,2
<i>Húsasmíði</i>	47	94	2.321	1.843	39,2
<i>Kjötiðn</i>	1	2	11	0	0,0
<i>Matartækni</i>	30	60	688	437	14,6
<i>Matreiðsla</i>	16	32	1.073	491	30,7
<i>Málaraiðn</i>	11	22	370	240	21,8
<i>Málmsmíði</i>	12	60	641	507	42,3
<i>Múraraíðn</i>	5	10	193	147	29,4
<i>Pípulögn</i>	22	39	662	533	24,2
<i>Rafvirkjun</i>	31	135	343	275	8,9
<i>Rennismíði</i>	1	4	37	31	31,0
<i>Stálsmíði</i>	13	57	683	566	43,5
<i>Vélstjórn</i>	32	165	932	593	18,5
<i>Vélvirkjun</i>	23	98	1.127	799	34,7
Samtals	316	1.035	12.173	8.614	27,3

Standist einstaklingar ekki viðmið í raunfærnimati felst töluverður kostnaður í því; að auki getur slíkt haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd viðkomandi. Því er mikilvægt að hlutfall staðinna eininga sé gott. Mikilvægur liður í því að stuðla að góðu hlutfalli staðinna eininga er að skimun ráðgjafa í upphafi sé góð.

Tafla 6. Fjöldi staðinna eininga eftir árum

Ártal	Einingar til mats	Staðnar einingar	Hlutfall staðinna eininga
2007	4.224	2.469	58%
2008	7.281	4.774	64%
2009	7.994	6.671	83%
2010	11.921	8.085	68%
2011	10.105	7.626	75%
2012	8.872	6.539	74%
2013	12.173	8.614	71%

Annað raunfærnimat í umsjón símenntunarmiðstöðva

Á árinu 2013 fengu fimm símenntunarmiðstöðvar úthlutað til samtals átta raunfærnimatsverkefna utan iðngreina. Heildarúthlutun til þessara verkefna var samtals kr. 21.588.000. Skipting fjármagns á milli símenntunarmiðstöðva árið 2013 var eftirfarandi:

Tafla 7. Skipting fjármagns til símenntunarmiðstöðva árið 2013

Úthlutanir Fræðslusjóðs til raunfærnimatsverkefna 2013	Námskrá/ Starfsgrein	Upphæð
<i>Mímir-símenntun</i>	Skrifstofubraut MK	2.525.000
<i>Mímir-símenntun</i>	Lagerstarfsmenn	825.000
<i>Mímir-símenntun</i>	Verslunarfagnám (úr viðbótarúthlutun)	7.980.000
<i>SÍMEY</i>	Leikskólaliðabré	882.400
<i>Miðst. símenntunar á Suðurn.</i>	Verslunarfagnám	2.655.600
<i>Fræðslunet Suðurlands</i>	Verslunarfagnám (úr viðbótarúthlutun)	3.024.000
<i>Viska, Vestmannaeyjum</i>	Skipstjórnarbraut B (úr viðbótarúthlutun)	3.696.000
Samtals úthlutun		21.588.000

Mímir-símenntun

Starfsári Mímis-símenntunar 2013 lauk með glæsilegri útskrift 126 nemenda í Borgarleikhúsinu að viðstöddu fjölmenni. Mennta- og menningarmálaráð-

herra, Illugi Gunnarsson, sýndi nemendum þann heiður að ávarpa þá og gesti. Nemendur voru úr 10 mismunandi námshópum og voru frá átta þjóðlöndum. Gleðin skein úr andlitum útskriftarnema, starfsfólks Mímis og gesta. Það eru þessir hápunktar í starfi innan framhaldsfræðslunnar sem gera starfið sérlega gefandi og skemmtilegt, þ.e. að sjá árangur og horfa á eftir nemendum til ábyrgðarmeiri starfa eða í áframhaldandi nám innan jafnt sem utan formlega skólakerfisins.

Náms- og starfsráðgjöf er mikilvægur þáttur í þjónustu Mímis og á árinu voru samtals 3.052 viðtöl veitt af ráðgjöfum Mímis. Auk þess stunduðu 3.233 einstaklingar nám hjá Mími árið 2013 sem er tæplega 10% fjölgun frá fyrra ári. Mest hefur fjölgunin verið í almennum greinum.

Reynslan sýnir að nám, sem veitir brautagengi inn í annað nám, eins og *Menntastöðir*, eða gefur aukin réttindi og laun, eins og *Félagsliða- og Leikskólalíðabryr*, er eftirsótt og eftirspurn stöðug. Ríflega tvöfalt fleiri nemendur útskrifuðust úr *Menntastöðum* árið 2013 en árið áður. Flestir þeirra halda áfram námi í fornámsdeildum háskólanna.

Fyrir nokkrum árum hóf mennta- og menningarmálaráðuneytið að greiða niður kostnað vegna íslenskunámskeiða fyrir innflytjendur. Þetta hlutfall hefur farið lækkandi sl. ár og er kostnaður í auknum mæli settur yfir á nemendur sem kemur sér illa fyrir marga. Sérlega vantar stefnumörkun yfirvalda í málefnum innflytjenda.


Á árinu stóð Mímir-símenntun fyrir nokkrum fundum og ráðstefnunum. Vorfundur Mímis fjallaði að þessu sinni um *Nám á vinnustað* og var þar m.a. kynnt samstarf Mímis og fyrirtækja/stofnana um nám fyrir starfsfólk þeirra. Fjölmörg áhugaverð erindi voru flutt og ljóst að nám á vinnustað mun fá vaxandi vægi í nánustu framtíð. Einnig má nefna norræna ráðstefnu um *Menntun, lýðræði og jafnrétti*, sem haldin var 15. og 16. apríl á Nesjavöllum í tilefni af 10 ára afmælisári Mímis-símenntunar. Fulltrúar allra Norðurlandanna tóku þátt og var ráðstefnan vel sótt.

Rekstrarstaða Mímis sl. ár hefur kallað á aðhaldsaðgerðir. Einn liður í því var að leggja niður frístundanámskeið en þau hafa verið mikilvægur þáttur í alþýðufræðslu um margra ára skeið. Það var erfið ákvörðun en nauðsynleg. Tekist hefur að draga verulega saman í rekstrarkostnaði. Tekjurnar eru nánast alfarið háðar verkefnum og geta verkefni sveiflast umtalsvert frá einu ári til annars. Rekstrarframlag ríkisins til Mímis er hlutfallslega langlægst af öllum

símenntunarmiðstöðvum á landinu og er einungis tæp 4% af veltu fyrirtækisins og því eru 96% tekna verkefnatengdar. Það er ljóst að eigendur og stjórnendur Mímis munu leggjast á eitt um að fá leiðréttingu á rekstrarframlagi ríkisins.

Mímir flutti í Ofanleiti 2 vorið 2011 og forsvarsmenn Mímis töldu að þar væri framtíðarhúsnæði fundið. Það urðu því mikil vonbrigði þegar nýir eigendur húsnæðisins sögðu upp samningnum. Mótlæti skapar oft ný tækifæri og Mímir flutti í Höfðabakka 9 sumarið 2014. Það húsnæði er sniðið að þörfum Mímis.

Ljóst er að framhaldsfræðsla á Íslandi verður jafn mikilvæg hér eftir sem hingað til og þar gegna símenntunarmiðstöðvar um land allt mikilvægu hlutverki. Í sfbreytilegu samfélagi þarf stöðugt að endurskoða áherslur og aðferðir í takt við þarfir atvinnulífsins. Æ meiri áhersla er lögð á nám á vinnustað og hefur Mímir lagt sig fram um að mæta þeirri þörf. Einnig eru almennt óskir um að nám sé metið til eininga. Framhaldsfræðslan hefur ekki getað mætt því nema að litlu leyti og hefur Mímir tekið frumkvæði að því að skoða möguleika á framhaldsskóla fullorðinna;mun þeirri vinnu ljúka á árinu 2014.



Mynd 5.

Vottaðar námsleiðir í boði hjá Mími-símenntun

Aftur í nám - 95 kennslustundir

Ótrúlega fá ár eru síðan fólk með lestrar- eða skriftrarerfiðleika var einfaldlega afskrifað í skólakerfinu sem tossar eða annað þaðan af verra. Námskeið fyrir lesblinda, *Aftur í nám*, hefur reynst mörgum sannkölluð hjálparhella og markað upphaf að frekara námi. Námsleiðin inniheldur íslensku- og tölvukennslu, sjálfstyrkingu og 40 einkatíma í aðferðum Ron Davis, auk einkatíma með námsráðgjafa.

Umsögn nemanda: „Mér finnst Davis-ráðgjöfin nú þegar byrjuð að nýtast mér við að skrifa. Stórkostlegt í alla staði, bæði kennarar og prógrammið.“

Almennar bóklegar greinar – 300 kennslustundir

Almennar bóklegar greinar (*Nám og hjálfun*) er kjörin leið fyrir þau sem hætt hafa námi í framhaldsskóla og vilja taka upp þráðinn. Auk námstækni eru kenndar ykilgreinarnar íslenska, enska, danska og stærðfræði. Tölvunotkun er þjálfuð við upplýsingaleit og verkefnavinnu.

Grunnmenntaskóli - 300 kennslustundir

Grunnmenntaskóli, önnur vinsælasta námsleiðin hjá Mími-símenntun, byggir upp almenna þekkingu og sjálfstraust sem er öllum nauðsynlegt veganesti, hvort heldur horft er til áframhaldandi náms eða hins daglega lífs. Þátttakendur læra m.a. námstækni, íslensku, framsögn, stærðfræði, ensku, að nýta sér tölvur og að gera færnimöppu.

Umsögn nemanda: „Ég hafði ekkert sjálfstraust í námi og sá aldrei fyrir mér að ég færi í háskóla en hjá Mími gat ég byrjað alveg frá grunni og þar fékk ég aðstoð og hvatningu við að taka eitt skref í einu. Þar var mér kennt að læra og ég kom vel undirbúin í Keili og er núna byrjuð í námi í félagsráðgjöf hjá HÍ.“

Meðferð matvæla – 60 kennslustundir

Markmið með námsleiðinni er að auka þekkingu á mikilvægi þekkingar og ábyrgð starfsmanna á lýðheilsu, sóttvörnum og gæðastöðlum, mikilvægi skipulags og eftirlits og örverum í matvælaíðnaði. Námsleiðin, sem er stutt og afar hagnýt, hefur hlotið einróma lof þeirra sem tekið hafa þátt. Stór hluti námsins er verklegur. Meðferð matvæla hefur m.a. verið aðlöguð og kennd hópum með takmarkaða kunnáttu í íslensku.

Umsögn nemanda: „Fékk mikið út úr námskeiðinu og kennslan var einstaklega fagleg. Námskeiðið gaf mér góða almenna þekkingu á þessari stóru atvinnugrein.“

Menntastoðir – 660 kennslustundir

Önnur vinsælasta námsleiðin hjá Mími, krefjandi en skilar miklu. Námsleiðin veitir þeim sem ná tilskildum árangri greiðan aðgang að undirbúningsdeildum háskóla og háskólabrú Keilis og þar með eru nemendur komnir í lánshæft nám. Helstu námsgreinar eru, auk námstækni og sjálfsstyrkingar, íslenska, enska, danska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni og bókfærsla. Kostur er á því að ljúka *Menntastoðum* á einni önn eða í dreifnámi á tveimur önnum.

Umsögn nemanda: „Frábært að koma hingað og klára þetta. Kynntist góðu fólki og það var mjög gaman. Búið að vera frábært að byrja aftur í námi. Mjög skipulagt og gott í alla staði.“

Þjónusta við ferðamenn – Færni í ferðaþjónustu – 160 kennslustundir

Ferðaþjónusta er orðin ein undirstöðugreina í íslensku atvinnulífi og almenn þekking og þjónustulund mikilvæg meðal allra þeirra er vinna við greinina. Meðal námsgreina eru samfélags- og staðarþekking, umhverfismál og ferðaþjónusta, skyndihjálp og öryggismál, upplýsingaleit og -gjöf. Ensukennsla er samþætt öðrum námsgreinum. Nemendur gera lokaverkefni sem þeir kynna í lokin. Námsleiðin hefur verið aðlöguð fyrir og kennd Pólverjum og verið er að vinna að uppsetningu námsleiðarinnar fyrir aðra erlenda námshópa.

Umsögn nemanda: „Námskeiðið er enn betra og yfirgrípsmeira en ég bjóst við. Hópurinn var samstilltur, námið skemmtilegt og ég veit að þetta kemur til með að hjálpa mér á vinnumarkaðnum.“

Sölu-, markaðs og rekstrarnám – 410 kennslustundir

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám NTV og Mímis-símenntunar var kennt í fyrsta sinn árið 2013. Námið hentar sérstaklega þeim sem hafa áhuga á að vinna við viðskipta-, sölu- og markaðsmál og þeim sem vilja stofna eigin rekstur. Námið er ætlað fólki sem er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki. Öll fög í náminu eru kennd frá grunni.

Umsögn nemanda: „Bæði góðir kennarar og skemmtilegir. Sumir eru með eigin rekstur sem gerir námið hagnýtara og „up to date.“

Skrifstofuskóli NTV og Mímis-símenntunar – 240 kennslustundir

Skrifstofuskóli NTV og Mímis-símenntunar er mjög vinsælt og hagnýtt nám þar sem þátttakendur fá þjálfun í almennum skrifstofustörfum. Námsaðferðir eru byggðar á hagnýtum viðfangsefnum og nýlega fékkst heimild mennta- og menningarmálaráðuneytisins til kennslu samkvæmt endurskoðaðri námskrá.

Flutningaskóli Samskipa – 300 kennslustundir

Fjöldi fólks hefur lokið þessu námi hjá Samskipum og var eftirspurn mikil. Tilgangur námsins er að efla faglega hæfni starfsmanna flutningafyrirtækja, bæði

með bóklegu og verklegu námi. Meðal námsþátta eru: Samskipti og ábyrgð, íslenska, framsögn og tjáning, fyrirtækjabragur, rekstur, flutningafræði, markaðsmál, sölumál og þjónusta, stærðfræði, gagnaöflun og töflureiknir, vörumeðferð og tjón, tollamál. *Vinnustaðanáms* er stór hluti Flutningaskólans.

Nám fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu

Á árinu voru haldin fjögur 100 kennslustunda fagnámskeið fyrir fólk sem starfar við aðhlyningu og umönnun, tvö *fagnámskeið 1* og tvö *fagnámskeið 2*. Það er ánægjulegt að greina frá því að algengt er að fólk haldi áfram og ljúki námi af *félagsliðabré* sem er tveggja ára nám með starfi.

Félagsliðabré

Fjórir hópar stunduðu nám á *félagsliðabré* bæði á vor- og haustönn. Í samstarfi við Eflingu stéttarfélag var boðið upp á 56 kennslustunda framhaldsnám fyrir félagsliða um fötlun og geðraskanir.

Nám fyrir starfsmenn sem starfa á leikskólum

Fagnámskeið fyrir leikskóla I og II er nám í grunnatriðum leikskólastarfs sem starfsfólk leikskóla á kost á. Að þeim loknum sækja margir um áframhald í *Leikskólaliðabré*.

Leikskólaliðabré

Leikskólaliðabré er tveggja ára nám samhliða starfi og veitir starfsheitið leikskólaliði.


Nám fyrir fólk af erlendum uppruna

Haldnir voru fjórir *Landnemaskólar* á árinu. *Landnemaskólinn* er 120 kennslustunda nám þar sem nemendur læra meðal annars íslensku og fá samfélagsfræðslu.

Í samstarfi við Eflingu stéttarfélag og Vinnumálastofnun var pólskum atvinnuleitendum boðið upp á nám í *Landnemaskólanum* og *Sterkari starfsmanni-upplýsingatækni og samskiptum* sem er alls 270 kennslustunda nám. Þetta tilboð fékk heitið Orkan og voru haldnir þrír bekkir á árinu. Vel tókst til og var ánægja með þetta nám meðal þátttakenda.

Umsögn nemanda: „Ég fékk að læra svo miklu meira heldur en bara tungumálið. Kennararnir voru frábærir og töluðu skýrt og báru vel fram þannig að við sem vorum ennþá að ná tungumálinu skildum allt sem fór fram.“

Skipting nemendastunda eftir flokkum 2013



Mynd 6.

Annað nám hjá Mími-símenntun

Íslenska sem annað mál

Á árinu 2013 voru haldin 82 námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Námskeiðin voru vel sótt og brottfall nemenda úr námskeiðum afar lítið. Flest íslensku-námskeið hjá Mími-símenntun eru 60 kennslustundir en einnig er boðið upp á 30 stunda námskeið í talþjálfun og ritun. Boðið er upp á sex stig í almennri íslensku, bæði morgun- og kvöldnámskeið. Kennsla og námsefni taka mið af námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins og lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir, fjölmenningarlega kennsluhætti og hagnýtt daglegt mál. Fyrir byrjendur er boðið upp á kennslu á móðurmáli nemenda á átta mismunandi tungumálum. Áður en námskeið hefjast býðst nemendum að taka stöðumat svo hægt sé að meta hvað stig hentar þeim best. Einnig er hægt að taka íslenskupróf vegna umsóknar um búsetuleyfi og Mímir-símenntun býður að auki upp á námskeið til að undirbúa innflytjendur fyrir próf í íslensku vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgarétt.

Umsögn nemanda: „Kennararnir hjá Mími eru sérstaklega góðir og náms-efnið það besta sem ég hef fengið í hendur við íslenskunám hér á landi. Þegar ég vildi kynna mér eitthvað betur voru kennararnir ávallt fúsir að benda mér á bækur eða vefsíður þar sem ég gat haldið áfram sjálfur.“

Að lesa og skrifa á íslensku – ný námsleið fyrir innflytjendur

Á árinu kom út ný námskrá á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem starfsmenn Mímis-símenntunar unnu. Námskráin ber heitið *Að lesa og skrifa á íslensku* og er fyrir innflytjendur sem glíma við ólæsi eða þurfa þjálfun í lestri og skrift. Námið er 120 stundir og námsgreinar eru lestur, skrift, tölvuþjálfun og efling sjálfstrausts.

Fjölmennnt

Samstarf Mímis-símenntunar og Fjölmennntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar um námskeiðahald fyrir fatlað fólk, gekk vel á árinu. Markmiðið með þessu samstarfi er að veita fötludu fólki tækifæri til að taka þátt í símenntun hjá Mími og þar með stuðla að því að fatlað fólk njóti símenntunar hjá sömu aðilum og ófatlað fólk eftir því sem kostur er. Á síðasta ári voru haldin 38 fjölbreytt námskeið fyrir þennan nemendahóp.

Tungumála- og frístundanámskeið

Á vorönn voru haldin tungumálanámskeið, námskeið í handverki og hönnun, myndlist, menningu, lífsstílnámskeið auk námskeiða um tölvur og tækni. Vegna samdráttar í þátttöku í frístundanámskeiðum var ekki boðið upp á slík námskeið á haustönn fyrir utan tungumálanámskeið. Áfram er unnið að því að efla fjölbreytt tungumálanám hjá Mími-símenntun.

Starfsleitarnámskeið

Í samstarfi við Starf ehf. hefur Mímir skipulagt og haldið starfsleitarnámskeið fyrir atvinnuleitendur. Námskeiðið miðar að því að tryggja atvinnuleitandanum ákveðna grunnþekkingu á undirstöðuatriðum atvinnuleitar. Segja má að helstu þarfir hópsins séu af tvennum toga: annars vegar þarf hann sjálfsstyrkingu og stuðning, hins vegar þarf hópurinn aðhald, hvatningu og að hann sé virkjaður til atvinnuleitar. Námskeiðið var því hannað með þessar þarfir í huga.

Í upphafi námskeiðsins er farið í sjálfsþekkingu og styrkingu til þess að atvinnuleitandinn geti betur gert sér grein fyrir styrkleikum sínum, hvað hann vill og hvert hann vill stefna. Í kjölfarið er farið yfir gerð ferilskrár og kynningarbréfs sem tækis til að koma upplýsingum um hæfni og þekkingu til skila. Aðrir þættir, sem teknir eru fyrir, eru til dæmis skráning á atvinnumiðlanir, umfjöllun um tengslanet, námsmöguleikar, markmiðssetning, atvinnuviðtöl, hvernig best er að halda utan um atvinnuleit og hvernig útvíkka má starfshugmyndir og leiðir í atvinnuleitinni.

Starfsleitarnámskeiðið hefur veitt náms- og starfsráðgjöfum Mímis tækifæri


til að leiðbeina fólki í atvinnuleit, t.d. varðandi nám, og einnig að veita þeim persónulega aðstoð og stuðning til að takast á við breyttar aðstæður. Námskeiðið hefur gengið mjög vel og framhald er fyrirhugað á samstarfinu.

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf Mímis-símenntunar var í mikilli sókn á árinu og er alltaf að aukast. Fjölmarginir viðmælendur hafa hitt náms- og starfsráðgjafa Mímis-símenntunar, bæði í einstaklings- og hópráðgjöf.

- Helstu viðfangsefni í ráðgjafaviðtölum hafa verið þessi:
- val á námi og námskeiðum
- aðstoð við skipulögð vinnubrögð
- leiðir til að takast á við hindranir í námi og starfsleit
- áhugasviðsgreining og greining á færni
- ferilskrárgerð, gerð starfsumsóknna, kynningar- og fyrirspurnabréfa
- útvíkkun hugmynda í starfsleit og eftirfylgni við að sækja um störf
- hvatning, stuðningur og sjálfsefling
- raunfærnimat

Vel hefur gengið að ná til ráðþega og eftirspurnin eftir viðtölum hefur verið mikil. Það hefur aukist að ráðþegar óski eftir viðtali að eigin frumkvæði; einnig hefur stuðningur við nemendur Mímis aukist töluvert. Það hefur sýnt sig að markhópurinn hefur mikla þörf fyrir einstaklingsmiðaða ráðgjöf og stuðning við leit að starfi og vali á námi. Það hefur nýst ráðþegum vel að fara yfir mögulegar leiðir í námi byggðar á styrkleikum, áhuga og færnikröfum. Þá hafa ráðgjafar Mímis og ráðþegar í sameiningu leitað leiða til að yfirstíga hindranir sem ráðþegar glíma við varðandi nám og starfsleit.



Mynd 7.

Raunfærnimat

Raunfærnimat er öflugt tæki fyrir þá sem hafa reynslu úr atvinnulífinu en stutta formlega skólagöngu. Með því að fara í raunfærnimat er hægt að stytta nám, sýna fram á reynslu og færni í starfi eða atvinnuumsókn og leggja mat á frekari starfsþróun. Matið getur styrkt stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og eflt sjálfstraust.

Á síðasta ári var mikil gróska í raunfærnimati. Einn hópur fór í gegnum raunfærnimat í skrifstofugreinum á móti námskrá *skrifstofubrautar I* í MK. Þá fór af stað raunfærnimat í *verslunarfagnámi*. Tvö ný raunfærnimatsverkefni hófust á árinu en þau er verið að framkvæma í fyrsta sinn. Annars vegar er um að ræða raunfærnimat á móti námskrá á *félagsmála- og tómstundabraut* sem kennd er við Borgarholtsskóla, hins vegar hófst raunfærnimat fyrir starfsfólk í vörúhúsum en í því verkefni er metið á móti færnikröfum atvinnulífs.

Gæðastjórnun

Mímir fór í árlega viðhaldsúttekt BSI (sjá kaflann *Gæði fræðslustarfs og ráðgjafar hjá vottuðum fræðsluaðilum* fyrir í þessu riti) vegna gæðavottunar samkvæmt evrópska gæðamerkinu EQM (European Quality Mark). Á grund-

velli niðurstaðna úttektarskýrslu var gerð umbótaáætlun. Matsmenn BSI lýstu í úttektinni ánægju með árangur Mímis í gæðamálum.

Á árinu hefur gæðateymi Mímis haldið áfram vinnu að endurbótum og uppsetningu ferla og gátlista fyrir hin ýmsu verkefni fyrirtækisins. Einnig hefur teymið unnið að eflingu gæðavitundar hjá starfsfólki Mímis.

Gæðahandbók

Gæðahandbókin lýsir stjórnskipulagi og stefnu Mímis ásamt þeim ferlum sem notaðir eru til að uppfylla gæðamarkmið fyrirtækisins. Gæðateymi Mímis hefur á árinu unnið að því að bæta gæðahandbókina og hefur áhersla verið lögð á að gera hana aðgengilegri fyrir starfsmenn. Til að auðvelda starfsmönnum að nálgast efni gæðahandbókarinnar hefur hún verið sett inn á skjalasafn Mímis á rafrænt form. Nýting gæðahandbókarinnar er mikilvægur liður í því að tryggja enn frekar gæði starfseminnar til hagsbóta fyrir nemendur, samstarfsaðila og starfsmenn.

Þróunarverkefni hjá Mími-símenntun

Þróunarverkefni voru umfangsmikill þáttur í starfsemi Mímis á árinu 2013. Alls var unnið að nítján þróunarverkefnum, fimmtán innlendum og fjórum erlendum verkefnum. Nær öll innlendu verkefni voru styrkt af annars vegar mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem hluti af áttáttu *Nám er vinnandi vegur* og hins vegar úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

Á síðasta ári lauk vinnu við eftirfarandi þróunarverkefni:

Greining á starfsmenntun pólskra atvinnuleitenda. Rafræn könnun var hönnuð og framkvæmd meðal pólskra atvinnuleitenda. Markmiðið var að greina starfsmenntun þeirra og meta áhuga á starfsmenntun á Íslandi með það fyrir augum að þróa nám sem hentar þessum hópi.

Grunnnám fyrir túlka af erlendum uppruna. Nýtt nám var hannað og tilraunakennt með það fyrir augum að leggja grunn að námsbraut fyrir túlka af erlendum uppruna sem ekki hafa lokið prófi í samfélagstúlkun á háskólastigi.

Íspól – Nám og starfsþjálfun fyrir pólska atvinnuleitendur. Fjölbreytt nám sem m.a. hafði það að markmiði að rjúfa einangrun og styrkja nemendur félagslega en einnig starfsþjálfun hjá mörgum ólíkum fyrirtækjum eftir áhugasviði þátttakenda. Þátttakendur voru allir pólskir atvinnuleitendur.

Meðferð matvæla fyrir námsmenn með sérþarfir. Í verkefninu var námskrá FA Meðferð matvæla aðlöguð og nám hannað og námsefnið kennt fólki með þroskahömlun.

Námsmat í Grunnmenntaskóla og Námi og Þjálfun. Í verkefninu var námsmat þróað fyrir Grunnmenntaskólann og Nám og Þjálfun í almennum bóklegum greinum sem auðveldar gagnsæi námsins og mat þess inn í framhaldsskólakerfið.

Samþætting íslenskunáms og þjónustuliðanáms fyrir erlenda starfsmenn heilbrigðisstofnana. Í verkefninu var námsleiðin *Þjónustuliðar – grunnnám* aðlöguð og bætt með tilliti til þarfa starfsmanna sem hafa íslensku sem annað mál. Innleiddir voru fjölbreyttir kennsluhættir sem henta fjölmenningarlegum hópi nemenda. Erlendir þjónustuliðanemar fengu einnig þjálfun í almennri íslensku og starfstengdum orðaforða. Samstarfsfólk var frætt um mikilvægi leiðbeiningar og stuðnings við íslenskunám og aðlögun erlendra starfsmanna á fjölmenningarlegum vinnustað.

Verkfærni í framleiðslu. Verkefnið fól í sér mikið samstarf við Samtök iðnaðarins og Marel. Ný námsleið var þróuð og námskrá skrifuð sem undirbýr nemendur fyrir tæknistörf eða frekara nám á því sviði. Hluti af náminu er þjálfun hjá fyrirtækjum sem vinna með háþróaða tækni. Námskráin hefur verið vottuð af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Áfram er unnið að eftirfarandi þróunarverkefnum hjá Mími-símenntun:

Fjölmennning í námshópum Mímis

Markmiðið er að innleiða fjölmenningarlega stefnu innan Mímis-símenntunar, m.a. með því að þróa kennsluhætti, móttöku nemenda og námsferlið í námsleiðum FA sem eru kenndar hjá Mími með tilliti til fjölmenningarlega námshópa.

Grunnmenntaskóli fyrir innflytjendur

Markmið verkefnisins er að þróa aðferðir og námsefni innan námsskrár *Grunnmenntaskólans* til að koma til móts við hóp fullorðinna innflytjenda með stutta formlega menntun.

Nám á vinnustað. Efling lykulfærni og starfshæfni á vinnustað

Meginmarkmiðið er að þróa nýjar leiðir til að ná til þeirra starfsmanna á vinnustöðum sem hafa hvað minnsta menntun og erfiðast hefur reynst að hvetja til færniefningar og starfsþróunar; einnig að veita þátttakendum hvatn-

ingu og bjóða upp nám sem miðar að því að styrkja lykilfærni í læsi, stærðfræði og ensku.

Tækninám og tölvuviðhald fyrir námsmenn með sérþarfir. Markmið verkefnisins eru m.a. að þróa og kenna sérhæft tölvutækninámskeið fyrir fólk á einhverfurófi, sem býr við skerta námsfærni og atvinnumöguleika vegna fötlunar sinnar, og að bæta atvinnumöguleika fatlaðs fólks.

Verkfærni í framleiðslu II. Markmið verkefnisins eru m.a. að hanna sérhæft nám og þjálfun fyrir starfsfólk í framleiðslufyrirtæki, að greiða leið þátttakenda til náms í formlega skólakerfinu, að dýpka og bæta við þekkingu frá fyrra námi (byggðu á námskránni *Verkfærni í framleiðslu I*) með bóklegu námi og sértækri verklegri þjálfun og að námskránnar VF I og VF II verði vísir að viðurkenndu starfsnámi.

Vöruhús: Hönnun námsleiðar fyrir starfsfólk í vöruhúsum

Markmið verkefnisins eru að hanna námsleið fyrir starfsfólk í vöruhúsum og tilraunakenna námskeið. Náminu er ætlað að koma til móts við einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Búið er að greina færnikröfur til þessara starfa og búa til hæfniviðmið á hæfniprepi 2 sem munu verða til hliðsjónar við gerð námsleiðarinnar.

Þjónusta við ferðamenn fyrir innflytjendur. Markmið verkefnisins eru m.a. að aðlaga námsleiðina *Þjónusta við ferðamenn* fyrir fólk af erlendum uppruna, að auka starfsmöguleika í ferðaþjónustu meðal atvinnuleitenda af erlendum uppruna, að auka aðkomu atvinnulífsins að námsleiðinni og að gefa innflytjendum tækifæri til að kynna íslensku samfélagi og menningu á nýjan hátt.

Þjónusta og upplýsingagjöf

Markmið verkefnisins eru m.a. að hanna námsleið fyrir starfsfólk með stutta formlega menntun sem starfar við móttöku, símsvörun og upplýsingagjöf á samfélagsmiðlum. Markmiðið með námsleiðinni er að mæta þörf ólíkra fyrirtækja fyrir vel menntað starfsfólk og mæta þörf samfélagsins fyrir sérhæft starfsfólk með áherslu á samskipti og sjálfstraust í fjölmenningarlegu samfélagi.

Erlent samstarf Mímis-símenntunar

ABF i Norden

Mímir-símenntun er aðili að ABF i Norden sem eru fræðslusamtök verka-lyðsfélaga á Norðurlöndum. Markmið samtakanna eru m.a. að styrkja og þróa

samfélags- og menningarleg gildi og einnig að efla alþýðufræðslu sem byggir á samstöðu og sameiginlegri ábyrgð til þátttöku í samfélaginu.

Í tilefni af 10 ára afmæli Mímis-símenntunar á síðasta ári var haldin norræn ráðstefna á Íslandi sem nefndist *Menntun, lýðræði og jafnrétti*. Í dagskrá var varpað fram eftirfarandi spurningum.

- Hvað veldur því að framboð til menntunar er mismunandi í höfuðborgum og á landsbyggðinni á Norðurlöndum?
- Mismunar þetta íbúum eftir því hvar þeir búa á landinu?
- Hvaða hlutverki gegnir menntun í þróun byggðar?

Ráðstefnan var haldin á Nesjavöllum dagana 15.–16. apríl 2013 og var vel sótt.

Erlend samstarfsverkefni

EMPROS: Exploring migrants' basic professional skills nonverbally – styrkt af Leonardo-áætluninni. Markmið verkefnisins er að samstarfsaðilar læri af reynslu og þekkingu innan hópsins að meta starfsþekkingu og starfsfærni innflytjenda með því að nota ólík verkfæri og aðferðir. Einnig eru notuð rafræn próf í iðngreinum sem eru sérhæfð til að meta færni fólks af erlendum uppruna án þess að tungumál sé hindrun.

Enrich – styrkt af Grundtvig-áætluninni. Markmið verkefnisins er að kynslóð-ir læri hver af annarri. Mörg lönd taka þátt og verkefnið er af margvíslegum toga. Hjá Mími-símenntun vinna nemendur í *Menntastöðum* verkefni með eldra fólki.

LETSGO through Culture (Language, Education, Teaching Skills, Growing Opportunities through Culture) – styrkt af Grundtvig-áætluninni. Samstarfslöndin eru sjö og markmið verkefnisins er að tengja saman menningar- og tungumálakennslu auk fjölmennningarlega kennsluhætti, í samstarfslöndunum, bæði í kennslu erlendra tungumála og í kennslu fyrir innflytjendur.

Inlærningssvårigheter på arbetsplats (Sértækir námsörðugleikar, áhrif þeirra á vinnustað) – styrkt af Norrænu ráðherranefndinni og heyrir undir *Nordplus Voksen-áætlunina*. Markmið verkefnisins er að kortleggja vinnustaði með tilliti til þess hvort einstaklingar með sértæka námsörðugleika séu á vinnustaðnum og hvort komið sé til móts við fólk með slíka erfiðleika á vinnustaðnum.

Almennt um rekstur Mímis-símenntunar

Rekstrarniðurstaða Mímis fyrir árið 2013 var 6.290.279 kr. tap eða um 1,8% af veltu. Mímir er því rekinn með halla þriðja árið í röð þrátt fyrir verulegt aðhald í rekstri. Tekjur ársins voru rúmum sex milljónum lægri en árið 2012 og þrettán milljónum lægri en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir. Útgjöldin lækkuðu um 25 milljónir frá árinu 2012 og var það í algjöru samræmi við áætlun. Að því leyti er óhætt að lýsa yfir umtalsverðum árangri í rekstri þó að niðurstaðan sýni halla. Það er að hluta til vandasamt að áætla tekjur Mímis fyrir fram þar sem í sumum þáttum þjónustunnar eru miklar sveiflur. Sem dæmi um það má nefna námsleiðir fyrir atvinnuleitendur en tekjur vegna þeirra hafa fallið úr 78 milljónum árið 2011 í tæpar 19 milljónir árið 2013.

Á síðastliðnu ári tilkynnti mennta- og menningarmálaráðuneytið að framlög vegna íslenskukennslu yrðu einungis veitt viðurkenndum fræðsluaðilum í skilningi laga um framhaldsfræðslu. Það er jákvætt og eðlilegt framhald af auknum gæðakröfum ráðuneytisins til aðila í framhaldsfræðslu. Á sama tíma hafa hins vegar greiðslur ráðuneytisins vegna íslenskukennslu farið lakkandi að raungildi. Nauðsynlegt er að endurskoða greiðslukerfi ráðuneytisins vegna íslenskukennslu svo að gæðin haldist og innflytjendur hafi tök á að nýta sér hana.

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður samkvæmt ákvörðun miðstjórnar ASÍ 21. júlí 1983 og var skipulagsskrá sjóðsins staðfest af forseta Íslands og gefin út 11. desember 1984.

Stofnfé sjóðsins var kr. 1.000.000 en tekjur sjóðsins hafa einkum verið vaxta-tekjur auk þess sem eitthvað var um sölu minningarkorta á fyrstu árunum. Úthlutað var úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar vegna fræðimanna-styrkja fyrir árið 2014. Styrkirnir eru ætlaðir til verkefna er varða íslenskt samfélag og málefni launafólks og til að efla rannsóknir og útgáfu á verkum sem varða sérstaklega íslenskt samfélag, vinnumarkaðinn, hagsmuni launafólks og starfsemi verkalyðshreyfingarinnar.

Styrk að þessu sinni hljóta tvö verkefni:

- Guðmundur Gunnarsson vegna ritunar verksins Hvítu kolin – Saga samtaka rafiðnaðarmanna. Styrkurinn er að fjárhæð kr. 500.000.

Í verkinu er m.a. fjallað um uppgötvun rafmagns og þróun í nýtingu þess

og þeirra tækninýjunga sem fylgdu í kjölfarið. Koma þessara tækninýjunga til Íslands er rakin og hvernig hún leiddi til nýrra starfa í rafíðnaðargeiranum, sem síðar eru löggilt, og til stofnunar stéttarféлага rafíðnaðarmanna á fyrri hluta síðustu aldar. Kjara- og réttindabarátta þeirra er rakin, ásamt þróun starfsmenntunar í rafíðnaðargeiranum, þróun stéttarféлага rafíðnaðarmanna, sameining þeirra og stofnun Rafíðnaðarsambandsins. Fjallað er um myndun nýrra rafíðnaðargreina, sameiningu rafíðnaðargreina og innbyrðis deilur milli rafíðnaðarmanna og eins átök þeirra við stjórnvöld um fagréttindi sín.

- Rósa Ólöf Ólafíudóttir vegna verkefnisins Hvað hvetur, hvað letur ófaglærða starfsmenn hjúkrunarheimila, sem starfa við umönnun aldraðra, til að afla sér menntunar á heilbrigðissviði.

Um er að ræða rannsókn sem er liður í lokaverkefni til meistarafráðu í uppeldis- og menntunarfræðum við Háskóla Íslands með áherslu á fullorðinsfræðslu.

Rannsóknin er af meginlegum toga. Til þátttöku voru fengnir 125 ófaglærðir starfsmenn, sem starfa við umönnun aldraðra á tveim hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu, til að svara spurningalistum.

Markmið rannsóknarinnar er að fá tölfræðilegar upplýsingar, byggðar á svörum þátttakenda, um það hvort þessir starfsmenn hafi námsáhuga, hvort þeir búi við námshvatningu í umhverfi sínu og hvort þeir mæti námshindrunum og þá hvers eðlis þær eru. Enn fremur er markmiðið að afla upplýsinga um áhuga þessara starfsmanna á að afla sér starfsréttinda á heilbrigðissviði og hvort greina megi tengsl milli menntunarstigs þátttakenda í úrtakinu og menntunarstigs foreldra þeirra. Styrkurinn er að fjárhæð 500.000 kr.



Erlend samskipti

Alþýðusamband Íslands er virkur þátttakandi í alþjóðastarfi bæði á vettvangi verka-lýðshreyfingarinnar og alþjóðastofnana. Þátttaka ASÍ endurspeglar hvort tveggja, alþjóðlegan uppruna samtaka launafólks og vaxandi mikilvægi alþjóðastarfs fyrir verkalýðshreyfinguna og félagsmenn hennar.

Hnattvæðingunni með auknum viðskiptum og samskiptum á öllum sviðum fylgja ný úrlausnarefni, hættur en einnig tækifæri fyrir samtök launafólks. Aukið samstarf Evrópu-ríkja og þátttaka Íslands í EES með sameiginlegum vinnumarkaði Evrópuríkja og löggjöf og samstarf á fjölmörgum sviðum er mikilvægur þáttur í þessari þróun. Með þátttöku sinni á alþjóðavettvangi tekur ASÍ þátt í umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku á alþjóðavísu, nýtir þekkingu og reynslu úr alþjóðlegu starfi og árangur alþjóðlegrar verka-lýðshreyfingar fyrir íslenskt launafólk, leggur sitt af mörkum til að efla alþjóðlega samstöðu launafólks og styður uppbyggingarstarf og réttindabaráttu í þróunar-ríkjunum.

Norræna verkalýðssambandið – NFS

Stjórn Norræna verkalýðssambandsins (NFS) kemur saman tvisvar á ári og er hún skipuð forystumönnum allra heildarsamtaka á Norðurlöndum. Forseti ASÍ situr þessa fundi fyrir hönd ASÍ og var hann kjörinn formaður samtakanna fyrir árið 2014 eftir að hafa verið varaformaður þess árið þar á undan. Starf NFS hefur á undanförunum árum í vaxandi mæli snúist um samstarf Norður-

landanna á alþjóðlegum vettvangi en á þingi sambandsins haustið 2012 var ákveðið að efla starf samtakanna á norrænum vinnumarkaði með því að beina athygli bæði Norrænu ráðherranefndarinnar, Norðurlandaráðs og stjórnvalda einstakra ríkja að þeim hindrunum og vandamálum sem launafólk á Norðurlöndunum lendir í við að sækja vinnu þvert á landamæri norrænu ríkjanna.

Í ár var haldið upp á 60 ára afmæli norræna vinnumarkaðarins og efndi Norræna ráðherraráðið af því tilefni til ráðstefnu hér á landi en Ísland fer með formennsku í ráðinu í ár. Stjórn og framkvæmdastjóri NFS gerðu ítrekaðar tilraunir til þess að efna til samstarfs við Norræna ráðherraráðið og skrifstofu ráðsins um skipulag og innihald þessarar ráðstefnu, m.a. með tilliti til þess að verkalýðshreyfingin fengi tilhlýðilega aðkomu að því að kynna þau vandamál sem stöðjar að launafólki á norræna vinnumarkaðinum. Því miður tókst þetta ekki sem skyldi og er það miður, sérstaklega í því ljósi að samtökum atvinnurekenda á Norðurlöndum var boðið að kynna skýrslu sína um stöðu og framtíð norræna velferðarkerfisins. Ráðstefnan var haldin í sömu viku og þing Alþjóðasamtaka verkalýðsfélaga og áttu forystumenn Norrænnar verkalýðshreyfingar því ekki tók á því að taka þátt í ráðstefnunni en ítrekaðri beiðni um að flýta eða seinka ráðstefnunni um eina viku hafði verið hafnað. Stjórn NFS lítur þetta mjög alvarlegum augum því áralöng hefð er fyrir nánu samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar og NFS, þar sem vandinn hefur verið sá að samtök atvinnurekenda hafa ekki haft áhuga á nánu samstarfi á þessum vettvangi og hafa t.d. ekki talið ástæðu til þess að stofna sérstök norræn samtök atvinnurekenda.

Mikil áhersla hefur verið lögð í það að samstillta málflutning norrænu samtakanna á vettvangi Evrópusamtakanna, einkum er varðar viðbrögð við þeim efnahagsþrengingum sem stöðjað hefur að Evrópu. Eftir miklar innbyrðis deilur á undanförunum árum um setningu laga og reglna innan ESB um lögbundin lágmarkslaun tókst að ná mikilvægri málamiðlun í ársbyrjun 2012 innan raða Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC) sem gekk út á að sameina evrópska verkalýðshreyfingu um þá sýn að það væri meginhlutverk verkalýðshreyfingarinnar að tryggja að sem flestir á vinnumarkaði njóti eðlilegra lágmarkskjara. Í því viðfangsefni gæti lögbinding verið ein leið, almennt gildi kjarasamninga önnur og víðtæk þátttaka í stéttarfélögum sú þriðja. Þrátt fyrir þessa málamiðlun hafa þessi mál ítrekað komið upp á stjórnarfundum, einkum af hálfu forystumanna í þeim löndum þar sem verkalýðshreyfingin á undir högg að sækja, og kröfum beint að forystu ETUC um að taka málið upp á vettvangi ESB. Auðvelt er að rekja þessar kröfur til ítrekaðra árása bæði stjórnvalda, ESB og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á samningsbund-

in réttindi launafólks og niðurskurð í framlögum til velferðarmála samhliða miklum skattalækkunum hátekjuhópa. Á sama tíma má segja að nokkur viðsnúningur hafi orðið í viðhorfum bæði OECD og IMF undanfarin misseri hvað varðar megináherslur í hagstjórn, þar sem hin klassíska peningahagfræði hefur vikið fyrir þeim hagfræðikenningum sem einblína í ríkari mæli á stöðu raunhagkerfisins og mikilvægi þess að breið sátt ríki um efnahagsaðgerðir til að tryggja þeim fylgi meðal kjósenda. Þannig gáfu bæði AGS og OECD út ítarlegar greiningar snemma á þessu ári þar sem sýnt var fram á að ekki væri hægt að sýna fram á neitt orsakasamhengi á milli skattalækkana hátekjuhópa og aukins hagvaxtar eða fjölgunar starfa. Þvert á móti var því haldið fram að mun skynsamlegra væri að takast á við halla ríkissjóðs með því að auka skattbyrði á bæði efnafólk og hátekjufólk, þeirra sem gætu tekið þessar byrðar á sig án þess að draga verulega úr neyslu og eftirspurn. Slík aðgerð myndi á sama tíma leggja grunn að meiri sátt í samfélaginu bæði vegna þess að hún væri réttlátari en einnig vegna þess að með því að halda uppi heildareftirspurn bæði heimila og opinberra aðila væri auðveldara að ýta undir hagvöxt og fjárfestingar. Þetta er býsna athyglisverð niðurstaða því þetta er í hnotskurn sú aðferð sem stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins hér á landi sameinuðust um í svokölluðum Stöðugleikasáttmála sumarið 2009. Á fundi, sem forseti ASÍ tók þátt í með forystu alþjóðasamtaka verkalýðsfélaga, ITUC, þar sem rætt var við forystu AGS í Washington í ársbyrjun 2013, þar sem bæði framkvæmdastjóri AGS og aðalhafnfræðingur AGS voru þátttakendur, gerði hann einmitt grein fyrir þeirri afstöðu ASÍ að sátt um innihald og framgöngu aðhaldsaðgerða væri algert lykilatriði í því að koma í veg fyrir neikvæðar afleiðingar djúpstæðra deilna í samfélaginu, deilna sem óhjákvæmilega kæmu niður á hagvexti og uppbyggingu. Forsenda slíkrar sáttar væri hins vegar sú að launafólk og almenningur hefði þá tiltrú að byrðum væri skipt réttlátlega og að mikilvægum þáttum velferðarkerfisins væri hlíft.

Eftir að Lóa Brynjúlfsdóttir lét af störfum sumarið 2013 var það niðurstaða framkvæmdastjórnar að mæla með því við formannafund innan NFS að Christina J. Colclough yrði kjörin sem framkvæmdastjóri til næstu fjögurra ára. Áður en til þess kom að þessi tillaga yrði staðfest á stjórnarfundum í nóvember 2013 var nokkuð alvarlegur trúnaðarþrestur milli framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra sem leiddi til þess að framkvæmdastjórn treysti sér ekki til þess að mæla með kjörinu og var gengið frá samkomulagi við Christina um starfslok. Kom það síðan í hlut nýs formanns NFS í ársbyrjun 2014 að leiða nýtt ráðningarferli á framkvæmdastjóra fyrir NFS en starfsmenn skrifstofunnar stóðu sig einkar vel í að halda sjó á meðan. Niðurstaðan var að bjóða Magnus Gissler stöðuna og var full samstaða um það bæði í fram-

kvæmdastjórn og stjórn. Magnus hefur nokkuð langa reynslu af verkalýðsmálum, bæði á vettvangi heildarsamtaka, norrænna samtaka og síðastliðin ár sem framkvæmdastjóri stéttarfélags háskólamenntaðra starfsmanna kirkjunnar í Svíþjóð. Reynsla hans og tengsl eiga því vafalaust eftir að gagnast NFS vel á komandi árum.

Samstarf norrænu alþýðusambandanna um samningamál

Það er orðinn nokkuð fastur liður í samstarfi alþýðusambandanna á Norðurlöndum að hittast einu sinni á ári til að ræða samningatækni, þróun kjaramála og bera saman bækur sínar um helstu málefni á norrænum og evrópskum vettvangi. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, og Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, sóttu fundinn. Sl. sumar var fundurinn haldinn í Svíþjóð þar sem farið var skipulega í gegnum reynslu einstakra sambanda af samningum og samskiptum við stjórnvöld. Af hálfu ASÍ var gerð grein fyrir þróun og gerð Jafnlaunastaðalsins en samstaða er um það meðal samtakanna að verkalýðshreyfingin verður að finna leiðir í gegnum kjarasamninga og vinnumarkað til að eyða kynbundnum launamun. Umræða um félagsleg undirboð og viðbrögð við þeim, þ.m.t. áhrif almenns gildis kjarasamninga með lögum líkt og hér gildir, var að venju fyrirferðarmikil þar sem fulltrúar ASÍ gerðu grein fyrir því mati að tilvist laganna nr. 55/1980 um almennt gildi kjarasamninga væri afar mikilvægur þáttur í því að koma í veg fyrir slík undirboð.

Fundur lögfræðinga norrænu verkalýðssamtakanna

Dagana 23.–24. ágúst sl. var haldinn árlegur fundur lögfræðinga heildarsamtaka verkalýðsfélaga á Norðurlöndum. Fundinn sótti f.h. ASÍ Halldór Oddsson. Fór fundurinn fram í húsakynnum JHL í Helsinki og héldu lögfræðingar samtakanna utan um fundinn að þessu sinni.

Meginþema fundarins var ný tilskipun ESB um rétta framkvæmd reglna er varða réttindi útsendra starfsmanna á milli landa (e. posting of workers). Gerði hvert land grein fyrir sinni afstöðu til hinnar nýju tilskipunar og hvernig það sæi í raun fyrir að hægt væri að sækja fram á þeim grundvelli. Var það mál manna að efni tilskipunarinnar væru vonbrigði. Ekki á þann hátt að þar væri mælt fyrir um óhagstæðar reglur heldur fremur í þá átt að ekki væri gengið nægilega langt og skýrlega fram um þau atriði sem hafa verið umdeild þegar kemur að togstreitunni á milli frjálsra þjónustuviðskipta annars vegar og vernd félagslegra réttinda í hverju landi fyrir sig og á EES-svæðinu í heild hins vegar. Hvað það allt saman varðar var gjarnan vísað í dóma EB-dómstólsins í málum *Viking*, *Laval* og svokölluð *Ruffert-mál*.

Jafnframt var farið ítarlega yfir tvö mál sem nú eru í meðferð. Bæði eru þau

rekin aðallega af Jari Hellstein hjá SAK í Finnlandi og gerði hann ítarlega grein fyrir þeim. Annars vegar er um að ræða mál er varðar skilgreiningu á lágmarkslaunum í skilningi reglna um útsenda starfsmenn. Dóms í því máli er að vænta í desember og málsnúmerið er C-396/13 fyrir þá sem vilja sjá þær spurningar sem beint er til dómsins. Hins vegar er um ræða mál þar sem látið er reyna á lögmæti kjarasamninga finnska flutningamannasambandsins þar sem aðilar hafa samið svo að útilokað sé að meginstefnu til að óheimilt sé að notast við starfsmannaleigustarfsmenn í bransanum nema sérstakar undanþágur eigi við sem viðkomandi stéttarfélag verður þá að veita sérstaklega. Númerið á því máli er C-533/13.

Að öðru leyti gerðu fulltrúar landanna grein fyrir stöðunni í sínu landi og þeim helstu vinnuréttarlegu álitamálum sem þar eru á dagskrá og var skipst á skoðunum og þekkingu hvað það varðar.

Ráðstefna LO í Noregi um kjaramál í lággjaldafluggeiranum

Pann 20. mars sl. var haldin ráðstefna af systursamtökum ASÍ í Noregi (LO Norge) um kjaramál í hinum alþjóðlega fluggeira. Mál þessi hafa verið í deigluinni um nokkurt skeið og er ljóst að lággjaldaflugfélög byggja sitt viðskiptamódel m.a. á því að halda starfsmannakostnaði sem lægstum með harðneskjulegri starfsmannastefnu sem snýst um að misnota síaukið framboð vinnuafis. Aðferðir þessar eru fyrst og fremst byggðar á því að notfæra sér ófullkomið regluverk sem gildir um málefni fólks sem vinnur í fluggeiranum. Módelið snýst þá um að flugfélögin sjálf eru að jafnaði skráð í ríki þar sem lágmarkskjörum og vernd launafólks er ábótavant; má nefna Írland í því sambandi. Gjarnan er starfsfólkið svo í ráðningarsambandi við starfsmannaleigu og/eða í einhvers konar gerviverktöku. Þær flugleiðir, sem flugfélög þessi fljúga, eru ekki eingöngu með heimahöfn í viðkomandi landi, þar sem félagið er skráð, heldur eru félögin með heimahafnir (e. base) um alla Evrópu og neyða áhafnir og annað starfsfólk til að vera til taks nálægt heimahöfninni, en telja sig þó eingöngu þurfa að greiða kjör og lúta reglum ríkisins þar sem flugfélagið sjálft er skráð, í flestum tilfellum Írlands. Þarna koma því upp þessi klassíska álitamál þar sem meginreglur Evrópuréttar um félagsleg réttindi stangast á við meginreglur um frjáls þjónustuvíðskipti. Þetta er hin eilífa togstreita sem evrópsk verkalýðsfélög og heildarsamtök glíma við og birtist með mjög skýrum hætti í hinum alþjóðlega fluggeira. Í raun er þetta sama togstreita og glímt hefur verið við áratugum saman í alþjóðlega flutningaskipageiranum og því má segja að efni ráðstefnunnar og þess sem þar kom fram eigi í raun við um alla starfsemi alþjóðlegra fyrirtækja.

Ráðstefnuna sótt f.h. ASÍ Halldór Oddsson og með honum í för voru Sigríður Ása Harðardóttir (FFÍ), Sturla Bragason (FFÍ) og Guðmundur Ragnarson (VM)

Ráðstefnan var í klassísku fyrirlestrarformi og í grófum dráttum var það eftirfarandi sem bar hæst:

Jack Netskar frá norska flugmannafélaginu rakti upplifun flugmanna á vandamálinu. Tók hann sérstaklega dæmi af bágunum kjörum flugmanna hjá RyanAir enda tíðkist ekki þar bein ráðningarsambönd. Flugmenn í fullu starfi fái í brúttó mánaðarlaun fyrir 100% vinnu 6000 evrur. Frá þessu er dregið auk skatts kostnaður vegna búninga, matar, þjálfunar o.s.frv. Þegar öllu er svo á botninn hvolfst stendur eftir í nettó laun 300–400 evrur, sem er auðvitað langt undir öllum framfærsluviðmiðum hvar sem er. Ástæðan fyrir því af hverju einstaklingar sætti sig við þetta er að þarna sæki þeir reynslu sem geri þeim kleift að komast að hjá hefðbundnum flugfélögum sem greiði sanngjörn laun. Netskar rakti jafnframt að þetta fyrirkomulag dragi í raun úr flugöryggi þar sem flugmenn hjá RyanAir fljúgi meira en góðu hófi gegnir til að lyfta upp tekjum sínum. Endaði hann á því að varpa á skjáinn dæmi af samningi sem flugmenn gera við starfsmannaleigur sem leigja þá út en þar kemur skýrlega fram að ef viðkomandi flugmaður kvartar yfir kjörum sínum eða aðbúnaði við leigutaka megi rifta við hann samningnum.

Francois Ballestero, aðalritari hjá alþjóðasamtökum flutningsstarfsmanna (ITF/ETF), rakti þá baráttu sem samtökin hefur staðið í gegn lággjaldaflugfélögum undanfarin ár. Nokkrir áfangasigrar hafi unnist en þegar öllu sé á botninn hvolfst þurfi hið pólitíska vald að axla meiri ábyrgð. Nefndi hann jákvætt skref Frakka í þeim efnum en í Frakklandi voru árið 2006 sett lög sem kveða á um það með skýrum hætti að starfsfólk, sem hefur franska heimahöfn, skuli eiga rétt á kaupum og kjörum skv. frönskum lögum og kjarasamningum og að samningar aðila um annað séu ógildir. Ballestero er í forsvari fyrir samtök sem hafa með mjög ítarlegum hætti greint þennan fluggeira og hefur undirritaður þá skýrslu undir höndum; er hún til dreifingar fyrir þá sem hafa áhuga.

Jan Erik Stostad, sérfræðingur hjá LO í Noregi hélt áhugavert erindi um hvernig fyrirtæki eins og RyanAir nota fjölmiðla sér í vil. Sýndi hann dæmi um það að alveg sama sé um hvað frétt, er varðar RyanAir, fjallar, þá komi það alltaf fram í fréttinni hvað RyanAir bjóði upp á lág flugfargjöld. Með þessum hætti notfæri RyanAir sér fjölmiðlun sér til kynningar, hvort sem það sé óafvitandi eður ei hjá viðkomandi fjölmiðlum. Stostad rakti mikilvægi þess fyrir alla að þekkja þessa starfshætti því að önnur fyrirtæki væru farin að leika þá eftir og

fleiri myndu fara í sama leik og þetta þyrfti að stöðva. Stostad setti starfsemi og viðskiptamódel félaga eins og RyanAir í samhengi við norræna módelið svokallaða og sagði að það stríddi gegn öllu því sem það stæði fyrir. Því væri Norðmönnum, sem einir af verndurum þess kerfis, sérstaklega umhugað um að stöðva slíka starfshætti alþjóðlegra stórfyrirtækja.

Imran Haider, lögfræðingur hjá LO í Noregi, sagði frá merkilegu máli sem er nú í gangi fyrir norskum dómstólum. Varðar það hvaða lögsögu norskir dómstólar hafa yfir starfsfólki er starfar hjá erlendum flugfélögum sem hafa þó heimahöfn (e. base) í Noregi. Mál þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir Ísland enda eru réttarkerfi uppbyggð á svipaðan hátt og sömu reglur og sjónarmið eiga við um löndin tvö. Atvik málsins, sem um ræðir, eru þessi: Frú Cocca var flugfreyja hjá RyanAir í heimahöfn þeirra í Moss í Noregi. Hún var sökuð um ölvun í starfi og rekin á staðnum þrátt fyrir að hún hafi í raun verið leigð frá írsku áhafnaleigunni CrewLink. Stéttarfélög á svæðinu fóru í mál við RyanAir og kröfðust skaðabóta vegna ólögætrar riftunar og leiðréttingar á launum. RyanAir vildi að málinu yrði vísað frá þar sem flugfreyjan ynni í raun hjá írsku félagi sem hefði sitt varnarþing í Írlandi. Frávísunarkröfunni var hafnað þar sem dómstóllinn tók efnislega nálgun í túlkun á því hvert sé vinnusvæði viðkomandi sem mælt er fyrir um í tilskipuninni sem gildir um svona mál í flugeiranum, en þar er talað um að starfsfólk eigi rétt í því landi þar sem það „... habitually carries out the work“. Þetta er útlistun á meginreglu lagaskiláréttar um svokallaða „Irma Mignon“-reglu sem kveður á um að einstaklingar eigi rétt á að sækja sinn rétt skv. því réttarkerfi sem tengist þeim mest. Þó ber að nefna að dómur í löndum Evrópu hafa verið eilítið misvísandi í þessum efnum en það þarf ekki að draga úr fordæmisgildi þessa máls enda þarf í raun bara að meta hvert mál fyrir sig og hvernig skipulag vinnu og búsetukröfu er háttað. Þetta mál er gott að því leyti að það er mjög „svart-hvítt“ hvað varðar hið klassíska álitamál þegar búsetukrafa á starfsmann stangast á við hvar vinnan er innt af hendi. Í raun tíðkast slíkar kröfur víða og liggja í hlutarins eðli í ljósi þess hvar skal mætt til vinnu. Það sem gerir þetta dæmi öðruvísi og ósanngjarnt fyrir frú Cocca er sú staðreynd að vissulega er það rétt að um störf í írsku loftfari gilda írsk lög en hins vegar á hún ekki annan kost í ljósi búsetukröfunnar en að búa í Noregi. Hún gæti ekki, jafnvel þótt hún vildi, búið í Írlandi. Imran upplýsti um það að þótt tilefni væri til bjartsýni um efnislega niðurstöðu málsins þá er hugsanlegt að norskur dómstóll muni byggja sína efnislegu niðurstöðu á írskum lögum. Það er hugsanlega frávik frá meginreglunni um að dómstólar dæmi eingöngu eftir lögum síns ríkis en fræðilega séð er það mögulegt í ljósi þess að aðilar höfðu samið um að írsk lög giltu um þeirra samning. LO og frú Cocca telja sig hins vegar geta hrakið það með

vísan í ójafna stöðu aðila í ráðningarsambandinu annars vegar og hins vegar með vísan í tilvist norskra laga sem eru hliðstæða íslensku starfskjaralaganna (nr. 55/1980) en það eru svokölluð *almenngjöringsloven*.

Að endingu tók til máls írskur lagaprófessor til að útskýra forsendur þess að Írland hefur markaðssett sig sem „besta litla landið fyrir stór viðskipti“. Niðurstaða hans var sú að forsendur þess væru annars vegar tilvist evrunnar en ekki síður afspyrnumáttlaus löggjöf um réttindi starfsfólks í landinu og áralöng and-verkalýðsstefna yfirvalda í landinu.

European Litigation Network

Evrópusambandverkalýðsfélaga (ETUC), hefur nú í nokkur ár haldið utan um svokallaðan samhæfingar- og samstarfsvettvang lögfræðinga aðildarsamtaka sinna. Hafa að jafnaði verið haldnir tveir fundir á ári þar sem hvert land á sinn fulltrúa og á fundum þessum er ráðið ráðum um nýfallna dóma og mál sem eru í gangi er varða evrópska vinnumarkaðinn. Fulltrúi ASÍ og þar með íslensku verkalýðshreyfingarinnar hefur verið Halldór Oddsson og sótti hann tvo fundi sl. vetur á ofangreindum vettvangi og er gerð grein fyrir þeim hér.

Á fundi 29. október 2013 voru eftirtalin mál og málefni rædd:

Að beiðni ETUC hefur dr. Aristeia Koukiadaki, sem starfar við University of Manchester, tekið saman greinargerð um hvort og hvernig megi í alþjóðlegum sáttmálum finna úrræði gegn hörðum niðurskurðaraðgerðum sumra ríkja í kjölfar efnahagshrunsins í árslok 2008. Niðurstöður hennar eru þær að tækifæri séu í þessum efnunum og nefndi hún sérstaklega að Grikkland og Portúgal hafa fengið álit Evrópuráðsins (e. Council of Europe) þeim í vil um að aðgerðir hafi brotið gegn Félagsáttmála Evrópu (e. Social Charter of Europe). Til viðbótar séu líka meginreglur úr Lissabon-sáttmálanum og jafnvel Mannréttindasáttmála Evrópu sem hafi verið brotnar. Samþykkti fundurinn að þar sem þetta væri – hvað varðar félagsleg réttindi – tiltölulega óþægður akur, þá væri mikilvægt að hafa virka upplýsingagjöf um framgang slíkra mála.

Hannah Reed frá TUC, samtökum verkalýðsfélaga í Bretlandi, kynnti kvörtun samtakanna til framkvæmdastjórnar ESB vegna þeirrar víðtæku fráviksheimildar frá meginreglunni um jafnræði í tilskipun um starfsmannaleigur sem þarlend stjórnvöld fengu. Vegna umræddrar undanþágu færi staðan á vinnumarkaðnum versnandi en í skjóli undantekningarinnar hafa starfsmannaleigustarfsmenn í raun takmarkaðan rétt til launa frá sínum vinnuveitanda á milli verkefna starfsmannaleigutaka. Afleiðing undanþágunnar væri sú m.a. að starfsmannaleigustarfsmönnum hafi fjölgað gríðarlega mikið og jafnframt

væri staða fastráðinna verri en ella þar sem í raun væri búið að búa til „löglega“ leið í Bretlandi til félagslegra undirboða. Reed sagði að erfitt og tímafrekt væri að undirbúa mál fyrir EB-dómstólnum út af þessu og því hafi verið farin sú leið að kvarta til framkvæmdastjórnarinnar og fyrstu viðbrögð frá henni væru jákvæð í þá veru að tekið yrði á málinu.

Fjögur mál frá jafnmörgum löndum voru reifuð þó svo að þau væru komin mislangt. Umrædd mál eru eftirfarandi: **Mál C-315/13** (í meðferð hjá EB-dómstólnum): Í Belgíu er löggjöf sem kveður á um að öll fyrirtæki með útselda (e. posted workers) starfsmenn, sem taka að sér verk í Belgíu, skuli koma með þar til gert vottorð frá sínu heimalandi um hvern og einn starfsmann um að hann sé skráður starfsmaður og af honum sé skilað sköttum og gjöldum. Virði fyrirtæki, sem taka að sér verk í Belgíu, ekki þessa skyldu sína geta þau átt það á hættu að vera sektuð. Stefndi í málinu, sem er tiltekið fyrirtæki, telur þessar kröfur of miklar þar sem það feli í sér of íþyngjandi skyldur erlendra fyrirtækja sem innlend fyrirtæki þurfa ekki að uppfylla. M.ö.o. þá telur stefndi í málinu að þetta hamli frjálsum þjónustuviðskiptum á milli landa. Verkalýðshreyfingin í Belgíu er ósammála og telur þessar reglur málefnaegar enda eigi þær að koma í veg fyrir félagsleg undirboð og að erlend fyrirtæki notist við ólöglegt vinnuafli. Niðurstaða í málinu mun liggja fyrir í desember/janúar. **Mál C-396/13** (í meðferð hjá EB-dómstólnum): Um er að ræða mjög stórt finnskt mál þar sem pólskt rafverktakafyrirtæki lætur reyna á það hvað skuli skilgreinast sem „lágmarkslaun“ í skilningi tilskipunarinnar um útselda starfsmenn (e. posted workers). Í finnskum kjarasamningum er kveðið á um (rétt eins og hér á landi) að atvinnurekandi skuli sjá starfsmönnum, sem starfa „utan svæðis“, fyrir mat, gistingu, ferðum o.s.frv., en pólska fyrirtækið er að láta reyna á hvort þessi ákvæði samræmist tilskipuninni. Hér er um að ræða mjög mikilvægt mál sem getur haft, ef illa fer, mjög neikvæð fordæmisáhrif hvað varðar túlkun á tilskipuninni um útselda starfsmenn. Neikvæð niðurstaða myndi skapa jarðveg fyrir aukin félagsleg undirboð o.s.frv. **Mál gegn borgaryfirvöldum í Dortmund í Þýskalandi** (ónúmerað en í meðferð hjá EB-dómstólnum): Þetta mál er varla farið af stað, er t.a.m. enn þá ónúmerað og ekki verið birt á vefsíðu dómstólsins. Málsatvik eru þau að borgaryfirvöld í Dortmund í Þýskalandi buðu út verk um rafræna uppfærslu og flokkun á skjölum. Í útboðsskilmálum segir að verkkaupi verði að greiða starfsfólki sínu a.m.k. lögbundin þýsk lágmarkslaun. Verktakinn, sem fékk málið, vill hins vegar nú fá pólskt dótturfélag í sinni eigu til að vinna verkið og það í Póllandi. Þar af leiðandi vill það einungis greiða pólsk laun. Dortmund sætti sig ekki við þetta og mótmælti og – það sem er áhugavert – óskaði eftir forúrskurði frá EB-dómstólnum um málið, þ.e. einhvers konar kæruneftnd útboðsmála í

Dortmund óskaði eftir álitinu. Fyrirtækið telur skilmála útboðsins ekki samrýmast frjálsum þjónustuviðskiptum á innri markaðnum. Hér stangast enn einu sinni á „frjáls viðskipti“ og viðleitni opinberra verkkaupa til að gæta að hag launafólks. Þó örlar vissulega líka á smávegis þjóðernishugsun í þessu sem fyrirtækið mótmælir. **Mál C-426/11 (dómur fallinn)**: Málsatvik eru þau að hið opinbera í Bretlandi útvistaði ákveðinni þjónustu til einkaaðila. Urðu í raun aðilaskipti og það starfsfólk, sem vann hjá hinu opinbera, færðist yfir með öllum sínum áunnu réttindum. Jafnframt var kveðið á um að laun starfsfólksins skyldu hækka í samræmi við hækkanir í kjarasamningum opinberra starfsmanna. Þriðji aðili, sem er almennt fyrirtæki á einkamarkaði, keypti svo fyrirtækið sem hafði fengið útvistunina og taldi sig ekki skuldbundið til þess að virða launahækkanir kjarasamninga opinberra starfsmanna þrátt fyrir að um slíkt væri kveðið á í aðilaskiptasamningnum. Spurningin var því hvort „dýnamísk“ réttindi væru áunnin réttindi þegar svo ber undir eins og reyndin var í þessu máli. EB-dómstólinn komst að þeirri niðurstöðu að tilskipunina um aðilaskipti þyrfti að túlka með hliðsjón af réttinum til frjálsra viðskipta, sbr. 16. gr. grundvallarsáttmála ESB (e. Charter of fundamental rights) og með slíkri tilvísun væru áunnin réttindi, sem væru dýnamísk, hamlandi fyrir fyrirtæki. Jafnvel þó svo að allir aðilar hafi skrifað upp á að þessi réttindi starfsfólksins ættu að haldast sem hluti af aðilaskiptunum. Var almenn óánægja með þessa niðurstöðu enda fæli hún í sér að tilskipunin um rétt starfsfólks við aðilaskipti, sem alltaf hefur verið talin fjalla um lágmarksréttindi, sé nú einnig að vissu leyti álitin kveða á um hámarksréttindi. Var almenn hneykslan með þennan dóm og flestir sammála um að lögskýring dómsins væri það vafasöm að hugsanlegt væri að fordæmisgildið væri takmarkað.

Fundur 31. mars – 1. apríl 2014

Fundurinn spannaði tvo daga þar sem að ETUC ákvað í tengslum við þennan fund að bjóða meðlimum samhæfingar- og samstarfsvettvangsins á námskeið um hvernig best sé að haga kæru og málflutningi í málum sem fara fyrir dómstól ESB annars vegar og Mannréttindadómstól Evrópu hins vegar. Var námskeiðið hið nýtsamlegasta og almenn ánægja hvernig til tókst.

Síðari dagurinn fór í hefðbundin störf samhæfingar- og samstarfsvettvangsins:

Kynnt var stefna og viðmiðunarreglur ETUC um málarekstur aðildarsamtaka fyrir alþjóðlegum dómstólum. Ljóst er að á hinum sameiginlega innri markaði hafa allir dómur, sem reknir eru fyrir alþjóðlegum dómstólum, víðtækt fordæmisgildi. Því er mjög mikilvægt að vandað sé til verka og að helstu sérfræðingar í viðkomandi málaflokkum fái aðkomu að rekstri slíkra mála til

að sem líklegast sé að hagfelld niðurstaða náist. Allir meðlimir geta heimfært mikilvægi slíkrar leikjafræði yfir á sitt umhverfi í heimalandinu og því er þessi stefna studd af meðlimum.

Fulltrúar frá Þýskalandi, Hollandi og Ítalíu reifuðu mál sem eru nú í meðferð fyrir Evrópudómstólnum og varða m.a. tímabundið starfsfólk og rétt stéttarfélag til aðgangs að vinnustöðum. Jafnframt var rakið áhugavert mál sem Lettneska verkalýðshreyfingin er nú að undirbúa að kæra til Mannréttindadómstólsins og varðar rétt forsvarsmanna stéttarféлага til að rækja hlutverk sitt án þess að eiga á hættu hegningu frá sínum atvinnurekanda.

Aðalritari Evrópskra samtaka fólks í flutningsgeiranum (ETF), François Ballesterero, rakti helstu álitamál sem þau samtök standa andspænis en þau álitamál lúta að miklu leyti að hinu sígilda vandamáli þegar frjáls þjónustuviðskipti stangast á við rétt fólks til félagslegs lágmarksréttlætis í þeim löndum sem þau starfa.

SAMAK – Samtök alþýðusambanda og jafnaðarmanna-flokka á Norðurlöndum

Þing SAMAK var haldið í Danmörku í janúar og sótti forseti ASÍ fundinn ásamt Halldóri Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóra ASÍ. Á þinginu var rætt um framtíð norræna samningamódelisins og hvaða ógnanir það stæði frammi fyrir en þar kom m.a. fram að forsenda þess að norrænt launafólk njóti viðunandi kjara í framtíðinni væri vel skipulagður vinnumarkaður með sterkum stéttarfélögum. Um þetta þarf norrænt samstarf um vinnumarkaðinn innan bæði ESB og ILO að snúast.

Efnahagsþrengingar undanfarinna ára hafa skapað nýjar áskoranir og vandamál í bæði Evrópu og Bandaríkjunum. Engu að síður standa Norðurlöndin að mörgu leyti mun sterkar að vígi þó að vaxandi félagsleg undirboð og starfsemi óábyrgra fyrirtækja leiði til aukinna vandamála sem mikilvægt er að taka mjög hart á. Engin vafi er á því að bestu viðbrögð við efnahagskreppum geta þau samfélög veitt þar sem öryggi launafólks og sterkt samningakerfi eru grundvallaratriði. Þetta hefur lagt grunn að þeim sveigjanleika og því samstarfi sem hefur verið styrkur Norðurlandanna í efnahagsþrengingum undanfarinna ára.

Því miður er margt sem bendir til þess að norræna samningakerfið standi frammi fyrir áframhaldandi fækkun í stéttarfélögum og lakkandi hlutfalli þeirra sem eru í skipulögðum samtökum. Það er því mikið verkefni sem bíður hreyfingarinnar að mæta þessari fækkun þó að staðan sé að mörgu leyti góð

í alþjóðlegu samhengi. Ísland sker sig reyndar nokkuð úr í þessari mynd því hér hefur þátttaka í stéttarfélögum farið vaxandi bæði hvað varðar fjölda og hlutfallslegt vægi.

NordMod 2030 - Rannsóknarverkefni um Norræna samfélagsmódelið

Alþýðusamband Íslands á aðild að verkefninu NordMod 2030 sem SAMAK - Samtök alþýðusambanda og jafnaðarmannaflokka á Norðurlöndum ákváðu að láta vinna. Markmið verkefnisins er að greina helstu eiginleika Norræna samfélagsmódelisins, framtíðarmöguleika þess og þær áskoranir sem Norræna samfélagsmódelið stendur frammi fyrir vegna þróunarinnar bæði á alþjóðavísu og á Norðurlöndum til ársins 2030. Þannig mun rannsóknin gagnast stefnumótunaraðilum í starfi þeirra við að endurnýja Norræna samfélagsmódelið.

Vinna við verkefnið hófst 2012 og eiga niðurstöður að liggja fyrir í nóvember 2014. Verkefnið skiptist í þrjá hluta:

- Grundvallarrannsóknir er varða i) meginstoðir Norræna módelisins ii) íbúabróun, væntingar, þarfir og viðmið og iii) breytingar á ytri aðstæðum (s.s. hnattvæðingin og umhverfismál).
- Rannsóknir um hvert og eitt norrænu landanna þar sem dregin eru fram meginleiki hvers þessara samfélaga um sig, s.s. íbúabróun, vinnu- markaðurinn, velferðarkerfið, staða kynjanna, tekjuskipting, viðhorf íbúanna og áhrif alþjóðlegra þátta.
- Loks verða unnar skýrslur um fimm sérstaka efnisþætti. Þar má nefna forsendur fyrir sjálfbærum vexti efnahagskerfisins á Norðurlöndum, framtíðarfjármögnun og sjálfbærni norræna velferðarsamfélagsins, framtíðarfyrirkomulagi á vinnumarkaði, hvernig tryggja má að samfélagið verði fyrir alla þegna þess og loks skýrslu um þróun lýðræðisins.

Rannsóknin er unnin af hópi fræðimanna frá öllum norrænu löndunum fimm og er henni stjórnað af norski rannsóknarstofnun á sviði samfélagsmála, Fafo.

Hluta verkefnisins er þegar lokið og má nálgast þau gögn á heimasíðu þess, <http://www.fafo.no/nordmod2030/publikasjoner.html>.

Stefnt er að því að verkefninu ljúki nú í haust og að afraksturinn verði til umfjöllunar á þingi SAMAK í nóvember 2014.

Verkalýðshreyfingin í Norður-Atlantshafi (VN)

Samstarf okkar við grænlesku og færeysku verkalýðshreyfinguna innan vébanda Vest- norræna sambandsins hefur áfram verið á lágum nótum en er engu að síður mikilvægur vettvangur skoðanaskipta og tengsla ef til átaka kemur í sjávarútvegi vegna skyldleika og nálægðar. Ársfundur VN var að þessu sinni haldinn í Reykjavík. Ákveðið var að halda starfseminni áfram í sama formi og framlengja ákvæði um að rukka ekki félagsgjöld á árinu 2014 en að málið yrði tekið upp til umræðu á árinu 2015 með hliðsjón af fjárhagslegri stöðu samtakanna.

Evrópusambandið

Ráðgjafarnefnd um starfsmenntamál (ACVT)

Alþýðusamband Íslands á fulltrúa í ráðgjafarnefnd ESB um starfsmenntamál. Ráðgjafarnefndin er skipuð fulltrúum aðildarríkja ESB og EES, þremur fulltrúum frá hverju landi, frá stjórnvöldum, samtökum launafólks og samtökum atvinnurekenda. Ráðgjafarnefndin hittast að jafnaði tvisvar ári, í byrjun vetrar og síðla vors. Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar er að vera framkvæmdastjórn og öðrum stofnunum Evrópusambandsins til ráðgjafar um menntamál. Ljóst er að hafa má margvíslegt gagn af þessu samstarfi bæði til að afla upplýsinga, læra af því sem er að gerast í Evrópu á sviði starfsmenntunar og tengjast því sem þar er að gerast

Fulltrúi ASÍ hafði ekki tækifæri til að sækja fundi nefndarinnar á tímabilinu. Hins vegar gefur aðild að nefndinni góða innsýn inn í það sem helst er á döf-inni á Evrópuvísu í menntamálum og þá einkum á sviði starfsmenntunar og þjálfunar.

Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd og Vinnuverndarstofnun Evrópu

Stefna um vinnuvernd í Evrópu var kynnt í byrjun júní eftir tímabil þar sem meðal annars var lýst yfir af forsvarmönnum ESB að ekki væri þörf á stefnu og hún væri bara hindrun í því verkefni að fjölga störfum og bæta hagkerfi Evrópuþjóða. Uppligg framkvæmdastjórnarinnar hefur verið gagnrýnt harðlega af hálfu fulltrúa launþega. Af hálfu forsvarsmanna ESB er mikið lagt upp úr því að ekki megi setja klafa á lítil og meðalstór fyrirtæki sem komi í veg fyrir að þau dafni og skili eigendum arði. Þetta eru fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn, mikill meirihluti fyrirtækja er í þessum hópi en tæplega helmingur starfandi fólks vinnur hjá þeim. Með þessum málflutningi er verið að skipta verkafólki upp í hópa, þá sem eiga að búa við betra regluverk varðandi vinnuvernd og þá sem búa við lakari vernd vegna þess að viðkomandi vinnur hjá litlu fyrirtæki. Þetta er alveg óásættanlegt.

Verkalýðshreyfinginn í Evrópu hefur mótmælt þessu og sú stefna, sem kynnt var í júní, kemur ekki til móts við kröfur ASÍ um meiri vernd og fækkun slysa og dauðsfalla.

Talsvert er unnið í Evrópu að því að setja betri lágmark varðandi mengun frá ýmsum efnum. Það nýjasta í því er að nú er rætt um mengunarmörk varðandi svokölluð „nanoefni“ en þau innihalda mjög smáar eindir sem geta við innöndun farið mjög djúpt í vefi í t.d. lungum. Ennfremur er verið að kanna hvaða áhrif þessi efni hafa á mannlíkamann en í mörgum tilfellum er það ekki ljóst þar sem þessi efni eru tiltölulega ný á markaði. Aftur á móti fjölgar þeim hratt.

Bilbao-stofnunin, vinnuverndarstofnun Evrópu, kynnti sl. vor næstu herferð sína sem unnið verður að næstu 2 árin. Í þessari herferð er áhersla lögð á að góð vinnuvernd beinist að því að „vinna á streitu“, þætti sem allt of margir þjást af og hefur mikil áhrif á veikindi og þar með kostnað í för með sér fyrir atvinnurekendur og heilbrigðiskerfið. Hér á landi verður ýmislegt gert til að minna á þetta viðfangsefni.

Í ágústmánuði var haldinn fjölmenn ráðstefna um heilsu- og vinnuvernd í Þýskalandi. Þar komu saman rétt tæplega 4.000 manns frá 143 löndum og hlustuðu og ræddu um forvarnir og góð og slæm dæmi um vána sem fylgir því að hafa forvarnir ekki í forgangi. Með því að setja forvarnir í forgang má forðast veikindi og slys til hagsbóta fyrir launafólk, fyrirtæki og samfélagið í heild. Í rannsóknnum, sem kynntar hafa verið, kemur fram að fyrir hverja 1 krónu, sem lögð er í forvarnir, fást til baka á bilinu 2,2 krónur til 2,8 krónur.

Talið er að um 2.600.000 manns deyi árlega í vinnuslysum og úr atvinnusjúkdómum. Þetta jafngildir því að rúmlega 7.000 manns deyja á hverjum degi af þessum orsökum, en sjaldan eða aldrei er minnst á þessi fórnarlömb í fjölmiðlum. Með öflugum forvörnum er hægt að fækka þessum dauðsföllum verulega.

Hér á landi þarf að takast á við atvinnusjúkdómavána sem því miður er lítið sinnt. Vissulega eru þar mörg vandamál við úrlausnir, t.d. vegna þess að sjúkdómarnir gera vart við sig jafnvel mörgum árum eftir að starfsmaður varð t.d. fyrir þeirri mengun sem síðar leiðir til sjúkdóms svo sem krabbameins.

Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC

Framkvæmdastjórn ETUC

Framkvæmdastjórn ETUC kemur saman fjórum sinnum á ári í Brussel og á ASÍ einn stjórnarmann. Hefur forseti ASÍ sótt þessa fundi sem fulltrúi

sambandsins. Starf innan ETUC hefur mótast verulega af alþjóðlegri fjármálakreppu og kröfu samtakanna um samræmd viðbrögð framkvæmdastjórnar og aðildarríkja ESB til að draga úr aukningu atvinnuleysis og verja velferðarkerfið. Einnig hafa samtökin átt í viðræðum við framkvæmdastjórn ESB og Evrópuþingið um leiðir til þess að styrkja stöðu kjarasamninga og kjarasamningsbundinna réttinda gagnvart samkeppnisákvæðum innri markaðarins. Ljóst er að sú ólga, sem verið hefur í Evrópu vegna langvarandi samdráttar, er farin að hreyfa við stjórnámálönnum. Þýska alþýðusambandið, DGB, hafði frumkvæði að því í aðdraganda síns þings sl. vor að setja fram útfærða tillögu að svokallaðri Marshall-áætlun fyrir Evrópu, áætlun um auknar fjárfestingar og framkvæmdir samhliða því að þau ríki Evrópu, sem ekki stæðu frammi fyrir sömu ríkisfjármálakreppu, myndu auka ríkisútgjöld til að freista þess að koma gangverki atvinnulífsins í gang. Niðurstaða kosninga og stjórnarmyndunar í Þýskalandi, þar sem jafnaðarmenn hafa gengið til samstarfs við Angelu Merkel, hefur einnig ýtt undir þetta. Evrópska verkálýðshreyfingin hefur sameinast um þessa aðgerðaráætlun þótt illa hafi gengið að sameinast um leiðir til þess að fjármagna aðgerðina. Starfið innan ETUC mótaðist mikið að kosningum til Evrópuþingsins í sumar ásamt endurnýjun á bæði forystu og framkvæmdastjórn ESB. Víða tóku aðildarsamtök ESB virkan þátt í kosningabaráttunni í þeirri von að hafa áhrif á samsetningu Evrópuþingsins. Niðurstaða kosninganna var mörgum áhyggjuefni, bæði vegna þess hversu lítil þátttakan reyndist vera en einnig vegna þess að öfgahópar til hægri, sem talað hafa fyrir útlendingahatri og einangrun, unnu nokkuð á í þessum kosningum.

EFTA - EES

Ráðgjafarnefnd EFTA

Ráðgjafarnefnd EFTA er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins í EFTA-löndunum. Nefndin hittist að jafnaði fjórum sinnum á ári. Síðla vetrar er í tengslum við fund nefndarinnar haldinn fundur með Stjórnarnefnd EFTA (Standing Committee). Að vori eru í tengslum við fund nefndarinnar haldnir fundir með ráðherrum EFTA-ríkjanna og Þingmannanefnd EFTA. Að hausti heldur nefndin vinnufund þar sem farið er yfir þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Undir lok árs er haldinn fundur með þeim ráðherra EFTA-EES-ríkjanna sem hefur forystu fyrir EFTA hverju sinni. Þá fundar Ráðgjafarnefndin einu sinni á ári með fulltrúum frá Efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC). Í Ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda, sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og Sviss og tveir frá Lichtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildarsamtökunum í einstökum málum.

Eins og áður fjallaði Ráðgjafarnefndin um fjölmörg mál á tímabilinu. Innri markaður EES-ríkjanna (ESB og EFTA-EES) og þau fjölmörgu álitæfni, sem þar koma upp, eru reglulega á dagskrá Ráðgjafarnefndarinnar. Þá var á tímabilinu ítrekað fjallað um fríverslunarviðræðurnar á milli ESB og Bandaríkjanna, stöðu þeirra og möguleg áhrif fyrir EFTA-ríkin. Einnig var jafnrétti á vinnumarkaði til umfjöllunar í starfi nefndarinnar. Þar að auki hafa ýmsir þættir „Evrópa 2020“-áætlunar Evrópusambandsins og staðan varðandi aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu verið til umfjöllunar á fundum ráðgjafarnefndarinnar á tímabilinu.

Ráðgjafarnefnd EES

Ráðgjafarnefnd EES er skipuð fulltrúum úr ráðgjafarnefnd EFTA (annarra en Svisslendinga) og fulltrúa Efnahags- og félagsmálanefndar ESB, á grundvelli EES-samningsins. Ráðgjafarnefndin fundar einu sinni á ári.

Á fundi ráðgjafarnefndarinnar, sem haldinn var í Ósló 8. og 9. maí 2014, voru samþykktar tvær ályktanir, annars vegar um endurnýjanlega orkugjafa og samkeppnishæfni og hins vegar um jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði í ljósi efnahagsþrenginga.

Alþjóðlegur samningur um þjónustuviðskipti – TiSA

Vorið og sumarið 2014 urðu nokkrar umræður í samfélaginu um samningaviðræður sem nú eru í gangi á alþjóðavísu um þjónustuviðskipti. Þessar samningaviðræður fengu aukna athygli eftir að Wikileaks birti gögn vegna viðræðnanna.

Af þessu tilefni sendi Alþýðusamband Íslands 8. júlí sl. erindi til utanríkisráðuneytisins, þar segir:

„Í ljósi umfjöllunar og umræðna sem nú eiga sér stað bæði hér á landi og erlendis vegna svonefndra TiSA-viðræðna telur Alþýðusamband Íslands mikilvægt að eftirfarandi komi fram.

Sú mikla leynd, sem hvílt hefur yfir þessum viðræðum, og þær fréttir, sem þó hafa borist af efni þeirra og áherslum, gefa tilefni til að hafa áhyggjur af því að þar sé verið að fjalla um efni og málsmeðferð sem geti haft umtalsverðar neikvæðar afleiðingar fyrir vinnumarkaðinn hér á landi og réttindi launafólks. Í því ljósi óskar Alþýðusambandið eftir að verða sem fyrst upplýst um efni TiSA-viðræðnanna, stöðu þeirra og hvaða mögulegu áhrif þær geti haft á íslenskan vinnumarkað og hagsmuni launafólks. Jafnframt er áréttuð sú almenna krafa að ekkert það verði gert í viðskiptasamningum Íslands og

annarra ríkja, þ.m.t. TiSA, sem áhrif getur haft á vinnumarkaðinn hér á landi án þess að um það sé haft fullt samráð við Alþýðusamband Íslands.

Þá vill Alþýðusambandið nota þetta tilefni til að benda á og árétta þær áherslur sem koma fram í sameiginlegri yfirlýsingu Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC) og Alþjóðasambands verkalýðsfélaga (ITUC) um TiSA-viðræðurnar þar sem m.a. er lögð áhersla á að viðræðurnar fari fram fyrir opnum tjöldum og að áður en mögulegur samningur verði undirritaður verði lagt mat á efni hans og áhrif m.a. út frá hagsmunum launafólks og tryggt að þeir verði ekki fyrir borð bornir. Einnig eru sett fram nokkur grundvallaratriði sem leggja beri áherslu á í viðræðunum.“

Fundir hagfræðinga alþýðusambanda á Norðurlöndum

Hagfræðingar frá Alþýðusamböndum Norðurlanda funduðu tvisvar á síðastliðnu starfsári, dagana 18.–20. desember 2013 í Helsingør í Danmörku og dagana 16.–18. júní 2014 í Álasundi í Noregi og sótti Róbert Farestveit fundina fyrir hönd Alþýðusambands Íslands. Á fundunum gera þátttakendur grein fyrir stöðu í efnahags- og kjaramálum ríkjanna og auk þess eru umræður um ólíkar aðgerðir stjórnvalda í velferðarmálum, ríkisfjármálum, skattamálum o.s.frv. Á fundinum í Danmörku var lögð áhersla á menntamál og báru niðurstöður PISA-könnunar á góma og í Álasundi voru flutt erindi um launaþróun og kjaramál.

Norðurlöndin halda áfram að vinna sig út úr efnahagskrísu síðustu ára og eru bjartari teikn á lofti í Danmörku og Svíþjóð á meðan staða Norðmanna er sterk. Finnar glíma þó enn við erfið vandamál og takast á við breytta stöðu í hagkerfinu með veikari stöðu Nokia og skógarhöggsiðnaðar auk þess sem titringur í samskiptum við Rússland hefur haft neikvæð áhrif á samskiptin við þeirra stærstu viðskiptaþjóð.

Í Álasundi var þátttakendum boðið að heimsækja laxeldisstöð en Noregur er stærsti framleiðandi á eldislaxi í heiminum með um þriðjung allrar framleiðslu. Þátttakendur kynntust umfangi framleiðslu á eldislaxi í Noregi og gafst tækifæri til að sjá vinnslu, aðbúnað starfsfólks og framleiðsluferlið frá laxaseiðum til pakkningar.

Fræðslufundur ETUI í Madrid

European Trade Union Institute (ETUI) hélt fræðslufund dagana 1.–3. júlí 2014 í Madríd á Spáni sem bar yfirskriftina *Trade Union Strategies against Austerity Policies and Workers rights*. Fundurinn var framhald af samnefnd-

um fundi sem haldinn var í Reykjavík dagana 14.-16. maí 2013. Þátttakendur komu frá 11 Evrópuríkjum og var lögð áhersla á afleiðingar niðurskurðar í þátttökuríkjum og hvaða úrræði verkalýðshreyfingin hefði og gæti beitt. Á fundinum fór Róbert Farestveit yfir stöðu íslensks efnahagslífs, viðbrögð íslenskrar verkalýðshreyfingar við efnahagshruninu og hvernig virkum vinnu- markaðsaðgerðum var beitt gegn atvinnuleysi og langtímaatvinnuleysi.

Alþjóðavinnuálagstefnunin - ILO

103. þing ILO

Í sendinefndinni sátu af hálfu stjórnvalda Marteinn Eyjólfsson, sendiherra í Genf, og ásamt honum Finnur Þór Gylfason sendifulltrúi. Varafulltrúar voru þeir Gylfi Kristinsson frá velferðarráðuneytinu og Þórður Sigtryggsson sendiráðsritari. Af hálfu samtaka verkafólks sóttu þingið Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, og varamaður hans, Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum hjá ASÍ og skólastjóri Genfarskólans. Af hálfu atvinnurekenda sátu þingið lögfræðingar SA, þau Hrafnhildur Stefánsdóttir og Álfheiður Sívertsen. Genfarskólann sóttu að þessu sinni Eiður Stefánsson frá ASÍ (frá Félagi verslunar og skrifstofufólks á Akureyri) og Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB. Meginmálefnið voru: Skipulag og markmið atvinnu (e. strategic objective of employment); bókun og tilmæli við samþykkt ILO nr. 29 um afnám nauðungarvinnu; breytingar á samþykkt ILO nr. 186 um vinnuskilyrði farmanna; úr óformlega hagkerfinu í formlegt (e. Transitions from the Informal to the Formal Economy); framkvæmd alþjóðasamþykkt; kosning stjórnarnefndar.

Skipulag og markmið atvinnu (e. strategic objective of employment)

Magnús M. Norðdahl sat í þessari nefnd en hann var jafnframt talsmaður Norrænu verkalýðshreyfingarinnar í henni og sat í samninganefnd. Mikil gagnrýni kom fram á harkalegan niðurskurð víða um heim og þær alvarlegu afleiðingar sem hann hefði haft á þróun framkvæmda, atvinnu og eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Um 200 milljónir manna séu atvinnulausir og 40% þeirra ungt fólk. Stöðugt hafi grafið undan mannsæmandi störfum með auknu óöryggi launafólks í alls konar, ótraustum og óskýrum ráðningarsamböndum. Í niðurstöðum nefndarinnar er ILO gert að samræma og samþætta starfsemi sína í þessu efni og styrkja samstarf sitt við bæði alþjóðlegar og fjölþjóðlegar stofnanir með það fyrir augum að inn í áætlanir þeirra og ráðgjöf í efnahagsmálum sé þess ætíð gætt að þær stuðli að vexti mannsæmandi starfa og veiki hvorki stöðu launafólks né aðila vinnumarkaðarins.

Bókun og tilmæli við samþykkt ILO nr. 29, um afnám nauðungarvinnu

Gildandi samþykktir og tilmæli á þessu sviði hafa ekki dugað til þess að útrýma nauðungarvinnu og fyrirfinnst hún með einum eða öðrum hætti – en í breyttri mynd – enn þá víða um heim en talið er að a.m.k. 21 milljón manna sé í nauðungarvinnu. Niðurstaða þingsins var að samþykkja nýjan inngang við eldri samþykkt og ný tilmæli til aðildarríkjanna. Þannig var gildissvið samþykktar nr. 29 breikkað og tekur nú m.a. til mansals.

Breytingar á samþykkt ILO nr. 186 um vinnuskilyrði farmanna

Þingið afgreiddi breytingar á samþykkt nr. 186 sem fela í sér skyldu skipstjórnarmanns til að hafa til reiðu um borð í skipi vottorð sem staðfesta fjárhagslega getu til að standa straum af kostnaði við að aðstoða skipverja sem lenda í áföllum, t.d. vegna slysa eða veikinda. Vinnuhópur hagsmunaaðila á vegum innanríkisráðuneytisins með þátttöku fulltrúa velferðarráðuneytisins hefur frá því haustið 2013 unnið að undirbúningi tillögu um fullgildingu Íslands á samþykkt nr. 186.

Úr óformlega hagkerfinu í formlegt

Ekki hefur með fullnægjandi hætti tekist að þýða ofangreind hugtök á íslensku. Hér á landi er yfirleitt talað um svarta atvinnustarfsemi eða neðanjarðarhagkerfið. Það nær ekki yfir þessi fyrirbæri í alþjóðlegu samhengi. Með starfi í óformlega hagkerfinu er átt við starfsemi sem kallar á starfsmenn og fjárhagslega umsýslu sem í raun eða lögum samkvæmt er ekki eða ekki nægilega lögbundin. Þetta getur bæði átt við um einkageirann og hinn opinbera. Á þinginu kom fram að um 40 hundraðshlutar af vinnuafli heimsins falli undir þessa skilgreiningu. Af því leiðir að þessi hluti starfsmanna er án grundvallaréttinda í atvinnulífinu og nýtur ekki – eða að takmörkuðu leyti – réttar til trygginga og ýmiss konar bóta, t.d. atvinnuleysisbóta. Jafnframt er verulegum vandkvæðum bundið að innheimta skatta og iðgjöld til fjármögnunar á velferðarkerfi, skipuleggja vinnuvernd og vinnumarkað o.fl. Um er að ræða tveggja ára umræðu sem markmiðið er að ljúka með samþykkt nýrra tilmæla á 104. þingi ILO 2015.

Nefnd um framkvæmd samþykpta

Alger upplausn ríkti í störfum þessarar nefndar á þinginu 2012 eins og fram kemur í fyrri skýrslu. Á þinginu 2013 tókst sátt um afgreiðslu nefndarinnar með tilteknum fyrirvörum af hálfu atvinnurekenda sem fulltrúar launafólks samþykktu að fram kæmu í niðurstöðum í það eina sinn. Á þessu þingi voru 19 mál til afgreiðslu. Umræðu tókst að ljúka um þau öll en þegar kom að afgreiðslu niðurstaðna nefndarinnar kröfðust atvinnurekendur þess að sömu

fyrirvarar kæmu inn núna. Því var hafnað og skilaði nefndin því engum niðurstöðum um kærumál. Afstaða atvinnurekenda, þ.m.t. hinna íslensku, á sér enga stöð í áratugaframkvæmd ILO. Líklegast er að atvinnurekendur vilji tryggja að ILO gagnrýni ekki ríki eins og Kína og Indland og koma í veg fyrir að slík ríki og samstarfsaðilar þeirra sæti gagnrýni vegna brota á grundvallarmannréttindum launafólks og verkalýðshreyfingar í alþjóðlegum viðskiptum sínum. Tvær leiðir til lausnar eru í boði. Hin fyrri felst í að sérstakur gerðardómur skv. reglum ILO útkljái málið og hin síðari að ágreiningurinn verði settur fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag. Síðari kosturinn er að líkindum vænlegri og ekki er ólíklegt að hann verði fyrir valinu.

Kosning stjórnarnefndar

Stjórn stofnunarinnar er kjörin á 3ja ára fresti og kýs hver hópur sína fulltrúa. Norðurlöndin eiga einn fulltrúa í stjórn f.h. verkafólks og hafa skipt stjórnarsetu sín í milli. Fyrir 7 árum gerði Ísland kröfu um að koma inn í þessi skipti en það hafði ekki verið gert fyrir. Þá var ákveðið að Ísland skyldi sitja hjá meðan Noregur tæki sæti en Norðmenn voru næstir í röðinni. Var þetta í samræmi við þann hátt sem hafður var á þegar Finnland gerði sams konar kröfu. Þegar leið á undirbúning þingsins kom í ljós að Danmörk og Noregur höfðu komið sér saman um að gengið skyldi fram hjá Íslandi með öllu sem var í engu samræmi við þá niðurstöðu sem áður hafði fengist. Tekist var á um þetta meðal forystumanna norrænu alþýðusambandanna sem lauk með því að gerð var sérstök samþykkt um skipan mála en jafnframt að Ísland skildi sitja hjá öðru sinni. Skyldi hvert ríki að jafnaði ekki eiga fulltrúa í stjórnarnefndinni í meira en tvö kjörtímabil hverju sinni. Jens Erik Ohrt frá danska alþýðusambandinu var síðan kjörinn í stjórnarnefndina til næstu þriggja ára.

Genfarskólinn

Skólinn starfaði að venju með miklum krafti en þetta var síðasta starfsár Mariönnu Traustadóttur, sérfræðings í jafnréttismálum hjá ASÍ, sem skólastjóra. Voru henni færðar þakkir og kveðjur við starfslok. Marvi Ylitalo frá Finnlandi mun taka við sem skjólastjóri en hún var áður kennari við skólann.

Mat o.fl.

Magnús M. Norðdahl var eins og fyrr segir kjörinn í samninganefnd launafólks en í því felst veruleg vinna allan þingtímann. Því miður er sendinefnd Íslands það fámenn að ekki er hægt að manna nefndir en æskilegt væri að geta mannað a.m.k. 2 helstu nefndir hvers þings. Þingið var starfsamt og dagskrá þétt. Veruleg ástæða er til þess að hafa áhyggjur af framferði og stöðutöku atvinnurekenda á þinginu. Ólíklegt er að friður fái um störf þingsins fyrir en

úrskurður liggur fyrir um túlkun á verkfallsréttinum. Þetta þing var það síðasta sem Gylfi Kristinsson situr. Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins héldu honum lítið hóf af því tilefni en auk þess færði ASÍ honum að gjöf nýútkomna sögu ASÍ.

Þríhliðanefnd ILO á Íslandi

Nefndin kom saman til 4 funda á síðasta starfsári. Til meðferðar er ennþá fullgilding eftirfarandi samþykktar:

- Nr. 185 um persónuskilríki sjómanna. Vinnu við greiningu er lokið. Tæknilegar hindranir eru á fullgildingu en leitað er leiða til þess að gefa út skírteini sem uppfylla megin skilyrði samþykktarinnar og sem tryggja mun frjálsa för sjómanna.
- Nr. 186 um farmenn. Engin hindrun er fyrir fullgildingu en SA leggst gegn henni m.a. vegna þess að engin farskip séu lengur skráð hér á landi.
- Nr. 187, rammisamþykkt um aðbúnað og hollustuhætti er tilbúin til fullgildingar en SA leggst gegn.
- Nr. 188 um fiskimenn er nánast tilbúin til fullgildingar.
- Loks hefur verið fjallað um nr. 189 um starfsmenn á einkaheimilum þar sem ekki er hindrun á staðfestingu en sem SA leggst gegn.

Segjast verður að lítið hefur þokast í þessum efnum á starfsárinu. Kippur kom í meðferð sjómannasamþykktanna þegar umsókn var send inn um aðild að ESB þar sem sambandið gerir ráð fyrir að samþykktir þessar gildi í aðildarríkjunum en áhuginn dofnaði hratt eftir að hlé var gert á aðildarviðræðum.

Norræna ILO samstarfið

Fulltrúar norrænu verkalýðshreyfingarinnar innan ILO hittust 4 sinnum á starfsárinu til skrafs og ráðgerða og til undirbúnings fyrir þing ILO. Skólastjórnarskipti urðu í Genfarskólanum þar sem Maríanna Traustadóttir lét af störfum og Mervi Ylitalo tók við.



Lagabreytingar og skipulagsmál

Laganefnd

Laganefnd kom saman á 4 fundum á starfsárinu og afgreiddi á fundum sínum lagabreytingar 10 aðildarféлага. Tvennar lagabreytingar voru afgreiddar með fyrirvara en að öðru leyti var mælt með staðfestingu þeirra allra. Miðstjórn samþykkti allar tillögur laganefndar.

Skipulags- og starfsháttanefnd

Skipulags- og starfsháttanefnd kom saman á 4 formlegum fundum á starfsárinu. Fjallað var um þær tillögur til breytinga á lögum ASÍ sem miðstjórn lagði síðar fram. Ákveðið var að leggja til breytingar sem styrkja gerð ársreikninga aðildarfélaganna og breyta við það viðmiðunarreglum í skuldbindandi reglur; jafnframt að skýra ákvæði laganna um atkvæðisrétt á formannafundum, fjölga varamönnum í miðstjórn og taka af allan vafa um bótarétt í sjúkrasjóðum vegna slysa sem bætt eru úr lögbundnum tryggingum. Nefndin fól starfsmanni jafnframt að afla upplýsinga um þann kostnað sem aðildarsamtökin hafa af lögfræðipjónustu við sig og félagsmenn sína. Þeirra er nú aflað.

ASÍ-UNG

Stjórn ASÍ-UNG, sem var kjörin á þinginu 2012, hóf sl. haust síðara starfsár kjörtímabilsins. Fulltrúar voru sem áður: Guðni Gunnarsson formaður (VM), Hrefna Gerður Björnsdóttir varaformaður (Aldan), Friðrik Guðni Óskarsson (FIT), Guðfinna Alda Ólafsdóttir (VR), Gísli Jósep Hreggviðsson (Mjólkurfræðingafélag Íslands), Ingólfur Björgvin Jónsson (Efling), Sverrir Einarsson (AFL starfsgreinafélag), Hrönn Jónsdóttir (Félag bókagerðarmanna) og Valur Sigurgeirsson (Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri).

Síðari hluti starfsársins einkenndist af undirbúningi og hugarflugi fyrir 3. þing ASÍ-UNG sem haldið verður nú að hausti. Stjórnin fundaði alls sjö sinnum á starfsárinu og lét sér ekkert mannlegt óviðkomandi.

Í nóvember 2013, á fyrsta fundi í kjölfar þess að fjárlög Alþingis voru birt, sendi stjórn ASÍ-UNG frá sér svohljóðandi ályktun:

Stjórn ASÍ-UNG skorar á ríkisstjórnina að breyta forgangsröðun

Stjórn ASÍ-UNG lýsir yfir vonbrigðum með neikvæða stefnu ríkisstjórnarinnar um málefni ungs fólks. Fyrstu misseri nýrrar ríkisstjórnar bera þess merki að forgangsröðun málaflokka sé ekki hliðholl ungu fólki. Fjárlagafrumvarpið felur í sér mikinn niðurskurð til menntamála og breytingar á skattadögum þjóna ekki hagsmunum ungs fólks. Til að bæta gráu ofan á svart er svo fallið frá áætlaðri réttindaaukningu fólks til fæðingar- og foreldraorlofs.

Með vísan í framangreint skorar stjórn ASÍ-UNG því á ríkisstjórnina að hverfa frá nefndum ógæfusporum og forgangsraða í þágu ungs fólks í stað eignafólks og auðmanna.

Á fundi sínum í desember 2013 fjallaði stjórn ASÍ-UNG sérstaklega um boðaðar breytingar á skattkerfinu og sendi frá sér svohljóðandi harðorða ályktun þar sem engum er hlíft:

Stjórn ASÍ-UNG vill minna á unga fólk!ð!

„Nú hefur ríkisstjórnin boðað til breytingar á skattkerfinu og ASÍ lagt fram tillögu um aðra leið. Í stuttu máli leiða báðar þessar leiðir til þess að verkafólk, sem hefur undir 250.000 kr. í laun, fær enga skattalækkun heldur einungis þeir sem hafa hærra tekjur og í raun því hærra tekjur því meiri lækkun.

Hvað er ríkisstjórnin að hugsa? Og hvers vegna er launaþegahreyfing sem ætti að bera hag allra fyrir brjósti að leggja fram tillögur sem einungis gagnast

„þorra launafólks“ í stað þess að berjast fyrir hag ALLRA. Aðgerðir eins og t.d. að hækka persónuafslátt er aðgerð sem gagnast ÖLLUM, sama hvort þeir eru með undir 200.000 kr. eða yfir 2.000.000 kr. í mánaðarlaun!

Stjórn ASÍ-UNG vill vekja athygli á því að stór hluti félagsmanna aðildarfélaganna ASÍ er ungt fólk á aldrinum 16–35 ára og þar á meðal eru fjöldamargir sem ekki ná endum saman um hver mánaðarmót einfaldlega vegna þess að of lítill peningur er að rata í launaumslagið.

Rétt er að minna á að unga fólk er í raun sá hópur sem er með hvað stærstu útgjöldin. Það eru reyna að koma sér upp heimili, og situr oft uppi annað hvort með stökkbreytt húsnæðislán eða er á rándýra leigumarkaðnum, það er að stofna til fjölskyldu, fer í fæðingarorlof, borgar leikskólagjöld, borgar fæðisgjöld í skólum, borgar námslán o.s.frv. Ekki nóg með það heldur er þessi sami hópur með lægstu launin vegna stuttrar starfsreynslu á vinnumarkaði og lendir þar af leiðandi í lægri þrepum kauptaxta. Á mannamáli þýðir þetta að unga fólk er að standa straum af stærstu fjárhagsskuldbindingunum með lægstu laununum. Þetta „meikar ekki sens“ ...

Stjórn ASÍ-UNG fullyrðir að 2.000 kr. skattalækkun til þeirra sem eru tekju-lægstir mun koma til að nýtast samfélaginu betur heilt yfir heldur en að rétta millitekju- og hátekjufólkinu fleiri þúsundkalla til umræða um hver mánaðarmót.

Ríkisstjórnin og ASÍ verða að átta sig á því að unga fólk er framtíð Íslands. Ungu fólk er verður að fá tækifæri til að skapa sér framtíð hér á landi ella er hætt við því að unga fólk er pakki ofan í tösku og segi „bless bless Ísland“.

Í kjölfar mikillar umræðu um stöðu aðildarviðræðna Íslands við ESB lét ASÍ-UNG ekki sitt eftir liggja að segja sína skoðun með neðangreindri ályktun í mars 2014:

Þjóðin á síðasta orðið

„Stjórn ASÍ-UNG skorar á ríkisstjórn Íslands og Alþingismenn að draga ekki aðildarumsókn Íslands að ESB til baka án þess að málið hafi verið borið undir þjóðina.

Málið var í ferli þar sem þjóðin átti að eiga síðasta orðið og því telur stjórn ASÍ-UNG að ekki sé hægt að svipta þjóðina síðasta orðinu. Þjóðin á alltaf síðasta orðið og hún mun eiga síðasta orðið í þessu máli hvort sem það er nú eða síðar. Það er verra ef góð mál bíða skaða á meðan.

Jafnframt er skorað á ráðamenn að lýsa a.m.k. yfir vopnahléi í því stríði sem margir þeirra virðast nú sem áður heyja við tungumálið og almenna merkingu orða. Orðum fylgir ábyrgð og sífellt misskilinn stjórnmalamaður þarf að líta í eigin barm.“

Í maí 2014, fékk ASÍ-UNG fyrstu kynni sín af alþjóðlegu samstarfi er ungliða-hreyfingar aðildarsamtaka í Norrænu verkalýðshreyfingunni (NFS) funduðu hér á landi. Á fundunum var rætt um stöðu ungs fólks á Norðurlöndum og skipst á þekkingu og bækur bornar saman. Var það mál allra sem aðkomu áttu að vel hafi tekist til.

Þriðja þing ASÍ-UNG var haldið 12. september 2014 undir yfirskriftinni *Samfélag fyrir alla ... líka unga fólkið*. Öll aðildarfélög ASÍ, rúmlega fimmtíu talsins, hafa rétt til að senda fulltrúa á þingið. Á þinginu fjölluðu Henný Hinz og Ari Eldjárn m.a. um tekjuskiptingu í samfélaginu og samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Þingið sóttu 26 þingfulltrúar og 10 aukafulltrúar. Góð stemmning var meðal þingfulltrúa og almenn ánægja með þá málefnavinnu sem fram fór í aðgreindum hópum. Sú vinna skilaði eftirfarandi ályktunum:

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

„Þriðja þing ASÍ-UNG ítrekar mikilvægi þess að samfélagið taki aukið tillit til fjölskylduábyrgðar og veiti fjölskyldufólki sveigjanleika til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Í því skyni hefur 3. þing ASÍ-UNG fjallað um málið og setur fram eftirfarandi kröfur til hlutaðeigandi.

- ASÍ-UNG krefst þess að sveitarfélög hafi leikskóla opna yfir sumartíma þar sem oft er erfitt að samræma sumarfrí barna og foreldra.
- ASÍ-UNG krefst samræmingar á starfsdögum og öðrum frídögum hjá leik- og grunnskólum í landinu.
- ASÍ-UNG krefst þess að heimild fái st til að nýta hluta af eigin veikindarétti til að sinna veikindum barna ef þörf krefur.
- ASÍ-UNG krefst þess að stjórnvöld lengi fæðingarorlof, hækki greiðsluþakið og hækki hlutfall.
- ASÍ-UNG krefst þess að stefnt verði að styttingu vinnuviku án þess að afkoma skerðist.“

Húsnæði – mannréttindi ekki forréttindi – ÍTREKUN

„Þriðja þing ASÍ-UNG áréttar ályktun frá fyrra þingi er varðar húsnæði en lítið sem ekkert hefur þokast á þeim vettvangi á síðustu tveimur árum. ASÍ-UNG leggur áherslu á að aðgangur að öruggu íbúðarhúsnæði eru mannréttindi ekki

forréttindi! Íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum er grundvallaratriði svo ungt fólk geti komið undir sig fótum og skapað fjölskyldum sínum góð lífskilyrði.

Vandinn á húsnæðismarkaðinum er margþættur. Húsnæðisverð er hátt og greiðslubyrði af húsnæði er þung. Ungt fólk fær ekki greiðslumat í dag og nánast útilokað er fyrir ungt fólk að safna fyrir útborgun í eigið húsnæði. ASÍ-UNG telur mikilvægt að greiðslumat vegna íbúðarkaupa sé raunhæft og taki aukið mið af stöðu hvers og eins og geri þannig ungu fólki kleift að festa kaup á húsnæði.

Framboð af leiguhúsnæði er afar takmarkað, húsaleigan há og húsnæðisöryggi ekkert. Gera þarf leigu að raunhæfum valkosti á húsnæðismarkaði. Til þess þurfa stjórnvöld að styðja við stofnun leigufélaga sem tryggja öruggt langtímaleiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum. Stuðningur við leigjendur er enn mun minni en við húsnæðiseigendur og hugmyndum um eitt húsnæðisbótakerfi hefur enn ekki verið hrint í framkvæmd. Núverandi húsaleigubótakerfi styður illa við ungt launafólk sem er með öllu óásættanlegt.

ASÍ-UNG gagnrýnir harðlega skuldalækkunaraðgerðir stjórnvalda en með þeim er verið að ráðstafa miklum fjármunum sem nýtast ungu fólki með takmörkuðum hætti. Meginþorri ungs fólks fær ekki þá aðstoð sem boðið er upp á. Aðgerðir, sem skerða líffeyri, munu eingöngu fresta þeim vanda sem við búum við og eru því með öllu óásættanlegar.

Þriðja þing ASÍ-UNG spyr því hvaða aðgerðir munu gagnast okkur í þeim vanda sem við búum við í dag?“

Upprættum svarta atvinnustarfsemi og kennitölufلاك!

„Þriðja þing ASÍ-UNG skorar á stjórnvöld að leggja ríkari áherslu á að uppræta svarta atvinnustarfsemi og kennitölufلاك.

Ungt fólk, sem er að hefja sín fyrstu skref á vinnumarkaði, er oft ekki upplýst um réttindi sín á vinnumarkaði og verður því oft fórnarlömb slíkrar starfsemi og stendur uppi réttindalaust.

Stöðvum svindl á ungu launafólki!

Ungt fólk er í ljósi reynsluleysis síns sérstaklega berskjaldað á vinnumarkaði. Fréttir undanfarinna missera, t.d. af hótél- og veitingageiranum þess efnis að það sé orðið undantekning frekar en aðalreglan að lög- og kjarasamningsbundin réttindi ungs launafólks séu virt, þarf að taka alvarlega og svindlið þarf að

uppræta. Afleiðingarnar eru ekki bara bein kjararárýrnun fyrir þá sem fyrir þessu verða heldur leiðir þetta einnig til félagslegra undirboða sem hefur neikvæðar afleiðingar fyrir starfsgreinina í heild sinni.

Nauðsynlegt er að ráðast í markvisst átak sem felur það í sér að nálgast ungt fólk og fræða það um réttindi sín annars vegar og hins vegar þarf að fordæma þá atvinnurekendur sem gerast sekir um brot á réttindum launafólks.

Með vísan í framangreint skorar 3. þing ASÍ-UNG á stéttarfélögin í landinu að gera betur í því að fræða unga fólki og jafnframt skera upp herör gegn þeim atvinnurekendum sem kerfisbundið svindla á launafólki.“

Á þinginu var ný stjórn ASÍ-UNG kjörin, hana skipa: Unnur Rán Reynisdóttir (Félag hársnyrtisveina); Freydís Ösp Leifsdóttir (Báran); Linda Rós Reynisdóttir (VR); Eiríkur Þór Theódórsson (StéttVest); Ingólfur Björgvin Jónsson (Efling); Friðrik Guðni Óskarsson (FIT); Guðni Gunnarsson formaður (VM); Einar Magnús Einarsson (Framsýn); Eva Hrund Aðalbjarnadóttir (Mjólkurfræðingafélagi Íslands).



Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ

Starfsemi á skrifstofu ASÍ byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af forseta og fjármálastjóra ASÍ í samráði við starfs- og fjárhagsnefnd og síðan samþykkt af miðstjórn ASÍ. Starfs- og fjárhagsáætlun var lögð fyrir miðstjórn í byrjun desember, þar sem línur voru lagðar fyrir starfsemi skrifstofunnar fyrir árið 2014, og hún síðan samþykkt á fundi miðstjórnar í janúar 2014. Dregið hefur úr áhrifum efnahagsþrenginganna á tekjur aðildarfélaganna og hefur það skilað sér til ASÍ. Engu að síður var ákveðið að bíða enn um sinn með að ráða í stöðu framkvæmdastjóra og hefur Ólafur Darri Andrason, deildarstjóri hagdeildar ASÍ, áfram gegnt hlutverki fjármálastjóra og Eyrún Björk Valsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar ASÍ/MFA, hlutverki starfsmannastjóra. Starfsemi á skrifstofu ASÍ markaðist á tímabilinu einkum af þeim viðfangsefnum sem fjallað er um í þessari skýrslu og ber þar hæst gerð kjarasamninga og eftirfylgni með þeim ásamt húsnæðismálum í fjölmörgum undirnefndum nefndar félagsmálaráðherra. Fjölmörg mál koma til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess á hverju ári. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga, útreikninga og lög, auk hagfræðilegra úrlausnarefna af ýmsu tagi. Margvísleg upplýsingagjöf er mikill og vaxandi þáttur í starfsemiinni. Hrun fjármálakerfisins og sá gríðarlegi efnahagslegi samdráttur og félagslegu erfiðleikar, sem félagsmenn okkar hafa lent í, hefur sett mark sitt á starf ASÍ undanfarin ár.

Starfsmenn á skrifstofu ASÍ 1. október 2014

Starfsmenn Alþýðusambands Íslands voru þann 1. október síðastliðinn sem hér segir: Ása Jónsdóttir gjaldkeri, Ástríður Andrésdóttir fulltrúi, Halldór Oddsson, lögfræðingur, Eyrún Björk Valsdóttir, fræðslufulltrúi og deildarstjóri MFA fræðsludeildar ASÍ, Guðmundur Hilmarsson, sérfræðingur og kennari við Félagsmálaskóla alþýðu, Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og deildarstjóri félagsmáladeildar, Henny Hinz hagfræðingur, Hanna Elísdóttir matráðskona, Lilja Lind Pálsdóttir hagfræðingur, Kristjana Birgisdóttir, verkefnisstjóri verðlagseftirlits, Magnús Norðdahl, lögfræðingur og deildarstjóri lögfræðideildar, María Haraldsdóttir, bókarí og starfsmaður Félagsmálaskóla alþýðu, Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, Róbert Farestveit hagfræðingur, Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar ASÍ, Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningardeildar, Sif Ólafsdóttir fulltrúi, Signý Jóhannsdóttir, varaforseti ASÍ, og Sigurlaug Gröndal, verkefnisstjóri Félagsmálaskóla alþýðu.

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ári. Sigurður Magnússon, sérfræðingur og kennari við Félagsmálaskóla alþýðu, lét af störfum vegna samdráttar í starfsemi Félagsmálaskólans og Ingibjörg Björnsdóttir lét af störfum matráðs vegna veikinda.



Umsókn um aðild að Evrópusambandinu

Á 40. þingi ASÍ í október 2012 var eftirfarandi ályktun samþykkt af öllum þorra þingfulltrúa. Tveir voru á móti:

„40. þing Alþýðusambands Íslands telur mikilvægt að ljúka viðræðum Íslands og ESB svo fljótt sem kostur er með það að markmiði að ná eins hagstæðum samningum og unnt er. Það verði síðan íslenska þjóðin sem taki afstöðu til samningsniðurstöðunnar og aðildar að ESB í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

ASÍ hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort hagsmunum Íslands og íslensks launafólks sé best borgið með aðild að ESB en hefur skýra sýn á hvaða markmiðum þurfi að ná í aðildarviðræðunum til þess að hægt verði að leggja endanlegt mat á kosti og galla fullrar aðildar.

Með skýrri sýn ASÍ um markmið sem nást þurfi í aðildarviðræðunum og stefnumótun að öðru leyti er átt við málefnavinnu og samþykkt aukaársfundar ASÍ í mars 2009 sem gefin var út í ritinu „Sýn ASÍ á Evrópusamvinnuna og samningsmarkmið í aðildarviðræðum við ESB“.

Í skýrslu forseta 2009 var gerð grein fyrir áherslum ASÍ og samningsmark-

miðum í aðildarviðræðunum við Evrópusambandið. Um þann þátt sagði í skýrslunni:

„Nú þegar Ísland hefur sótt um aðild að ESB leggur ASÍ ríka áherslu á mikilvægi þess að skilgreina með skýrum hætti samningsmarkmið fyrir aðildarviðræður við Evrópusambandið sem formlega munu væntanlega hefjast í byrjun árs 2010. Við skilgreiningu á samningsmarkmiðum þarf að gæta sérstakra hagsmuna Íslendinga og íslensks launafólks. Alþýðusamband Íslands hefur um árabil lagt grunninn að slíku starfi og stefnir að því að leggja fram áherslur sínar í öllum helstu málaflökkum er varða aðildarviðræðurnar við ESB og hagsmuni launafólks.

Á aukaársfundu ASÍ 25. mars 2009 var stigið mikilvægt skref í þá átt. Í þeim kafla skýrslu forseta, sem fjallar um aukaársfundinn, eru samþykktir hans birtar, auk þess sem gögn, sem undirbúin voru fyrir umræðuna á fundinum, eru birt sem viðauki aftan við þessa skýrslu.“

Aðildarumsóknin að ESB og afstaða Alþýðusambandsins var til umfjöllunar á 40. þingi ASÍ í október 2012 þar sem fyrri afstaða sambandsins var áréttuð.

Í skýrslum forseta hefur verið gerð ítarleg grein fyrir stefnumótun Alþýðusambandsins varðandi Evrópusamvinnuna, undirbúningi ASÍ undir þátttöku í aðildarviðræðunum við ESB, verklagi, sem ákveðið var að viðhafa af hálfu ASÍ, og framgangi vinnunnar, en Alþýðusambandið átti fulltrúa í öllum níu samningahópunum sem fjölluðu um önnur mál en lagaleg málefni í aðildarviðræðunum, a.m.k. einn í hverjum hópi.

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar segir: „Gert verður hlé á aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið og úttekt gerð á stöðu viðræðnanna og þróun mála innan sambandsins. Úttektin verður lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar og kynnt fyrir þjóðinni. Ekki verður haldið lengra í aðildarviðræðum við Evrópusambandið nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Strax í byrjun sumars 2013 var Evrópusambandinu gerð grein fyrir því að hlé yrði gert á aðildarviðræðunum og var því ekki frekar lýst, hvorki hvort um tímabundið hlé væri að ræða né hvort og þá hvað kæmi í staðinn.

Af hálfu utanríkisráðherra kom m.a. fram haustið 2013 að ekki verði haldið áfram aðildarviðræðum við ESB meðan hann væri ráðherra utanríkismála. Þá

var áréttað að engin ákvörðun hefði verið tekin um það hvort og þá hvenær þjóðaratkvæðagreiðslan færi fram og hefur mátt skilja að það verði jafnvel ekki á yfirstandandi kjörtímabili.

Ríkisstjórnin fól Hagfræðistofnun Háskóla Íslands undir áramót að gera úttekt á stöðu viðræðnanna og þróun mála innan Evrópusambandsins. Skýrsla Hagfræðistofnunar var birt um miðjan febrúar 2014.

Skýrsla Alþjóðamálastofnunar HÍ um aðildarviðræður við ESB

Í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að setja aðildarumsóknina að Evrópusambandinu á Ís varð mikil umræða í miðstjórn hvernig bregðast ætti við í ljósi eindreginnar niðurstöðu 40. þings ASÍ um að ljúka ætti viðræðunum við Evrópusambandið, ná sem hagstæðustum samningi og bera hann síðan undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ákveðið var að leita samstarfs við önnur samtök á vinnumarkaði um að gera úttekt á stöðunni varðandi aðildarumsóknina, hverju væri lokið, hvað stæði út af og hvernig best væri að standa að málinu í framhaldinu.

Um málið náðist samstarf við Samtök atvinnulífsins, Viðskiptaráð og síðar Félag atvinnurekenda. Þegar síðan spurðist að ríkisstjórnin hygðist gera samþæfilega úttekt óskuðu framangreind samtök með bréfi til forsætisráðherra 24. september eftir samstarfi við stjórnvöld um slíka úttekt. Forsætisráðherra sá hins vegar ekki ástæðu til að svara bréfinu og fékk ríkisstjórnin Hagfræðistofnun HÍ til að vinna sérstaka úttekt samkvæmt sinni forskrift. Í framhaldinu gerðu framangreind samtök samning við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins var skilgreint þannig að leggja ætti mat á stöðu aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins, greina þau álitæfni, sem eru til staðar, og þá kosti sem eru í stöðunni. Þá yrði fjallað um þróun Evrópusambandsins síðan aðildarviðræðurnar hófust með sérstakri áherslu á gjaldmiðilsamstarfið. Sérstakt mat yrði einnig lagt á hvernig hefja mætti aðildarviðræður við ESB að nýju ef vilji stæði til þess. Þá yrði lagt mat á EES-samninginn og þá möguleika og takmarkanir sem í honum felast.

Skýrsla Alþjóðamálastofnunar HÍ kom út í byrjun apríl 2014. Í ágripi af helstu niðurstöðum segir m.a. um gang aðildarviðræðnanna:

„Viðmælendur skýrsluhöfunda voru sammála um að aðildarviðræðurnar hafi gengið hratt og vel fyrir sig hvort sem miðað er við önnur umsóknarríki eða hve umsvifamikilið ferlið er. Hafa verður í huga að umgjörð aðildarferlisins

hefur þyngst frá því t.d. Svíþjóð og Finnland sömdu við Evrópusambandið fyrir 20 árum. En á sama tíma er ljóst að tveggja áratuga þátttaka Íslands í EES-samstarfinu liðkaði töluvert fyrir samningum þar eð löggjöf hérlendis hefur að verulegu leyti verið aðlöguð löggjöf Evrópusambandsríkja, auk þess sem mikil þekking er til staðar í íslensku stjórnkerfi á viðfangsefninu. Viðmælendur voru meðvitaðir um að íslensk stjórnvöld hefðu viljað sjá hraðara samningaferli en að öllu samandregnu voru það einkum fimm áhrifaþættir sem hægðu á málinu.

- Í fyrsta lagi eru aðildarviðræður nú þyngri í vöfum eftir mikla stækkun ESB árin 2004 og 2007, þegar samtals tólf ný aðildarríki bættust í hópinn. Til að mynda hefur sérstakri rýnivinnu verið bætt við sem aðfara að viðræðum. Rýnivinnan lengdi ferlið um eitt ár.
- Í öðru lagi setti hin alþjóðlega fjármálakrísa strik í reikninginn hjá báðum samningsaðilum með ýmsum hætti og nægir þar að nefna Icesave-málið til sögunnar.
- Í þriðja lagi varð skortur á samstöðu innan ríkisstjórnarinnar til þess að tefta fyrir og olli því meðal annars að samningsafstaða var ekki lögð fram í ákveðnum málaflokkum, svo sem í landbúnaðarmálum.
- Í fjórða lagi olli sú ákvörðun íslenskra stjórnvalda í ársbyrjun 2013 að setja viðræðurnar í „hægagang“ fram yfir þingkosningar óvissu hjá ESB um áframhald þeirra og stöðvaði marga ferla í aðildarviðræðunum.
- Í fimmta lagi olli makríldeilan því að ekki tókst að opna kaflann um sjáv-
arútveg áður en hlé var gert á viðræðunum.

Ef rýnt er í stöðu einstakra kafla er ljóst að Ísland hafði þegar náð fram sérlausnum, undanþágum og/eða aðlögunarfrestum í mörgum málum. Þessar sérlausnir byggðu að mestu leyti á því sem áður hafði fengist í gegnum EES-samninginn og voru í raun staðfesting hans. Þá hafði ESB sett lokunarviðmið í öllum þeim köflum sem opnadir höfðu verið til viðræðna, fyrir utan þrjá kafla á gildissviði EES-samningsins og kafla 27 um umhverfismál. Lokunarviðmið eru skilyrði sem umsóknarríkinu er gert að uppfylla áður en kafla er lokað. Í mörgum tilvikum snerust lokunarviðmiðin um að Ísland ynni upp tafir á innleiðingu EES-reglna á gildissviði viðkomandi samningskafla.

Aðildarviðræður, sem og samningaviðræður almennt, byggja gjarnan á því verklagi að semja fyrst um þau mál, sem samhljómur er um, en sérlausnir, eftirgjafir og málamiðlanir eiga sér stað á lokadögum samninganna. Af þessum sökum er erfitt að gera sér grein fyrir því hvaða niðurstaða hefði komið

fram í helstu hagsmunamálum Íslendinga ef viðræðunum hefði verið lokið. Þó liggur fyrir að öll ný aðildarríki hafa hingað til getað samið um sérlausnir um ákveðin málefni er hafa legið þeim þyngst á hjarta og snerta mestu hagsmuni ríkjanna. Þess vegna hlýtur niðurstaða aðildarsamnings að ráðast af forgangsröðun stjórnvalda um það hvaða mál eru sett á oddinn í viðræðunum því óraunhæft er að ætla að hægt sé að ná nema ákveðnum fjölda mála fram í samningum.

Í viðtölum skýrsluhöfunda við embættismenn ESB og fulltrúa aðildarríkjanna kom fram skilningur á sérstöðu Íslands en á hinn bóginn var lögð áhersla á að samningaviðræður væru auðvitað samningaviðræður. ESB myndi aldrei gefa ádrátt um eftirgjöf í neinu málefni fyrir fram. Slíkt er einfaldlega ekki góð samningatækni.“

Auk þess að fjalla almennt um aðildarviðræðurnar eru í skýrslunni sérstakir kaflar um efnahags- og peningamál, sjávarútvegsmál, landbúnaðar- og byggðamál og stöðu og framtíð EES.

Skýrsla Alþjóðamálastofnunarinnar var kynnt á fjölmennum morgunverðarfundum á Grand hóteli 7. apríl en fundurinn var sýndur beint á fréttavefjum RÚV og Vísis. Sérfræðingarnir, sem voru frummælendur á fundinum, voru allir sammála um að nauðsynlegt sé að ljúka aðildarviðræðum til að hægt sé að taka upplýsta afstöðu um þau vafaatriði sem gjarnan eru nefnd í sjávarútvegs-, landbúnaðar- og byggðamálum. Þar sé ekkert meitlað í stein heldur samið um niðurstöður að teknu tilliti til m.a. hagsmuna og legu Íslands.

Tillaga til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu

Í febrúar 2014 lagði utanríkisráðherra fram tillögu til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Af því tilefni sendi Alþýðusambandið inn umsögn um málið ásamt greinargerð. Í umsögninni, sem birt er í heild sinni á öðrum stað í skýrslu forseta, segir m.a.:

„Þingsályktunartillaga utanríkisráðherra, sem nú liggur fyrir Alþingi, gengur þvert á vilja fulltrúa þorra félagsmanna aðildarsamtaka á þingi ASÍ. Um leið er með þingsályktuninni, yrði hún samþykkt, tekinn út eini raunhæfi kosturinn til að taka hér upp gjaldmiðil á næstu árum sem komið getur landinu úr viðjum gjaldeyrishafta og lagt grunninn að stöðugleika og nýsköpun í atvinnulífinu til hagsbótar fyrir launafólk og allan almennig. Málið er sérstaklega alvarlegt í ljósi þess að ekki liggur fyrir nein sú áætlun eða stefnumörkun af

hálfu ríkisstjórnarinnar í gengis- og peningamálum sem lagt geti slíkan grunn að stöðugleika. Það er mat miðstjórnar ASÍ að með þessu sé ríkisstjórnin að setja markmið aðila vinnumarkaðarins um nýjan grunn að gerð kjarasamninga í uppnám.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands skorar á ríkisstjórnina að draga þingsályktunar-tillöguna til baka og efna þess í stað til málefnalegrar umræðu um raunverulega valkosti til framtíðar í gengis- og peningamálum. Stutt er í að Alþjóðamálastofnun skili aðilum vinnumarkaðarins skýrslu um stöðu aðildarviðræðnanna við ESB sem væntanlega leggur mikilvægar upplýsingar og sjónarmið inn í þessa umræðu. Verði ríkisstjórnin ekki við áskorun ASÍ um að draga þingsályktunartillöguna til baka þá hvetur miðstjórn ASÍ þingmenn til að hafna þingsályktunartillögu utanríkisráðherra og leyfa þjóðinni þess í stað að taka afstöðu til áframhaldandi viðræðna við Evrópusambandið í þjóðaratkvæða-greiðslu.“

Eins og kunnugt er var þingsályktunartillagan ekki afgreidd fyrir þinglok og liggur ekkert fyrir um framhaldið af hálfu stjórnvalda.

Ráðgjafarnefnd Evrópusambandsins og Íslands

Í byrjun árs 2012 varð að samkomulagi að setja á stofn sérstaka ráðgjafarnefnd Evrópusambandsins og Íslands í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu en sambærilegar nefndir hafa verið stofnaðar vegna þeirra ríkja sem sótt hafa um aðild að ESB nokkur undanfarin ár. Í ráðgjafarnefndinni eru 12 aðilar, 6 frá hvorum samningsaðila fyrir sig. Af hálfu Íslands sitja fulltrúar Íslands í Ráðgjafarnefnd EFTA í nefndinni, þ.m.t. einn frá ASÍ, auk eins fulltrúa til viðbótar. Þá hefur m.a. fulltrúum umhverfissamtaka og neytendasamtakanna verið boðið að fylgjast með og taka þátt í starfinu. Af hálfu Evrópusambandsins sitja í nefndinni aðilar frá Efnahags- og félagsmálanefnd ESB. Um hlutverk nefndarinnar segir m.a.: „Með myndun Ráðgjafarnefndar Íslands og ESB fá aðilar vinnumarkaðarins og fulltrúar ýmissa félagasamtaka tækifæri til þess að fylgjast með og koma að samningaviðræðunum með skipulögðum hætti og styðja þannig við formlegt hlutverk stofnana ESB og Íslands í samningaviðræðunum. Komið er á formlegu skipulagi sem gerir félagasamtökum kleift að fylgjast með þróuninni í samningaviðræðunum og greiða fyrir samningsmarkmiðum Íslands út frá sjónarmiðum þeirra. Þar að auki skapast grundvöllur til þess að koma á framfæri upplýsingum, bæði innan ESB og á Íslandi, og eiga skoðanaskipti um hin ýmsu hagsmunamál á sama tíma og uppbyggileg samfélagsumræða er efl.“

Ráðgjafarnefndin fundaði nokkrum sinnum á árunum 2012 og 2013. Hins

vegar hefur nefndin ekki komið saman í framhaldi af því að ríkisstjórn Íslands ákvað að setja aðildarviðræðurnar við ESB á ís.



Listasafn ASÍ

Starfsemi Listasafns ASÍ október 2013–september 2014

Rekstrarstjórn Listasafns ASÍ skipa: Signý Jóhannesdóttir, varaforseti ASÍ, sem jafnframt er formaður rekstrarstjórnar, Eyrún Björk Valsdóttir, deildarstjóri MFA, og Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands.

Listráð Listasafns ASÍ: Nýtt listráð var skipað á árinu. Þar eiga nú sæti Margrét Elísabet Ólafsdóttir listfræðingur og Sigurður Guðjónsson, adjunkt við Listaháskóla Íslands, auk forstöðumanns safnsins sem er Kristín G. Guðnadóttir listfræðingur.

Auk forstöðumanns í 100% starfi eru tveir starfsmenn í 34% starfshlutfalli við safnið, myndlistarmennirnir Steinunn Helgadóttir og Magnús Helgason.

Safnið á aðild að Alþjóðaráði safna, ICOM sem er hluti af UNESCO. Starfsemi safnsins tekur mið af samþykktum og siðareglum þess.

Á árinu hlaut safnið viðurkenningu Safnaráðs. Mennta- og menningarmálaráðherra veitir þessa viðurkenningu að fengnum tillögum frá Safnaráði samkvæmt safnalögum nr. 141/2011. Ákvörðun ráðherra um viðurkenningu safnsins er ótímabundin en ráðherra getur afturkallað viðurkenningu safns að

fenginni tillögu Safnaráðs telji ráðið að safnið uppfylli ekki lengur skilyrði viðurkenningar. Viðurkenndum söfnum ber að starfa í samræmi við ákvæði safnalaga og skilyrði reglugerðar um viðurkenningu safna. Safnaráð hefur lögum samkvæmt eftirlit með safnastarfsemi í landinu.

Listasafn ASÍ er til húsa að Freyjugötu 41 í Reykjavík. Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13.00–17.00. Aðgangur er ókeypis. Safnið er lokað í júlí.

Heimasíða safnsins er www listasafnasi.is

Sýningar og aðrir viðburðir

Á tímabilinu október 2013 til september 2014 voru haldnar tíu sýningar í húsakynnum safnsins, sjá meðfylgjandi lista. Sýningardagskrá var með hefðbundnu sniði en að jafnaði var skipt um sýningu í safninu mánaðarlega en safnið er lokað í júlí. Eins og meðfylgjandi listi ber með sér voru sýningar ársins fjölbreyttar. Ólíkir listamenn, sem vinna með ólíka miðla og tjáningarform, voru valdir til að sýna í safninu. Á sýningunum mátti sjá málverk, teikningar, ljósmyndir, grafík, skúlptúra, myndbandsverk og innsetningar. Listamennirnir eiga það eitt sameiginlegt að skapa áhugaverða myndlist á eigin forsendum og eru sýningarnar í heild brot af því besta sem íslensk listmenning hefur upp á að bjóða. Sýningum safnsins hefur jafnan verið vel tekið, þær hlotið jákvæðar umsagnir og ágæta aðsókn. Um sex þúsund manns heimsóttu safnið á tímabilinu.

Listaráð safnsins mótar sýningarstefnu þess og velur listamenn úr fjölmönnum hópi umsækjenda. Í janúar 2014 var auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2015. Alls bárust 84 umsóknir um tíu sýningartímabil og hefur öllum sýningartímabilum ársins verið ráðstafað til umsækjenda. Listamenn sýna í safninu án endurgjalds en standa sjálfir allan straum af gerð sýninganna. Starfsmenn aðstoða eftir föngum við uppsetningu sýninga safnsins og sjá um sýningargæslu. Safnið sér um að kynna sýningar í fjölmiðlum, sendir út rafræn boðskort og sér um sýningaropnun.

Þann 5.10 var tekinn í notkun steinsteyptur stöpull fyrir höggmynd í suðurhluta garðsins að Freyjugötu 41 sem hlotið hefur nafnið *Gunnfríðarstöpull*. Það var myndhöggvarinn Gunnfríður Jónsdóttir, sem bjó að Freyjuötu 41 1934–1968 sem lét gera stöpullinn fyrir eigin verk um 1950. Stöpullinn varð áberandi í garðinum eftir að stórt tré hafði verið fjarlægð. Nú hefur stöpullinn fengið nýtt hlutverk og fyrirhugað er að fá myndlistarmenn til að sýna verk sín

tímabundið á stöplinum. Fyrsti listamaðurinn til að virkja stöpulinn var Ívar Valgarðsson en hann sýndi verkið *Varanlegt efni, snjóbolti* tímabilið 5. október 2013–31. mars 2014 en síðan hafa myndlistarmennirnir Eygló Harðardóttir og Ingólfur Arnarson sýnt á stöplinum.

Ein sýning var haldin á vegum safnsins á tímabilinu en það var sýning í sýningarröðinni Samtal þar sem stillt er saman verkum úr safneign safnsins og verkum lifandi listamanna. Sýningin kallaðist A Hard Days Nighth. Að þessu sinni var samtalið á milli Svavars Guðnasonar listmálara og tveggja ungra listamanna, þeirra Magnúsar Helgasonar og Úlfs Karlssonar. Sýningarstjóri var Kristín G. Guðnadóttir.

Í febrúar tók safnið þátt í Safnanótt með sýningunni Myndir Ingileifar, söngtónleikum Sigríðar Thorlacius og sýningarleiðsögn Hlyns Helgasonar og Hörpu Árnadóttur.

Í mars tók safnið þátt í Sequences-hátíðinni með sýningu Unnars Arnar: Brotabrot úr afrekssögu óeirðar á Íslandi.

Í maí tók safnið þátt í Listahátíð í Reykjavík með sýningunni) I M A 今 N O W en þar leiddu saman hesta sína: Elín Edda Árnadóttir, Sverrir Guðjónsson, Koho Moori og Laureeen Newton.

Í ágúst tók safnið þátt í Menningarnótt með sýningu Siggju Bjargar Sigurðardóttur og Ericu Eyres: *Sniffer*.

Sýningadagskrá

5.–27. október **Guðbjörg Lind** og **Hjörtur Marteinson**: *Umhverfis djúpan fjörð*. Málverk, teikningar, tréskúlptúrar, útskurður. Fjölrituð sýningarskrá með texta eftir Dag Hjartarson. Listamannaspjall.

2.–24. nóvember **Katrín Elvarsdóttir**: *Horfið sumar*. Ljósmyndir. Sýningarstjóri Harpa Árnadóttir. Í tengslum við sýninguna gaf bókaforlagið Chrymogea út bókina Horfið sumar með texta eftir Hörpu Árnadóttur. Spjall listamanns og sýningarstjóra.

30. nóvember–22. desember **Tumi Magnússon** og **Michael Mørk**: *Á staðnum*. Ljósmyndir, vídeóverk, þrívíddarverk, speglaverk.

11. janúar–9. febrúar **Ingileif Thorlacius**: (1961–2010) *Myndir Ingileifar*. Yfirlitssýning. Málverk, vatnslitamyndir, þrívíddarverk. Sýningarstjórar

Áslaug Thorlacius og Finnur Arnar. Í tilefni sýningarinnar gaf bókaforlagið Eyja út bókina *Myndir Ingileifar* með texta eftir Hlyn Helgason. Ritstjóri Áslaug Thorlacius. Sýningarstjóraspjall. Á safnanótt hélt Sigríður Thorlacius söngtónleika í safninu.

15. febrúar–9. mars **Svavar Guðnason, Magnús Helgason** og **Úlfur Karlsson**: *A Hard Day's night*. Sýning úr sýningarröðinni Samtal. Sýningarstjóri Kristín G. Guðnadóttir. Listamannaspjall.

15. mars–6. apríl **Unnar Örn**: *Brotabrot úr afrekssögu óeirðar á Íslandi*. Ljósmyndir, prentað efni, skúlptúrar og myndbandsverk. Sýningarskrá með texta eftir listamanninn. Listamannaspjall.

12. apríl–17. maí **Anna Jóelsdóttir**: *Málverkainnsetning í Ásmundarsal*. Sýningarskrá: texti eftir Terry S. Mayers. **Guðmundur Thoroddsen**: *Hlutir*. Skúlptúrar, leirverk, teikningar o.fl. í Gryfju og Arinstofu. Listamannaspjall.

31. maí–29. júní (á Listahátíð) **Elin Edda Árnadóttir, Sverrir Guðjónsson, Koho Moori** og **Laureen Newton**: I M A ⁴ N O W . Pappírsværk, silkimálverk, fundnir hlutir, tónlistar-innsetningar, raddskúlptúrar, textabrot, myndbandsverk. Listamannaspjall. Leikskólaheimsóknir.

16. ágúst–7. september **Sigga Björg Sigurðardóttir** og **Erica Eyres**: *Sniffer*. Sýningin byggir á sögunni Óliver Twist eftir Charles Dickens. Teikningar, skúlptúr, myndbandsverk og lesinn texti. Í tengslum við sýninguna var gefin út bókinn Sniffer með texta og myndum eftir listamennina. Listamaðurinn tók á móti mörgum skólahópum á listnámsbaut og leiddi um sýninguna.

Gunnfíðarstöpull

5. október 2013–31. mars 2014 **Ívar Valgarðsson**: *Varanlegt efni*, snjóbolti. Brons.

1. maí–1. ágúst **Eygló Harðardóttir**: *Án titils 2014*. Málverk/skúlptúr.

16. ágúst–31. desember **Ingólfur Arnarson**: *Án titils, 2014*. Ál o.fl.

Safneign, safnauki, millisafnalán

Auk sýningagerðar er hefðbundið safnastarf annar meginþátturinn í starfsemi safnsins, svo sem skráning safngripa, varðveisla og viðhald þeira auk rannsóknna á safneigninni. Þessum þáttum er sinnt eins og hægt er í ljósi starfsmannafjölda og fjárveitinga til safnsins.

Enn er unnið að því að skrá safnkost safnsins í menningarsögulega gagnasafnið SARP sem er netlægur gagnagrunnur. Þeirri vinnu miðar áfram en handskrá þarf hverja færslu úr eldra kerfi yfir í það nýja. Samtímis er skráning yfirfarin og endurbætt svo að um tímafreka aðgerð er að ræða.

Forvarsla: Safnið fékk á árinu styrk úr Safnasjóði til að láta forverja og laga nokkur málverk eftir Jón Stefánsson úr safneigninni og er verkið unnið í Stúdó Stafni af Viktori Smára Sæmundssyni forverði.

Safnauki: Á árinu tók safnið við stórri dánargjöf verka listakonunnar Sigríð Valtingoer en í efðaskár ánaðnaði hún safninu öll verk sín að sér látinni. Endanleg tala verkanna liggur ekki fyrir fyrr en skráningu er lokið. Safnið fékk á árinu styrk úr safnasjóði til að ljósmynda og ganga frá verkunum og er það ferli í gangi.

Safnið fékk afhent verkið *Pingvellir*, olía á striga, 100 x 180 cm, eftir Gísla Jónsson en það var dánargjöf frá hjónunum Eiríki Oddssyni og Guðmundu Kristbjörgu Þorgeirsdóttur.

Millisafnalán: Safnið lánaði verk þrjú málverk eftir J. S. Kjarval til Listasafns Reykjavíkur vegna sýningarinnar *Árstíðirnar í verkum Kjarvals* á Kjarvalsstöðum. Rithöfundasamband Íslands fékk lánað málverk af Þórbergi Þórðarsyni eftir Jón Engilberts vegna sýningar á portrettum af rithöfundum sem haldin er í húsi sambandsins.

Vinnustaðasýningar

Mikilvægur þáttur í starfsemi safnsins eru vinnustaðasýningar sem safnið setur upp í fyrirtækjum og stofnunum gegn gjaldi og hefur safnið boðið upp á þessa þjónustu um langt árabil. Nú eru í gangi tæplega 40 vinnustaðasýningar í Reykjavík og á landsbyggðinni, hjá opinberum aðilum og einkafyrirtækjum. Þessi starfsemi er mikilvæg til að kynna almenningi myndlist og hefur mælst vel fyrir á vinnustöðum. Verk safnsins eru einungis sýnd í safnhúsinu fáa mánuði á ári en vinnustaðasýningarnar gefa kost á að gera safneignina sýnilega og ná til fólks sem hugsanlega myndi ekki sækja sýningar safnsins.



VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

Mikill vöxtur var í starfsemi VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs á árinu 2013 og eftirspurn eftir þjónustu aldrei meiri. Þessi þróun hélt áfram 2014, fleiri einstaklingar með fjölbættan vanda leita nú til ráðgjafa VIRK og ljóst að mikil þörf er fyrir markvissa þjónustu á sviði starfsendurhæfingar í íslensku samfélagi. Til að takast á við þessa miklu aukningu hefur undanfarin misseri verið lögð rík áhersla á skýra stefnumótun, aukin afköst, endurskoðun vinnuferla og aukid samstarf við fjölbreyttan hóp fagaðila innan velferðarkerfisins.

Starfsemi VIRK hefur orðið til þess að þúsundir einstaklinga, sem ekki höfðu vinnugetu vegna heilsubreysts, sjá sér nú farborða með virkri þátttöku á vinnu- markaði. Starfsemin hefur enn fremur stuðlað almennt að aukinni velsæld og vellíðan þessara einstaklinga sem hefur áhrif á bæði nærumhverfi þeirra og velferðarkerfið í heild. Til viðbótar við þetta hefur starfsemi VIRK leitt til þess að aukin þekking og reynsla eru nú til staðar í atvinnutengdri starfsendurhæfingu hér á landi. Fjöldi nýrra fagaðila og frumkvöðla bjóða fram þjónustu, sem ekki var áður til staðar, og stuðla þannig að aukinni þekkingu og reynslu á þessu sviði sem er mjög dýrmæt til framtíðar.

Stefnumótun og framtíðarsýn

VIRK hefur á undanförunum árum unnið markvisst að því að skýra og skerpa hlutverk sitt í samræmi við þróun starfseminnar og áherslur stjórnar og stofn-

aðila um hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs til framtíðar. Í mynd 1 er að finna skilgreiningu á hlutverki VIRK, gildum VIRK og helstu þáttum framtíðarsýnar til ársins 2020. Hlutverk og ábyrgð VIRK eru síðan skilgreind nánar í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins, skipulagsskrá VIRK og lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

Unnið hefur verið að því að skýra og skilgreina enn betur starfssvið VIRK ásamt snertiflötum sjóðsins við aðrar stofnanir velferðarkerfisins. Á sama tíma hefur farið fram mikil uppbygging á faglegu starfi sem tekur mið af rannsókn-um og reynslu í starfsendurhæfingu, bæði hérlendis og erlendis. Aukin áhersla er á þverfaglega aðkomu að málum á öllum stigum þjónustuferlisins.

Hlutverk VIRK

VIRK mótar, samþættir og hefur eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.




Framtíðarsýn

til 2020

- VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi þar sem dregið hefur verulega úr nýgengi á örorku.
- VIRK byggir á gagnreyntri þekkingu, rannsóknum og reynslu sem tryggir samþætta, árangursríka og örugga þjónustu á sviði starfsendurhæfingar.
- VIRK hefur í samvinnu við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir unnið að því að nýða úr vegi hindrunum gegn aukinni atvinnuþátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu.
- VIRK er virt þekkingarsetur og leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar.

Gildi

- Fagmennska
- Virðing
- Metnaður



Starfsmenn og ráðgjafar VIRK

Starfsmenn á skrifstofu VIRK eru 26 í 23,5 stöðugildum. Um er að ræða fjölbreyttan hóp sérfræðinga og skrifstofufólks með margvíslega þekkingu og reynslu.

Í september 2014 starfa 51 ráðgjafi á vegum VIRK hjá stéttarfélögum um allt land. Ráðgjafar starfa reglubundið í öllum stærri þéttbýliskjörnum landsins og þannig er tryggt að þjónustan sé aðgengileg bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Á mynd 2 má sjá dreifingu stöðugilda ráðgjafa um landið.

Áhersla er lögð á að þjónustan sé aðgengileg og að einstaklingar geti fengið starfsendurhæfingu í sinni heimabyggð. Ráðgjafar VIRK hafa undantekningarlítið háskólamenntun á sviði heilbrigðis-, félags- eða menntavísinda og mjög margir hafa meistaraáráðu í sínu fagi. Mikil fræðsla og símenntun á sér reglubundið stað hjá VIRK.

Hlutverk ráðgjafa VIRK er að halda utan um mál einstaklings í starfsendurhæfingarferlinu. Fjöldi annarra sérfræðinga kemur einnig að málum og í öllu starfsendurhæfingarferlinu er tryggð þverfagleg aðkoma að málum í samræmi við viðurkenndar aðferðir. Í heild starfa nær 80 manns hjá VIRK eða samkvæmt samningi VIRK og stéttarfélaganna. Þetta er öflugur og fjölbreyttur hópur sem leggur sig fram um að tryggja einstaklingum faglega, góða og árangursríka atvinnutengda starfsendurhæfingu um allt land.



Þverfagleg matsteymi

VIRK hefur stuðlað að uppbyggingu þverfaglegra matsteyma í starfsendurhæfingu víða um land. Fagaðilar í þessum teyimum, sem í dag starfa á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Austurlandi, eru lækningar, sálfræðingar, sjúkrahjálparar, iðjuþjálfarar og félagsráðgjafar. Einnig er verið að byggja upp þverfaglegt teymi á Reykjanesi. Um 35 sérfræðingar eru í þverfaglegum matsteyimum og eru þeir sjálfstæðir fagaðilar sem starfa samkvæmt verktakasamningi við VIRK. Hlutverk þessara teyma er bæði að aðstoða ráðgjafa við uppbyggingu á árangursríkri starfsendurhæfingaráætlun og eins að meta vinnugetu einstaklinga. Teymin starfa samkvæmt skilgreindu verklagi sem mótað hefur verið hjá VIRK. Hugmyndafræðilegur rammi þessa mats byggir á ICF (e. International Classification of Function) sem er alþjóðlegt flokkunar-


kerfi um færni, fötlun og heilsu sem var gefið út af Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) árið 2001. ICF gefur möguleika á stöðluðu, samræmdu tungutaki yfir heilsu og heilsutengt ástand þar sem horft er á ástand einstaklingsins út frá heilsu og færni.

Í dag eru mál allra einstaklinga, sem koma til VIRK, rýnd af þverfaglegum hópi sérfræðinga á fyrsta mánuði í þjónustu. Auk þess eiga sér stað um 120 þverfagleg mót í hverjum mánuði þar sem sérfræðingar í þverfaglegum matsteymum hitta einstaklinga og leggja upp ítarlega starfsendurhæfingaráætlun í samstarfi við einstakling og ráðgjafa. Þessi teymi sjá auk þess um að meta starfsgetu í lok þjónustuferlis hjá VIRK í þeim tilfellum sem viðkomandi einstaklingur útskrifast ekki til fullrar þátttöku á vinnumarkaði.

Úrræðaaðilar í starfsendurhæfingu um allt land


VIRK er með samninga við mikinn fjölda úrræðaaðila í starfsendurhæfingu um allt land. Um er að ræða starfsendurhæfingarstöðvar, sálfræðinga, sjúkraþjálfara, símenntunaraðila og marga fleiri sem bjóða fjölbreytta og faglega þjónustu fyrir einstaklinga sem takast á við fjölþættan vanda í kjölfar heilsuþrestra af ýmsum toga. Þessir aðilar gegna allir mjög mikilvægu hlutverki í starfsendurhæfingarþjónustu hér á landi. Fjöldi þessara aðila og fjölbreytni í framboði á þjónustu hefur aukist mikið á undanförunum árum. Fyrir tilstuðlan VIRK hafa þannig orðið til mun fleiri úrræði á þessu sviði sem hefur leitt til aukinnar þekkingar, reynslu og árangurs í atvinnutengdri starfsendurhæfingu á Íslandi. Þetta er mjög jákvæð þróun og VIRK leggur áherslu á gott og uppbyggilegt samstarf við þessa aðila. Jafnframt leggur VIRK áherslu á að þeir aðilar, sem bjóða upp á heildstæð starfsendurhæfingarúrræði, tryggi einstaklingum góða og þverfaglega þjónustu og uppfylli ákveðin fagleg viðmið í starfsendurhæfingu. Þetta er gert m.a. með samningum, úttektum og reglubundnu samstarfi.

Kaup VIRK á þjónustu fagaðila um allt land hafa aukist mikið á undanförunum árum. Útgjöld VIRK vegna þessarar þjónustu námu ríflega 500 milljónum á árinu 2013 og var það um tvöfalt hærra fjárhæð en árið þar á undan. Mynd 3 sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda vegna aðkeyptrar þjónustu frá ýmsum úrræðaaðilum í starfsendurhæfingu á árinu 2013. Eins og sjá má vega sérhæfð starfsendurhæfingarúrræði þyngst enda eru þau yfirleitt mjög umfangsmikil og taka þverfaglega á öllum þeim þáttum sem vinna þarf með í flóknum aðstæðum einstaklinga.



Mynd 3

Mynd 4 hér á eftir sýnir fjölda sendra beiðna um þjónustu til mismunandi úrræðaaðila á árunum 2011–2013. Á bak við hverja beiðni er hins vegar mjög mismikil þjónusta eða allt frá örfáum tímum hjá t.d. sálfræðingi yfir í beiðni um þverfaglega starfsendurhæfingarþjónustu til nokkurra mánaða. Myndin lýsir því ekki umfangi þjónustunnar hjá þessum aðilum, heldur gefur til kynna þá aukningu sem hefur átt sér stað á milli ára undanfarin 3 ár.



Mynd 4

Samstarf við ýmsa fagaðila innan velferðarkerfisins

Hjá VIRK er mikil áhersla lögð á að byggja upp gott samstarf við fagaðila innan velferðarkerfisins. Þetta á jafnt við um heilbrigðisstofnanir, endurhæfingarstofnanir, félagsþjónustu sveitarfélaga, STARF, Vinnumálastofnun, Tryggingastofnun og fleiri aðila.

Mikið samstarf á sér stað við heimilislækna og heilsugæslustöðvar um allt land varðandi uppbyggingu á starfsendurhæfingarátætlun fyrir einstaklinga. Reglulegir fundir fara fram á mörgum heilsugæslustöðvum þar sem sérfræðingar frá VIRK fara yfir mál með heimilislæknum og, eftir aðstæðum, öðrum fagaðilum innan heilsugæslunnar. Einnig er unnið að því að efla samstarf við ýmsar endurhæfingarstofnanir.

Samstarf VIRK við geðdeildir Landspítala – háskólasjúkrahús (LSH) hefur verið í mikilli uppbyggingu og nú er ráðgjafi VIRK með fastan viðtalstíma á Hvítabandinu í hverri viku. Auk þess eru reglulega haldnir samráðsfundir fagaðila VIRK og geðdeilda LSH með það að markmiði að samþætta geðheilbrigðisþjónustu og atvinnutengda starfsendurhæfingu þegar einstaklingar þurfa á því að halda. VIRK hefur auk þess unnið að uppbyggingu á sérstöku starfsendurhæfingarúrræði fyrir unga einstaklinga með geðrofssjúkdóma á byrjunarstigi í samvinnu við geðdeild LSH að Laugarásvegi 71.

Samstarf milli VIRK og félagsþjónustu sveitarfélaga er smám saman að aukast og fagaðilar innan félagsþjónustunnar vísa einstaklingum í auknum mæli inn í þjónustu á vegum VIRK þegar það á við. Einnig er verið að byggja upp markvissara samstarf við STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf og Vinnumálastofnun, þar sem markmiðið er að skýra verkaskiptingu aðila og samþætta þjónustuna betur til að mæta mismunandi þjónustubörfum einstaklinga.

Aukið samstarf við lífeyrissjóði


Með lögum nr. 60/2012 hófu lífeyrissjóðir að greiða iðgjald til VIRK frá og með 1. október 2012. Á árinu 2013 átti sér stað uppbygging á markvissu samstarfi við lífeyrissjóði um allt land. Settur var á stofn vinnuhópur sem lagði drög að sameiginlegum vinnuferlum þar sem markmiðið er að lífeyrissjóðir beini einstaklingum sem sækja um örorkulífeyri eða eru á örorkulífeyri í starfsendurhæfingu hjá VIRK í auknum mæli. Á síðasta ári vísuðu trúnaðarlæknar lífeyrissjóðanna um 230 einstaklingum til VIRK og tilvísunum frá þeim fjölgar nú stöðugt. Á sama tíma er unnið að því að slípa til og aðlaga ýmsa vinnuferla að þessu verkefni. Sá trúnaðarlæknir sem vinnur fyrir flesta lífeyrissjóði landsins hefur auk þess tekið þátt í þróunarstarfi innan VIRK varðandi uppbyggingu á starfsgetumati.

Fjöldi einstaklinga í þjónustu

Frá því að VIRK hóf að veita þjónustu haustið 2009 og fram til 18. ágúst 2014 hafa tæplega 7000 einstaklingar leitað til VIRK, þar af eru um 65% konur og 35% karlar. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir heildarfjölda þátttakenda frá upphafi og á mynd 5 eru upplýsingar um fjölda nýrra þátttakenda á hverju ári frá 2010–2013.

Tafla 1

Fjöldi einstaklinga m.v. 18. ágúst 2014	
Heildarfjöldi sem hefur leitað til VIRK	6.959
Fjöldi í þjónustu	2.281
Fjöldi sem hefur lokið þjónustu (útskrifast)	3.298
Fjöldi sem hefur hætt þjónustu	1.378



Mynd 5

Mikil fjölgun nýrra þátttakenda varð á árinu 2013 samanborið við árið 2012. Hana má skýra með mörgum og oft samverkandi þáttum:

Lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingar-sjóða tóku gildi í lok árs 2012. Samkvæmt lögnum eiga nú fleiri einstaklingar

en fyrr rétt á þjónustu VIRK, þar með talið allir þeir sem hafa verið lengi frá vinnumarkaði.

- Lífeyrissjóðir um allt land sendu mun fleiri einstaklinga til VIRK á árinu 2013 en áður og er það í framhaldi af lögbundinni þátttöku þeirra í fjármögnun VIRK. Trúnaðarlæknar lífeyrissjóða vísuðu um 230 einstaklingum til VIRK á síðasta ári.
- Aukin samvinna VIRK við heilbrigðisstofnanir og ýmsar aðrar opinberar stofnanir veldur því að fagaðilar innan þessara stofnana beina nú mun fleiri einstaklingum til VIRK en áður. Sérstaklega hefur tilvísunum frá heilsugæslulæknum til VIRK fjölgað á árinu 2013.
- Mikil fjölgun hefur orðið meðal einstaklinga sem hafa verið lengi frá vinnumarkaði og glíma við mjög fjölpættan vanda. Gera má ráð fyrir að hér séum við m.a. að takast á við afleiðingar kreppunnar þar sem mun stærri hópar en áður hafa nú verið án atvinnu í nokkur ár.
- Mun fleiri þekkja til starfsemi VIRK í dag en áður og sú vitneskja skilar sér í aukinni aðsókn í þjónustu.

Hverjir leita til VIRK?

Til að eiga rétt á þjónustu VIRK þurfa einstaklingar að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Að geta ekki sinnt starfi sínu eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubreysts sem rekja má til veikinda eða slysa.
- Að markmiðið sé að verða aftur virkur þátttakandi á vinnumarkaði eða auka þátttöku á vinnumarkaði svo fljótt sem verða má.
- Geta og vilji til að taka markvissan þátt í starfsendurhæfingunni sé til staðar og þjónustan þyki líkleg til árangurs á þeim tíma sem hún er veitt.


Miðað er við að einstaklingur sé kominn með formlega tilvísun frá lækni áður en pantaður er tími hjá ráðgjafa VIRK. Þetta á þó ekki við um þá einstaklinga sem fá greidda dagpeninga hjá sjúkrasjóðum stéttarféлага eða örorkulífeyri frá lífeyrissjóði þar sem þá liggur þegar fyrir vottorð um heilsubreyst hjá þessum framfærsluaðilum.

VIRK starfar í nánú samstarfi við sjúkrasjóði stéttarféлага um allt land þar sem ráðgjafar VIRK eru staðsettir. Einstaklingar, sem sækja um sjúkradagpeninga til sjúkrasjóða stéttarféлага, fá því alla jafna góða kynningu á þjónustu VIRK og möguleikum hennar. Aukið samstarf við trúnaðarlækna lífeyrissjóða hefur einnig orðið til þess að sífellt fleiri einstaklingum, sem sækja um örorkulífeyri


hjá lífeyrissjóðum, er beint í þjónustu VIRK. Til viðbótar við þetta vísa mjög margir læknar skjólstæðingum sínum til VIRK og atvinnurekendur, stéttarfélag og stofnanir innan hins opinbera velferðarkerfis benda einstaklingum, sem glíma við heilsubrest og skerta starfsgetu, á þá möguleika sem felast í þjónustunni.

Til VIRK leitar því fjölbreyttur hópur einstaklinga á öllum aldri með mismunandi menntun og úr ólíkum starfsgreinum. Aðstæður allra þessara einstaklinga eru misjafnar og krefjast þess að útbúin sé starfsendurhæfingaráætlun sem sniðin er að þörfum hvers og eins.

Mynd 6 sýnir upplýsingar um aldur og kyn einstaklinga sem leituðu til VIRK á árinu 2013.




Töluverð þróun hefur verið varðandi framfærslustöðu einstaklinga sem komu í þjónustu til VIRK á árunum 2011–2013 eins og sjá má á mynd 7. Breyting, sem átt hefur sér stað á þessum tíma, helst í hendur við þær breytingar sem hafa orðið á hlutverki VIRK, m.a. með lögum nr. 60/2012. Eins má gera ráð fyrir að afleiðingar kreppunnar hafi hér talsverð áhrif þar sem hlutfallslega fleiri þeirra einstaklinga, sem koma nú til VIRK, eru á fjárhagsaðstoð, atvinnuleysisbótum, örorkulífeyri eða tekjulausir. Fjöldi einstaklinga með laun í veikindum á vinnumarkaði helst svipaður milli árunna 2012 og 2013 og fjöldi þeirra sem þiggja dagpeninga frá sjúkrasjóðum stéttarféлага eykst aðeins milli ára.




Mynd 7

Myndir 8 og 9 sýna hlutfallslega skiptingu allra einstaklinga sem hafa leitað til VIRK eftir starfsgreinum og menntunargráðu.



Mynd 8




Mynd 9

Aðstæður og líðan einstaklinga í þjónustu


Einstaklingar, sem koma í þjónustu til VIRK, hafa skerta starfsgetu vegna heilsubrestra af ýmsum toga. Mjög margir glíma auk þess við margþættan vanda, þ.e. heilsubrest sem og erfiðleika af félagslegum og/eda fjárhagslegum toga. Staðan er því oft flókin og finna þarf leiðir í starfsendurhæfingu sem henta þörfum hvers og eins.

Mynd 10 inniheldur upplýsingar um mat einstaklinga sem hafa leitað til VIRK sökum vangetu til að taka virkan þátt á vinnumarkaði. Sjá má að stór hópur glímir við geðræn vandamál eða stoðkerfisvandamál, eða um 76% af heildarfjöldanum. Þess má geta að geðraskanir og stoðkerfissjúkdómar voru fyrsta orsök örorku hjá um 66% þeirra sem voru með örorkumat hjá Tryggingastofnun ríkisins á árinu 2012.



Mynd 10

Aðstæður og líðan einstaklinga sem leita til VIRK eru að vonum mismunandi. Mynd 11 inniheldur upplýsingar, sem skráðar hafa verið við komu til ráðgjafa, og gefur því hugmynd um aðstæður og líðan einstaklinga sem leituðu til VIRK á árunum 2012 og 2013. Þarna er sett fram hlutfall þeirra sem hafa svarað spurningum um þau atriði sem fram koma á myndinni játandi. Eins og sjá má fjölgar þeim aðeins á milli ára sem telja að andleg streita, depurð og kvíði hafi áhrif á starfsgetu þeirra.




Mynd 11

Farsæl endurkoma til vinnu

Mikilvægt er að einstaklingar eigi greiða leið til baka í vinnu í kjölfar fjarvista vegna veikinda eða slysa. Hér leikur vinnustaðurinn stórt hlutverk þar sem sveigjanleiki og skilningur skipta miklu máli til að endurkoman verði árangursrík. Þróunarverkefnið *Virkur vinnustaður* hefur verið í gangi hjá VIRK frá árinu 2011 með þátttöku um 30 vinnustaða um allt land. Markmið verkefnisins eru að stuðla að því að brugðist sé við veikindum á vinnustöðum með fyrirsjáanlegum hætti og að á vinnustöðum sé til yfirlýst stefna og markvissar leiðir sem stuðli að forvörnum og skapi aðstæður til árangursríkrar endurkomu til vinnu eftir veikindi eða slys. Verkefnið hefur einnig það markmið að auka þekkingu, bæði starfsmanna og stjórnenda, á ýmsum þáttum í vinnuumhverfinu sem hafa áhrif á heilsu og geta dregið úr fjarvistum. Verkefninu lýkur í árslok 2014. Í tengslum við þetta verkefni hafa verið mótaðir ýmsir vinnuferlar, leiðbeiningar og verkfæri sem eru aðgengileg öðrum fyrirtækjum á heimasíðu VIRK.

Við komu til VIRK eru einstaklingar spurðir ýmissa spurninga er varða endurkomu til vinnu, hvort hún hafi verið reynd og hvort eitthvað hafi verið gert til að auðvelda þeim endurkomu í kjölfar veikinda eða slysa. Af þeim sem svöruðu spurningunni „*Var eitthvað gert til að auðvelda endurkomu til vinnu?*“ taldi um helmingur að hægt hefði verið að gera betur í þeim efnum. Mynd 12 sýnir hlutfallslega skiptingu svara hjá rúmlega þúsund einstaklingum sem nefna tiltekna þætti í þessu samhengi. Flestir nefna að breyting á vinnuskyldum og tilfærsla í starfi hefði getað auðveldað endurkomu til vinnu og áhugavert er að sjá að um 12% telja að símtal frá atvinnurekanda hefði skipt máli í þessu sambandi. Mikilvægt er að atvinnurekendur og stjórnendur á vinnustöðum séu meðvitaðir um hlutverk sitt og ábyrgð hvað þetta varðar og eigi góð samskipti við veika starfsmenn til að tryggja farsæla endurkomu til vinnu eftir veikindi og slys.




Mynd 12

Árangur VIRK

Hjá VIRK er áhersla lögð á að þróa fjölbreytta mælikvarða á árangur starfseminnar. Starfsemin er hins vegar flókin og meta þarf mismunandi þætti til að sjá hver raunverulegur árangur er. Það sem skiptir miklu máli er að ná að mæla hvort einstaklingur hafi vinnugetu og geti tekist á við launuð störf á vinnumarkaði, bæði við lok þjónustu og til framtíðar. Einnig er mikilvægt að leggja mat á upplifun einstaklinganna sjálfra af áhrifum þjónustunnar á starfsgetu þeirra og lífsgæði almennt.

Mynd 13 sýnir framfærslustöðu einstaklinga sem hafa lokið þjónustu hjá VIRK. Um er að ræða upplýsingar um stöðugildi þannig að ef einstaklingur fer í hálfvart starf við lok þjónustu er það skráð sem hálfvart stöðugildi og önnur framfærsla síðan skráð á móti.



Mynd 13

Eins og sjá má þá eru um 66% stöðugilda þeirra sem útskrifast með framfærslustöðu sem gefur til kynna starfsgetu og virka þátttöku á vinnumarkaði, þ.e. þeir eru annað hvort í launaðri vinnu, í virkri atvinnuleit eða í lánshæfu námi. Hafa þeir í huga að hér er um að ræða skráningu á stöðugildum, þannig að einstaklingur, sem fer t.d. í hálfv starf á vinnumarkaði í lok þjónustu VIRK, skráist aðeins að hálfu leyti í „laun á vinnumarkaði“. Ef horft er á fjölda einstaklinga en ekki stöðugildi, þá eru um 74% þeirra einstaklinga, sem lokið hafa þjónustu hjá VIRK, annað hvort í launuðu starfi, virkri atvinnuleit eða lánshæfu námi við lok þjónustu. Þessi niðurstaða er mjög góð og sérstaklega í ljósi þess að þeir einstaklingar, sem leita til VIRK, glíma undantekningarlítið við flókinn heilsufarsvanda og oft mjög erfiðar félagslegar aðstæður.

Við skoðun á gögnum sem þessum er einnig mikilvægt að hafa í huga að fyrirkomulag framfærslukerfisins getur falið í sér ýmsa hvata sem valda því að ekki er hægt að meta árangur VIRK eingöngu út frá gögnum sem þessum. Í dag útskrifast einstaklingar frá VIRK með til dæmis vinnugetu í hálfv starf en fyrirkomulag örorkulífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins gerir þeim ekki kleift að fá örorkulífeyri að hálfu leyti á móti sinni vinnugetu. Því verður niðurstaðan oft á tíðum sú að viðkomandi einstaklingur fer á fullan örorkulíf-

eyri þrátt fyrir að hafa náð talsverðum árangri hjá VIRK við að auka vinnugetu sína. Þannig má fullyrða að hluti af þeim 22% sem eru með örorkulífeyri í lok þjónustu hjá VIRK (sjá mynd 13) hafi í raun náð þeim árangri í þjónustunni að geta unnið að hluta til en sækja um fullan örorkulífeyri á meðan ekki er boðið upp á sveigjanlegra kerfi. Á meðan bótakerfið er byggt upp á þennan hátt verður skráning framfærslustöðu einstaklinga í lok þjónustu aldrei góður mælikvarði á raunverulegan árangur af starfi VIRK.


Þegar árangur af starfsendurhæfingaráþjónustu er skoðaður skiptir miklu máli að taka mið af því hver staða einstaklinga var við upphaf þjónustu. Bestur árangur næst þegar einstaklingar koma snemma og eru enn með vinnusamband við komu til ráðgjafa. Þetta má sjá í töflu 2. Þar eru teknar saman upplýsingar um einstaklinga, sem hafa lokið þjónustu hjá VIRK, með samanburði á framfærslustöðu, þegar þjónustu lauk, og framfærslustöðu þegar þjónusta hófst. Þetta er skráð í stöðugildum. Þessir einstaklingar höfðu ekki vinnugetu við komu til VIRK en framfærslustaða þeirra var mismunandi, allt frá því að vera enn að þiggja laun í veikindum og til þess að hafa verið lengi á örorkulífeyri. Þessi mismunandi framfærslustaða gefur þannig til kynna mislangan tíma frá vinnumarkaði vegna heilsubreysts. Í útreikningunum var miðað við að framfærslustaða í upphafi hafi a.m.k. verið helmingur heildarframfærslu fyrir viðkomandi einstakling. Þannig hafa þeir sem eru í hópnun „Örorkulífeyrir“ í upphafi þjónustu haft a.m.k. helming tekna sinna af örorkulífeyri í upphafi.

Alls 80% stöðugilda þeirra einstaklinga, sem eru enn á launum í veikindum frá atvinnurekanda þegar þeir koma til VIRK, útskrifast þaðan með fulla vinnugetu (þ.e. eru annað hvort í launaðri vinnu, atvinnuleit eða í lánshæfu námi við útskrift). Þetta á síðan við um 78% þeirra sem eru á atvinnuleysisbótum við komu til VIRK, 65% þeirra sem voru á dagpeningum hjá sjúkrasjóðum stéttarfélagi, 44% þeirra sem voru á endurhæfingarlífeyri og 26% örorkulífeyrisþega. Þ.e. hlutfall þeirra sem útskrifast með vinnugetu lækkar eftir því sem framfærslan á sér stað fjær vinnumarkaðnum við komu til VIRK.

Framfærslustaða við komu til ráðgjafa <i>Að lágmm. 50% framfærslunnar kemur frá neðangreindum þáttum í upphafi þjónustu</i>	Hlutfall stöðugilda við lok ráðgjafar			
	Í launaðri vinnu	Í atvinnuleit	Á námslánum	Samt. með vinnugetu
Laun í veikindum	71%	7%	2%	80%
Atvinnuleysisbætur	45%	29%	4%	78%
Sjúkrasjóður stéttarfélaga	44%	18%	3%	65%
Engar tekjur	43%	16%	4%	63%
Endurhæfingarlífeyrir	30%	11%	3%	44%
Fjárhagsaðstoð	17%	12%	0%	29%
Örorkulífeyrir	24%	1%	1%	26%

Tafla 2


Ýmsir fræðimenn hafa bent á að einstaklingar geti borið mikinn og jafnvel varanlegan skaða af meira en 6 mánaða fjarveru frá vinnu (Waddell og Aylward, 2005). Við komu til ráðgjafa VIRK eru einstaklingar spurðir hversu lengi þeir hafi glímt við óvinnufærni vegna heilsubreysts áður en þeir leituðu til VIRK. Um 1100 einstaklingar hafa svarað þessari spurningu og á mynd 14 eru upplýsingar um framfærslustöðu þeirra í lok þjónustu, eftir því hvort viðkomandi höfðu verið óvinnufærir skemur eða lengur en 6 mánuði þegar þjónusta VIRK hófst. Eins og sjá má eru einstaklingar sem hafa verið frá vinnu skemur en 6 mánuði þegar þeir koma til VIRK, mun líklegri til að fara beint í launað starf í lok starfsendurhæfingar. Hlutfallslega fleiri þeirra einstaklinga, sem hafa verið lengi óvinnufærir í upphafi þjónustu, fara á örorkulífeyri í lok þjónustu á vegum VIRK.




Mynd 14

Þessar niðurstöður úr gagnagrunni VIRK undirstrika mikilvægi þess að skýra betur og skilgreina ábyrgð mismunandi aðila í ferli einstaklings í veikindum. Mikilvægt er að tryggja einstaklingi viðeigandi þjónustu í starfsendurhæfingu áður en of langur tími líður í fjarveru frá vinnumarkaði vegna heilsubrests. Hér þarf að skýra betur hlutverk og ábyrgð mismunandi aðila velferðarkerfisins hér á landi.

Upplifun einstaklinga af áhrifum þjónustunnar á möguleika þeirra og lífsgæði skiptir miklu máli. Þetta er metið með þjónustukönnun sem lögð er fyrir alla einstaklinga sem ljúka þjónustu hjá VIRK og sem um helmingur þeirra svarar. Myndir 15 og 16 sýna hluta af niðurstöðum könnunarinnar. Um 83% einstaklinga telja að ráðgjafi VIRK hafi aðstoðað þá við að setja sér raunhæf markmið um að fara aftur til vinnu, samkvæmt niðurstöðum á mynd 15. Af mynd 16 má sjá að einstaklingar telja að þjónusta VIRK hafi haft mikil áhrif á stöðu þeirra hvað varðar bæði bætta sjálfsmynd og aukna vinnugetu. Til viðbótar við þetta má nefna að um 94% einstaklinganna fannst ráðgjafi VIRK koma fram við sig af virðingu og alúð og um 80% töldu að hvatning ráðgjafa VIRK hefði styrkt fyrirætlun þeirra um aukna þátttöku á vinnumarkaði. Af þeim sem svöruðu þjónustukönnuninni segjast 94% myndu ráðleggja öðrum í svipuðum sporum að leita til VIRK. Því er ljóst að einstaklingar sem leita til VIRK eru almennt mjög sáttir við þjónustuna.



Mynd 15



Mynd 16


Ávinningur starfsendurhæfingar

Atvinna er mjög mikilvægur þáttur í lífi fólks. Það skiptir okkur öll máli að hafa hlutverk, geta séð okkur farborða og verið fjárhagslega sjálfstæð. Einnig skiptir miklu að við leggjum áherslu á það í bæði menningu okkar og uppbyggingu velferðarkerfisins að nýta markvisst getu allra til vinnumarkaðsþátttöku. Sé það ekki gert er hættu á að sífellt minnkandi þátttaka á vinnumarkaði ógni uppbyggingu góðs velferðarkerfis til framtíðar.

Starfsendurhæfing er því fjárfesting í mannaudi og stuðlar enn fremur að öflugra samfélagi og aukinni velferð allra. Hún miðar að því að draga fram styrkleika hvers og eins og setja í samhengi við möguleika og tækifæri á vinnumarkaði. Markmiðið er að sem flestir geti verið þátttakendur á vinnumarkaði og séð sjálfum sér farborða með launuðu starfi. Mikilvægt er að meta sífellt árangur starfsendurhæfingar og setja í samhengi við fjármagn, sem veitt er í hana, og við afraksturinn sem hún skilar — bæði til einstaklinga og samfélags.

Afrakstur árangursríkrar starfsendurhæfingar getur verið mjög mikill. *Talna-könnun* hefur tekið saman fyrir VIRK nokkur einföld dæmi um fjárhagslegan ávinning af starfsendurhæfingu ef hún skilar þeim árangri að einstaklingur taki fullan þátt á vinnumarkaði í stað þess að fara á örorkulífeyri. Reiknað var hver heildarlaun einstaklings yrðu til 67 ára aldurs. Tekið var saman hvað lífeyrissjóður og Tryggingastofnun myndu greiða og hvert tap einstaklingsins

yrði en það miðast við þann hluta vinnulauna sem ekki fæst bættur frá öðrum. Niðurstaðan er samanlagt heildartap þessara aðila vegna varanlegrar örorku eða heildarávinningur þess að fjárfesta í árangursríkri starfsendurhæfingu fyrir viðkomandi einstakling. Á móti kemur síðan kostnaður við starfsendurhæfingu en hann er hér metinn sem full laun viðkomandi einstaklings í 2 ár. Mynd 17 inniheldur upplýsingar um fjárhagslegan ávinning af árangursríkri starfsendurhæfingu eins einstaklings miðað við mismunandi forsendur um aldur og mánaðarlaun. Sjá má að heildarávinningur getur orðið mjög mikill eða um 118 milljónir króna þegar um er að ræða unga einstaklinga og þá hefur ekki verið tekið tillit til aukinna lífsgæða viðkomandi einstaklinga og sparnaðar annars staðar í velferðarkerfinu, s.s. innan heilbrigðisþjónustunnar.



Mynd 17

Á ári hverju fara nokkur hundruð einstaklingar úr þjónustu VIRK í virka þátttöku á vinnumarkaði. Þetta eru í flestum tilfellum einstaklingar sem komu til VIRK vegna mjög alvarlegs og flókens vanda og gátu ekki tekið virkan þátt á vinnumarkaði nema að til kæmi sérhæf aðstoð á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar. Að þessir einstaklingar séu nú í virkri þátttöku á vinnumarkaði í stað örorku er gríðarlega mikils virði — bæði fyrir þá sjálfa og samfélagið í heild. Árangursrík starfsendurhæfingaráþjónusta er þannig ein af allra arðbærustu fjárfestingum í okkar samfélagi og því mikilvægt að standa vörð um uppbyggingu hennar til framtíðar.

Um leið er einnig mikilvægt að aðrir aðilar velferðarkerfisins styðji við þessa fjárfestingu með því að hvetja einstaklinga til sjálfshjálpar og leggja áherslu á mikilvægi þátttöku á vinnumarkaði á öllum þjónustustigum. Þetta á jafnt við

um þá sem bera ábyrgð á framfærslugreiðslum í veikindum og um fagaðila innan heilbrigðiskerfisins og hins félagslega kerfis. Breyta þarf áherslum og aðferðafræði þannig að litið sé á getu einstaklinga til starfa, en ekki vangetu, við ákvörðun á framfærslugreiðslum. Við þurfum einnig að leggja meiri áherslu á aukna þátttöku einstaklinga í öllu ferlinu, virkja atvinnurekendur til meira samstarfs og hafa áhrif á viðhorf og breytni í samfélaginu til að tryggja einstaklingum með skerta starfsgetu aukna möguleika á vinnumarkaði. Allt þetta þarf að vinnast í sameiningu ef árangur á að nást til framtíðar. Þetta krefst samstarfs margra ólíkra aðila og heildarstefnumörkunar í þessum málaflokki í samstarfi allra þeirra aðila sem bera á honum ábyrgð.



Umsagnir um þingmál

Frumvarp til laga um stimpilgjald (heildarlög), 4. mál

Frumvarpið í heild felur í sér talsverða einföldun frá því sem gildandi lög mæla fyrir um en gerðar eru eftirfarandi athugasemdir:

Einstaklingur, sem kaupir fasteign í dag, greiðir samkvæmt gildandi lögum 4 kr. í stimpilgjald eða 0,4%, af hverju byrjuðu þúsundi m.v. fasteignamat eignar. Gjald þetta er nú tvöfaldað og hækkað í 0,8% af kaupverði. Á móti kemur að stimpilgjöld vegna þeirra veðlána, sem tekin eru vegna kaupanna, eru felld niður. Það sama á við um endurfjármögnun.

Með lögum nr. 59/2008 voru skuldabréf og tryggingarbréf, sem tryggð voru með veði í fasteign og gefin út til fjármögnunar fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði einstaklings, gerð stimpilfrjáls. Með frumvarpinu fylgir mat á áhrifum þess. Þar segir m.a.:

„Sem dæmi má taka fjölskyldu sem fjárfestir í eigin húsnæði (samningur um eigendaskipti). Hún fjármagnar kaupin með eigin fé og 65% lántöku af kaupverði (lánasamningur með veði). Sé kaupverð eignarinnar 35 millj. kr.

og lánsfjárhæðin 23 millj. kr. greiðir viðkomandi fjölskylda 140 þús. kr. í stimpilgjald af kaupsamningi og 345 þús. kr. í stimpilgjald af skuldabréfinu, eða samtals 485 þús. kr. miðað við gildandi reglur. Verði frumvarpið að lögum mun umrædd fjölskylda greiða 280 þús. kr. í stimpilgjald og viðskiptakostnaður hennar því lækka um 205 þús. kr., eða um 0,6% af kaupverði fasteignarinnar. Hefði viðkomandi fjölskylda ekki þurft að fjármagna kaupin með lánunum hækkar viðskiptakostnaður hennar um 140 þús. kr. við breytinguna.“

Þetta dæmi er villandi. Samkvæmt gildandi lögum hefði einstaklingur í fyrstu kaupum greitt 140 þús. kr. í stimpilgjald vegna kaupsamnings eða afsals og enn lægri fjárhæð hefði fasteignamat eignar legið undir markaðsverði. Hann hefði síðan ekkert stimpilgjald greitt vegna 23 millj. kr. lánsins. Verði frumvarp þetta að lögum mun þessi sami einstaklingur greiða 280 þús. kr. í stimpilgjald í stað 140 þús. kr. vegna kaupsamnings eða afsals og eins og fyrr ekkert stimpilgjald vegna veðlánsins. Kostnaður þessarar fjölskyldu hækkar um 0,4% af kaupverði.

ASÍ hvetur til þess að frá þessari hækkun verði horfið í meðförum Alþingis. ASÍ fagnar því hins vegar að þær lækkanir á stimpilgjöldum, sem gerðar voru með 31. gr. laga nr. 146/2012, haldi sér og eins að gjaldstofn verði kaupverð eignar en ekki fasteignamat en kaupverðið mun lækka gjaldið vegna eigna á þeim landssvæðum þar sem fasteignamat er hærra en gangverð.

Tillaga til þingsályktunar um bráðaáðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi, 5. mál

Á 40. þingi Alþýðusambands Íslands var gerð ályktun um húsnæðismál. Þar koma eftirfarandi áherslur fram:

- að fjölbreytileiki í húsnæðismálum verði aukinn
- að hér verði komið á einu kerfi húsnæðisbóta sem jafni stöðu kaupenda og leigjenda
- að efla leigumarkaðinn þannig að hann verði raunverulegur öruggur valkostur
- að fólk geti valið milli mismunandi búsetuforma svo sem kaupréttar og kaupleigu
- að endurvekja félagslega húsnæðiskerfið
- að húsnæðisvextir verði lækkaðir
- m.a með því að leita fyrirmynda hjá þeim þjóðum sem bestum árangri hafa náð í að byggja upp húsnæðislánamarkað
- að lækka kostnað við lántökur, s.s. stimpilgjöld, þinglýsingargjöld og lántökugjöld

- að dregið verði úr vægi verðtryggingar með því að lánastofnanir bjóði upp á hagstæðari óverðtryggð lán.

Í samræmi við þessar áherslur samþykkt þingið að verkefni ASÍ í húsnæðismálum væri að:

- þrýsta á stjórnvöld að þau breyti fyrirkomulagi opinberra húsnæðislána til samræmis við það sem best gerist í nágrannalöndunum
- beita sér fyrir því að leigumarkaðurinn verð eflur í samvinnu við stjórnvöld og fjárfesta
- þrýsta á stjórnvöld að endurvekja félagslega íbúðakerfið

Aðgerðir eins og þær sem birtast í 1., 3. og 5. t. þingsályktunartillögunnar geta verið hluti slíkrar stefnu en mun meira þarf til. Hjálagt fylgir útfærð og mótuð stefna ASÍ um félagslegt húsnæðiskerfi. Þar er m.a. tekið á markmiðum og hlutverkum slíkrar stefnu, fjármögnun, kostnaði ríkis og sveitarfélaga og félagslegum þáttum. Til þess að hrinda af stað bráðnaðsynlegum aðgerðum til þess að draga úr húsnæðiskostnaði, efla framboð og endurreisa lífvænlegt húsnæðiskerfi til framtíðar telur ASÍ mikilvægt að Alþingi sameinist um mótun heildrænnar og sjálfbærrar almennrar og félagslegrar húsnæðisstefnu. Fordast ber mistök tveggja síðustu áratuga sem einkenndust af ómarkvissum og á stundum skadlegum breytingum á skipan húsnæðismála hér á landi.

Efnislega samhljóða umsögn var veitt um 40. mál á síðasta þingi.

Hjálagt: Tillögur og greinargerð ASÍ um nýtt félagslegt húsnæðiskerfi.

Frumvarp til laga um viðbrögð við skuldavanda einstaklinga með lán með veði í eign þriðja aðila, 11. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið

Tillaga til þingsályktunar um frestun á innheimtuaðgerðum og nauðungarsölum, 12. mál

Alþýðusambands Íslands styður þau meginsjónarmið sem fram koma í tillögu þessari. Þar til boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar um lækun skulda koma til framkvæmda ríkir mikil óvissa um réttarstöðu þeirra sem eru í vanskilum með skuldir vegna öflunar íbúðarhúsnæðis. Boðaðar aðgerðir geta haft afdrifarík áhrif á gang þeirra innheimtumála, sem nú eru rekin, og mikilvægt að hagsmunum þess hóps, sem vænta má leiðréttingar á stöðu sinni, sé ekki raskað á þeim stutta tíma sem boðað er að líða muni þar til aðgerðir ríkisstjórnarinnar koma til framkvæmda.

Pingsályktun um merkingu á vörum frá hernumdum svæðum Palestínu, 20. mál

Alþýðusamband Íslands hefur um áratugaskeið fordæmt hernám Ísraels í Palestínu og stutt baráttu Alþjóðasambands verkalýðsfélaga (ITUC) fyrir réttindum palestínskrs verkafólks og andstöðu við hið ólögsmæta hernám. Eitt þeirra verkfæra, sem borgarar lýðfrjálsra ríkja geta notað til þess að þrýsta á stefnubreytingu ríkja sem ekki fara að alþjóðalögum, er meðvitað val neytenda á neysluvöru. Nokkurt magn vöru er flutt inn frá Ísrael án þess að bera með sér aðrar upplýsingar um uppruna en að varan sé framleidd í Ísrael en hluti hennar er framleiddur á svæðum sem hernumin hafa verið í andstöðu við alþjóðalög. ASÍ styður því heilshugar að vara sögð framleidd í Ísrael verði sérstaklega merkt hvort hún er framleidd á hernumdum svæðum Palestínu eður ei. ASÍ styður jafnframt að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir auknum viðskiptum við Palestínu og EFTA á grundvelli bráðabirgðasamnings þar um frá 1.7 1999.

Pingsályktun um skrásetningu kjörsóknar eftir fæðingarári í kosningum á Íslandi frá vori 2014, 62. mál

Rannsóknir hér á landi og í Evrópu sýna fram á að ungt fólk er sá þjóðfélags-hópur sem hefur orðið hvað harðast fyrir bardinu á efnahagsþrengingunum sem skóku heiminn í árslok 2008. Með vísan í framangreint styður Alþýðusamband Íslands allar aðgerðir stjórnvalda sem miða að því að rétta hlut ungs fólks í samfélaginu og lýsir sig reiðubúið að taka þátt í allri vinnu sem miðar að því að ráðast á vandann sem er margþættur. Besta leiðin að mati Alþýðusambands Íslands til að auka tiltrú á lýðræðinu er að auka tiltrú borgaranna á stjórnkerfinu og valdhöfum og besta leiðin til þess er að láta dæma sig af góðum verkum.

Pingsályktun þessi er að mati Alþýðusambands Íslands skref í rétta átt og hvetur ASÍ því þingmenn til að styðja framgang hennar.

Pingsályktun um fríverslunarsamning Íslands og Kína, 73. mál

Alþýðusamband Íslands mótmælir því harðlega að Alþingi staðfesti fríverslunarsamning þann sem gerður hefur verið við Kína. Fyrir liggur að kínversk stjórnvöld viðurkenna ekki mannréttindi og hafa áratugum saman hunsað grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og meinað launafólki að stofna frjáls stéttarfélög til að semja um sín kjör. Með þessum samningi er íslenskum fyrirtækjum og íslensku launafólki ætlað að keppa á jafnréttisgrundvelli við fyrirtæki í Kína sem þurfa ekki að uppfylla nein þau skilyrði sem þau íslensku þurfa að uppfylla. Afleiðingin af þessum gjörningi er augljós. Hann mun þvinga niður launakjör hér á landi og það sem verra er, þvinga íslensk

fyrirtæki til að flytja framleiðslu sína til Kína og selja hana síðan bæði hér og annars staðar undir íslenskum merkjum. Það er og hefur verið algjört skilyrði af hálfu ASÍ að við gerð fríverslunarsamninga við önnur ríki verði sett bein og ófrávikjanleg skilyrði um að viðkomandi ríki viðurkenni og framkvæmi í raun allar grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

Þegar sá fríverslunarsamningur var í smíðum, sem nú er leitað staðfestingar á, gerði ASÍ kröfu til þess að gengið yrði samhliða frá sérstakri yfirlýsingu um vinnumál, ætluðu stjórnvöld sér á annað borð að gera samning um fríverslun. Sú yfirlýsing yrði sambærileg við vinnuálayfirlýsingu þá sem Kína samdi um við Nýja Sjáland varðandi samskipti, dagskrárefni og aðild. Aðildin að samráðsvettvangi yrði þríhliða af hálfu beggja aðila þ.e. skipaður auk stjórnvalda af fulltrúum „most representative“ samtaka launafólks og atvinnurekenda. Vísað yrði með skýrum hætti til „Decent Work Agenda“ Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) auk þess að vísa til markmiða ILO, grundvallarsamþykktu og grundvallarréttinda. Fyrirheit voru gefin af hálfu fyrrverandi utanríkisráðherra um að frá hvorutveggja, fríverslunarsamningi og yfirlýsingu um vinnumál, yrði gengið samhliða. Það var ekki gert og enn er ósamið um yfirlýsingu um vinnumál og staða til þess að ljúka slíku samkomulagi veik eftir að hafa undirritað fríverslunarsamninginn án nokkurra fyrirvara.

Alþýðusamband Íslands mótmælir því þess vegna harðlega að Alþingi staðfesti fríverslunarsamning þann sem gerður hefur verið við Kína og ítrekar þá afstöðu sem áður hefur komið fram, sbr. meðfylgjandi fyrri umsögn og bréf til forseta Íslands.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991, 91. mál

Með frumvarpinu er leitast við að mæta athugasemdum ESA, sem gerðar hafa verið í kjölfar dóms Evrópudómstólsins í málinu nr. C-402/03, og lagt til að bein ábyrgð dreifingaradila verði takmörkuð við að tjón verði rakið til sakar eða vanrækslu af hálfu framleiðanda eða fyrri dreifingaradila. Þetta er gert með vísan til tilskipunar 85/374/ESB. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1991 fer um ábyrgð dreifingaradila með sama hætti og framleiðanda en sú ábyrgð er án sakar, sbr. 6. gr. laganna.

Tilskipanir ESB ber að innleiða í landsrétt aðildarríkja ESB í fullu samræmi við þær sömu tilskipanir en þær geta einnig haft bein réttaráhrif í aðildarríkjum ESB að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Viðeigandi tilskipanir ESB skal jafnframt innleiða á Íslandi á grundvelli EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, en einnig ber að túlka lög og reglur hér á landi, að svo miklu leyti sem við á,

til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja, sbr. 3. gr. sömu laga. Hæstiréttur Íslands hafnaði því með dómi í málinu nr. 79/2010 að víkja ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1991 til hliðar með vísan til 3. gr. laga nr. 2/1993 en hefur látið ósagt hvort ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1991 stangist á við ákvæði tilskipunar 85/374/ESB. Með frumvarpinu fylgja ekki þau bréf þar sem ESA hefur vakið athygli á ósamræmi íslenskra laga og tilskipunar 85/375/ESB.

Með vísan til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 79/2010 og þess að ekki liggur fyrir formleg afstaða ESA til þess hvort og þá hvernig 10. gr. laga nr. 25/1991 stangast á við tilskipun 85/374/ESB er nokkrum vandkvæðum bundið að taka afstöðu til þess hvaða breytingar á lögum nr. 25/1991 kunni að vera nauðsynlegar til þess að Ísland teljist uppfylla skilyrði EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993. Mikilvægt er að svo sé þegar EES-réttur getur leitt til þess að dregið verði úr þeirri vernd neytenda sem þegar var í gildi þá er samningurinn um EES var gerður.

ASÍ vekur sérstaka athygli á því að sú breyting, sem lögd er til á 10. gr. laga nr. 25/1991, fellir skilyrðislaust niður hlutlæga ábyrgð dreifingaraðila. Mál Evrópudómstólsins nr. C-402/03 varðaði skaðabótakröfu neytanda sem keypt hafði egg í verslun (hjá dreifingaraðila) í Danmörku. Uppruni eggja var þekktur enda þau merkt framleiðanda. Málið var höfðað bæði gegn dreifingaraðila og framleiðanda og ábyrgð þeirra beggja var hlutlæg skv. dönskum lögum. Evrópudómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að hlutlæg ábyrgð dreifingaraðila í þessu tilviki væri andstæð tilskipun 85/374/ESB.

Þessi dómur verður ekki túlkaður svo vítt að fella beri niður hlutlæga ábyrgð dreifingaraðila í öllum tilvikum. Eðlileg túlkun hans getur ekki leitt til þess að lengra verði gengið en að fella niður hlutlæga ábyrgð dreifingaraðila þegar framleiðandi er innlendir og þekktur en um þá réttarstöðu fjallar dómur Evrópudómstólsins.

Jafnframt er vakin athygli á því að 10. gr. laga nr. 25/1991, eins og hún yrði eftir breytingar þær sem lagðar eru til, tekur skv. orðanna hljóðan til dreifingaraðila óháð þeirri stöðu sem þeir geta tekið skv. 4. gr. sömu laga en hún getur verið með ýmsum hætti. Þar segir:

„Framleiðandi telst vera sá sem býr til fullunna vöru; einnig sá sem býr til hluta vöru eða lætur af hendi hráefni og sá er vinnur eða aflar afurða úr náttúrunni. Enn fremur hver sem lætur líta svo út að hann sé framleiðandi með því að setja nafn sitt á vöru, vörumerki eða annað auðkenni.

Auk þess skal hver sá teljast framleiðandi sem í atvinnuskyni flytur vöru til landsins í þeim tilgangi að selja hana, leigja eða versla með hana á annan hátt. Dreifingaraðili telst hver sá sem í atvinnuskyni dreifir vöru án þess að teljast framleiðandi.

Geti tjónþoli ekki komist að því hver hefur búið til vöru sem framleidd er hér á landi eða flutt vöru til landsins skal sérhver dreifingaraðili hennar teljast framleiðandi.

Þetta á þó ekki við ef dreifingaraðili skýrir þeim sem fyrir tjóni varð án óþarfs dráttar frá nafni og heimilisfangi framleiðanda, innflytjanda eða þess sem afhent hefur dreifingaraðila vöruna, enda beri sá bótaábyrgð eftir lögum þessum og eigi varnarþing hér á landi.“

Nái breytingin fram óbreytt mun verulegur vafi rísa um það hvort dreifingaraðili beri hlutlæga ábyrgð þegar hann kemur fram skv. 2. mgr. eða 3. mgr. 4. gr. laga nr. 25/1991 eða þegar hann upplýsir um framleiðanda sem ekki á varnarþing hér á landi, sbr. 4. mgr. sömu laga.

Til þess að hrinda í framkvæmd breytingum í kjölfar dóms Evrópudómstólsins í máli C-402/03 er hvorki nauðsynlegt né forsvaranlegt að breyta 10. gr. laga nr. 25/1991 meira en þannig að bein ábyrgð dreifingaraðila falli niður ef framleiðandi er þekktur, hann hafi varnarþing hér á landi og sé greiðslufær. Slík takmarkaðri breyting hrindir í framkvæmd þeim athugasemdum sem draga má af dómi Evrópudómstólsins, hún rúmast fyllilega innan tilskipunar 85/374/ESB en gætir þess um leið og draga ekki úr neytendavernd hér á landi meira en brýna nauðsyn ber til vegna skuldbindinga Íslands skv. EES-samningnum. Lagt er því til, ef nefndin kýs að gera breytingar á annað borð, að 10. gr. gildandi laga standi óbreytt (dreifingaraðili ber ábyrgð á skaðsemistjóni beint gagnvart tjónþola og síðari dreifingaraðilum) en við hana bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Í þeim tilvikum þegar framleiðandi er þekktur, hann með varnarþing hér á landi og greiðslufær, takmarkast sú ábyrgð þó að svo miklu leyti sem tjónið verður rakið til sakar eða vanrækslu af hálfu framleiðanda eða fyrri dreifingaraðila í aðfangakeðjunni.

Tillaga til þingsályktunar um atvinnulýðræði, 121. mál

Alþýðusamband Íslands styður ekki sjónarmið um beina þátttöku og ábyrgð starfsmanna á rekstri þeirra fyrirtækja sem þeir vinna hjá. ASÍ hefur um árabíl

tekið þátt í samstarfi evrópskrar verkalýðshreyfingar um atvinnulýðræði. Þar hafa þau sjónarmið, sem byggja á formlegu samráði og upplýsingaskyldu atvinnurekenda og launafólks, ráðið för og hefur ASÍ stutt þá stefnu. ASÍ telur mikilvægt að þeim skyldum, sem atvinnurekendur takast á herðar í þessu efni, sé fylgt eftir í framkvæmd. Það á meðal annars við hvað varðar upplýsinga- og samráðsskyldu vegna meiri háttar breytinga í starfsemi og vegna fyrirhugaðra hópuppsagna. Ef vel er að verki staðið má ná verulegum árangri við breytingar í starfsemi og ekki síður við að koma í veg fyrir uppsagnir fari samráð af stað á réttum tíma. Jafnframt vekur ASÍ athygli á því að undanfarin ár hefur verulegt átak verið gert til þess að byggja upp og styðja við hlutverk trúnaðarmanna stéttarfélaganna á vinnustöðum. Hlutverk þeirra á íslenskum vinnumarkaði og raunar á norrænum einnig er mikilvægt í þessu efni og stafar það fyrst og fremst af mikilli þátttöku í stéttarfélögum og víðtæku gildi kjarasamninga. Þessi réttarstaða er önnur og betri en víðast hvar annars staðar og skýrir m.a. hvers vegna ekki er sérstök þörf á því að Alþingi geri tillögur um atvinnulýðræði á vinnustöðum hér á landi. ASÍ tekur ekki afstöðu til þess hvort og hvernig byggja megi upp atvinnulýðræði meðal nemenda í skólum hér á landi en bendir á að um gerólík svið samfélagsins er að ræða.

Tillaga til þingsályktunar um heildarlög um útlendinga, 136. mál

Um afstöðu Alþýðusambandsins vísast til umsagnar sem sambandið gaf 28. febrúar 2013 um frumvarp til laga um útlendinga, 541. mál, og greinargerð um efni málsins og aðdraganda sem fylgdi þeirri umsögn.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 o.fl., 144. mál

Alþýðusamband Íslands styður markmið þessa frumvarps en gerir athugasemdir við i-lið 2. gr. um eftirlit og viðurlög. Þær heimildir, sem lögfestar eru með þessu ákvæði, mæla fyrir um söfnun persónuupplýsinga sem sumar hverjar flokkast undir viðkvæmar persónuupplýsingar. Jafnframt felur öflun þeirra og beiting viðurlaga í sér verulegt inngríp í líf viðkomandi. Í greininni er ekki að finna ákvæði um formlega ferla, málsmeðferð, málsskot og þess háttar og þá sérstaklega hvað varðar ráðstafanir sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr. Skýra þarf réttarstöðu einstaklinga í þessu efni þannig að tryggt sé að meginreglum stjórnsýslulaga verði fylgt og persónuverndar gætt.

Frumvarp til laga um húsaleigubætur 147. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta að öðru leyti en því að gildandi 2. mgr. 4. gr. er hlutlaus gagnvart því á hvaða stigi nám er. Engin ástæða er til þess að mismuna í rétti til bóta vegna náms innan

sveitarfélags og mælir ASÍ með því að frumvarpinu verði breytt þannig að orðin „á framhalds- og háskólastigi“ verði felld út.

Frumvarp til laga um nauðungarsölu (Íbúðalánasjóður, frestun nauðungarsölu), 150. mál

Alþýðusamband Íslands styður samþykkt þessa frumvarps.

Frumvarp til laga um aðgerðir til að draga úr reglubyrði atvinnulífsins og efla samkeppni (heildarlög), 158. mál

Alþýðusamband Íslands á fulltrúa í ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999 sem frumvarpi þessu er ætlað að leysa af hólmi. Framangreind ráðgjafarnefnd hefur nokkrum sinnum verið kölluð saman undanfarna mánuði og hefur þá m.a. fengið að fylgjast með smíði frumvarpsins í forsætisráðuneytinu og fulltrúar fengið að koma á framfæri sínum athugasemdum sem að einhverju leyti hefur verið tekið tillit til.

Með vísan í framangreint gerir Alþýðusamband Íslands ekki athugasemdir við efni frumvarpsins sem slíks að öðru leyti en því að lagt er til að frumvarpinu verði breytt á þá leið að fulltrúum í svokölluðu Regluráði verði fjölgað úr sex í sjö og að sjöundi fulltrúinn verði skipaður skv. tilnefningu frá BSRB sem myndi tryggja að sjónarmið sem ASÍ telur mikilvægt að fá á borð Regluráðsins.

Greinargerð:

Hvað varðar hið pólitíska markmið frumvarpsins, sem vel má merkja sé það lesið með hliðsjón af stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og í kjölfarið samþykkrar aðgerðaáætlunar hennar frá 24. maí 2013, telur Alþýðusamband Íslands að ekki sé hægt að samsinna því að reglubyrði á íslenskt atvinnulíf sé almennt úr hófi. Skoðun þessi er reist á þeirri forsendu að regluverki er ætlað að auka efnahagslega og félagslega velferð þess samfélags sem regluverkið setur. Alþýðusamband Íslands telur ekki að núgildandi regluverk, sem gildir með einum eða öðrum hætti um íslenskt atvinnulíf, fari almennt út fyrir það meðalhóf sem verður að ríkja varðandi heildarvelferð samfélagsins annars vegar og þess kostnaðar og fyrirhafnar sem atvinnulífið tekur á sig til að uppfylla kröfur regluverksins hins vegar.

Alþýðusamband Íslands gerir skýran greinarmun á því að huga að einföldun og skilvirkni og bættri framkvæmd regluverks annars vegar og að draga úr kröfum og eftirliti með afnámi og/eða breytingu á reglum hins vegar. Hið fyrrnefnda er gott og gilt markmið sem Alþýðusamband Íslands telur vert að ráðast í og mun beita sér fyrir í áður nefndu Regluráði að verði ráðandi ver-

kefni þess enda gangi það ekki á það meðalhóf sem Alþýðusamband Íslands telur nú ríkja á milli regluverksins, sem gildir um atvinnulífið hér á landi, og samfélagslegs ávinnings sem lítur fyrst og fremst að öryggis- og samkeppnissjónarmiðum.

Til stuðnings framangreindu, um að ekki sé sérstök ástæða til að létta á regluþyrði íslensks atvinnulífs og ráðast í einhvers konar „afreglun“ (e. de-regulation), má benda á meginniðurstöður og sjónarmið erlendra sérfræðinga frá málþingi forsætisráðuneytisins og Viðskiptaráðs um einfaldara og skilvirkara regluverk fyrir atvinnulífið sem haldið var dagana 2.–3. september sl. Rauður þráður í niðurstöðum málþingsins var á þá leið að ekki væri sérstök ástæða til að draga úr efnislegum kröfum, sem regluverkið hér á landi leggur á atvinnulífið, heldur væri frekar ástæða til að tryggja þjálli og vandaðri framkvæmd framkvæmdaraðila, s.s. ráðuneyta og sjálfstæðra stofnana. Í raun voru niðurstöðurnar það skýrar að einn erlendu sérfræðinganna, sem ávarpaði málþingið og veitti vinnuhópum ráðgjöf, Michael Gibbons, formaður „Regulatory Policy Committee“ í Bretlandi, ávarpaði málþingið sérstaklega og vakti máls á því að sér kæmi á óvart að nær engar athugasemdir hafi verið gerðar í vinnuhópunum um að þörf væri á að draga úr þeim efnislegu kröfum sem regluverkið gerði til atvinnulífsins.

Alþýðusamband Ísland bendir á að eigi að taka upp einhvers konar hlutlæga nálgun varðandi mat nýrra reglna og almennrar regluþyrði á atvinnulífið, eins og lagt er til í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, verði að undirbúa þá vinnu vel með því að búið sé að móta trúverðugt og óumdeilt áhrifamat (e. impact assessment). Byggist þessi skoðun m.a. á varnaðarorðum Nicks Malyshev, sérfræðings hjá OECD, sem ávarpaði nefnt málþing 2.–3. september sl. Skýrlega kom fram hjá nefndum Malyshev að óumdeilt áhrifamat væri nauðsynlegur undanfari þeirrar stefnu sem er iðkuð með „einn inn, einn út“ (e. one-in, one-out) aðferðafræðinni og boðuð er í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Frumvarp til laga um lífsýnasöfn (söfn heilbrigðisupplýsinga og leitargrunnar), 160. mál

Lagafrumvarp þetta bætir gildandi löggjöf og Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við efni þess.

Frumvarp til laga um flutning verkefna frá innanríkisráðuneytinu til sýslumannsembætta og annarra embætta og stofnana, 161. mál

Í frumvarpinu felast breytingar sem sumar hverjar eru til mikilla bóta. Engar athugasemdir eru gerðar.

Tillaga til þingsályktunar um frestun á innheimtuaðgerðum og nauðungarsölum, 163. mál

Alþýðusamband Íslands styður þau megin sjónarmið sem fram koma í tillögu þessari. Þar til boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar um lækkun skulda koma til framkvæmda ríkir mikil óvissa um réttarstöðu þeirra sem eru í vanskilum með skuldir vegna öflunar íbúðarhúsnæðis. Boðaðar aðgerðir geta haft afdrifarík áhrif á gang þeirra innheimtumála, sem nú eru rekin, og mikilvægt að hagsmunum þess hóps, sem vænta má leiðréttingar á stöðu sinni, sé ekki raskað á þeim stutta tíma sem boðað er að líða muni þar til aðgerðir ríkisstjórnarinnar koma til framkvæmda.

Frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, 167. mál

Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd voru samþykkt á Alþingi í mars 2013 með þeim fyrirvara að fresta gildistöku þeirra um tæpt ár. Þegar eins viðamikið frumvarp og heildarlög um náttúruvernd er lagt fram er mikilvægt að breið sátt náist um efnistöð þess þar sem skiptar skoðanir ólíkra hópa samfélagsins koma óhjákvæmilega fram.

ASÍ telur mikilvægt að Alþingi standi vörð um þau faglegu vinnubrögð sem einkennt hafa þá miklu og löngu undirbúningsvinnu sem að baki laga um náttúruvernd liggur, þar sem unnið var út frá þeirri forsendu að umhverfi er hin ytri náttúra umsköpuð af tæknilegu valdi mannsins.

Þegar nýtt frumvarp til heildarlaga um náttúruvernd var lagt fram fyrr á þessu ári fagnaði Alþýðusamband Íslands tilkomu þess en benti á að mikilvægt væri að taka tillit til sjónarmiða þeirra atvinnugreina sem ættu beinna hagsmuna að gæta, s.s. ferðaþjónustu.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um miðlun váttrygginga (markaðssetning o.fl., EES-reglur), 168. mál

Alþýðusamband Íslands gerir engar efnislegar athugasemdir við frumvarpið og vísar til fyrri umsagnar sinnar um málið á 141. þingi.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 (húsnæðissparnaður), 175. mál

Alþýðusamband Íslands er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að auka þátt eiginfjármögnunar við fasteignakaup og hefur lagt til að nota megi m.a. sér-eignasparnað í því augnamiði og styður því hugmyndir um húsnæðissparnaðarreikninga og hvata til stofnunar þeirra. Vakinn er athygli á því að vegna breytts húsnæðismarkaðar hefur fjöldi leigjenda vaxið og að mikil þörf hefur skapast fyrir sparnað sem nota mætti til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Mælt er með því að innistæður á húsnæðissparnaðarreikningum megi nota í því skyni.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, með síðari breytingum (vörukaup, þjónusta o.fl.), 176. mál

ASÍ fagnar því að ofangreint frumvarp er komið í umsagnarferli þar sem mikilvægar breytingar eru gerðar á lögum nr.10/2008 varðandi orðalag og skilgreiningar á nokkrum grunnhugtökum laganna. Nauðsynlegt er að skilgreiningar, sem notaðar eru, séu í samræmi við tilskipanir Evrópuþingsins og -ráðsins og tryggi þá réttarvernd sem tilskipanirnar innibera.

Varðandi 19. grein laganna, þar sem ráðherra er heimilt að setja reglugerð, m.a. um innleiðingu staðals um launajafnrétti, svo sem varðandi hæfniskröfur til vottunarstofa og framkvæmd jafnlaunavottunar:

Staðall um launajafnrétti, sem unninn var í samvinnu við ASÍ, SA og félags- og tryggingamálaráðherra, var gefinn út í desember 2012, afrakstur fjögurra ára vinnu samstarfsaðila. Þó svo að það sé valfrjálst fyrirtækjum og stofnunum að innleiða staðalinn er mikilvægt að setja reglur um innleiðingu staðalsins, um hæfniskröfur vottunarstofa sem og framkvæmd jafnlaunavottunarinnar til þess að tryggja vönduð vinnubrögð. Því fagnar ASÍ reglugerðinni.

Grein 2 a, sem fjallar um bann við mismunun í tengslum við vörukaup og þjónustu, telur ASÍ mikilvæga þar sem það með er verið að innleiða í íslenskan rétt tilskipun Evrópuráðsins og sameiginlegu EES-nefndarinnar. Tilskipun ráðsins er 2004/113/EB og ákvörðun EES-nefndarinnar er nr. 147/2009.

Lög nr. 10/2008 leggja sérstaka áherslu á jafnrétti á vinnumarkaði en með innleiðingu ofangreindrar tilskipunar og ákvörðunar er verið að stuðla að jafnrétti kynjanna ekki eingöngu á vinnumarkaði heldur einnig á öðrum sviðum samfélagsins.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (skilyrði til greiðslu örorkulífeyris og fjárfestingarheimildir), 177. mál

Efni frumvarpsins er þrjúþætt. Í fyrsta lagi er lagt til að sett verði inn ákvæði sem heimila lífeyrissjóðum að skilyrða rétt til örorkubóta við að viðkomandi sjóðfélagi taki þátt í endurhæfingu sem bætt geti heilsufar hans. Í öðru lagi er lagt til að, greiði launagreiðandi inn á skuldbindingu við lífeyrissjóð með bakábyrgð ríkis eða sveitarfélags með óskráðu skuldabréfi, verði sjóðnum heimilt að eiga slík bréf óháð takmörkunum 36. gr. laganna. Í þriðja lagi er lagt til að heimild lífeyrissjóða til að eiga allt að 20% í samlagshlutafélagi verði framlengd til ársloka 2014.

Varðandi 1. gr. frumvarpsins er vísað til umsagnar Alþýðusambands Íslands um 469. mál á 141. löggjafabingi. Sú umsögn, sem hér er veitt, er efnislega samhljóða. Alþýðusambandið telur umrædda breytingu mikilvæga og í samræmi við það umfangsmikla breytingaferli sem nú stendur yfir til að auka tækifæri þeirra einstaklinga sem vegna veikinda eða slysa missa hluta af starfsgetu sinni. Meginmarkmið þessara breytinga hefur verið að auka áherslu á virkni og endurhæfingu þeirra sem missa starfsorkuna. Alþingi hefur þegar gert á móta breytingar í lögum um félagslega aðstoð þar sem sams konar skilyrði hafa verið sett. Fjármálaráðuneyti og Fjármálaeftirlit hafa talið að núgildandi lagaákvæði komi í veg fyrir að lífeyrissjóðir setji slík skilyrði þótt þau hafi víða verið í gildi í reglugerðum sjóðanna um árabíl.

Alþýðusambandið telur hins vegar að orðalag umræddrar tillögu sé of þröngt m.a. með vísan í lög um starfsemi starfsendurhæfingarsjóða en samkvæmt þeim eiga slíkir sjóðir að standa fyrir umfangsmikilli starfsendurhæfingu og því mikilvægt að taka tillit til þess í lagatextanum, þótt margir lífeyrissjóðir byggji enn sem komið er örorkuúrskurði sína á umsögn trúnaðarlækna. Stefnt er að því að mat á vinnugetu verði í framtíðinni byggt á umfjöllun sérstaks teymis sérfræðinga en unnið er að mótun verklagsreglna um slíkt mat þar sem áhersla er lögð á að draga fram jákvæða þætti í stöðu og framtíðartækifærum viðkomandi einstaklinga. Lagt er til að ákvæði 1. gr. verði orðað með eftirfarandi hætti:

Á eftir 5. mgr. 15. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er, að fengnu álit trúnaðarlæknis lífeyrissjóðs eða annarra sérfræðinga í starfsendurhæfingu sem sjóðurinn leitar til, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt geti starfsgetu hans.

Rétt er einnig að vekja athygli á því að Alþýðusambandið telur að bráðabirgðaákvæði XV í lífeyrissjóðalögnum, sem kveður á um að greiðsla lífeyrissjóða til starfsendurhæfingarsjóða hafi ekki áhrif á tryggingarfræðilega stöðu lífeyrissjóðanna fram til ársins 2017, sé fremur íþyngjandi en ívilnandi gagnvart tryggingafræðilegri stöðu þeirra. Talnaönnun gerði sérstaka athugun á því fyrir stjórn VIRK starfsendurhæfingarsjóðs hvaða ávinning samfélagið, þ.e. ríkissjóður, lífeyrissjóðir og einstaklingar, hefðu af aukinni áherslu á endurhæfingu og endurkomu þeirra sem lenda í alvarlegum veikindum og slysum á vinnumarkaði. Af þeirri athugun er ljóst að ávinningurinn er umtalsvert meiri en sem nemur kostnaði, sérstaklega hjá ríkissjóði og lífeyrissjóðum. Eðlilegra væri að fela efnahags- og fjármálaráðherra að endurskoða reglugerðina um

tryggingafræðilegt mat lífeyrissjóðanna, þar sem tillit yrði tekið til bæði vænts ávinnings og meints kostnaðar af starfsendurhæfingu, til þess að fá raunhæfara mat á örorkubyrði sjóðanna.

Varðandi 2. og 3. gr. frumvarpsins ítrekar Alþýðusambandið afstöðu sína til mikilvægis þess að farið sé varlega við veitingu heimilda til fjárfestinga í óskráðum bréfum og til mikilvægis þess að ekki sé veitt undanþága frá þeim skilyrðum að ekki séu hömlur á viðskiptum með eignir sjóðanna. Þrátt fyrir að fjárfestingarkostum lífeyrissjóðanna hafi fækkað frá bankahruni og áhrif gjalddeyrishaftanna takmarki einnig möguleika þeirra til fjárfestinga, er nauðsynlegt að áfram séu viðhöfð meginsjónarmið laganna um áhættudreifingu og varfærni í fjárfestingum lífeyrissjóðanna.

Alþýðusambandið hvetur sömuleiðis til þess að farið verði að tillögum úttektarnefndar Landssamtaka lífeyrissjóða og lokið verði vinnu við heildarendurskoðun á fjárfestingarkafla lífeyrissjóðalaganna.

Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði (ábyrgð félagsmanna í veiðifélögum), 198. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Frumvarp til laga um fjárhagsaðstoð vegna gjaldþrotaskipta (skiptakostnaður), 233. mál

Alþýðusamband Íslands styður eindregið að markhópi frumvarpsins verði auðveldað að láta taka bú sitt til gjaldþrotaskipta. ASÍ er hins vegar ekki sammála því að það verði best gert með þeim hætti sem lagt er til. Í allflestum tilvikum er um að ræða eignalaus eða eignalítill bú einstaklinga. Skipti á þeim eru einföld og ekki kostnaðarsöm. Í stað þess að úthluta starfandi lögmonnum 250 þúsund krónum til lúkningar hvers máls færi að áliti ASÍ betur á því að verkefni þetta yrði falið umboðsstarfalausú sýslumannsembætti. Þannig mætti draga úr útgjöldum, tryggja að bakreikningar yrðu ekki til og flýta uppgjöri mála.

Frumvarp til laga um sölu fasteigna og skipa (heildarlög), 236. mál

Alþýðusamband Íslands veitti umsögn um frumvarpið er það var lagt fram á 141. löggjafarþingi. Er sú umsögn því ítrekuð og er eftirfarandi:

Það er mat ASÍ að í frumvarpi þessu felist endurbætur á gildandi lögum um störf fasteignasala og verði það að lögum muni það tryggja almenningi meira öryggi við meðferð þess hluta sparnaðar síns sem festur hefur verið, eða festa á, í íbúðarhúsnæði.

Með vísan í framangreint mælir ASÍ því með samþykkt þessa frumvarps en skorar engu að síður á virðulega þingnefnd að íhuga eftirfarandi tillögur að frekari úrbótum sem hér eru nefndar:

14. og 15. gr.

Svo markmið 14. og 15 gr. frumvarpsins nái fram að ganga telur ASÍ vert að athuga gaumgæfilega hvort ekki megi setja nákvæmari hlutlæg hæfisskilyrði sem fasteignasali þurfi að uppfylla til að mega sinna milligöngu um ákveðin viðskipti. Hvað þetta varðar mætti taka mið af hæfisreglum stjórnsýslulaga.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 98/2004, um jöfnun á kostnaði við dreifingu raforku, með síðari breytingum (jöfnunargjald), 237. mál

Með frumvarpinu er lagt til að lagt verði á sérstakt 0,30 kr. jöfnunargjald á raforku sem fer um dreifikerfi dreifiveitna til að standa straum af allri jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda. Gjaldið verði lagt á í áföngum á árunum 2014–2016.

Kostnaður notenda í dreifbýli vegna flutnings og dreifingar á raforku hefur allt frá árinu 2005, þegar teknar voru upp sérstakar dreifbýlisgjaldskrár, verið mun hærrí en notenda í þéttbýli að teknu tilliti til dreifbýlisframlags. Sá munur hefur farið stöðugt vaxandi enda framlag á fjárlögum til niðurgreiðslu á kostnaði við dreifingu raforku verið nánast óbreytt krónutala frá árinu 2005 þrátt fyrir mikla hækkun á dreifingarkostnaði. Á árinu 2005 greiddu notendur í dreifbýli 20–25% meira en heimili í þéttbýli fyrir dreifingu raforku en þessi munur er nú 50–60% að teknu tilliti til dreifbýlisframlags. Út frá atvinnu- og byggðasjónarmiði er raforkukerfið hluti af þeim innviðum sem mikilvægt er að tryggja að landsmenn allir hafi sem jafnastan kostnað vegna. Alþýðusambandið hefur á undanföllum árum ítrekað gagnrýnt að niðurgreiðsla hins opinbera hafi ekki nægt til að tryggja þessa jöfnun og tekur því heils hugar undir markmið laganna um að jafna að fullu þann mun sem er á dreifingarkostnaði raforku milli dreifbýlis og þéttbýlis. ASÍ lýsir þó efasemdum um að heppilegast sé að fjármagna jöfnunina með sértækri skattlagningu á raforkunotendur. Frumvarpið felur í sér þá breytingu að á árinu 2016, þegar jöfnunargjaldið hefur að fullu verið innleitt, fellur niður núverandi 240 milljóna króna framlag úr ríkissjóði til jöfnunar á kostnaði við dreifingu raforku til almennra notenda. Kostnaður við jöfnun verður þá að fullu fjármagnaður með gjaldi á almenna raforkunotendur. Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir að jöfnunargjaldið verði markaður tekjustofn og áfram verði því veitt framlag til jöfnunar á kostnaði við dreifingu raforku í fjárlögum ár hvert. ASÍ leggur áherslu á að verði það niðurstaðan er nauðsynlegt að tryggt sé að tekjum af jöfnunargjaldinu verði

varið óskiptum til jöfnunar á kostnaði við dreifingu raforku en verði ekki grundvöllur að almennri skattlagningu á raforkunotendur.

Frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnábyrgingunni ríkisins í héraði, 250. mál

Alþýðusamband Íslands veitti eftirfarandi umsögn um frumvarpið er það var lagt fram á 141. löggjafarþingi. Er sú umsögn nú ítrekuð:

Alþýðusamband Íslands vekur athygli Alþingis á því að frekari þróun í þá átt að færa framkvæmd hins formlega opinbera valds fjær því fólki, sem býr í dreifðari byggðum landsins en nú þegar er orðið, geti verið varhugaverð. Með frumvarpinu er opnað mjög á allar tilfærsluleiðir sem oftast leiðir af sér með tíð og tíma niðurskurð með óhjákvæmilegum samþjöppunaráhrifum til stærri byggða. Færa má gild rök fyrir því að slíkt geti til lengri tíma litið verið fallið til þess að draga úr borgaralegu öryggi.

Frumvarp til laga um breytingu á lögregluglögum nr. 90/1996, með síðari breytingum (fækkun lögregluumdæma, aðskilnaður embætta lögreglustjóra og sýslumanna, hæfiskröfur), 251. mál

Alþýðusamband Íslands veitti umsögn um frumvarpið er það var lagt fram sem 739. mál á 140. löggjafarþingi annars vegar og sem 173. mál á 141. löggjafarþingi hins vegar. Nefndar umsagnir miða að því að lýsa stuðningi við baráttu Landssambands lögreglumanna við að öðlast verkfallsrétt en ekki er að sjá þess merki að frumvarp þetta taki af skarið þar um. Í nefndum áður innsendum umsögnum ASÍ segir m.a.:

„Verkfallsréttur launafólks er hluti af grundvallarréttindum í öllum lýðræðisríkjum sem stjórnvöldum ber að viðurkenna og vernda. Lögreglumenn gegna mjög sérstökum og mikilvægum störfum til varnar borgurinum og stofnunum samfélagsins. Eðlilega getur verkfallsréttur þeirra takmarkast í framkvæmd líkt og við getur átt um aðrar stéttir sem gegna lykilhlutverki hvað varðar öryggi og velferð borgaranna. Þær takmarkanir geta hins vegar ekki leitt til þess að verkfallsréttur allra lögreglumanna í öllum störfum, sem undir kjarasamninga þeirra falla, takmarkist fyrir fram nema og þá því aðeins að sérstaklega sé um slíkt samið fyrir fram og með afturkallanlegum hætti. Landssamband lögreglumanna hefur lagt áherslu á að lögreglumenn endurheimti verkfallsrétt sinn. Þá kröfu styður Alþýðusamband Íslands heils hugar.“

Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014–2017, 256. mál

Til umsagnar er tillaga Alþingis um að ríkisstjórnin hefji framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2014–2017. Lagðar eru til aðgerðir

á fjórum lykilsviðum sem ætlað er að uppfylla markmið áætlunarinnar um að „jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstök áhersla verði lögð á stuðning við svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf“.

ASÍ telur mikilvægt að atvinnulífið búi að sterkum grunnstoðum sem forsendu fyrir bættum lífskjörum og sköpun starfa. Með þessu er átt við að einstaklingar og atvinnulíf þurfi að búa við öryggi í samgöngum, fjarskiptum, flutningi gagna og orku og að tryggt sé að innviðir þróist eftir þörfum notenda.

ASÍ tekur undir þau sjónarmið að styðja þurfi við brothætt byggðarlög og bregðast við viðvarandi fólksfækkun á ákveðnum svæðum. Hins vegar er ólíklegt að sértækar aðgerðir á borð við lækkað tryggingagjald eða hækkaðar barnabætur séu best til þess fallnar að sporna við þróuninni. Þörf er á almennri nálgun að vandanum og að fremur verði horft til þess hvernig treysta megi forsendur góðra búsetuskilyrða með bættum innviðum, aukinni nýsköpun og fjárfestingu á brothættum svæðum. Því er mikilvægt að horft verði til þess hvernig bæta megi umhverfi nýfjárfestinga hérlendis, nýsköpunar og vaxta- greina. Þetta er ekki síður mikilvægt á þeim svæðum sem eiga undir högg að sækja en ljóst er að tryggja þarf fjármuni til að hrinda göfugum markmiðum í framkvæmd. Þar telur ASÍ að aukin framlög til samkeppnishjóna séu skilvirk leið til eflingar nýsköpunar auk hvata til rannsókna og þróunar. Enn fremur þurfi að líta til þess hvernig endurbæta megi umhverfi nýsköpunar og fjárfestinga þar sem aukin skilvirkni og samkeppnishæfni séu höfð að leiðarljósi.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (framlenging bráðabirgðaákvæðis), 274. mál
Alþýðusamband Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarp þetta og styður samþykkt þess.

Frumvarp til laga um gjaldskrárlækkunar o.fl., 315. mál

Með frumvarpinu er lagt til að bensíngjald, olúgjalld, kílómetragjald og gjald af áfengi og tóbaki auk umhverfis- og auðlindaskatta lækki um 1 prósentustig. Ein helsta forsenda kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, sem undirritaðir voru þann 21. desember síðastliðinn, var að verðbólga verði lág þannig að tryggja megi stöðugleika og aukinn kaupmátt launafólks.

Síðastliðið haust og í byrjun vetrar voru boðaðar hækkunar á gjöldum ríkisins og margra sveitarfélaga sem engan veginn samrýmdust stöðugu verðlagi.

Ljóst var að þessar hækkunar hefðu nokkur áhrif til hækkunar á verðlagi. Samkvæmt breytingum á vísitölu neysluverðs í upphafi árs nam hækkun verðlags vegna þessara hækkana um 0,3% og þar af voru um 0,2% vegna hækkana á álögum ríkisins. Verkalýðshreyfingin skoraði á opinbera aðila að falla frá fyrirhuguðum hækkunum og stuðla þannig að samningum á forsendum hóflegar verðbólgu. Fulltrúar Reykjavíkurborgar sáu mikilvægi þess að allir tækju höndum saman í þessum efnum og riðu á vaðið með því að falla frá flestum áformuðum hækkunum. Flest önnur sveitarfélög fylgdu í kjölfar Reykjavíkurborgar og féllu frá hækkunum.

Í bréfi, sem fjármálaráðherra ritaði forseta ASÍ skömmu fyrir undirritun kjarasamninga, áréttaði hann mikilvægi verðstöðugleika og lýsti því yfir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að við samþykkt kjarasamninga yrðu endurskoðaðar til lækkunar breytingar á gjöldum sem samþykktar höfðu verði við afgreiðslu fjárlaga til að stuðla að því að verðlagsáhrif, sem af þeim leiða, verði minni en ella. Um helmingur aðildarfélaganna ASÍ samþykkti umrædda kjarasamninga og lá sú niðurstaða fyrir þann 22. janúar sl. Umræddu frumvarpi um lækkun hluta þeirra opinberu gjalda, sem hækkuð voru um áramót, var dreift á Alþingi þann 13. febrúar og tekið til umræðu á þingfundi rúmum mánuði síðar, eða þann 18. mars, og vísað til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd.

Alþýðusambandið telur með öllu óásættanleg sú töl sem orðið hefur á málinu. Í því birtist áhugaleysi stjórnvalda á að styðja við forsendur aðila vinnumarkaðarins sem skapað geta grundvöll fyrir auknum efnahagslegum stöðugleika hér á landi.

Hvað varðar einstaka þætti frumvarpsins er það mat Alþýðusambandsins að mun æskilegra hefði verið að taka til endurskoðunar miklar hækkunar á gjaldskrá í heilbrigðisþjónustunni sem tóku gildi um áramót. Þær hækkunar koma illa við viðkvæma hópa auk þess sem leiða má að því líkur að lækkunar á umræddum krónutölugjöldum og gjaldskrá, sem í sumum tilvikum er brot úr krónu, muni skila sér illa út í verðlag til neytenda og því hafa takmörkuð áhrif til lækkunar á vísitölu neysluverðs.

Í greinargerð með frumvarpinu er áætlað að lækkun umræddra gjalda geti lækkað vísitölu neysluverðs um 0,08%. Að mati ASÍ er hér um talsvert ofmat að ræða og ólíklegt að áhrif aðgerðarinnar á vísitölu neysluverðs verði meiri en 0,04–0,05% að því gefnu að þau skili sér að fullu til lækkunar á verðlagi.

Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA og Lýðveldisins Kólumbíu og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Kólumbíu, 327. mál

Með tölvupósti, dagsettum 26.03 2014, var Alþýðusambandi Íslands gefinn kostur á að veita utanríkismálanefnd umsögn um fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA og Lýðveldisins Kólumbíu og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Kólumbíu. Í nefndum tölvupósti var reyndar ranglega boðað að um væri að ræða frumvarp til laga um fríverslunarsamning og er því hér með komið vinsamlega á framfæri.

Hvað varðar fríverslunarsamninga almennt þá er það skoðun Alþýðusambands Íslands að slíkir samningar skuli ekki eingöngu metnir út frá einangruðum viðskiptalegum hagsmunum, sem Ísland hefur af slíkum samningum, heldur skuli Ísland sem lýðræðisríki, reist á stöðum mannréttinda og félagslegs réttlætis, ekki ganga til starfs um verslun og viðskipti við ríki þar sem stöðu mannréttindamála er ábótavant. Enda er það skoðun Alþýðusambands Íslands að slíkir samningar séu til þess gerðir að viðhalda gildandi ástand í viðkomandi ríkjum þar sem þeir greiða fyrir viðskipti og framleiðslu sem sækir samkeppnishæfni sína m.a. með átroðningi á sjálfsögð mannréttindi verkafólks. Þessi skoðun Alþýðusambands Íslands hefur verið til staðar lengi og birtist hún m.a. í umsögn um nýlega fullgildan fríverslunarsamning við Alþýðulýðveldið Kína (sjá 73. mál á yfirstandandi löggjafarþingi) en þar segir nánar tiltekið að það sé algjört skilyrði af hálfu ASÍ að við gerð fríverslunarsamninga við önnur ríki verði sett bein og ófrávikjanleg skilyrði um að viðkomandi ríki viðurkenni og framkvæmi í raun allar grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar. Kólumbía hefur vissulega viðurkennt grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar en hins vegar eru yfirvöld í Kólumbíu reglulega átalín fyrir aðgerðarleysi sitt í að tryggja þjála framkvæmd þeirra og er þá sérstaklega átt við grundvallarsamþykktir nr. 87 og 98 um frelsi til stéttarfélagsaðildar annars vegar og um gerð kjarasamninga hins vegar.

Tillaga þessi um fullgildingu fríverslunarsamnings við Kólumbíu var borin upp á Alþingi sem mál nr. 122 á 141. löggjafarþingi en dagaði þar uppi. Alþýðusamband Íslands veitti máli þessu umsögn þá og er sú umsögn nú ítrekuð en þar segir m.a.:

Samningar þessir kveða á um lækun eða niðurfellingu tolla á iðnaðarvörur, sjávarafurðir og unnar landbúnaðarvörur auk þess að innihalda ákvæði um vöruviðskipti, ákvæði um þjónustuviðskipti, fjárfestingar, hugverkaréttindi, samkeppnismál, opinber innkaup, stofnanaákvæði og ákvæði um lausn ágrein-

ingsmála. Allt kunna þetta að vera góð markmið en ASÍ leggst engu að síður eindregið gegn staðfestingu þessara samninga eins og þeir nú liggja fyrir.

Frá 1.1.1986 til 31.12.2011 voru 2.914 fulltrúar kólumbískra verkalýðsfélaga myrtir, þar af 772 formenn verkalýðsfélaga. Á sama tíma voru skráðar 11.942 hótanir, 290 manndrápstillraunir, 222 mannhvörf, 5.397 líflátshótanir og 1.776 nauðungarflutningar. Það sem af er árinu 2012 hafa 35 verkalýðsleiðtogar verið myrtir, 10 hefur verið reynt að myrða, 342 hefur verið hótad lífláti og 16 hafa verið fangelsaðir. Allt þetta ofbeldi, sem ýmist er framið af stjórnvöldum sjálfum eða skipulögðum glæpasamtökum gegn greiðslu frá þeim sem telja hagsmunum sínum ógnað með starfsemi verkalýðsfélaga og kjarasamningum, er látið að mestu afskiptalaust. Ofbeldi og glæpir gegnsýra kólumbískt samfélag og stjórnvöld hafa haldið því fram að ofbeldi gegn verkalýðshreyfingunni og forystumönnum hennar sé einungis hluti af því ástandi. Alþjóðleg verkalýðshreyfing, sérfræðingar og þing ILO – Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar eru ekki sammála því og telja að um sé að ræða skipulagða baráttu gegn grundvallarmannréttindum launafólks og gegn frjálsri verkalýðshreyfingu.

Lýðveldið Ísland, sem kys að vera kyndilberi mannréttinda á alþjóðavettvangi, getur ekki gert eða verið aðili að samningum um frjáls viðskipti með vöru og þjónustu sem sprettur úr jarðvegi grófra og viðvarandi mannréttindabrota gegn launafólki og frjálsri verkalýðshreyfingu. Slíkir samningar styðja ríkjandi ástand í stað þess að vinna gegn því. Yfirlýsing sú, sem aðilar gefa í formálsorðum frírverslunarsamningsins um virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum, er næsta innihaldslaus þegar brot gegn mannréttindum eru og hafa verið látin viðgangast um áratuga skeið.

ASÍ leggst því eindregið gegn því að Alþingi fullgildi samninga þessa en kjósi Alþingi að gera það engu að síður telur sambandið mikilvægt að sú staðfesting geymi fyrirvara um virðingu Kólumbíu fyrir grundvallarmannréttindum launafólks og frjálsrar verkalýðshreyfingar og að Ísland áskilji sér rétt til þess að virða ekki ákvæði samninganna ef vara eða þjónusta, sem undir samningana fellur, er ekki framleidd eða veitt við mannsæmandi aðstæður launafólks og á grundvelli fullrar virðingar fyrir öllum grundvallarsamþykktum Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar, sáttmálum Sameinuðu þjóðanna og almennu mannréttindayfirlýsingunni.

Framangreindu til viðbótar þá harmar Alþýðusamband Íslands það viljaleysi íslenskra ráðamanna í aðdraganda þessa máls hvað varðar að þrýsta á kólumbíska ráðamenn að samhliða undirritun samningsins yrði undirrituð

yfirlýsing (e. memory of understanding – MoU) þar sem aðilar samningsins skuldbinda sig til að ræða um grundvallarmannréttindi launafólks og frjálsa verkalýðshreyfingu. Alþýðusamband Íslands þrýsti á um gerð slíkrar yfirlýsingar nú á síðustu misserum í aðdraganda þessa máls en ekki varð vart við raunverulegan vilja íslenskra ráðamanna til að beita sér af alvöru fyrir slíku. Nokkuð er liðið síðan EFTA undirritaði þennan samning þó svo að hann hafi ekki enn verið fullgildur hér á landi. Frá undirritun hans í EFTA hefur þar verið tekin upp ný og bætt stefna um að eitt af markmiðum fríværslunarsamninga sé að eiga samræðu og samstarf um grundvallarréttindi launafólks enda er samhliða fríværslunarsamningum nú undirritaður samningur á milli aðila um vinnumál (sjá t.d. samning Íslands við Hong Kong – Kína, 603. mál á 140. löggjafarþingi). Ferill þess máls, sem hér er til umræðu, ber ekki þess merki að íslensk stjórnvöld hafi sýnt vilja í verki til að uppfæra samninginn í samræmi við framangreint. Alþýðusamband Íslands harmar slíkt metnaðarleysi þegar um ræðir mál er varðað grundvallarmannréttindi og vill með umsögn þessari ítreka andstöðu sína gegn því að tédur fríværslunarsamningur verði fullgildur í núverandi mynd.

Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu fríværslunarsamnings milli ríkja Fríværslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Kostaríka og Lýðveldisins Panama, 328. mál

Með tölvupósti, dagsettum 26.03.2014 var Alþýðusambandi Íslands gefinn kostur á að veita utanríkismálanefnd umsögn um fyrirleggjandi tillögu til þingsályktunar um fullgildingu fríværslunarsamnings milli ríkja Fríværslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Kostaríka og Lýðveldisins Panama.

Hvað varðar fríværslunarsamninga almennt þá er það skoðun Alþýðusambands Íslands að slíkir samningar skuli ekki eingöngu metnir út frá einangruðum viðskiptalegum hagsmunum, sem Ísland hefur af slíkum samningum, heldur skuli Ísland sem lýðræðisríki, reist á stöðum mannréttinda og félagslegs réttlætis, ekki ganga til samstarfs um verslun og viðskipti við ríki þar sem stöðu mannréttindamála er verulega ábótavant. Það er skoðun Alþýðusambands Íslands að slíkir samningar séu til þess fallnir að viðhalda ríkjandi ástand í viðkomandi ríkjum þar sem þeir greiða fyrir viðskiptum og framleiðslu sem sækir samkeppnishæfni sína m.a. með því að virt eru að vettugi sjálfsögð grundvallarmannréttindi verkafólks. Þessi skoðun Alþýðusambands Íslands hefur verið til staðar lengi og birtist hún m.a. í umsögn við nýlega fullgiltan fríværslunarsamning við Alþýðulýðveldið Kína (sjá 73. mál á yfirstandandi löggjafarþingi) en þar segir nánar tiltekið að það sé algjört skilyrði af hálfu ASÍ að við gerð fríværslunarsamninga við önnur ríki verði sett bein og ófrá-

víkjanleg skilyrði um að viðkomandi ríki viðurkenni og framkvæmi í raun allar grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Hvað varðar bæði þessi ríki, sem um ræðir hér, þá hafa þau viðurkennt allar helstu grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í báðum tilvikum hefur hins vegar sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nú um allnokkurt skeið gert athugasemdir við þessi ríki um að framkvæmd nokkurra grundvallarsamþykktanna sé ekki sem skyldi án þess þó að viðkomandi ríki hafi brugðist við með ábyrgum hætti. Er þá sérstaklega átt við grundvallarsamþykktir nr. 87 og 98 um frelsi til stéttarfélagsaðildar annars vegar og um gerð kjarasamninga hins vegar. Með vísan í framangreint og sérstaklega til þeirrar skoðunar Alþýðusambands Íslands að fríverslunarsamningar skuli reistir á stöðum jöfnuðar og mannréttinda er mælt gegn því að samningurinn verði fullgildur án þess að hann verði uppfærður á þá leið að aðilar skuldbindi sig til að ræða um stöðu verkafólks og hvernig megi bæta stöðu þess í ríkjunum.

Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Bosníu og Hersegóvínu og landbúnaðarsamnings milli Íslands og lýðveldisins Bosníu og Hersegóvínu, 329. mál

Hvað varðar fríverslunarsamninga almennt þá er það skoðun Alþýðusambands Íslands að slíkir samningar skuli ekki eingöngu metnir út frá einangruðum viðskiptalegu hagsmunum sem Ísland hefur af slíkum samningum, heldur skuli Ísland sem lýðræðisríki, reist á stöðum mannréttinda og félagslegs réttlætis, ekki ganga til samstarfs um verslun og viðskipti við ríki þar sem stöðu mannréttindamála er verulega ábótavant. Það er skoðun Alþýðusambands Íslands að slíkir samningar séu til þess fallnir að viðhalda ríkjandi ástand í viðkomandi ríkjum þar sem þeir greiða fyrir viðskiptum og framleiðslu sem sækir samkeppnishæfni sína m.a. með því að virt eru að vettugi sjálfsgöð grundvallarmannréttindi verkafólks. Þessi skoðun Alþýðusambands Íslands hefur verið til staðar lengi og birtist hún m.a. í umsögn um nýlega fullgiltan fríverslunarsamning við Alþýðulýðveldið Kína (sjá 73. mál á yfirstandandi löggjafarþingi) en þar segir nánar tiltekið að það sé algjört skilyrði af hálfu ASÍ að við gerð fríverslunarsamninga við önnur ríki verði sett bein og ófrá-víkjanleg skilyrði um að viðkomandi ríki viðurkenni og framkvæmi í raun allar grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Hvað varðar það ríki, sem um ræðir hér, þá hefur það viðurkennt allar helstu grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Jafnframt er ekkert

sem bendir til annars en að ástand verkalýðsmála sé almennt í viðunandi standi í ríkinu. Með vísan í framangreint telur Alþýðusamband Íslands því ekkert til fyrirstöðu þess að samningurinn verði fullgiltur en beinir því þó til nefndarinnar, sbr. ofangreint og fyrri umsagnir sínar um fríverslunarsamninga, að samhliða slíkum samningum eigi aðilar að skuldbinda sig til að eiga samræðu og samstarf um stöðu launafólks og málefni stéttarfélaga viðkomandi ríkja.

Frumvarp til laga um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum, 338. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við meginefni þessa frumvarps. Hins vegar eru gerðar athugasemdir við ákvæði 6. gr. þess.

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. um gengistryggingu innheimtubóta er óskýrt og gefur tilefni til réttarágreinings. Eðlilegra er að löggin geymi einfalt ákvæði um bótafjárhæð í íslenskum krónum með heimild ráðherra til árlegrar endurskoðunar að gefnum skýrum forsendum.

Það er jafnframt álit ASÍ að um of hátt gjald sé að ræða. Sá kostnaður, sem kröfuhafi verður fyrir, felst ekki í öðru en einfaldri tilkynningu sem fjarri lagi kostar 6.700 kr. Nú þegar eru dráttarvextir hér á landi mun hærri en gengur og gerist og eiga að gera kröfuhafa jafnsettan og ef ekki hefði til vanskila komið og raunar gott betur en það.

ASÍ telur einnig að sú fjárhæð, sem lögð verður til, verði hámarksfjárhæð en ekki lágmarksfjárhæð eins og frumvarpstextinn gerir ráð fyrir. Slík lágmarksákvæði um refsikennd viðurlög í viðskiptum eru andstæð hagsmunum neytenda og opna fyrir óeðlilega gjaldtöku í viðskiptum. Jafnframt er það álit ASÍ að eðlilegt sé að aðilar á samkeppnismarkaði geti keppt um hylli viðskiptavina, m.a. með ólíkum og hagstæðari viðbrögðum við greiðsludrætti, og því rétt að ákvæðið mæli ekki fyrir um lágmarksfjárhæð heldur heimild til gjaldtöku allt að tiltekinni hæfilegri fjárhæð.

Loks er gerð sú athugasemd við 2. mgr. 6. gr. að skýrt verði tekið fram að innheimtubætur skuli ætíð koma til frádráttar innheimtukostnaði en ekki að þær geti gert það. Skuldari á aldrei í beinu viðskiptalegu sambandi við innheimtuaðila. Aðeins innheimtuaðili og kröfuhafi eiga í viðskiptasambandi og það viðskiptasamband byggir á því að kröfuhafi skuli skaðlaus af vanskilum skuldara. Það skaðleysi endurspeglast m.a. í ákvörðun dráttarvaxta og í þeirri þóknun sem innheimtuaðila er áskilin úr hendi skuldara. Verði innheimtubætur þessar lögfestar liggur beint við að lækka beri dráttarvexti.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og um eflingu samstarfs við Evrópusambandið og Evrópuríki, 340. mál

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands, 26. febrúar sl., var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

„Á þingi ASÍ í október 2012 var samþykkt svohljóðandi ályktun um Evrópumál með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur:

„40. þing Alþýðusambands Íslands telur mikilvægt að ljúka viðræðum Íslands og ESB svo fljótt sem kostur er með það að markmiði að ná eins hagstæðum samningum og unnt er. Það verði síðan íslenska þjóðin sem taki afstöðu til samningsniðurstöðunnar og aðildar að ESB í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

ASÍ hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort hagsmunum Íslands og íslensks launafólks sé best borgið með aðild að ESB en hefur skýra sýn á hvaða markmiðum þurfi að ná í aðildarviðræðunum til þess að hægt verði að leggja endanlegt mat á kosti og galla fullrar aðildar.“

Þingsályktunartillaga utanríkisráðherra, sem nú liggur fyrir Alþingi, gengur þvert á vilja fulltrúa þorra félagsmanna aðildarsamtaka á þingi ASÍ. Um leið er með þingsályktuninni, yrði hún samþykkt, tekinn út eini raunhæfi kosturinn til að taka hér upp gjaldmiðil á næstu árum sem komið getur landinu úr viðjum gjaldeyrishafta og lagt grunninn að stöðugleika og nýsköpun í atvinnulífnum til hagsbóta fyrir launafólk og allan almenning. Málið er sérstaklega alvarlegt í ljósi þess að ekki liggur fyrir nein sú áætlun eða stefnumörkun af hálfu ríkisstjórnarinnar í gengis- og peningamálum sem lagt geti slíkan grunn að stöðugleika. Það er mat miðstjórnar ASÍ að með þessu sé ríkisstjórnin að setja markmið aðila vinnumarkaðarins um nýjan grunn að gerð kjarasamninga í uppnám.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands skorar á ríkisstjórnina að draga þingsályktunartillöguna til baka og efna þess í stað til málefnalegrar umræðu um raunverulega valkosti til framtíðar í gengis- og peningamálum. Stutt er í að Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands skili aðilum vinnumarkaðarins skýrslu um stöðu aðildarviðræðnanna við ESB sem væntanlega leggur mikilvægar upplýsingar og sjónarmið inn í þessa umræðu. Verði ríkisstjórnin ekki við áskorun ASÍ um að draga þingsályktunartillöguna til baka þá hvetur miðstjórn ASÍ þingmenn til að hafna þingsályktunartillögu utanríkisráðherra og leyfa þjóðinni þess í stað að taka afstöðu til áframhaldandi viðræðna við Evrópusambandið í þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Ályktun miðstjórnar er í fullu samræmi við málflutning og þá afstöðu sem Alþýðusamband Íslands mótaði á ársfundi sambandsins í október 2008. Síðan þá hefur sú afstaða verið áréttuð ítrekað á ársfundum og þingum þess, síðast í október 2012, þar sem hátt í þrjú hundruð þingfulltrúar greiddu ályktun 40. þings ASÍ atkvæði sitt en tveir voru á móti.

Í ljósi framanritaðs skorar ASÍ á utanríkisráðherra að draga þingsályktunartillöguna til baka og efna þess í stað til málefnalegrar umræðu um raunverulega valkosti varðandi stöðu Íslands í Evrópu til framtíðar og þar með í gengis- og peningamálum. Mikilvægt framlag til slíkrar umræðu er úttekt Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands um aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið, ásamt viðaukum, sem kynnt var fyrr í dag. Markmið úttektar Alþjóðamálastofnunarvar að leggja mat á stöðu aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið, að greina þau álitafni, sem eru til staðar, og þá kosti sem eru í stöðunni. Í úttektinni er fjallað um þróun Evrópusambandsins síðan aðildarviðræðurnar hófust með sérstakri áherslu á gjaldmiðilssamstarfið. Sérstakt mat er lagt á hvernig hefja megi aðildarviðræður við ESB að nýju ef vilji stendur til þess. Þá er lagt mat á EES-samninginn og þá möguleika og takmarkanir sem í honum felast. Í niðurstöðu úttektar Alþjóðastofnunar kemur ekkert fram sem rökstyður að hætta beri viðræðum við Evrópusambandið og draga aðildarumsóknina til baka. Þvert á móti kemur fram að „ef rýnt er í stöðu einstakra kafla er ljóst að Ísland hafði þegar náð fram sérlausnum, undanþágum og/eða aðlögunarfrestum í mörgum málum“.

Einnig má nefna sem innlegg skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um úttekt á stöðu aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið og þróun sambandsins, ásamt viðaukum, sem kynnt var í febrúar sl.

Verði þingsályktunartillaga utanríkisráðherra ekki dregin til baka hvetur ASÍ alþingi til að hafna þingsályktunartillögunni og leyfa þjóðinni þess í stað hið allra fyrsta að taka afstöðu til áframhaldandi viðræðna við Evrópusambandið í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Greinargerð:

Á ársfundi Alþýðusambands Íslands í október 2008 voru Evrópumálin – og þá sérstaklega peninga- og gjaldmiðlamál – ítarlega rædd í ljósi þeirrar stöðu sem þá var uppi í samfélaginu í kjölfar hrunsins. Að því tilefni samþykkti ársfundurinn sérstaka ályktun um aðgerðir til að endurheimta fjármálastöðugleika og auka trúverðugleika. Þar segir m.a.:

„Það er skoðun ASÍ að yfirlýsing um að sótt verði um aðild Íslands að

ESB og upptöku evru sé eina færa leiðin. Þannig verði látið á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samningur Íslandi standi til boða og hann lagður fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu. ASÍ telur að yfirlýsing um að stefnt verði að aðild að evrópska myntsamstarfinu (ERM II) á næstu 2 árum myndi leggja mikilvægan grunn að því að hægt yrði í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að skapa nauðsynlegan trúverðugleika fyrir meiri festu í skráningu krónunnar á næstu árum þangað til full aðild að evrópska peningamálasamstarfinu (EMU) og upptaka evrunnar næðist.“ Á aukaársfundi ASÍ, sem haldinn var í mars 2009, var staða launafólks, efnahags- og atvinnumálin og afstaðan til Evrópu-sambandsins til sérstakrar umræðu. Á fundinum var lögð fram greinargerð hagdeildar ASÍ, Stöðugleiki og upptaka evru, þar sem áréttað er mikilvægi efnahagslegs stöðugleika fyrir launafólk og samfélagið allt. Þar segir m.a.:

„Verkalýðshreyfingin hefur lengi reynt að stuðla að stöðugleika með því að gera langtímasamninga um launahækkanir sem skiluðu auknum kaupmætti ef verðbólga yrði hófleg. Samningarnir hafa oftar en ekki gengið þvert á væntingar almennings, fyrirtækja og fjármálamarkaðarins um verðbólgu. Með samningunum hefur því verið reynt að stuðla að stöðugleika með því að hafa áhrif á verðbólguvæntingar til lækkunar. Þegar sagan er skoðuð kemur í ljós að þetta hefur ekki gengið eftir og því hefur nær undantekningarlaust reynt á endurskoðunarákvæði samninganna.

Þessi leið er því fullreynd. Við óbreyttar aðstæður er hvorki hægt að stuðla að eða ganga út frá stöðugleika í kjarasamningum. Þá eru tveir kostir í stöðunni: að aðlaga kjarasamninga að óstöðugleika en slíkt var reynt með hörmulegum afleiðingum á árunum 1970–1990 eða að leggja grunn að sambærilegum stöðugleika og ríkin í kringum okkur búa við.“

Síðan er vitnað í ályktun ársfundarins í október 2008. Þar segir:

„Aðild að myntbandalagi Evrópu felur ekki aðeins í sér upptöku evru sem gjaldmiðils heldur einnig samræmd peninga- og gengismál aðildarríkjanna og samstarf um efnahagsstefnu. Efnahagsstefnan felur einkum í sér samræmda sýn á aðhald í ríkisfjármálum og sameiginlegt markmið um stöðugt verðlag. Aðildarríkin hafa gert með sér samkomulag um stöðugleika og vöxt sem leggur áherslu á að draga úr skuldum hins opinbera og hallarekstri ríkissjóðs og halda verðbólgu í skefjum. Skilyrðin, sem sett eru fyrir inngöngu í myntbandalagið, eru Maastricht–skilyrði. Megintilgangur þeirra er að tryggja að ekki sé of mikill munur á efnahagslífi aðildarríkjanna og að stefna í ríkisfjármálum sé í takt við aðhaldssama peningamálastefnu.

Ákvörðun um upptöku evru hefur áhrif strax.

Umsókn um aðild að Evrópusambandinu og innganga í myntsamstarfið í kjölfarið er stefnumarkandi ákvörðun og yfirlýsing um að við ætlum að beita þekktum aðferðum Evrópusambandsins við að ná stöðugleika í hagkerfinu. Á sama tíma eyðum við óvissu um það hvernig við ætlum að haga efnahags- og peningamálastjórn í framtíðinni. Það eykur traust alþjóðaumhverfisins á endurreisnaraðgerðunum. Gangi þetta eftir skapast betri skilyrði til að lækka vexti hratt og afnema gjaldeyrishöft en hættan á annarri gengiskollsteypu verður til staðar þar til við getum afnumið gjaldeyrishöftin og komið á eðlilegum gjaldeyrisviðskiptum.

Reynsla annarra þjóða er sú að strax í kjölfar aðildarumsóknar verður gengið stöðugra og vextir færast í átt að vöxtum annarra evrulanda. Þetta stafar m.a. af þeim stuðningi sem evrópska gengiskerfið (ERM II) veitir við að halda genginu innan ákveðinna marka á meðan löndin vinna að því að uppfylla Maastricht-skilyrðin. Á sama tíma stuðla skilyrðin að hagstjórn sem leiðir til stöðugleika og jafnvægis í þjóðarbúskapnum.“

Þá var á sama fundi lögð fram sérstök greinargerð atvinnuálanefndar ASÍ: *ESB aðild út frá sjónarhóli launafólks*. Þar er leitast við að kortleggja vandlega þýðingu fullrar aðildar að ESB fyrir íslenskt atvinnulíf, greina helstu álitamálin og á grundvelli þess leggja fram samningsmarkmið gagnvart Evrópusambandinu. Auk almennrar umfjöllunar um atvinnuálanefnd er í greinargerðinni sérstök umræða um sjávarútvegs-, landbúnaðar- og byggðamál.

Þriðja greinargerðin, sem lögð var fram á aukaársfundinum, var greinargerð um Evrópusamvinnu á sviði vinnumarkaðs- félags- og menntamála, um þýðingu Evrópusamvinnunnar og tækifæri fyrir íslenskt launafólk.

Niðurstöður aukaársfundar ASÍ í mars 2009 voru gefnar út í sérstöku riti með yfirskriftinni „Sýn ASÍ á Evrópusamvinnuna og samningsmarkmið í aðildarviðræðum við ESB“ þar sem skilgreind eru helstu samningsmarkmið að mati ASÍ. Í inngangi segir m.a.:

„Alþýðusamband Íslands hefur litið á það sem sitt hlutverk að fjalla sérstaklega um og taka afstöðu til þeirra þátta Evrópusamvinnunnar sem varða launafólk og hagsmuni þess með beinum hætti. Um leið má ekki líta fram hjá því að ýmis mál önnur geta haft mikil áhrif á hag launafólks og samfélagsins í heild sinni. Þar má nefna sem dæmi málefni neytenda og neytendavernd. Sama

máli gegnir um spurningar er varða aðkomu að ákvarðanatöku á vettvangi Evrópusamvinnunnar og möguleika á að hafa áhrif á það sem þar fer fram.

Þá er ljóst að sjávarútvegs- og landbúnaðarmál og byggðamál í víðasta skilningi eru mikilvægir þættir þegar kemur að því hagsmunamati sem fara þarfr fram vegna mögulegrar aðildar að ESB. Sama máli gegnir um efnahags- og myntsamstarfið, eins og áður hefur komið fram.

ASÍ leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að skilgreina með skýrum hætti samningsmarkmið fyrir væntanlegar aðildarviðræður við Evrópusambandið þar sem gæta þarf sérstakra hagsmuna Íslendinga og íslensks launafólks. Á aukaársfund ASÍ, 25. mars 2009, var stigið mikilvægt skref í þá átt. Hér á eftir eru dregnar saman helstu niðurstöður aukaársfundarins varðandi Evrópusamvinnuna og samningsmarkmið Íslendinga í aðildarviðræðum við ESB.“

Sett er fram sýn og helstu áherslur ASÍ í eftirfarandi málaflokkum: Efnahagsmálum; atvinnumálum, með sérstakri áherslu á sjávarútvegs-, landbúnaðar- og byggðamál; vinnumarkaðsmálum og menntamálum.

Sú sýn og sú afstaða, sem kemur fram í niðurstöðum aukaársfundar ASÍ í mars 2009, er sá grunnur sem Alþýðusambandið hefur byggt á aðkomu sína að Evrópumálanum og í samningahópunum sem sambandið átti aðild að vegna aðildarviðræðnanna við Evrópusambandið.

